

***Rannsókom
daglega
ritningarnar***

2017



es17-IC
160823

Rannsökum daglega ritningarnar

2017

Árstexti
Treystu Jehóva og gerðu gott
– Sálmur 37:3.

Nafn

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á www.jw.org til að gefa framlag.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2010 nema annað sé tekið fram.

Leturbreytingar eru okkar. Tilvitnanir í *New World Translation of the Holy Scriptures* eru merktar NW.

Rannsókkum daglega ritningarnar – 2017

Examining the Scriptures Daily—2017

Prentað í ágúst 2016

Icelandic (*es17-IC*)

© 2016

**WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY
OF PENNSYLVANIA**

Útgefendur

Gefið út af Vottum Jehóva.

© Druck und Verlag: Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft, Selters/Ts.

Printed in Germany.

2017

JANÚAR

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

FEBRÚAR

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28					

MARS

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

APRÍL

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

MAÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

JÚNÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

JÚLÍ

M	Þ	M	F	F	L	S
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

ÁGÚST

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

SEPTEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

OKTÓBER

M	Þ	M	F	F	L	S
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

NÓVEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

DESEMBER

M	Þ	M	F	F	L	S
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

LÍF OKKAR OG BOÐUN

BIBLÍULESTRARÁÆTLUN FYRIR ÁRÍÐ 2017

Janúar

2	Jesaja 24-28	☐
9	Jesaja 29-33	☐
16	Jesaja 34-37	☐
23	Jesaja 38-42	☐
30	Jesaja 43-46	☐

Febrúar

6	Jesaja 47-51	☐
13	Jesaja 52-57	☐
20	Jesaja 58-62	☐
27	Jesaja 63-66	☐

Mars

6	Jeremía 1-4	☐
13	Jeremía 5-7	☐
20	Jeremía 8-11	☐
27	Jeremía 12-16	☐

Apríl

3	Jeremía 17-21	☐
10	Jeremía 22-24	☐
17	Jeremía 25-28	☐
24	Jeremía 29-31	☐

Mái

1	Jeremía 32-34	☐
8	Jeremía 35-38	☐
15	Jeremía 39-43	☐
22	Jeremía 44-48	☐
29	Jeremía 49-50	☐

Júní

5	Jeremía 51-52	☐
12	Harmljóðin 1-5	☐
19	Esekiel 1-5	☐
26	Esekiel 6-10	☐

Júli

3	Esekiél 11-14	☐
10	Esekiél 15-17	☐
17	Esekiél 18-20	☐
24	Esekiél 21-23	☐
31	Esekiél 24-27	☐

Ágúst

7	Esekiél 28-31	☐
14	Esekiél 32-34	☐
21	Esekiél 35-38	☐
28	Esekiél 39-41	☐

September

4	Esekiél 42-45	☐
11	Esekiél 46-48	☐
18	Dániel 1-3	☐
25	Dániel 4-6	☐

Október

2	Dániel 7-9	☐
9	Dániel 10-12	☐
16	Hósea 1-7	☐
23	Hósea 8-14	☐
30	Jóel 1-3	☐

Nóvember

6	Amos 1-9	☐
13	Óbadía 1–Jónas 4	☐
20	Míka 1-7	☐
27	Nahúm 1–Habakkuk 3	☐

Dezember

4	Sefanía 1–Haggai 2	☐
11	Sakaría 1-8	☐
18	Sakaría 9-14	☐
25	Malaki 1-4	☐

Hvernig á að nota þetta hefti?

Á næstu blaðsíðum er að finna bibliuvers fyrir hvern dag ásamt skýringum við versið. Að sjálfsögðu má lesa dagstextann hvenær sem er, en mörgum finnst hentugt að lesa hann að morgni til því að þá er hægt að íhuga efnið yfir daginn. Fjölskyldur hafa mikið gagn af því að fara saman yfir dagstextann. Það gera Betelfjölskyldur um heim allan að morgni dags.

Skýringarnar eru teknar úr *Varðturninum* (*w*) frá apríl 2015 til mars 2016. Á eftir dagsetningu *Varðturnsins* eru tölur (1-5) sem segja til um hvort efnið sé sótt í fyrstu, aðra, þriðju, fjórðu eða fimmtu námsgreinina í blaðinu. Síðan er vísað í tölugreinarnar sem efnið er sótt í. (Sjá skýringarmyndina að neðan.) Viðbótarupplýsingar um efnið má sækja í námsgreinina sjálfa. Á fyrstu eða annarri blaðsíðu *Varðturnsins* má sjá á hvaða blaðsíðu hver námsgrein hefst.

Sunnudagur 1. janúar

*Það sem þú heyrðir mig tala skalt
þú fá í hendur trúum mönnum
sem líka munu færir um að kenna
öðrum. – 2. Tím. 2:2.*

Farandhirðar um allan heim hafa veitt því athygli að víða þarf að leggja meiri áherslu á að þjálfaræður á öllum aldri til að taka þátt í að gæta hjarðarinnar ... En þeir þurfa að fá þjálfun til að taka þátt í að annast söfnuðinn. Og allir njóta góðs af því að þeir leggi sitt af mörkum. *wp15* 15.4. 1:2, 3

Númer tölugreina sem skýringarnar eru sóttar í.

Númer námsgreinar.

Útgáfudagur og mánuður *Varðturnsins*.

Útgáfuár *Varðturnsins*.

Sunnudagur 1. janúar

Það sem þú heyrðir mig tala skalt þú fá í hendur trúum mönnum sem líka munu færir um að kenna öðrum. – 2. Tím. 2:2.

Farandhirðar um allan heim hafa veitt því athygli að víða þarf að leggja meiri áherslu á að þjálfra bræður á öllum aldri til að taka þátt í að gæta hjarðarinnar. En það er hægara sagt en gert. Hvers vegna? Ef þú ert safnaðaröldungur gerirðu þér eflaust grein fyrir að það er mikilvægt að þjálfra bræður persónulega. Þú veist að það vantar fleiri bræður til að halda núverandi söfnuðum sterkum í trúnni og til að hægt sé að stofna fleiri söfnuði. (Jes. 60:22) Þú veist líka að öldungarnir eru hvattir í Biblíunni til að „kenna öðrum“. En það getur verið þrautin þyngri fyrir þig. Eftir að þú ert búinn að sinna þörfum fjölskyldunnar, vinnunnar, skyldum þínum í söfnuðinum og öðrum aðkallandi málum virðist bara enginn tími aflögu til að þjálfra bræður í söfnuðinum. En þeir þurfa að fá þjálfun til að taka þátt í að annast söfnuðinn. Og allir njóta góðs af því að þeir leggi sitt af mörkum. *W15 15.4. 1:2, 3*

Mánudagur 2. janúar

Tímóteus er elskað og trútt barn mitt í samfélagi við Drottin. Hann mun minna ykkur á hvernig ég kenni. – 1. Kor. 4:17.

Nýútnefndur bróðir ætti ekki að hugsa sem svo að hann þurfi að breyta um stefnu og gerbylta aðferðum um leið og hann fær ábyrgðarstarf í söfnuðinum. Breytingar eru gerðar í samræmi við þarfir safnaðarins og leiðbeiningar frá deildarskrifstofunni eða hinu stjórnandi ráði, en ekki af því að

einhvern langar til að breyta einhverju. Ef þú færð ábyrgðarstarf í söfnuðinum getur þú áunnið þér traust trúsystkina þinna og sýnt reyndum öldungum virðingu með því að nota sömu biblíulegu aðferðirnar og þeir. Þegar þú verður reyndari áttu eflaust eftir að taka þátt í að gera breytingar sem hjálpa bræðrum þínum og systurum að vera samstíga framsæknum söfnuði Jehóva. Og með tímanum getur vel verið að Jehóva feli ykkur, alla trúu nemendur, að vinna enn meiri verk en kennarar ykkar unnu. – Jóh. 14:12. *W15 15.4. 2:17*

Þriðjudagur 3. janúar

„Ég vil fræða þig, vísa þér veginn sem þú átt að ganga, ég vil gefa þér ráð, vaka yfir þér.“

– Sálm. 32:8.

Þegar við eigum í miklum raunum getur okkur liðið eins og Páli – að við séum í „gini ljónsins“ eða að minnsta kosti mjög nærri því. (2. Tím. 4:17) Það er þá sem erfiðast er að treysta Jehóva en jafnframt mikilvægast. Þú gætir þurft að annast ástvin sem á við langvinn veikindi að stríða. Þú hefur eflaust beðið Jehóva að gefa þér visku og styrk. Þegar þú hefur gert allt sem þú getur finnurðu örugglega fyrir innri friði því að þú veist að Jehóva vakir yfir þér og veitir þér það sem þú þarft til að halda út og vera trúr. Það lítur þó kannski ekki þannig út. Læknar gætu gefið þér ólík ráð um hvað eigi að gera. Ættingjar, sem þú hélt að mundu styðja þig, virðast bara gera þér erfiðara fyrir. Haltu samt áfram að leita styrks hjá Jehóva. Nálægðu þig honum. (1. Sam. 30:3, 6) Sambandið við hann styrkist þegar þú sérð hvernig hann liðsinnir þér. *W15 15.4. 4:10, 11*

Miðvikudagur 4. janúar

Standið gegn Satan.

– 1. Pét. 5:9.

Við sem þjónum Jehóva látum ekki villa um fyrir okkur með því að halda að Satan sé ekki til. Við vitum að djöfullinn er til því að það var hann sem notaði höggorm til að tala við Evu. (1. Mós. 3:1-5) Satan ögraði Jehóva á dögum Jobs. (Job. 1:9-12) Það var Satan sem reyndi að freista Jesú. (Matt. 4:1-10) Og eftir að ríki Guðs var sett á stofn árið 1914 var það Satan sem tók að „heyja stríð“ gegn þeim sem voru eftir af hinum andasmurðu. (Opinb. 12:17) Þetta stríð geisar enn og Satan reynir að spilla trú þeirra sem eru eftir af hinum 144.000 og trú annarra sauða. Til að sigra í stríðinu þurfum við að standa einbeitt gegn Satan og vera staðföst í trúnni. Satan er allt annað en auðmjúkur. Það er varla hægt að hugsa sér meiri hroka og ósvífni en að andavera skuli dirfast að véfengja drottinvald Jehóva og gerast keppinautur hans. Ein leið til að standa gegn Satan er því sú að forðast stolt og temja sér auðmýkt.

– 1. Pét. 5:5. *W15* 15.5. 2:3, 4

Fimmtudagur 5. janúar

„Guð mun þerra tárin af hverri ásjónu.“ – Jes. 25:8.

Við sem erum kristin getum sótt mikinn styrk í að sjá framtíðina fyrir okkur, hvort heldur við höfum himneska von eða jarðneska. Sérðu sjálfan þig fyrir þér njóta þeirra gæða sem Guð hefur lofað? Það veitir þér eflaust mikla ánægju að hugsa um það sem þú getur gert þegar Guð uppfyllir loford sín. „Sérðu“ sjálfan þig lifa að eilífu á jörð? Hugsaðu þér að þú sért að vinna með öðrum að því að breyta jörðinni í paradís. Nágrannar þínir elska Jehóva eins og

þú. Þú ert hraustur og atorkusamur og horfir björtum augum fram á við. Þeim sem hafa umsjón með endurreisninni er innilega annnt um þig og þú hefur yndi af tilverunni. Þú ert ánægður að geta notað hæfileika þína og kunnáttu því að allt sem þú gerir er öðrum til góðs og heiðrar Jehóva. Meðal annars ertu önnur kafinn að hjálpa hinum uppreisnu að kynnst Jehóva. (Jóh. 17:3; Post. 24:15) Þetta eru engir draumórar. Þessi aðlaðandi mynd, sem við sjáum fyrir okkur, er byggð á lýsingum Biblíunnar á framtíðinni. – Jes. 11:9; 33:24; 35:5-7; 65:22. *W15* 15.5. 3:15

Föstudagur 6. janúar

„Veislustjóri bragðaði vatnið, sem var orðið vín.“ – Jóh. 2:9.

Með þessu kraftaverki bjó Jesús til mikið magn af góðu víni, nóg handa fjölda fólks. (Jóh. 2:6-11) Það er athyglisvert að þegar djöfullinn reyndi að freista Jesú til að breyta steinum í brauð neitaði Jesús að vinna kraftaverk til að fullnægja eigin löngunum. (Matt. 4:2-4) Hann notaði hins vegar kraft sinn til að fullnægja þörfum annarra. Hvernig getum við líkt eftir óeigingirni og umhyggju Jesú? Hann hvatti þjóna Guðs til að vera gjafmildir. (Lúk. 6:38) Getum við sýnt þennan göfuga eiginleika og boðið fólki í heimsókn til að borða með okkur og eiga uppbyggilega samverustund? Getum við verið örlát á tíma okkar eftir samkomu og aðstoðað einhvern sem þarfnast þess, til dæmis hlustað á bróður æfa ræðu? Hvaða hjálp gætum við boðið þeim sem þurfa aðstoð við boðunina? Við sýnum að við höfum lært af Jesú ef við erum bæði gjafmild og hjálpfús eftir því sem við höfum tök á. *W15* 15.6. 1:3, 4, 6

Laugardagur 7. janúar

*„Enginn borgarbúi mun segja:
‘Ég er veikur.’“ – Jes. 33:24.*

Ef við erum Guði trú getur vel verið að við fáum að sjá eitt mesta kraftaverk sögunnar – það kraftaverk að lifa af þrenginguna miklu. Fljótlega eftir Harmagedón verða enn fleiri kraftaverk, þannig að allir verða fullkomlega heilsu-hraustir. (Jes. 35:5, 6; Opinb. 21:4) Ímyndaðu þér hvernig það verður þegar fólk hendir gleraugum og göngustöfum, hækjum, hjólastólum, heyrnartækjum og þvíumlíku. Þeir sem lifa af Harmagedón hafa verk að vinna. Fullir ákafa eiga þeir eftir að breyta jörðinni, þessari gjöf Guðs, í eina samfellda paradís. (Sálm. 115:16) Það er uppörvandi fyrir „múginn mikla“ að lesa frásögur af því þegar Jesús læknaði sjúka. (Opinb. 7:9) Það styrkir þá yndislegu von þeirra að læknaast af öllum meinum í framtíðinni. Þessi kraftaverk sýna hve annnt frumgetnum syni Guðs er um mennina. (Jóh. 10:11; 15:12, 13) Umhyggja Jesú dregur upp hjartnæma mynd af því hve Jehóva lætur sér annnt um hvern einasta þjón sinn. – Jóh. 5:19. *W15 15.6. 2:16, 17*

Sunnudagur 8. janúar

„Vei sé jörðunni og hafinu því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð því að hann veit að hann hefur nauman tíma.“ – Opinb. 12:12.

Árið 1914 braust út stríð milli þjóða í Evrópu, og það breiddist síðan út um allan heim. Þegar því lauk árið 1918 hafði heimurinn mátt þola skelfilega hungursneyð, og inflúensufaraldur var skollinn á sem kostaði fleiri mannslíf en stríð-

ið sjálft. Jesús hafði lýst hvernig hægt væri að sjá að hann væri kominn aftur sem nýr en ósýnilegur konungur jarðar, og þetta tákni var byrjað að koma fram. (Matt. 24:3-8; Lúk. 21:10, 11) Við höfum óbyggjandi sannanir fyrir því að Drottinn Jesú Kristi hafi verið „fengin kóróna“ árið 1914. Það ár fór hann út „sigrandi og til þess að sigrá“. (Opinb. 6:2) Hann háði stríð á himni gegn Satan og illu öndunum, þeim var úthýst af himnum og varpað niður til jarðar. Þaðan í frá hefur mannkynið fundið fyrir því sem lýst er í innblásnu orðunum í versi dagsins. *W15 15.6. 4:13*

Mánudagur 9. janúar

„Ég mun nú snúa mér að vitrunum og opinberunum sem Drottinn hefur birt mér.“ – 2. Kor. 12:1.

Spáð hafði verið um fráhvarf frá sannkristinni trú og það tók að gera vart við sig áður en öld var liðin frá stofnun kristna safnaðarins. (Post. 20:28-30; 2. Þess. 2:3, 4) Þaðan í frá varð æ erfiðara að bera kennsl á þá sem þjónuðu Guði í raun og veru í andlegu musteri hans. Margar aldir liðu þangað til Jehóva leiddi það í ljós fyrir atbeina hins nýkrýnda konungs, Jesú Krists. Árið 1919 var orðið ljóst hverjir höfðu velþóknun Jehóva og þjónuðu honum í andlegu musteri hans. Þeir höfðu verið hreinsaðir trúarlega þannig að þeir þóknustu Guði enn betur með þjónustu sinni. (Jes. 4:2, 3; Mal. 3:1-4) Það sem Páll postuli hafði séð í sýn öldum áður tók að rætast að vissu marki. Sýn Páls er lýst í 2. Korintubrési 12:2-4. Talað er um að þessi yfirnáttúrlega sýn hafi verið opinberun. Hún lýsti ókomnum atburði en ekki neinu sem var til á tímum Páls. *W15 15.7. 1:6-8*

Þriðjudagur 10. janúar

*„Þá munu þau sem hlýtt hafa Guði skína sem sól í ríki föður þeirra.“
– Matt. 13:43.*

Merkir þetta að hinir andasmurðu verði hrifnir upp til himna í líkam-anum og Jesús komi aftur í sýni-legri mynd til að ríkja á jörð-inni? Margir í kristna heiminum trúa því. En Biblían sýnir greini-lega fram á að „tákn Mannsson-arins“ muni birtast á himni og að Jesús komi „á skjýjum himins“. (Matt. 24:30) Hvort tveggja gefur til kynna að koma hans verði ósýnileg. Auk þess getur „hold og blóð ... eigi erfð Guðs ríki“. Þeir sem verða hrifnir upp til himna þurfa því fyrst að „umbreytast, í einni svipan, á einu augabragði, við hinn síðasta lúður“. (1. Kor. 15:50-53) Þeim sem eftir eru af hinum andasmurðu á jörð verður safnað saman á einu augabragði. *15 15.7. 2:14, 15*

Miðvikudagur 11. janúar

*„Í söfnuðinum vil ég lofa þig.“
– Sálm. 22:23.*

Ríkissalurinn er miðstöð hreinn-ar tilbeiðslu í byggðarlaginu. Vikulegar safnaðarsamkomur í ríkissalnum eru ein leið sem Jehóva notar til að næra okkur andlega. Þar uppbyggjumst við og fáum leiðbeiningar fyrir milli-göngu safnaðar hans. Þó að boðið standi alltaf megum aldrei líta á það sem sjálfsagðan hlut að nærast af borði Jehóva. (1. Kor. 10:21) Jehóva finnst afar mikil-vægt að við sækjum samkomur til tilbeiðslu og til að uppörvast saman. Þess vegna innblés hann

Páli postula að hvetja okkur til að vanrækja ekki safnaðarsamkomur okkar. (Hebr. 10:24, 25) Bæri það merki um virðingu fyrir Jehóva ef við misstum af samkomum að óþörfu? Við getum sýnt Jehóva hve mikið við kunnum að meta hann og ráðstafanir hans með því að búa okkur undir samkomurnar og taka góðan þátt í þeim. *15 15.7. 4:3, 4*

Fimmtudagur 12. janúar

„Vakið.“ – Matt. 24:42.

Þessi áminning ein og sér er góð ástæða til að halda áfram að vera eftirvæntingarfull – Jesús sagði okkur að gera það. Söfnuður Jehóva er okkur gott for-dæmi að þessu leyti. Í ritun-um okkar er brýnt fyrir okkur aftur og aftur að „bíða eftir degi Guðs og flýta fyrir að hann komi“. Við erum hvött til að ein-blína á loforð Jehóva um nýja heiminn. (2. Pét. 3:11-13) Kristnir menn, sem voru uppi á fyrstu öld, þurftu að vera eftirvænt-ingarfullir en það er enn þá mik-ilvægara fyrir okkur nú á dögum. Af hverju? Af því að við lif-um á nærverutíma Krists. Tákn-ið um nærveru hans hefur sést skýrt frá árinu 1914. Þetta marg-þætta tákn, sem felur í sér sí-versnandi heimsástand og að ríki Guðs sé boðað um allan heim, sýnir að við lifum á þeim tíma þegar „veröldin er að líða und-ir lok“. (Matt. 24:3, 7-14) Þar sem Jesús sagði ekki hve langur tím-inn yrði þar til endirinn kæmi þurfum við að vera sérstaklega vel á verði. *15 15.8. 2:4, 5*

Föstudagur 13. janúar

„Njót gleði í Drottni.“

– Sálm. 37:4.

Í nýja heiminum munum við hljóta mestu ánægjuna af því að fá andlegum þörfum okkar fullnægt. (Matt. 4:4) Þjónustan við Jehóva verður í fyrsta sæti hjá okkur og við eigum eftir að hafa mikla ánægju af henni. Ef við látum andlegu mál-in hafa forgang núna búum við okkur undir hið sanna líf í framtíðinni. (Matt. 6:19-21) Hvernig getum við haft meiri ánægju af þjónustunni við Jehóva? Ein leið er að setja sér andleg markmið. Ef þú ert ungur og hugsar alvarlega um að nota lífið í þjónustunni við Jehóva gætirðu kannski rifjað upp efni sem fjallar um ýmsar greinar þjónustunnar í fullu starfi og fengið hugmyndir að eigin markmiðum. Þú gætir líka rætt við einhverja sem hafa þjónað Jehóva í fullu starfi í mörg ár. Með því að nota lífið í þjónustunni við Jehóva færðu góða þjálfun sem býr þig undir að þjóna honum áfram í nýja heiminum. Þessi reynsla þín verður mikils virði í framtíðinni. *W15 15.8. 3:13, 14*

Laugardagur 14. janúar

„Ávöxtur andans er: kærleiki.“

– Gal. 5:22.

Aðrir ávextir andans, svo sem hógvæð, sjálfsagi og langlyndi, eru einnig mikilvægir. (Gal. 5:23) Þeir geta hjálpað þroskuðum kristnum einstaklingi að takast á við snúin vandamál án þess að verða pirraður, eða við sár vonbrigði án þess að missa vonina. Í sjálfsnámi sínu leit-ar hann í sífellu eftir biblíulegum meginreglum sem geta hjálpað honum að greina rétt frá röngu. Ákvarð-

anir, sem hann tekur í framhaldi af því, vitna um trúarþroska hans. Hann hlustar til dæmis á biblíu-frædda samvisku sína. Þroskaður þjónn Guðs sýnir þá auðmýkt að viðurkenna að leiðir Jehóva og mælikvarði hans séu alltaf betri en hans eigin. Hann boðar fagnaðarerindið af kappi og vinnur að einingu safnaðarins. Óháð því hve lengi við höfum þjónað Jehóva getum við spurt okkur hvort við getum líkt betur eftir Jesú á einhverjum sviðum og haldið áfram að þroska okkar andlega mann. *W15 15.9. 1:6, 7*

Sunnudagur 15. janúar

„Trúlitli maður, hví efaðist þú?“

– Matt. 14:31.

Lærisveinarnir sjá Jesú koma gangandi á Galíleuvatni. Pétur kall-ar til Jesú, meistara síns, og biður um að fá að ganga á vatninu til hans. Þegar Jesús segir Péttri að koma til sín stígur hann úr bátnum og fyrir kraftaverk gengur hann í öldurótinu. Andartaki síðar byrjar Pétur þó að sökkva. Hvers vegna? Hann fór að horfa á veðurofsann og varð hræddur. Pétur hrópar til Jesú sem grípur strax í hann og segir orðin í vers dagsins. (Matt. 14:24-32) Pétur steig úr bátnum til að ganga á vatninu vegna þess að hann hafði trú. Jesús hafði kallað hann til sín og Pétur treysti að hann fengi stuðning og kraft frá Guði, rétt eins og Jesús fékk. Á svipaðan hátt vígðum við okkur Jehóva og létum skírast vegna þess að við höfðum trú. Jesús kallaði okkur til sín til að fylgja sér, til að feta í fótspor sín. Við þurftum að trúa bæði á Jesú og Guð og treysta því að þeir myndu styðja okkur. – Jóh. 14:1; 1. Pét. 2:21. *W15 15.9. 3:1, 3*

Mánudagur 16. janúar

*„Hann verndar dýrkendur sína,
frelsar þá úr hendi óguðlegra.“
– Sálms. 97:10.*

Eitt það mikilvægasta í huga ástríks föður er að vernda fjölskyldu sína gegn öllu sem gæti skaðað hana eða stofnað henni í alvarlega hættu. Jehóva, himneskur faðir okkar, gerir það ekki síður. Lítum á dæmi. Þér er eflaust mjög annt um augun þín. Jehóva ber svipaðar tilfinningar til þjóna sinna. (Sak. 2:12) Þjónar Jehóva eru honum greinilega mjög verðmætir. Jehóva hefur stundum leyft að andstæðingar lifláti dygga þjóna hans eins og Stefán er dæmi um. En hann verndar þjóna sína í heild með því að veita tímabærar viðvaranir við vélabrögðum Satans. (Ef. 6:10-12) Í Biblíunni og ritum safnaðar hans fáum við hjálp til að átta okkur á blekkingum efnishyggiunnar, slæmum áhrifum siðlausrar og ofbeldisfullrar afþreyingar, hættum á Netinu og svo framvegis. Jehóva er eins og ástrikur faðir sem hugsar um velferð og öryggi barna sinna. *W15 15.9. 4:15, 17*

Þriðjudagur 17. janúar

„Hönd Drottins er eigi svo stutt að hann geti ekki hjálpað.“ – Jes. 59:1.

Ein sönnun fyrir því að Jehóva styður okkur með styrkri hendi sinni er hve vel Vottum Jehóva hefur gengið að „verja fagnaðarerindið“ og hljóta lagalega viðurkenningu. (Fil. 1:7) Stjórnvöld hafa sums staðar reynt að stöðva starf Votta Jehóva að öllu leyti. En þegar við horfum til baka sjáum við að söfnuðurinn hefur unnið í það minnsta 268 mál á æðstu dómstigum, þar á meðal hafa 24 mál unnist frá árinu 2000 fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Þetta er skýrt merki

þess að enginn geti haldið aftur af hendi Jehóva. (Jes. 54:17) Það er aðeins með hjálp Guðs sem við getum boðað fagnaðarerindið um heim allan. (Matt. 24:14; Post. 1:8) Auk þess eru þjónar Guðs sameinað, alþjóðlegt bræðralag – en slíka einingu er hvergi annars staðar að finna. Við skiljum því vel hvers vegna jafnvel fólk utan safnaðarins segir: „Guð er sannarlega hjá ykkur.“ (1. Kor. 14:25) Þegar á heildina er litið höfum við yfirgnæfandi sannanir um að Guð starfi í þágu þjóna sinna. – Jes. 66:14. *W15 15.10. 1:13, 14*

Miðvikudagur 18. janúar

*Elskið ekki það sem í heiminum er.
– 1. Jóh. 2:15.*

Það er hættulegt að nýta sér heimsins gæði í of miklum mæli. (1. Kor. 7:29-31) Þjónn Guðs getur auðveldlega eytt of miklum tíma í eitthvað sem er í sjálfu sér ekki rangt, eins og tómstundagamán, skemmtilestur, sjónvarpsgláp, ferðalög, búðarap og að kynna sér nýjustu tækin og flottustu munaðarvörurnar. Samfélagsmiðlar og textaskilaboð geta einnig rænt tíma frá manni og hið sama er að segja um að lesa og áframsenda tölvupósta og fylgjast stöðugt með nýjustu fréttum og íþróttaviðburðum. Það getur jafnvel orðið að árattu. (Préd. 3:1, 6) Ef við takmörkum ekki þann tíma sem við verjum í ónauðsynlega hluti gætum við farið að vanrækja það allra mikilvægasta – tilbeiðsluna á Jehóva. (Ef. 5:15-17) Satan hefur mótað heim sinn þannig að hann sé aðlaðandi og truflí okkur. Þannig var það á fyrstu öld og það á jafnvel enn betur við nú á dögum. (2. Tím. 4:10) Við þurfum því að fylgja leiðbeiningunum í versidagsins. *W15 15.10. 3:7, 8*

Fimmtudagur 19. janúar

Guðsmaðurinn kenni okkur hvernig við eigum að fara með sveininn.
– Dóm. 13:8.

Manóa og eiginkona hans áttu að eignast son! Manóa var eflaust himninfandi en hann vissi líka að þessu fylgdi mikil ábyrgð. Hvernig gátu þau hjónin alið upp son sinn til að þjóna Guði í landi sem var fullt af illsku? Manóa bað Jehóva innilega: „Láttu guðsmanninn [engilinn], sem þú sendir, koma til okkar aftur svo að hann geti kennt okkur hvernig við eigum að fara með sveininn sem á að fæðast.“ (Dóm. 13:1-8) Ef þú ert foreldri skilurðu líklega vel einlæga bón Manóa. Þú hefur líka þá miklu ábyrgð að hjálpa barninu þínu að kynnast Jehóva og læra að elska hann. (Orðskv. 1:8) Með það fyrir augum skipuleggja kristnir foreldrar innihaldsríka tilbeiðslustund með fjölskyldunni í hverri viku. En þú þarft auðvitað að gera meira en að halda vikulegt fjölskyldunám til þess að barnið tileinki sér sannleika Biblíunnar. (5. Mós. 6:6-9) Geturðu brýnt sannleikann fyrir barninu þannig að hann nái til hjartans? *W15 15.11. 1:1, 2*

Föstudagur 20. janúar

„Hér er sannur Ísraelíti sem engin svik eru í.“ – Jóh. 1:47.

Þú getur ekki lesið hjórtu annarra líkt og Jesús en með hjálp Guðs geturðu sýnt skilning. Notarðu þennan hæfileika til að sjá hið góða í fari unglingsins? Enginn vill fá á sig þann stimpil að vera „vandráðagemlingur“. Segðu aldrei að sonur þinn eða dóttir sé „upp-reisnarseggur“ eða „vandráðagemlingur“. Þú skalt ekki einu sinni hugsa það. Jafnvel þótt unglingnum gangi ekki svo vel skaltu láta hann vita að þú sjáir hvað í honum býr

og sjáir að hann vilji gera það sem er rétt. Taktu eftir öllum framförum og þroskamerkjum, og hrósaðu honum. Hjálpaðu honum að vinna í góðum eiginleikum með því að gefa honum aukna ábyrgð þegar þú getur. Jesús hjálpaði lærisveinum með þessum hætti. Um einu og hálfu ári eftir að Jesús hitti Natanael valdi hann hann sem postula sinn og hann reyndist verða ákafur fylgjandi hans. (Lúk. 6:13, 14; Post. 1:13, 14) Það er vont ef unglingnum finnst hann aldrei geta staðist væntingar annarra. Vertu því duglegur að hrósa honum og hvetja. Þannig stuðlarðu að því að honum finnist hann vera hæfur kristinn einstaklingur sem Jehóva getur notað. *W15 15.11. 2:15, 16*

Laugardagur 21. janúar

Þeir þjóna Guði dag og nótt.
– Opínb. 7:15.

Þegar síðustu dagar hófust árið 1914 voru þjónar Jehóva aðeins nokkur þúsund. Þessi fámenni hópur andasmurðra þjóna Guðs boðaði fagnaðarerindið um ríkið þrátt fyrir mótlæti. Þeir elskuðu náungann, og Guð studdi þá með anda sínum. Fyrir vikið er nú verið að safna saman miklum múgi fólks sem á von um að lifa að eilífu á jörð. Við erum orðin um 8.000.000 og tilheyrum rösklega 115.400 söfnuðum um heim allan, og okkur fjölgar jafnt og þétt. Á þjónustuárinu 2014 skirðust 275.500 nýir vottar. Það eru að meðaltali um 5.300 á viku. Þennan gríðarlega vöxt, sem við sjáum núna, má rekja til þess að við trúum á Guð og viðurkennum að Biblían sé innblásið orð hans. (1. Þess. 2:13) Það er einstakt að þjónar Jehóva skuli dafna eins og raun ber vitni þrátt fyrir hatur og andstöðu Satans sem er „guð þessarar aldar“. – 2. Kor. 4:4. *W15 15.11. 4:12, 14, 16*

Sunnudagur 22. janúar

„Orð Guðs vors varir að eilífu.“

– Jes. 40:8.

Bíblíufræðingar hafa rannsakað vandlega og borið saman þúsundir slitra, handrita og fornra þýðinga. Þessar rannsóknir hafa staðfest áreiðanleika langflestra bíblíu-versa. Þó að nokkur óvissa ríki um fáein vers breytir það ekki heildarboðskap Biblíunnar. Rannsóknir á fornum handritum sannfæra einlæga bíblíunemendur um að þeir hafa fengið það í hendur sem Jehóva innblés bíblíuritunum að skrifa í upphafi. Jehóva hefur séð til þess að Biblían sé mest þýdda bók mannkynsögunnar þrátt fyrir hatramma andstöðu. Jafnvel núna, þegar margir eru trúlitlir eða trúlausir, heldur Biblían áfram að vera söluhæst á markaðinum. Hún er gefin út í heild eða að hluta á rúmlega 2.800 tungumálum. Þó að sumar bíblíuþýðingar séu ekki eins skýrar og áreiðanlegar og aðrar er hægt að kynna sér meginboðskap Biblíunnar um von og frelsun í nánast öllum þýðingum. *W15 15.12. 1:13, 14*

Mánudagur 23. janúar

„*Vanhugsuð orð eru sem sverðalög.*“ – Orðskv. 12:18.

Orð búa yfir mætti til að græða en líka til að særa. Í heimi Satans er algengt að fólk noti orð til að særa. Skemmtanaíðnaðurinn fær marga til að brýna „tungur sínar sem sverð“ og „miða eitruðum orðum líkt og örvum“. (Sálm. 64:4) Þjónar Guðs þurfa að forðast skaðlega hegðun af þessu tagi. „Eitruð orð“ geta til dæmis verið kaldhæðni, eins og særandi athugasemdir sem gera lítið úr öðrum eða eru dæmandi. Kaldhæðni á

oft að vera fyndin en grínið getur hæglega orðið virðingarlaust og móðgandi. Meiðandi kaldhæðni er ein tegund af „lastmæli“ sem þjónar Guðs ættu að forðast. Skopskyn getur kryddað mál okkar en við þurfum að forðast þá gildru að reyna að vekja hlátur með því að nota hvassar, kaldhæðnislegar athugasemdir sem særa eða niðurlægja. Í Biblíunni fáum við þessi ráð: „Látið ekkert fúkyrði líða ykkur af munni heldur það eitt sem er gott til uppbyggingar, þar sem þörf gerist, til þess að það verði til góðs þeim sem heyra.“ – Ef. 4:29, 31. *W15 15.12. 3:10*

Þriðjudagur 24. janúar

„*Ef þér varist þetta gerið þér vel. Verið sælir.*“ – Post. 15:29.

Þannig hljóma lokaorðin í bréfi sem hið stjórnandi ráð á fyrstu öld sendi til safnaðanna. Á sumum tungumálum hafa orðin í lok versins verið þýdd „verið heilsuhraust“. Það er eðlilegt að við viljum vera heilsuhraust svo að við getum þjónað Jehóva. Á meðan þessi illi heimur stendur og við erum ófullkomin þurfum við að kljást við veikindi. Við getum ekki búist við að læknastr fyrir kraftaverk núna. Í Opinberunarbókinni 22:1, 2 er hins vegar bent á þann tíma þegar við fáum fullkomna heilsu. Jóhannes postuli sá í sýn „móðu lifsvatnsins“ og „lifsvatns tré“ en lafin á trjánum voru „til lækningar þjóðunum“. Hér er ekki átt við neinar jurtalækningar, hvorki í nútímanum né framtíðinni. Sýnin lýsir því sem Jehóva gefur okkur fyrir milligöngu sonar síns og veitir hlýðnu mannkyni eilíft líf. Við megum sannarlega hlakka til þess tíma. – Jes. 35:5, 6. *W15 15.12. 4:17, 18*

Miðvikudagur 25. janúar

„Við viljum fara með ykkur, við höfum heyrt að Guð sé með ykkur.“
– Sak. 8:23.

Jehóva sagði um okkar tíma: „Á þeim dögum munu tíu menn af öllum þjóðtunga grípa í kyrtilfald eins Gyðings og segja: ‘Við viljum fara með ykkur, við höfum heyrt að Guð sé með ykkur.’“ (Sak. 8:23) Þeir sem hafa jarðneska von, hafa gripið í kyrtilfald eins Gyðings, líkt og hinir táknrænu tíu menn. Þeir vita að Jehóva blessar hina andasmurðu og eru stoltir að mega tilbiðja hann ásamt „Ísrael Guðs“. (Gal. 6:16) Jesús lagði áherslu á þá yndislegu einingu sem þjónar Guðs njóta, rétt eins og Sakaríá gerði. Hann talaði um fylgjendur sína sem tvo hópa, „litla hjörð“ og „aðra sauði“, en sagði að þeir yrðu „ein hjörð“ með „einn hirði“. – Lúk. 12:32; Jóh. 10:16. *w16.01. 4:1, 2*

Fimmtudagur 26. janúar

„Hugfestið það.“ – Fil. 4:8.

Við þurfum að standa vörð um samband okkar við Jehóva. Við erum ófullkomin og búum í heimi þar sem Satan djöfullinn ræður ríkjum, og því er hægur vandi fyrir okkur að tileinka okkur hugarfar og hátterni heimsins. Það mætti líkja anda heimsins við straum mikla á sem ber okkur þangað sem við viljum ekki fara. Við þurfum að berjast gegn straumnum til að berast ekki með honum. Á svipaðan hátt þurfum við að leggja hart að okkur til að berast ekki með straumnum í heimi Satans. Þegar við boðum trúna einbeitum við okkur að mikilvægum

og uppbyggjandi andlegum málum, ekki að hugsunum sem grafa undan trú okkar. Sömuleiðis styrkist sannfæring okkar, og athygli okkar beinist að loforðum Guðs og kærleiksríkum meginreglum. Það auðveldar okkur líka að halda andlegum herklæðum okkar heilum. (Ef. 6:14-17) Ef við höldum okkur uppteknum í þjónustu Jehóva höfum við hreinlega ekki tíma til að hafa of miklar áhyggjur af eigin vanda-málum, og það er okkur til verndar. *w16.01. 5:12, 13*

Föstudagur 27. janúar

„Þitt fólk er mitt fólk og þinn guð er minn guð.“ – Rut. 1:16.

Tökum eftir ást Rutar á Jehóva. Landeigandinn Bóas hrósaði henni síðar fyrir að leita verndar undir vængjum Jehóva. (Rut. 2:12) Þetta myndmál minnir á hvernig ungi leitar skjóls undir sterkum vængjum móður sinnar. (Sálm. 36:8; 91:1-4) Jehóva verndaði Rut á sambærilegan hátt. Hann umbunaði henni fyrir trú hennar og hún sá aldrei eftir því að hafa ákveðið að þjóna honum. Á okkar dögum kynnast margir Jehóva en hika við að leita skjóls hjá honum. Þeir veigra sér við að verða vígðir og skírðir þjónar hans. Híkarðu við að vígjast Jehóva? Hefurðu þá spurt þig hvers vegna? Allir lifandi menn þjóna einhverjum guði. (Jós. 24:15) Hvers vegna ekki að leita skjóls hjá eina guðinum sem er þess virði að þjóna? Að vígjast Jehóva er besta leiðin til að sýna að maður trúi á hann. Hann hjálpar þér að standa við vígsluheit þitt og standast hvaða erfiðleika sem verða á vegi þínum. Hann hjálpaði Rut að gera það. *w16.02. 2:6, 7*

Laugardagur 28. janúar

*„Nú festi ég hann við jörðina með einu spjótslagi, meira þarf ekki.“
– 1. Sam. 26:8.*

Þegar Abísái laumaðist inn í her-búðir Sáls áttaði hann sig ekki á hverjum hann ætti fyrst og fremst að sýna hollustu. Vegna hollustu sinnar við Davíð var honum mikið í mun að drepa Sál konung. En Davíð hélt aftur af honum því að hann gerði sér grein fyrir að það væri rangt að „leggja hönd á Drottins smurða“. (1. Sam. 26:9-11) Við getum dregið mikilvægan lærdóm af þessu atviki. Þótt við viljum réttilega sýna fleiri en einum hollustu ættum við að láta meginreglur Biblíunnar stýra því hverjum við sýnum hollustu framfar öðrum. Hollusta á upptök sín í hjartanu, en hjartað er svikult. (Jer. 17:9) Það er eðlilegt að vilja sýna þeim hollustu sem okkur er annst um. Þar af leiðandi gæti trúfastur þjónn Guðs jafnvel fundið til sterkrar hollustu til náins vinar eða ættingja sem stundar það sem er rangt. Ef einhver náinn okkur yfirgefur sannleikann er sérstaklega mikilvægt að muna að Jehóva verðskuldar hollustu okkar framfar öllum öðrum. – Matt. 22:37. *w16.02. 4:5, 6*

Sunnudagur 29. janúar

*Lærið að skilja hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna.
– Róm. 12:2.*

Hvers vegna þurftu kristnir menn í Róm að sannfæra sjálfa sig um það sem þeir höfðu þegar meðtekið? Tökum dæmi úr Biblíunni. Tímóteus þekkti Ritninguna vel. Hann hafði fengið kennslu hjá mömmu sinni og ömmu „frá blautu barnsbeini“. Engu

að síður fékk hann þessa hvatningu frá Páli: „Halt þú stöðuglega við það sem þú hefur numið og hefur fest trú á.“ (2. Tím. 3:14, 15) Gríska orðið, sem þýtt er „að festa trú á“, felur í sér „að vera sannfærður og viss um sannleiksgildi einhvers“, samkvæmt heimildarriti. Tímóteus hafði tileinkað sér sannleikann. Hann meðtók hann, ekki vegna þess að mamma hans og amma sögðu honum að gera það heldur hafði hann hugleitt málið og sannfærst. (Róm. 12:1) Sjálfsnám getur sömuleiðis hjálpað þér að fá svör við spurningum, sigrast á efasemdum og styrkja sannfæringu þína. – Post. 17:11. *w16.03. 2:3, 4, 7*

Mánudagur 30. janúar

Þeir ferðuðust ár hvert til Jerúsalem á páskahátíðinni. – Lúk. 2:41.

Sjáðu fyrir þér Ísraelsmenn á biblíutímanum halda hátíð og lofa Jehóva við musterið í Jerúsalem. Þeir hafa undirbúið ferðina, hjálpað hver öðrum á leiðinni og síðan sameinast í tilbeiðslunni við musterið. Allt kraðist þetta samvinnu. Núna, þegar við göngum á veginum sem liggur inn í nýja heiminn, þurfum við líka að vera sameinuð og samvinnuþýð. Hugsaðu um þá blessun sem bíður okkar. Við höfum nú þegar sagt skilið við þá sundrung og óreiðu sem einkennir þennan heim. Bæði Jesaja og Míka sögðu fyrir atburð sem við sjáum rætast núna – þjónar Jehóva ganga sameinaðir upp á fjall hans. (Jes. 2:2-4; Míka 4:2-4) Tilbeiðsla okkar er sannarlega hátt upp hafin núna á síðustu dögum. En hamingja okkar og gleði nær nýjum hæðum í framtíðinni þegar allt mannkynið verður sameinað og vinnur vel saman. *w16.03. 3:16, 17*

Priðjudagur 31. janúar

„Öllu er afmörkuð stund.“

- Préd. 3:1.

Sumum öldungum gæti fundist erfitt að gefa sér tíma til að þjálfra aðra. Þeir hugsa kannski sem svo að það sé vissulega mikilvægt að veita þjálfun en þó ekki jafn áriðandi og önnur safnaðarmál sem þola bara enga bið. Þeir segja við sjálfa sig: „Söfnuðurinn heldur sínu striki þó að ég bíði enn um sinn með það að þjálfra aðra.“ Það er auðvitað rétt að sumum málum þarf að sinna þegar í stað. Hins vegar getur það verið söfnuðinum til tjóns ef það dregst

að þjálfra fleiri bræður til starfa. Öldungar hafa margt á sinni könnu sem er mikilvægt að sinna tafarlaust. En ef öldungar fresta í sífellu að veita nauðsynlega þjálfun kemur að því fyrr eða síðar að það vantar bræður sem eru hæfir til að gera allt sem gera þarf í söfnuðinum. Við þurfum því greinilega að varast að hugsa sem svo að það sé ekki sérlega áriðandi að veita öðrum þjálfun. Öldungar, sem horfa til lengri tíma og gefa sér góðan tíma til að þjálfra óreyndari bræður, eru vitrir ráðsmenn og öllum söfnuðinum til blessunar.

- 1. Pét. 4:10. *wl* 15.4. 1:4, 6, 7

Miðvikudagur 1. febrúar

„Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgastr ykkur.“ - Jak. 4:8.

Ertu vígður og skírður vottur Jehóva? Þá áttu persónulegt samband við Guð og það er einstaklega verðmætt. En þar sem við eigum í glímu bæði við heim Satans og okkar eigin ófullkomleika er hætta á að það geti rofnað. Allir kristnir menn eiga í þessari baráttu. Þess vegna er mikilvægt að samband okkar við Jehóva sé eins sterkt og hægt er. Hve raunverulegt finnst þér samband þitt við Jehóva vera? Myndirðu vilja styrkja það? Í Jakobsbréfinu 4:8, sem er vers dagsins, kemur fram hvernig við getum gert það. Við tökum eftir að báðir aðilar þurfa að leggja sitt af mörkum. Þegar við nálægjum okkur Guði nálgastr hann okkur á móti. Ef þessi samskipti endurtaka sig oft leiðir það til þess að samband okkar við Jehóva styrkist jafnt og þétt. Þannig getur sambandið við Jehóva orðið mjög náð. Við byggjum upp sams konar traust til Jehóva og Jesús hafði. Hann sagði: „Sá er sannur sem sendi mig og ... ég þekki hann.“ - Jóh. 7:28, 29. *wl* 15.4. 3:1, 2

Fimmtudagur 2. febrúar

Verið þolinmóð í þjáningunni, staðföst í bæninni. - Róm. 12:12.

Segjum sem svo að nákomnum ættingja sé vikið úr söfnuðinum. Af biblíunámi þínu veistu hvernig á að koma fram við þá sem vikið er úr söfnuðinum. (1. Kor. 5:11; 2. Jóh. 10) Það getur samt verst mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að styðja úrskurðinn. Geturðu treyst himneskum föður þínum til að gefa þér þann styrk sem þarf til að hlýða fyrirmælum Biblíunnar um framkomu við þá sem vikið er úr söfnuðinum? Sérðu hvernig þessi staða getur gefið þér tækifæri til að styrkja sambandið við Jehóva? Gefur þetta til kynna að við eigum ekki að láta okkur innilega annat um ættingja okkar? Auðvitað ekki. En við ættum að elska Jehóva meira en nokkurn annan. (Matt. 22:37, 38) Það er líka ættingjum okkar fyrir bestu, hvort sem þeir þjóna Jehóva eða ekki um þessar mundir. Og ef það fær sérstaklega á þig hvaða stefnu ættingi hefur tekið sem vikið hefur verið úr söfnuðinum skaltu úthella hjarta þínu í bæn til Jehóva. - Fil. 4:6, 7. *wl* 15.4. 4:14, 16

Föstudagur 3. febrúar

*Ég get miklast af ykkur í söfnuðum
Guðs fyrir þolgæði ykkar og trú.*

– 2. Þess. 1:4.

Það getur verið heilbriggt að vera ánægður með verk annarra og líka að vera stoltur af sjálfum sér að vissu marki. Við þurfum ekki að skammast okkar fyrir ætterni okkar, menningu eða staðinn þar sem við ólumst upp. (Post. 21:39) En það er til annars konar stolt sem getur grafið undan góðum samskiptum fólks og spillt vináttu þess við Jehóva. Stolt af þessu tagi getur orðið til þess að við bregðumst ókvæða við og þiggjum ekki leiðsögn sem við þurfum á að halda. (Sálm. 141:5, NW) Stolt sem þetta er eins konar óhóflegt sjálfsálit eða hroki sem stafar af því að fólk ímyndar sér að það standi öðrum framar. Jehóva hefur andstyggð á hroka. (Jes. 2:11; Amos 6:8) En það hlýtur að gleðja Satan að sjá menn sýna hroka því að þá líkja þeir einmitt eftir honum. Það hefur eflaust hlakkað í honum að horfa upp á stærilæti manna eins og Nimrods, faraós og Absalons en þeir urðu allir hrokanum að bráð. – 1. Mós. 10:8, 9; 2. Mós. 5:1, 2; 2. Sam. 15:4-6. *W15 15.5. 2:5, 6*

Laugardagur 4. febrúar

*Þú lýkur upp hendi þinni og
seður allt sem lifir með blessun.*

– Sálm. 145:16.

„Kristur, kraftur Guðs,“ endurspegladi örlæti föður síns og lauk margoft upp hendi sinni til að veita fylgjendum sínum það sem þeir þráðu. (1. Kor. 1:24) Hann gerði það ekki bara til að sýna kraft sinn heldur var honum innilega annst um aðra. Skoðum dæmi í Matteusi 14:14-21. Lærisveinar Jesú komu til hans til að ræða við hann um mat-

arþörfina. Þeir voru líklega svangir sjálfir en hugsuðu líka um mann-fjöldann sem hafði elt Jesú fótgangandi úr borgunum. Fólkið var bæði þreytt og svangt. (Matt. 14:13) Hvað myndi Jesús gera? Jesús mettaði um 5.000 karlmenn, auk kvenna og barna, með fimm brauðum og tveim fiskum. „Allir neyttu og urðu mettir.“ Þetta sýnir að meira en nóg var til af mat. Jesús gaf þeim ekki bara brauðbita að smakka heldur heila máltíð sem gaf þeim næga orku til að komast heim þótt leiðin væri löng. (Lúk. 9:10-17) Og afgangurinn fyllti heilar tólf kórur. *W15 15.6. 1:8, 9*

Sunnudagur 5. febrúar

*„Litilmennska er í hávegum höfð
meðal manna.“ – Sálm. 12:9.*

Kynferðislegt siðleysi er svo útbreitt að mörgum er spurn hvort það sé yfirleitt hægt að lifa hreinu lífi. Já, það er vissulega hægt með hjálp Jehóva. Við þurfum samt að hafna siðlausum löngunum til að vera hreinlíf. Rétt eins og fiskur laðast að beitu getur kristinn einstaklingur látið lokkast af siðlausum hugsunum og ósæmilegum löngunum ef hann ýtir þeim ekki frá sér þegar í stað. Þær geta höfðað til langana holdsins og leitt okkur út á hættulega braut. Tál syndarinnar getur orðið svo sterkt að hin óhreina löngun nær að þroskast. Ef það gerist getur jafnvel þjónn Jehóva verið tilbúinn til að láta undan lönguninni þegar tækifæri gefst. „Þegar girndin ... er orðin þunguð elur hún synd.“ (Jak. 1:14, 15) Það er umhugsunarvert að augnablikslöngun skuli geta orðið kveikjan að alvarlegri synd. En það er uppörvandi til þess að vita að við getum forðast siðlaust hátterni og umflúið sársaukafullar afleiðingar þess ef við leyfum ekki óhreinum löngunum að festa rætur. – Gal. 5:16. *W15 15.6. 3:1-3*

Mánudagur 6. febrúar

Verði þinn vilji á jörðu.

– Matt. 6:10.

Vilji Guðs var gerður fullkomlega á jörðinni fyrir hér um bil 6.000 árum. Jehóva hafði búið mönnunum bestu skilyrði. Hann gat horft á handaverk sitt og sagt að það væri „harla gott“. (1. Mós. 1:31) Síðan gerði Satan uppreisn og þaðan í frá hafa tiltölulega fáir menn gert vilja Guðs á jörð. En núna eru uppi um átta milljónir votta sem bæði biðja til Guðs að vilji hans nái fram að ganga á jörð og leggja sig líka alla fram um að lifa í samræmi við bæn sína. Þeir gera það með líf-erni sínu en einnig með því að vera duglegir að gera fólk að lærisveinum. Við höldum áfram að biðja þess að vilji Guðs nái fram að ganga uns óvinir ríkis hans verða horfnir af jörðinni. Þegar milljarðar manna verða reistir upp í paradís á jörð sjáum við vilja Guðs ná fram að ganga í enn ríkari mæli. (Jóh. 5:28, 29) Það verður unaðslegt að vera á staðnum og taka á móti ástvinum okkar upprisnum frá dauðum. *W15 15.6. 4:15, 17*

Þriðjudagur 7. febrúar

„Ég mun skreyta fótiskör mína.“

– Jes. 60:13, NW.

Orðasambandið „andleg paradís“ er orðið hluti af orðaforða okkar innan safnaðarins. Það lýsir hinu einstaka andlega umhverfi sem gerir okkur kleift að eiga frið við Guð og við trússystkini okkar. Við megum ekki rugla saman hugtökunum „andleg paradís“ og „andlegt musteri“. Andlega musterið er það fyrirkomulag sem Guð hefur á sannri tilbeiðslu. Andlega para-

dísin sýnir hins vegar glöggst hverjir hafa velþóknun Guðs og þjóna honum núna í andlega musterinu. (Mal. 3:18) Það er hrifandi til þess að hugsa að síðan 1919 hefur Jehóva leyft ófullkomnu fólki að vinna með sér að því að rækta, efla og stækka andlegu paradísina á jörð. Sérðu sjálfan þig fara með hlutverk í þessu einstaka verkefni? Hvetur það þig til að halda áfram að starfa með Jehóva að því að fegra „fótiskör“ hans? *W15 15.7. 1:10, 11*

Miðvikudagur 8. febrúar

„Ég birti heilagleika minn vegna þín, Góg, fyrir augum þeirra.“

– Esek. 38:16.

Góg ræðst á þjóna Guðs skömmu áður en þeir síðustu af hinum 144.000 eru kallaðir til himna. Á hvaða viðbrögð kallar það? Þjónar Guðs á jörð virðast varnarlausir. Þeir hlýða fyrirmælunum sem gefin voru á dögum Jósafats konungs: „Þið eigið ekki að berjast. Fylkið ykkur, standið og horfið á þegar Drottinn vinnur sigur fyrir ykkur, Júdamenn og Jerúsalembúar. Öttist ekki. Skelfist ekki.“ (2. Kron. 20:17) En á himni eru viðbrögðin önnur. Í Opinberunarbókinni 17:14 er talað um þann tíma þegar hinir andasmurðu eru allir komnir til himna. Þar segir um óvini þjóna Guðs: „Þessir munu heyja stríð við lambið. Og lambið og þeir sem með því eru, hinir kölluðu og útvöldu og trúu, munu sigra þá – því að lambið er Drottinn drottinn og konungur konunga.“ Jesús og 144.000 meðstjórnendur hans á himnum koma þá þjónum Guðs á jörð til bjargar. *W15 15.7. 2:16*

Fimmtudagur 9. febrúar

„Öllu er afmörkuð stund.“

– *Préd. 3:1.*

Við ættum að sýna með framferði okkar, klæðaburði og útliti að við berum virðingu fyrir Guði en það er hann sem býður okkur að sækja safnaðarsamkomurnar. Við sýnum líka virðingu með því að forðast öfgar. Jehóva vill auðvitað að þjónum sínum og öðrum samkomugestum líði vel í ríkissalnum. En við viljum að sjálfsögðu ekki sýna samkomunni óvirðingu með því að vera of frjálslega til fara, nota samkomutímann til að senda SMS, tala saman, borða, drekka og þar fram eftir götunum. Foreldrar ættu að kenna börnunum að ríkissalurinn er ekki staður til að hlaupa eða leika sér. Jesús reiddist þegar hann sá menn stunda verslun og viðskipti í musteri Guðs og rak þá út. (Jóh. 2:13-17) Ríkissalirnir eru hús til að tilbiðja Guð og fá andlega fræðslu. Því ætti ekki að stunda þar viðskipti sem eiga ekkert skylt við tilbeiðslu okkar. – Samanber Nehemíabók 13:7, 8. *W15* 15.7. 4:7, 8

Föstudagur 10. febrúar

„Á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir.“ – 2. Tím. 3:1.

Biblían gefur til kynna að illskan myndi aukast til muna „á síðustu dögum“. (2. Tím. 3:13; Matt. 24:21; Opinb. 12:12) Við megum því búast við að ástandið eigi enn eftir að versna þótt það sé slæmt nú þegar. En hversu slæmt heldurðu að ástandið verði fyrir „þrenginguna miklu“? (Opinb. 7:14) Hugsarðu til dæmis að það verði stríð í hverju einasta landi, að enginn eigi til

hnífs og skeiðar og að veikindi verði á hverju heimili? Við þær aðstæður yrðu jafnvel efasemdamenn knúnir til að viðurkenna að biblíuspádómar væru að rætast. Jesús sagði hins vegar að flestir tækju ekki eftir nærveru hans og að líf þeirra gengi bara sinn vanagang þangað til það væri um seinan. (Matt. 24:37-39) Biblían sýnir því að ástandið yrði ekki svo svakalegt á síðustu dögum að fólk neyddist til að trúa að endirinn væri nærri. – Lúk. 17:20; 2. Pét. 3:3, 4. *W15* 15.8. 2:6, 7

Laugardagur 11. febrúar

„Miskunn þín er mætari en lífið.“
– *Sálm. 63:4.*

Förum við á mis við að lifa góðu og innihaldsríku lífi núna ef við notum tímann til að búa okkur undir nýja heiminn? Alls ekki. Að þjóna Jehóva er besta lífsstefnan sem hugsast getur. Það er ekki bara eitthvað sem við neyðumst til að gera svo að við komumst í gegnum þrenginguna miklu. Við erum þannig úr garði gerð að við njótum þess að þjóna Jehóva. Hann leiðbeinir okkur og er mjög annt um okkur, og ekkert í lífinu er verðmætara en það. (Sálm. 63:2, 3) Við þurfum auðvitað ekki að bíða eftir nýja heiminum til að hljóta þá andlegu blessun sem fylgir heils hugar þjónustu við Jehóva – hún stendur okkur til boða nú þegar. Við höfum sum hver hlotið slíka blessun um áratugabil og reynslan segir okkur að engin lífsstefna geti veitt okkur meiri ánægju. – Sálm. 1:1-3; Jes. 58:13, 14. *W15* 15.8. 3:16

Sunnudagur 12. febrúar

Þið eruð hólpín orðin fyrir trú.

– Ef. 2:8.

Trúin gerir okkur kleift að gera ýmislegt sem virðist ómögulegt frá mannlegum sjónarhóli. (Matt. 21:21, 22) Margir eru alveg undrandi á þeim breytingum sem sum okkar hafa gert, bæði hvað varðar viðhorf okkar og hegðun. Jehóva blessaði viðleitni okkar af því að við gerðum þessar breytingar vegna trúar á hann. (Kól. 3:5-10) Trúin knúði okkur til að vígjast Jehóva og þannig urðum við vinir hans, en það hefðum við aldrei getað orðið án hjálpar hans. Trúin veitir okkur enn þá kraft. Í trú getum við staðist árásir Satans, öflugs óvinnar okkar. (Ef. 6:16) Ef við treystum Jehóva eigum við líka auðveldara með að takast á við áhyggjur og kvíða þegar erfiðleikar koma upp. Ef við höfum trú sem knýr okkur til að láta þjónustuna við Jehóva ganga fyrir lofar hann að sjá okkur fyrir því sem við þurfum til að lifa. (Matt. 6:30-34) Og vegna trúar okkar ætla Jehóva að gefa okkur verðmæta gjöf – eilíft líf. – Jóh. 3:16. *W15 15.9. 3:4, 5*

Mánudagur 13. febrúar

„Við elskum því að Guð elskaði okkur að fyrri bragði.“

– 1. Jóh. 4:19.

Hvernig hefur Guð „elskað okkur að fyrri bragði“? Páll postuli sagði: „Guð auðsýnir kærleika sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar.“ (Róm. 5:8) Kærleikur er höfuð-eiginleiki Jehóva. Þegar Jesús var spurður hvert væri æðsta boðorð Guðs er því skiljanlegt að hann hafi svarað: „Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öll-

um mætti þínum.“ (Mark. 12:30) Við sjáum af orðum Jesú að kærleikur til Guðs þarf fyrst og fremst að koma frá hjartanu. Það er ekki hægt að þóknast Jehóva ef við elskum hann ekki af heilu hjarta. En kærleikurinn til Guðs nær líka til sálar okkar, huga og máttar. Sannur kærleikur til Guðs er því miklu meira en bara tilfinning í hjartanu. Hann snertir einnig okkar andlega mann og líkamlegu getu, allt sem við búum yfir. Spámaðurinn Míka talar um að það sé þess konar kærleikur sem Jehóva vill að við sýnum honum. – Míka 6:8. *W15 15.9. 5:1-3*

Þriðjudagur 14. febrúar

„Ég þekkti þig af afspurn en nú hefur auga mitt litið þig.“

– Job. 42:5.

Hverjar gætu ástæðurnar verið fyrir því að við sæjum ekki skýrt hönd Jehóva í lífi okkar? Erfiðleikar geta gagntekið okkur. Þegar það gerist gætum við gleymt að hugsa um hvernig Jehóva hefur hjálpað okkur áður. Elía spámaður var hugrakkur maður. En þegar Jesebel drottning hótaði að drepa hann gleymdi hann um tíma hvernig Jehóva hafði liðsinnt honum. Í Biblíunni er sagt um Elía að hann „hafi óskað þess eins að deyja“. (1. Kon. 19:1-4) Hvað þurfti Elía að gera við þessar aðstæður? Hann þurfti að leita til Jehóva til að fá hughreystingu. (1. Kon. 19:14-18) Job varð svo upptekinn af eigin vandamálum að hann hætti að sjá hlutina frá sjónarhóli Guðs. (Job. 42:3-6) Eins og Job gætum við þurft að leggja meira á okkur til að sjá Guð. Hvernig getum við gert það? Við þurfum að líta á aðstæður okkar frá sjónarhóli Biblíunnar. Þegar við áttum okkur á hvernig Jehóva styður okkur verður hann okkur raunverulegri. *W15 15.10. 1:15, 16*

Miðvikudagur 15. febrúar

„Maður, hver hefur sett mig dóm-ara eða skiptaráðanda yfir ykk-ur?“ – Lúk. 12:14.

Margt gerðist á meðan Jesús starf-aði hér á jörð sem hefði getað trufl-að hann, en hann lét aldrei undan. Snemma á þjónustutíð sinni var Jes-ús í Kapernaúm. Eftir að hafa kennt mannfjöldanum og gert kraftaverk sárþæmdu fólkið hann að vera um kyrrt í borginni. Hvernig brást Jes-ús við þegar fólkið lýsti ánægju sinni yfir að hafa hann hjá sér? Hann sagði: „Mér ber og að flytja hinum borgunum fagnaðarerindið um Guðs ríki því að til þess var ég sendur.“ (Lúk. 4:42-44) Jesús fylgdi þessu eftir og gekk um Palestínu þvera og endilanga til að boða trúna og kenna. Þrátt fyrir að vera full-kominn hafði hann mannlegar þarf-ir eins og aðrir. Suma daga, eftir að hafa lagt sig allan fram í þjón-ustu Guðs, var hann alveg úr- vinda. (Lúk. 8:23; Jóh. 4:6) Síðar, þegar Jesús var að kenna fylgjend-um sínum hvernig þeir ættu að bregðast við andstöðu, tók maður nokkur til máls og sagði: „Meist-ari, seg þú bróður mínum að skipta með mér arfinum.“ En Jesús lét ekki trufla sig og dragast inn í þess- ar deilur. – Lúk. 12:13-15. *W15* 15:10. 3:10, 11

Fimmtudagur 16. febrúar

*„Guð er kærleikur.“
– 1. Jóh. 4:8.*

Kærleikurinn er ríkjandi eigin- leiki Guðs og sá mikilvægasti. Je- hóva hefur ekki aðeins kærleika til að bera heldur er hann persónu- gervingur kærleikans. Það er stór- fenglegt að hugsa til þess að skapari alheims og alls sem lifir skuli vera

kærleiksríkur Guð. Allt sem hann gerir stjórnast af þessum eiginleika. Hljýja og ást Jehóva í garð sköpun- arvera sinna veitir okkur tryggingu fyrir því að allt sem hann ætlar sér með mennina nái fram að ganga. Og Jehóva gerir það á allra besta hátt og til blessunar öllum sem lúta stjórn hans. Sem dæmi má nefna að Jehóva hefur „sett dag er hann mun láta mann, sem hann hefur fyrirhug- að, dæma heimsbyggðina með rétt- vísi“. (Post. 17:31) Maðurinn er Jes- ús Kristur. Við getum treyst að þetta rætist. Þeir sem eru réttsinnaðir og hlýðnir fá hagstæðan dóm, og eiga í vændum gæfuríka framtíð og eilíft líf. *W15* 15.11. 3:1, 2

Föstudagur 17. febrúar

„Mál ykkar sé ætíð ljúflegt en salti kryddað.“ – Kól. 4:6.

Við fáum alls konar viðbrögð þeg- ar við boðum fagnaðarerindið. Sum- ir eru jákvæðir en aðrir fjandsam- legir. En hvernig sem fólk bregst við fylgja þjónar Guðs leiðbeining- um Biblíunnar. Við elskum náung- ann þannig að þegar fólk krefst raka hjá okkur fyrir voninni sem við eig- um, svörum við „með hógværd og virðingu“. (1. Pét. 3:15, 16) Við sýn- um náungakærleika jafnvel þó að reiður húsráðandi hafni boðskapn- um og helli sér yfir okkur. Við líkj- um eftir Jesú. „Hann svaraði ekki með illmælum er honum var illmælt og hótadi eigi er hann leið, heldur fól það honum [Jehóva] á vald sem dæmir réttvislega.“ (1. Pét. 2:23) Hvort sem við erum með trúsystk- inum eða öðrum sýnum við hóg- værd og gerum eins og Pétur post- uli ráðlagði: „Gjaldið ekki illt með illu eða illmæli fyrir illmæli held- ur þvert á móti blessið.“ – 1. Pét. 3:8, 9. *W15* 15.11. 4:17, 18

Laugardagur 18. febrúar

Aldraðar konur laði hinar ungu til að elska börnin sín. – Tít. 2:3, 4.

Jesús hikaði ekki við að segja lærisveinum sínum að hann elskaði þá. (Jóh. 15:9) Hann sýndi þeim líka að hann elskaði þá með því að eiga við þá náinn félagskap. (Mark. 6:31, 32; Jóh. 2:2; 21:12, 13) Segðu sömuleiðis börnum þínum oft þú elskir þau og sýndu þeim oft hve mikils virði þau eru þér. (Orðskv. 4:3) Samuel, sem býr í Ástralíu, segir: „Þegar ég var krakki var pabbi vanur að lesa fyrir mig á hverju kvöldi í Biblíusögubókinni minni. Hann svaraði spurningum mínum, faðmaði mig og kyssti mig góða nótt. Það kom mér á óvart þegar ég uppgötvaði síðar meir að pabbi hafði alist upp í fjölskyldu þar sem ekki var algengt að fólk faðmaðist og kysstist. En hann lagði mikið á sig til að sýna mér kærleika. Fyrir vikið urðum við mjög nánir og ég var öruggur og ánægður.“ Segðu börnunum oft að þú elskir þau svo að þeim geti liðið eins. Sýndu þeim ást og umhyggju. Spjallaðu við þau, borðuðu með þeim og leiktu við þau. *W15 15.11. 1:3, 4*

Sunnudagur 19. febrúar

„Hver er sá trúi og hyggni þjónn sem húsbóndinn hefur sett yfir hjú sín að gefa þeim mat á réttum tíma?“ – Matt. 24:45.

Fámennur hópur duglegra biblíunemenda var skipaður til að vera hinn „trúi og hyggni þjónn“ snemma á síðustu öld, og að stórum hluta fóru samskipti þeirra við „hjúin“ fram á ensku. Þessi

„þjónn“ hefur lagt mikið á sig til að koma andlegu fæðunni til skila á æ fleiri tungumálum og núna er hún aðgengileg á rúmlega 700 málum. Einnig var þörf á nákvæmri biblíu sem kæmi upprunalegri merkingu frumtextans til skila á nútímamáli. Þýðingarnefnd Nýheimsþýðingarinnar var mynduð og á tíu ára tímabili, frá 1950 til 1960, var *Nýheimsþýðingin* gefin út í sex bindum. Þegar fyrsta bindi hennar var gefið út 2. ágúst 1950 sagðist bróðir Nathan H. Knorr vona að þessi þýðing ætti eftir að hjálpa milljónum manna að byggja upp trú og styrkjast í henni. *W15 15.12. 1:15, 17*

Mánudagur 20. febrúar

„Prédikarinn leitaðist við að finna fögur orð og það sem hann hefur skrifað í einlægni eru sannleiksorð.“ – Préd. 12:10.

Finnst þér oft erfitt að „finna fögur orð“? Þá gætirðu þurft að auka orðaforðann. Ein leið til að gera það er að taka eftir orðalagi í Biblíunni og ritunum okkar. Reyndu að átta þig á orðalagi sem þú skilur ekki. Lærðu síðan hvernig þú getur notað orðin til að hjálpa öðrum. Í Biblíunni er sagt um Jesús: „Drottinn Guð hefur gefið mér [Jesú] lærisveinatumgu svo að ég lærði að styrkja hinn þreytta með orðum.“ (Jes. 50:4) Ef við tökum okkur tíma til að hugleiða hvað við ætlum að segja getur það hjálpað okkur að finna réttu orðin. (Jak. 1:19) Við gætum spurt okkur: Skila þessi orð því sem ég vil segja? Hvaða áhrif hefur orðaval mitt á viðmælandann? *W15 15.12. 3:12*

Þriðjudagur 21. febrúar

Eyðing Jerúsalem er í nánd.

– Lúk. 21:20.

Kristnir menn í Júdeu, sérstaklega þeir sem bjuggu í Jerúsalem, urðu að bregðast skjótt við þegar þeir sáu „herfylkingar umkringja Jerúsalem“, rétt eins og Jesús hafði spáð fyrir. Jesús hafði varað þá við og sagt að um leið og þeir sæju þessa atburði koma fram þyrftu þeir að flýja. (Lúk. 21:20-24) Frá því að Jesús flutti þennan spádóm voru liðin 28 ár og trúfastir kristnir Gyðingar í Ísrael höfðu þegar þurft að standast mikla andstöðu og ofsóknir. (Hebr. 10:32-34) Páll vissi þó að mestu trúarprófraunirnar voru enn fram undan. (Matt. 24:20, 21; Hebr. 12:4) Hann vildi hjálpa þeim að búa sig undir hvaðeina sem yrði á vegi þeirra. Þeir þyrftu að vera einstaklega þolgóðir og sýna mikla trú, trú sem væri nógu sterk til að varðveita líf þeirra. (Hebr. 10:36-39) Jehóva innblés því Páli að skrifa þessum kæru trúsystkinum sín-um bréf til að hjálpa þeim að takast á við erfiðleikana. Við þekkjum þetta bréf sem Hebreabréfið. *w16.01.1:1, 2*

Miðvikudagur 22. febrúar

„Þið elskuðu, fyrst Guð hefur elskað okkur svo mikið þá ber okkur einnig að elska hvert annað.“

– 1. Jóh. 4:11.

Ef við þiggjum kærleika Guðs ber okkur að elska trúsystkini okkar. (1. Jóh. 3:16) Hvað getum við gert til að sýna trúsystkinum okkar kærleika í verki? Hugsum um fordæmi Jesú. Á þjónustutíð hans á jörð veitti hann sérstaka athygli þeim sem minna máttu sín. Hann hjálpaði fólki sem átti við fötlun eða sjúk-

dóma að stríða, eins og lömuðum, blindum, heyrnarlausum og mállausum. (Matt. 11:4, 5) Ólíkt trúarleiðtogum Gyðinga hafði Jesús yndi af að kenna þeim sem voru andlega hungraðir. (Jóh. 7:49) Hann elskaði þetta auðmjúka fólk og lagði mikið á sig til að hjálpa því. (Matt. 20:28) Getur þú hugað að þörfum bræðra og systra í söfnuðinum? Með því að gera það tekurðu eflaust eftir einhverjum sem gætu notið góðs af kærleika þínum. Kannski áttu öldruð trúsystkini í söfnuðinum sem vantar aðstoð. Látum kærleika Guðs knýja okkur til að sýna trúsystkinum okkar kærleika í verki. *w16.01.2:12-14*

Fimmtudagur 23. febrúar

Ég á líka aðra sauði sem eru ekki úr þessu sauðabyrgi. Þá ber mér einnig að leiða. Og það verður ein hjörð, einn hirðir. – Jóh. 10:16.

Þurfa aðrir sauðir að þekkja nöfn allra sem eru andasmurðir núna? Stutta svarið er nei. Af hverju? Þótt einhver hafi fengið himneska köllun er aðeins um boð að ræða en ekki endanlega staðfestingu á því að hann fái launin. Satan veit það og vekur upp „falsspámenn svo að þeir geti leitt hin útvöldu afvega ef það er unnt“. (Matt. 24:24) Enginn veit hvort andasmurður kristinn maður fær himnesku launin fyrr en Jehóva úrskurðar að hann verðskuldi þau. Jehóva ákveður þetta og gefur honum lokainnsiglið annaðhvort áður en hann deyr trúfastur eða einhvern tíma áður en „þrengingin mikla“ brýst út. (Opinb. 2:10; 7:3, 14) Það er því tilgangslaus fyrir okkur að reyna að finna út hverjir meðal þjóna Guðs eiga eftir að tilheyra hópi hinna 144.000. *w16.01.4:2, 3*

Föstudagur 24. febrúar

Orð mitt framkvæmir það sem ég fel því. – Jes. 55:11.

Hvernig tengist boðun fagnaðar-erindisins kærleiksríkri fyrirætlun Jehóva með mannkynið? Ætlun hans var að mennirnir lifðu að eilífu á jörð, og hann skipti ekki um skoðun þótt Adam hefði syndgað. Hann gerði ráðstafanir til að mennirnir yrðu frelsaðir undan synd og dauða. Í þeim tilgangi kom Jesús til jarðar og fórnaði lífi sínu fyrir alla hlýðna menn. En til að fólk gæti verið hlýðið þurfti það að fá að vita til hvers Guð ætlaðist af því. Þess vegna kenndi Jesús fólk hvaða kröfur Guð gerði til þess og fól lærisveinum sínum einnig að kenna því. Með því að hjálpa öðrum að sættast við Guð eigum við hlut í þeirri kærleiksríku ráðstöfun hans að frelsa mannkynið undan synd og dauða. Þannig sýnum við líka að við elskum bæði náungann og Jehóva „sem vill að allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum“. – 1. Tím. 2:4. *16.01.* 5:15, 16

Laugardagur 25. febrúar

Akas lét syni sína ganga gegnum eld. – 2. Kron. 28:3.

Hiskía, sonur Akasar, hefði alveg getað orðið bitur og reiður maður og snúist gegn Guði. Sumir sem hafa ekki þurft að þola nema brot af því sem hann upplifði hafa farið að „illskast við Drottin“ eða orðið bitrir út í söfnuð hans. (Orðskv. 19:3, *Biblían* 1981) Og sumir eru sannfærðir um þeir séu dæmdir til að eiga ömurlega ævi sökum uppeldis síns, og dæmdir til að endurtaka mistök foreldra sinna. (Esek. 18:2, 3) Er rétt að hugsa þannig? Svárið er nei. Ævi Hiskía sannar það svo ekki verður um villst. Það er aldrei ástæða til að

verða bitur út í Jehóva því að erfiðleikar fólks í þessum illa heimi eru ekki honum að kenna. (Job. 34:10) Foreldrar geta vissulega haft sterk áhrif á börn sín, til góðs eða ills. (Orðskv. 22:6; Kól. 3:21) En það er ekki þar með sagt að lífsstefna fólks ráðist af uppeldi þess. Jehóva hefur gefið okkur öllum þann hæfileika að geta valið sjálf hvað við gerum og hvers konar manneskjur við verðum. – 5. Mós. 30:19. *16.02.* 2:8-10

Sunnudagur 26. febrúar

„Ofbeldismenn sækjast eftir lífi mínu.“ – Sál. 54:5.

Abner studdi Sál þegar hann leit aðist við að drepa Davíð, jafnvel þótt Abner vissi að Guð hefði valið Davíð til að ríkja sem konungur yfir Ísrael. (1. Sam. 26:1-5) Eftir dauða Sáls hefði Abner getað sýnt auðmýkt og hollustu við Guð með því að styðja Davíð en ekki Ísbóset, son Sáls. Siðar svaf Abner hjá hjákoni Sáls konungs, ef til vill í þeim tilgangi að reyna að sölsa undir sig konungsvaldið. (2. Sam. 2:8-10; 3:6-11) Skortur á auðmýkt kom líka í veg fyrir að Absalon, sonur Davíðs, sýndi Guði hollustu. Hann fékk sér meira að segja „vagn og hesta og fimm tíu menn sem jafnan hlupu á undan honum“. (2. Sam. 15:1) Honum tókst líka að telja marga Ísraelsmenn á að sýna sér hollustu. Líkt og Abner reyndi Absalon að drepa Davíð, jafnvel þótt hann vissi að Jehóva hefði útvalið Davíð sem konung Ísraels. (2. Sam. 15:13, 14; 17:1-4) Eins og dæmi Abners og Absalons sýna glögglega getur óhöfleg metnaðargirni hæglega orðið til þess að maður hætti að sýna Guði hollustu. Að sjálfsögðu vill enginn trúfastur þjónn Jehóva fara út á þá ranglátu og eigingjörnu braut. *16.02.* 4:9-11

Mánudagur 27. febrúar

Trúin er ein og sér dauð vantí hana verkin. – Jak. 2:17.

Ef þú hefur sterka sannfæringu er eðlilegt að hún komi fram í verkum þínum. Ungt fólk þarf líka að „lifa heilögu lífi“. (2. Pét. 3:11) Til að gera það verðurðu að vera siðferðilega hreinn. Hvernig stendurðu þig á því sviði? Líttu til baka yfir síðastliðið hálft ár. Hvernig hefurðu sýnt að þú hafir „agað hugann til að greina gott frá illu“? (Hebr. 5:14) Manstu eftir ákveðnum tilvikum þar sem þú stóðst freistingar eða hópþrýsting? Er hegðun þín í skólanum góður vitnisburður um trú þína? Ertu óhræddur að verja trú þína í staðinn fyrir að reyna að falla inn í hópinn svo að skólafélagarnir geri ekki grín að þér? (1. Pét. 4:3, 4) Auðvitað er enginn fullkominn. Jafnvel sumir sem hafa þjónað Jehóva lengi eru stundum feimnir að verja trú sína fyrir öðrum. En sá sem er vígður Jehóva getur verið stoltur af því að bera nafn hans og hann sýnir það í verki. *w16.03. 2:10, 11*

Miðvikudagur 1. mars

„Þið vitið ekki hvernig líf ykkar verður á morgun.“ – Jak. 4:14.

Framsýnir öldungar byrja nógu snemma að miðla yngri bræðrum af reynslu sinni sem þeir hafa aflað sér í áralangri þjónustu við Jehóva. (Sálm. 71:17, 18) Öldungar, sem þjálfaðra, eru hjörðinni til blessunar. Þeir styrkja varnir safnaðarins. Hvernig? Þegar öldungar þjálfaðra verða fleiri bræður tilbúnir til að hjálpa söfnuðinum að vera sterkur og sameinaður, ekki aðeins núna heldur líka í því um-

Þriðjudagur 28. febrúar

„Þetta er vegurinn, farið hann.“ – Jes. 30:21.

Allt frá upphafi mannkyns hefur Jehóva veitt þjónum sínum nákvæmar leiðbeiningar. Hann gaf til dæmis skýrar leiðbeiningar í Edengarðinum sem gátu veitt mönnunum eilíft líf og hamingju. (1. Mós. 2:15-17) Ef Adam og Eva hefðu fylgt leiðsögn hans hefðu þau ekki þurft að upplifa þær hörmungar sem þau kölluðu yfir sig – líf fullt sársauka sem endaði með dauða án nokkurrar vonar. En í stað þess að hlýða fylgdi Eva ráðum sem virtust koma frá lítillsverðu dýri. Adam hlustaði síðan á Evu, ráð dauðlegrar manneskju. Þau sneru bæði baki við kærleiksrikri leiðsögn föður síns. Þannig komu þau mannkyninu á veg sem leiðir til dauða. Það er eins og Jehóva standi fyrir framan þjóna sína, beini þeim í átt að eilífu lífi og haldi þeim frá hættem. Þar að auki er hann eins og kærleiksrikur hirðir sem kallar til sauða sinna, leiðir þá í rétta átt og veitir viðvaranir til að þeir geti varast hættuslóðir. *w16.03. 4:2, 3*

róti sem fylgir þrengingunni miklu. (Esek. 38:10-12; Míka 5:4, 5) Þess vegna hvetjum við ykkur, kærur öldungar, til að hefjast handa þegar í stað að þjálfaðra og hafa það sem fastan þátt í starfi ykkar. Við skiljum auðvitað að þið hafið meira en nóg á ykkar könnu við að sinna mikilvægum safnaðarmálum. Ykkur finnst ef til vill að þið hafið engan tíma aflögu. Þess vegna gætuð þið þurft að taka einhvern tíma frá þessum safnaðarmálum og nota hann til að þjálfaðra. (Préd. 3:1) Þeim tíma væri vel varið. *w15 15.4. 1:8-10*

Fimmtudagur 2. mars

Þú munt heyra orð að baki þér með eigin eyrum: „Þetta er vegurinn, farið hann.“ – Jes. 30:21.

Þú ert eflaust sammála því að Biblían innihaldi boðskap Guðs til mannkynsins í heild. En sýnir hún líka fram á hvernig þú sjálfur getur eignast nánara samband við Jehóva? Vissulega. En hvernig? Þegar þú lest í Biblíunni og skoðar efnið veltu þá fyrir þér hvernig þú bregst við orðum hennar og hvernig þú getur nýtt þér efnið. Þá leyfirðu Jehóva að tala við þig fyrir milligöngu Biblíunnar. Og þannig eignastu nánara samband við hann. (Hebr. 4:12; Jak. 1:23-25) Þú getur til dæmis lesið og hugleitt orð Jesú: „Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu.“ Ef þér finnst líf þitt nú þegar snúast um þjónustuna við ríki Guðs skynjarðu að Jehóva er að hrósa þér. En kannski áttarðu þig á að þú þarft að einfalda lífið til að geta einbeitt þér betur að þjónustunni við Jehóva. Þá hefur Jehóva vakið athygli þína á ákveðnu sviði þar sem þú getur tekið framförum og styrkt sambandið við hann. – Matt. 6:19, 20. *W15 15.4. 3:3-5*

Föstudagur 3. mars

„Drottinn stóð með mér og veitti mér kraft til þess að ég yrði til að fullna prédikunina og allar þjóðir fengju að heyra. Og ég varð frelsaður úr gini ljónsins.“ – 2. Tím. 4:17.

Ef við höldum okkur uppteknum við boðunina, eins og Páll, treystum við að Jehóva sjái til þess að við fáum það sem við þurfum að auki. (Matt. 6:33) Okkur hefur verið trúað fyrir að boða fagnaðararindið og Jehóva lítur á okkur sem „samverkamenn“ sína. (1. Þess. 2:4; 1. Kor. 3:9) Að vera önnur kafin í

starfi Guðs auðveldar okkur að biða eftir bænheyrslu. Við ættum að nota tímann núna til að styrkja samband okkar við Guð. Ef við erum kvíðin og áhyggjufull út af einhverju skulum við líta á það sem tækifæri til að nálægja okkur Jehóva. Sökktu þér niður í orð Guðs, biðu oft til hans og vertu önnur kafinn í þjónustu hans. Ef þú gerir það geturðu treyst að Jehóva hjálpi þér í gegnum alla erfiðleika, bæði núna og í framtíðinni. *W15 15.4. 4:17, 18*

Laugardagur 4. mars

„Af hverju koma stríð og af hverju sennur meðal ykkar?“ – Jak. 4:1.

Stolt getur stofnað friði safnaðar í hættu. Djúpstæð óvild og yfirleti getur haft áhrif á orð okkar og framkomu og valdið öðrum miklum sárindum. (Orðskv. 12:18) Ef okkur finnst stundum að við séum öðrum fremri skulum við hafa hugfast að „sérhver hrokagikkur er Drottinn andstyggð“. (Orðskv. 16:5) Við hefðum líka gott af því að líta í eigin barm og skoða hvernig við litum á fólk af öðrum kynþætti, þjóðerni eða menningu. Ef við hugsum sem svo að við stöndum öðrum fram- ar vegna kynþáttar eða þjóðernis lokum við augunum fyrir því að Jehóva „skóp ... af einum allar þjóðir manna“. (Post. 17:26) Í þeim skilningi er mannkynið aðeins einn kynþáttur því að allir menn eru komnir af sameiginlegum forföður, Adam. Það er því fáránlegt að ímynda sér að sumir kynþættir séu betri en aðrir. Slíkur hugsunarháttur myndi hins vegar þjóna því ráðabruggi Satans að ala á sundrung og kærleikleysi í söfnuðinum. (Jóh. 13:35) Til að berjast gegn Satan og sigra verðum við að forðast óviðeigandi stolt í hvaða mynd sem er. – Orðskv. 16:18. *W15 15.5. 2:8, 9*

Sunnudagur 5. mars

Verðið eftirbreytendur Guðs.

– Ef. 5:1.

Við fögnum eflaust yfir því að Guð hefur lofað andasmurðum þjónum sínum ódauðleika á himnum og öðrum sauðum Jesú eilífu lífi á jörð. (Jóh. 10:16; 17:3; 1. Kor. 15:53) Þær þjáningar, sem hrjá fólk á okkar dögum, verða auðvitað liðin tíð þegar það hlýtur ódauðleika á himnum eða eilíft líf á jörð. Jehóva þekkir þjáningar okkar mætavel, rétt eins og hann fylgdist með Ísraelsmönnum þegar þeir þjáðust í þrælkun í Egyptalandi. Hann fann sárlega til með þeim „í öllum þrængingum þeirra“. (Jes. 63:9) Þegar Gyðingar endurbyggðu musterið löngu síðar urðu þeir hræddir vegna þeirrar andstöðu sem þeir mættu. En Guð sagði við þá: „Hver sá sem snertir við yður, snertir sjáaldur mitt.“ (Sak. 2:12) Jehóva sýnir þjónum sínum mikla ást ekki ósvipað og móðir ber ómælda umhyggju fyrir barni sínu. (Jes. 49:15) Jehóva getur í vissum skilningi sett sig í spor annarra og hann hefur gefið okkur þennan sama hæfileika. – Sálm. 103:13, 14. *W15 15.5. 4:2*

Mánudagur 6. mars

„Fátæka hafið þið jafnan hjá ykkur.“ – Matt. 26:11.

Átti Jesús við að það yrði alltaf fátækt fólk á jörðinni? Nei, hann var að tala um að fátækt yrði til eins lengi og þetta spillta heimskerfi stæði. Ranglát stjórn manna veldur því að frumpörfum hundraða milljóna manna er ekki fullnægt nú á dögum. En lausnin er í sjónmáli! (Sálm. 72:16) Kraftaverk Jesú sýna að við getum treyst að hann geti og vilji nota vald sitt okkur til góðs og geri það bráðlega. (Matt. 14:14-21)

Við getum ekki unnið kraftaverk en við getum haft brennandi löngun til að benda fólki á innblásið orð Guðs. Spádómar Biblíunnar tryggja að betri tímar séu fram undan. Við erum vígðir vottar Jehóva og búum yfir þessari verðmætu vitneskju um framtíðina. Finnum við ekki til þeirrar skyldu að segja öðrum frá henni? (Rómv. 1:14, 15) Þegar við hugleiðum þetta ætti það að vera okkur hvatning til að boða fagnaðarerindið um ríki Guðs. – Sálm. 45:2; 49:4. *W15 15.6. 1:7, 10, 11*

Þriðjudagur 7. mars

Hreinsið hendur ykkar og gerið hjörtun flekklaus. – Jak. 4:8.

Ef við látum okkur annt um vináttusambandið við Jehóva reynum við að þóknast honum á öllum sviðum lífsins, þar á meðal með hugsunum okkar. Við þráum að varðveita „hreint hjarta“ með því að beina huga okkar að því sem er hreint, dyggð og lofsvert. (Sálm. 24:3, 4; 51:8; Fil. 4:8) Jehóva tekur auðvitað tillit til þess að við erum ófullkomín. Hann veit að óviðeigandi langanir geta hæglega kviknað í brjosti okkar. En við vitum að við hryggjum hann ef við gælum við rangar hugsanir í stað þess að gera okkar ýtrasta til að ýta þeim frá okkur. (1. Mós. 6:5, 6) Ef við höfum þetta hugfast erum við staðráðin í að halda huganum hreinum. Ein leið til að sýna að við reiðum okkur algerlega á Jehóva er að biðja hann að hjálpa okkur að berjast gegn óhreinum hugsunum. Jehóva nálgast okkur þegar við leitum til hans í bæn. Hann gefur okkur fúslega heilagan anda sinn þannig að við verðum enn ákveðnari en áður í að halda okkur hreinum og forðast siðlausar hugsanir. *W15 15.6. 3:4, 5*

Miðvikudagur 8. mars

*„Gef oss í dag vort daglegt brauð.“
– Matt. 6:11.*

Maður á ekki aðeins að biðja um daglegt brauð handa sjálfum sér heldur kenndi Jesús okkur að biðja um „vort daglegt brauð“. Victor er farandhirðir í Afríku. Hann segir: „Ég þakka Jehóva oft og innilega fyrir að við hjónin þurfum ekki að hafa alvarlegar áhyggjur af næstu máltíð og ekki heldur af húsaleigunni. Bræður og systur annast okkur alla daga. En ég bið þess oft að þeir sem styðja okkur ráði við fjárhagserfiðleika sína.“ Þó að við höfum alltaf nóg að borða ættum við að hugsa til bræðra og systra sem búa við fátækt eða hafa orðið fyrir náttúruhamförum. Við ættum ekki aðeins að biðja fyrir þeim heldur ættum við líka að gera það sem við getum til að hjálpa þeim. Við getum til dæmis deilt með þeim því sem við höfum. Við getum líka lagt eitt-hvað að staðaldri til alþjóðastarfsins, vitandi að þeim fjármunum er vel varið. – 1. Jóh. 3:17. *w15* 15.6. 5:4-6

Fimmtudagur 9. mars

*Drottinn er Guð vor, hann mun
leiða oss um aldur og ævi.
– Sálm. 48:15.*

Í Jesaja 60:17 er spáð um stórkostlegar breytingar í jarðneskum hluta alheimssafnaðar Jehóva. Ungt fólk og þeir sem eru fremur nýir í trúnni hafa *lesið* um þessar breytingar eða *heyrt* aðra segja frá þeim. En það er ómetanlegt að hafa *upplifað* þær sjálfur! Bræður og systur, sem hafa gert

það, eru sannfærð um að Jehóva stjórnir söfnuði sínum og leiði hann fyrir milligöngu konungsins sem hann hefur skipað. Þau hafa góðan grundvöll til að trúa því og treysta, og hið sama er að segja um okkur öll. Það styrkir trú okkar og traust á Jehóva að heyra þau segja frá þessu. Við verðum að segja öðrum frá söfnuði Guðs óháð því hve lengi við höfum þekkt sannleikann. Það er hreint kraftaverk að til skuli vera andleg paradís í þessum illa, spillta og kærleikslausa heimi. *w15* 15.7. 1:12, 13

Föstudagur 10. mars

„Þeir söfnuðu þeim saman á þann stað sem á hebresku kallast Harmagedón.“ – Opinb. 16:16.

Harmagedónstriðið verður til þess að upphefja heilagt nafn Jehóva. Þá verður þeim sem líkjast höfnum útrýmt fyrir fullt og allt. (Matt. 25:31-33, 46) Jörðin verður loksins hreinsuð af allri illsku og múgurinn mikli gengur í gegnum lokakafla þrengingarinnar miklu. Þessir spennandi atburðir nálgast óðfluga. Hvað ættum við því að gera núna? Pétri postula var innblásið að skrifa: „Þar eð allt þetta ferst, þannig ber ykkur að lifa heilögu og guðræklegu lífi og biðja eftir degi Guðs og flýta fyrir að hann komi ... Með því að þið nú, þið elskuðu, væntið slíkra hluta, þá kappkostið að lifa í friði frammi fyrir honum, flekklaus og vammlaus.“ (2. Pét. 3:11, 12, 14) Verum því ákveðin í að halda okkur andlega hreinum og styðja konung friðarins. *w15* 15.7. 2:17, 18

Laugardagur 11. mars

*„Ef Drottinn byggir ekki húsið
erfiða smíðirnir til ónýtis.“
– Sálm. 127:1.*

Söfnuður Jehóva leggur feikilega áherslu á að fjármagna og byggja látlausa ríkissali. Ólaunadír sjálfboðaliðar sjá um að hanna þá og byggja eða gera upp húsnæði sem fyrir er. Frá 1. nóvember 1999 hafa verið byggðar yfir 28.000 fallegar miðstöðvar hreinnar tilbeiðslu fyrir söfnuði um allan heim. Það þýðir að á 15 árum hafa að meðaltali verið reistir fimm nýir ríkissalir á hverjum degi. Lagt er kapp á að styðja byggingu ríkissala hvar sem þeirra er þörf. Þessi kærleiksrika ráðstöfun er byggð á þeirri meginreglu Biblíunnar að gnægð sumra bæti úr skorti annarra „og þannig verði jöfnuður“. (2. Kor. 8:13-15) Af raksturinn er að fallegir ríkissalir hafa verið byggðir fyrir söfnuði sem hefðu annars ekki haft bolmagn til að reisa sér miðstöð hreinnar tilbeiðslu. *w15 15.7:4-9-11*

Sunnudagur 12. mars

Þú skalt bíða. – Hab. 2:3.

Til að hið samsetta tákn nærveru Krists þjóni tilgangi sínum þarf uppfylling þess að vera nógu augljós til að fanga athygli þeirra sem hlýða boði Jesú um að 'vaka'. (Matt. 24:27, 42) Og sú hefur verið raunin allt frá árinu 1914. Síðan þá hafa hinir mismunandi þættir táknins verið að rætast. Við erum sannfærð um að við lifum núna á þeim tíma sem 'veröldin er að líða undir lok' – það

er að segja þeim takmarkaða tíma sem leiðir til og felur í sér eyðingu þessa illa heims. (Matt. 24:3) Hvers vegna eiga þá þjónar Guðs nú á tímum að vera eftirvæntingarfyllir? Vegna þess að við hlýðum boði Jesú. Við sjáum líka táknið um nærveru hans. Væntingar okkar eru ekki byggðar á barnalegri trúgirni heldur haldgóðum biblíulegum rökum. Og það hvetur okkur til að halda vöku okkar og vera á verði, full eftirvæntingar að þessi heimur líði undir lok. *w15 15.8:2-8, 9*

Mánudagur 13. mars

*Þú seður allt sem lifir með blessun.
– Sálm. 145:16.*

Við fáum tíma fyrir afþreyingu og áhugamál í nýja heiminum. Jehóva skapaði okkur með löngun til að njóta lífsins og ná árangri í því sem við gerum. Hvers vegna gerði hann það ef hann ætlaðist ekki til að við fengjum að njóta þessara gæða til fulls? (Préd. 2:24) Jehóva lofar að seðja allar langanir okkar. Við þurfum að slaka á og njóta afþreyingar en við höfum meiri ánægju af því ef við látum samband okkar við Jehóva ganga fyrir. Og þannig verður það líka í paradís. Það er því mikilvægt að við lærum að stunda afþreyingu í réttu hófi, leita fyrst Guðsríkis og einbeita okkur að blessuninni sem hlýst af því að þjóna Jehóva. (Matt. 6:33) Í paradís framtíðar verðum við hamingjusamari en við höfum nokkurn tíma verið. Sýnum hve heitt við þráum að hljóta hið sanna líf með því að búa okkur undir það núna. *w15 15.8:3-17, 18*

Priðjudagur 14. mars

„Íklæðast hinum nýja manni sem skapaður er í Guðs mynd og breytir eins og Guð vill og lætur réttlæti og sannleika helga líf sitt.“

– Ef. 4:24.

Jesús var umkringdur ófullkomnu fólki meðan hann var fullkominn maður á jörð. Hann ólst upp hjá ófullkomnum foreldrum og bjó árum saman með ófullkominni fjölskyldu. Nánustu fylgjendur hans voru meira að segja undir áhrifum af metnaðargirni og undirferli umheimsins. Sem dæmi má nefna að kvöldið áður en Jesús var tekinn af lífi fóru þeir að „metast um hver þeirra væri talinn mestur“ og var þeim heitt í hamsi. (Lúk. 22:24) En Jesús treysti að ófullkomnir fylgjendur sínir gætu þroskast og myndað sameinaðan söfnuð. Þetta sama kvöld bað hann fyrir því að kærleikurinn myndi sameina postula sína. Hann sagði í bæn til föður síns á himnum: „Allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur ... svo að þeir séu eitt, eins og við erum eitt.“ – Jóh. 17:21, 22. *W15 15.9. 1:10, 11*

Miðvikudagur 15. mars

„Jesús svaraði: ‚Kom þú!‘ Og Pétur sté úr bátnum og gekk á vatninu til hans.“ – Matt. 14:29.

Það mætti líkja öldunum og óveðrinu, sem buldi á Péttri þegar hann gekk á vatninu, við þá erfiðleika og freistingar sem við verðum fyrir af því að við þjónum Guði. Þó að það geti reynt mjög á okkur getum við staðið stöðug með hjálp Jehóva. Mundu að það var ekki út af storminum eða öldunum sem Pétur byrjaði að sökkva. Frásagan segir: „Er hann sá ofviðrið varð hann

hræddur.“ (Matt. 14:24-32) Pétur hætti að horfa á Jesú og fór að einblína á veðurofsann. Við það byrjaði trú hans að veikjast. Við getum líka byrjað að sökkva ef við horfum á „ofviðrið“, það er að segja ef við látum hugann dvelja við það sem hræðir okkur og byrjum að efast um að Jehóva styðji okkur. Við ættum alls ekki að gera lítið úr því að við gætum veikt í trúnni. Í Biblíunni er varað við „viðloðandi synd“ sem gæti auðveldlega náð tökum á okkur, en þessi synd er það að veikjast í trúnni eða glata henni. (Hebr. 12:1) Eins og gerðist hjá Péttri getur trú okkar auðveldlega veikt ef við beinum athyglinni í ranga átt. *W15 15.9. 3:1, 6, 7*

Fimmtudagur 16. mars

„Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa er ofan að, frá föður ljósanna.“ – Jak. 1:17.

Hvað gerirðu þegar þú færð gjöf? Líklega tjáirðu þakklæti þitt með einhverjum hætti. Auk þess liturðu ekki á gjöfina sem sjálf-sagðan hlut og þú átt örugglega eftir að nota hana vel. Jehóva veitir okkur alltaf það sem við þurfum til að lifa og vera hamingjusöm. Hvetur það okkur ekki til að vilja endurgjalda kærleika hans? Jehóva annaðist Ísraelsmenn um margar aldir og hann blessaði þá ríkulega, bæði efnislega og andlega. (5. Mós. 4:7, 8) En ef þeir vildu hljóta þessa blessun áfram þurftu þeir að hlýða lögum Guðs sem fól meðal annars í sér að færa Jehóva reglulega „það besta af frumgróða landsins“ að fórn. (2. Mós. 23:19) Ísraelsmenn sýndu þar með að þeir litu ekki á það sem sjálf-sagðan hlut að Jehóva skyldi elska þá og blessa. – 5. Mós. 8:7-11. *W15 15.9. 5:5, 6*

Föstudagur 17. mars

„Sælir eru hjartahreinir því að þeir munu Guð sjá.“ – Matt. 5:8.

Hvernig getum við séð hönd Jehóva í lífi okkar? Hugleiddu þetta: Þér finnst kannski augljóst að það var Jehóva sem leiddi þig til sannleikans. Hefurðu einhvern tíma verið á samkomu og heyrt eitthvað sem fékk þig til að segja: „Þetta var einmitt það sem ég þurfti að heyra“? Þú gætir líka hafa fundið fyrir bænheyrslu. Kannski ákvaðstu einhvern tíma að auka við boðunina og varst undrandi yfir því hvernig Jehóva hjálpaði þér að ná markmiði þínu. Eða hefurðu sagt upp vinnu til að geta þjónað Jehóva betur og fundið hvernig hann stendur við loforðið sitt: „Ég mun ekki ... yfirgefa þig“? (Hebr. 13:5) Ef við eigum gott samband við Jehóva og erum „hjartahrein“ getum við auðveldlega séð hvernig hann hefur hjálpað okkur á marga vegu. Hvernig getum við verið „hjartahrein“? Okkar innri maður þarf að vera hreinn og við þurfum að leggja af alla slæma hegðun. (2. Kor. 4:2) Með því að styrkja samband okkar við Guð og hegða okkur vel setjum við okkur í hóp þeirra sem geta séð Guð. *W15 15.10. 1:17, 19*

Laugardagur 18. mars

„Þann sem þjónar mér mun faðirinn heiðra.“ – Jóh. 12:26.

Meðal mannfjöldans í Jerúsalem voru nokkrir Grikkir sem höfðu snúist til gyðingatrúar. Þeir voru svo hrifnir af því sem Jesús gerði að þeir báðu Filippus postula um að fá að hitta hann. En Jesús neitaði að láta trufla sig og einbeitti sér að þeim mikilvægu atburðum sem biðu hans. Hann leitaðist alls ekki við að afla sér vinsælda til að komast hjá

því að deyja fyrir hendi andstæðinga Guðs og fórna lífi sínu. Hann minnti Andrés og Filippus á að hann myndi brátt deyja og sagði þeim svo: „Sá sem elskar líf sitt glatar því en sá sem hatar líf sitt í þessum heimi mun varðveita það til eilífs lífs.“ Í stað þess að hitta Grikkina hvatti hann til förnfýsi eins og hann sjálfur sýndi og gaf síðan loforðið í versni dagsins. Filippus hefur ef laust komið þessum boðskap áfram til Grikkjanna sem vildu hitta Jesú. (Jóh. 12:20-25) Þó að Jesús léti ekkert trufla sig í að boða fagnaðarerindið, sem var aðalverkefni hans, hugsaði hann ekki um starfið öllum stundum. *W15 15.10. 3:13, 14*

Sunnudagur 19. mars

„Ég tyfta og aga alla þá sem ég elska.“ – Opinb. 3:19.

Þótt lærisveinarnir hafi hvað eftir annað deilt um hver þeirra væri mestur gafst Jesús ekki upp á þeim. En hann leit heldur ekki fram hjá því þegar þeir fóru ekki eftir ráðum hans heldur ávítaði þá mildilega og af kærleika og valdi til þess heppilegan stað og tíma. (Mark. 9:33-37) Sýndu börnum þínum kærleika með því að aga þau. Stundum er nóg að útskýra hvers vegna viss hegðun er góð eða slæm. En það er ekki alltaf sem barnið fer eftir því sem þú segir. (Orðskv. 22:15) Ef það gerist skaltu líkja eftir Jesú. Agaðu barnið mildilega og af kærleika við réttar aðstæður. Leiðréttu það, leiðbeindu því og kenndu því með þolinmæði. „Foreldrar mínir öguðu mig aldrei af reiði eða án þess að útskýra hvers vegna ég hlyti agann,“ segir Elaine, systir sem býr í Suður-Afríku. „Fyrir vikið fann ég fyrir öryggiskennd. Ég vissi hvar mörkin lágu og skildi til hvers var ætlast af mér.“ *W15 15.11. 1:5, 6*

Mánudagur 20. mars

„Guð er kærleikur.“ – 1. Jóh. 4:16.

Reyndu að ímynda þér hvernig lífið væri ef Guð elskaði ekki mannkynið. Við þurfum ekki annað en að líta á skelfilega sögu þessa heims. Hvernig hefur honum farnast undir stjórn manna og undir ægivaldi Satans djöfulsins sem er kærleikslaus og illskeyttur drottari hans? (2. Kor. 4:4; 1. Jóh. 5:19; Opinb. 12:9, 12) Framtíðin yrði hreinn hryllingur ef kærleikur Guðs réði ekki ríkjum í alheiminum. Satan gerði uppreisn gegn yfirráðum Jehóva og véfengdi að Guð væri réttmætur og réttlátur Drottinn alheims. Hann fullyrti í rauninni að sjálfur væri hann betri stjórnandi en skaparinn. (1. Mós. 3:1-5) Jehóva gaf Satan tækifæri til að reyna að sanna mál sitt en setti honum tímamörk. Í visku sinni hefur Jehóva þó gefið nægan tíma til að sýna fram á með öyggjandi hætti að allt annað stjórnarfar en hans eigið sé ófullnægjandi. Hörmungasaga mannsins vitnar um að hvorki menn né Satan geta séð okkur fyrir þeirri góðu stjórn sem við þörfumst. *W15 15.11. 3:3, 4*

Þriðjudagur 21. mars

*Svarið hverjum manni með
hógværð og virðingu.
– 1. Pét. 3:15, 16.*

Með því að vera hógvær og auðmjúk fylgjum við mikilvægri meginreglu sem Jesús setti. Hann sagði í fjallræðunni: „Þér hafið heyrt að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. En ég segi yður: Elskið óvini yðar og biðið fyrir þeim sem ofsækja

yður. Þannig sýnið þér að þér eruð börn föður yðar á himnum er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta.“ (Matt. 5:43-45) Við sem þjónum Guði þurfum að læra að „elska óvini okkar“ hvernig sem þeir koma fram við okkur. Þjónar Jehóva þurfa að sýna á öllum sviðum lífsins að þeir elska Jehóva og náungann. Jafnvel þó að sumir séu ekki jákvæðir gagnvart fagnaðaririndinu sýnum við náunga-kærleika ef þeir eru hjálparþurfi. *W15 15.11. 4:17, 19, 20*

Miðvikudagur 22. mars

*„Það hafði skilið boðskapinn.“
– Neh. 8:12.*

Þjónar Guðs hafa alla tíð notað talgáfuna til að lofa Jehóva og segja öðrum frá vilja hans. Á okkar dögum hafa þeir notað talgáfuna og tungumálahæfileika sína til að þýða Biblíuna, og það hefur reynst vera mikilvæg leið til að efla hreina tilbeiðslu. Til eru þúsundir biblíuþýðinga en það er misjafnt hversu trúar þær eru frumtextanum og boðskap hans. Á fimmta áratug síðustu aldar setti Þýðingarnefnd Nýheimsþýðingarnar niður grundvallarreglur um þýðingar og þeim hefur verið fylgt við biblíuþýðingar á rúmlega 130 tungumálum. Þær eru þessar: (1) Að helga nafn Guðs með því að hafa það með þar sem það stóð í frumtexta Biblíunnar. (Matt. 6:9) (2) Að þýða innblásinn boðskap frumtextans *bókstaflega* þar sem það er hægt en *merkinguna* þar sem orðrétt þýðing myndi brengla hana. (3) Að nota auðskilið mál sem hvetur fólk til lestrar. – Neh. 8:8. *W15 15.12. 2:1, 2*

Fimmtudagur 23. mars

„Gefi lúðurinn ógreinilegt hljóð,
hver býr sig þá til bardaga?“

– 1. Kor. 14:8.

Ógreinilegur lúðurhljómur gæti haft hörmulegar afleiðingar fyrir her í stríði. Á svipaðan hátt getur það valdið misskilningi eða verið misvísandi ef við segjum hlutina ekki nógu skýrt og hnitmiðað. (1. Kor. 14:9) Þótt við viljum vera skýr og skorinorð þurfum við hins vegar að gæta þess að vera alltaf háttvís og nærgætin. Jesús er besta fyrirmyndin um að nota víðeigandi orð. Ræða hans í Matteusi kafla 5 til 7 er stutt en afar áhrifarík. Jesús notaði hvorki háfleygt né tvírætt mál. Hann var heldur ekki harðorður eða særandi í tali. Öllu heldur notaði hann skýrt og einfalt orðalag til að ná til hjartna áheyrenda sinna. Til dæmis fullvissaði hann fólkið um að það þyrfti ekki að hafa áhyggjur af matarskortum með því að benda á hvernig Jehóva sér fyrir fuglum himinsins. Hann bar áheyrendurna saman við fugla og spurði síðan: „Eruð þér ekki miklu fremri þeim?“ (Matt. 6:26) Með þessum skýru og auðskildu orðum náði Jesús að snerta hjórtu áheyrendanna og hughreysta þá. *w15 15.12. 3:13, 14*

Föstudagur 24. mars

„Bróðurkærleikurinn haldist.“

– Hebr. 13:1.

Hvað felst í því að sýna bróðurkærleik? Gríska orðið *filadelfi'a*, sem Páll notar, þýðir bókstaflega „ást til bróður“. Bróðurkærleikurinn myndar sterkt, hlýlegt og náð samband eins og það sem við eigum við fjölskyldu okkar eða náinn vin. (Jóh. 11:36) Við þykjumst ekki vera bræður og systur – við *erum* bræður og systur. (Matt. 23:8) Nánunum

tilfinningatengslum okkar hvert til annars er fallega lýst með þessum orðum: „Verið ástúðleg hvert við annað í bróðurlegum kærleika og keppist um að sýna hvert öðru virðingu.“ (Rómv. 12:10) Ef þessi kærleikur er sýndur ásamt kærleika sem byggist á meginreglum, *agape*, stuðlar það að nánunum vináttuböndum meðal þjóna Guðs. Í kristinni trú eru hins vegar allir sem trúa bræður og skiptir þá þjóðerni engu máli. (Rómv. 10:12) Jehóva hefur kennt okkur sem trúsystkinum að sýna hvert öðru bróðurkærleik. – 1. Þess. 4:9. *w16.01. 1:5, 6*

Laugardagur 25. mars

„Kærleiki Krists knýr mig.“

– 2. Kor. 5:14.

Kærleikurinn til Jesú fær okkur til að vinna heils hugar við boðunina og við að gera fólk að lærisveinum. (Matt. 28:19, 20; Lúk. 4:43) Á vor-mánuðunum höfum við tækifæri til að gerast aðstoðarbrautryðjendur og nota 30 eða 50 tíma í boðuninni. Gætirðu skipulagt þig þannig að þú getir náð því? Bróður nokkrum, sem var 84 ára og ekill, fannst hann ekki geta verið aðstoðarbrautryðjandi vegna aldurs og tæprar heilsu. En brautryðjendurnir þar sem hann bjó voru allir af vilja gerðir að aðstoða hann. Þeir hjálpuðu honum að komast leiðar sinnar og völdu vandlega svæði sem hentuðu honum til að hann gæti náð 30 tíma markmiðinu. Gætir þú hjálpað einhverjum að fá að njóta ánægjunnar sem fylgir því að vera aðstoðarbrautryðjandi í kringum minningarhátíðina? Auðvitað geta ekki öll okkar verið aðstoðarbrautryðjendur. En við getum notað þann tíma og krafta sem við höfum til að auka starf okkar fyrir Jehóva. *w16.01. 2:7, 11*

Sunnudagur 26. mars

„Við viljum fara með ykkur, við höfum heyrt að Guð sé með ykkur.“

– Sak. 8:23.

Hvernig geta aðrir sauðir, farið með' andlegum Ísraelsmönnum sem eru á jörðinni núna fyrst ekki er hægt að vita með vissu nöfn þeirra allra? Taktu eftir hvað spádómur Sakaríá segir um hina táknrænu tíu menn. Þeir myndu „grípa í kyrtildald eins Gyðings og segja: „Við viljum fara með ykkur, við höfum heyrt að Guð sé með ykkur.““ Þótt aðeins sé talað um einn Gyðing er hann ávarpaður í fleirtölu með fornafninu „ykkur“. Þessi andlegi Gyðingur hlýtur því að vera hópur en ekki bara einn einstaklingur. Við þurfum því ekki að þekkja alla hina andasmurðu og fylgja þeim sem einstaklingum. Öllu heldur þurfum við að þekkja þá sem hóp og styðja þá sem hóp. Biblían hvetur okkur aldrei til að fylgja einstaklingum. Jesús er leiðtogi okkar. – Matt. 23:10. *16.01. 4:4*

Mánudagur 27. mars

„Þú, Ísrael, þjónn minn, Jakob, sem ég hef útvalið, niðji Abrahams, vinar míns.“ – Jes. 41:8.

Við þörfnumst ástar frá vöggu til grafar. Mennirnir þrá ást og þarfnast hennar – og ekki aðeins rómantískrar ástar. Við höfum sterka þörf fyrir að tengjast öðrum og njóta vináttu þeirra. En það er til kærleikur sem við þörfnumst meira en nokkurs annars. Það er kærleikur Jehóva. Margir eiga erfitt með að ímynda sér að við mennirnir getum eignast ástríkt og náð vináttusamband við alvaldan Guð. Erum við líka efins um það? Alls ekki.

Af Biblíunni má sjá að ófullkomnir menn hafa orðið vinir Guðs. Það er þess virði að lesa sér til um þá því að varla er hægt að hugsa sér háleitara markmið en að verða vinur Guðs. Abraham er þekkt dæmi um mann sem var kallaður vinur Guðs. (Jak. 2:23) Hvernig eignaðist Abraham svona nán tengsl við Jehóva? Það var ekki síst trú hans að þakka. Í Biblíunni er hann reyndar kallaður „faðir allra þeirra sem trúa“. – Róm. 4:11. *16.02. 1:1, 2*

Þriðjudagur 28. mars

„Enginn var honum líkur.“

– 2. Kon. 18:5.

Hiskía varð einn af bestu konungum Júda þó að faðir hans væri einn sá verstí. (2. Kon. 18:6) Hann lét leiðbeiningar og áminningar Jehóva hafa sterk áhrif á hjarta sitt. Hann tók því til við að bæta úr því ranga sem faðir hans hafði gert. Af mikilli kostgæfni hreinsaði hann musterið, friðþægði fyrir syndir þjóðarinnar og útrýmdi heiðnum skurðgoðum úr öllu landinu. (2. Kron. 29:1-11, 18-24; 31:1) Hiskía sýndi mikla hugrekki og sterka trú þegar hætta steðjaði að, til dæmis þegar Sanheríb Assýríukonungur hótaði að ráðast á Jerúsalem. Hann treysti á vernd Guðs og styrkti þjóðina með orðum sínum og góðu fordæmi. (2. Kron. 32:7, 8) Síðar þurfti hann á leiðréttingu að halda þegar hann hafði sýnt af sér hroka. Þá auðmýkti hann sig og iðraðist. (2. Kron. 32:24-26) Það er deginum ljósara að Hiskía lét ekki fortíðina skemma fyrir sér nútíðina eða spilla fyrir sér framtíðinni. Hann sýndi öllu heldur að hann var vinur Jehóva og góð fyrirmynd til eftirbreytni. *16.02. 2:11*

Miðvikudagur 29. mars

„Ef einhver er staðinn að misgjörð þá leiðréttið þið, sem andleg eruð, þann mann með högværd.“

– Gal. 6:1.

Góðvild getur hjálpað þér þegar þér finnst erfitt að vita hverjum þú átt að sýna hollustu. Segjum sem svo að þú vitir fyrir vist að trúsystkini hafi gert eitthvað alvarlegt af sér. Þú vilt eflaust sýna honum eða henni hollustu, sérstaklega ef um náinn vin eða ættingja er að ræða. En ef þú hylmdir yfir ranga verknaðinn sýndirðu Guði ekki hollustu. Hollustan við Jehóva ætti auðvitað að hafa forgang. Vertu því vingjarnlegur en ákveðinn. Hvettu vin þinn eða ættingja til að leita hjálpar öldunganna. Ef hann gerir það ekki innan skynsamlegra tímamarka ætti hollustan við Guð að fá þig til að segja öldungunum frá málinu. Þannig sýnirðu Jehóva hollustu og vini þínum eða ættingja góðvild þar sem öldungar safnaðarins reyna með mildi að hjálpa honum aftur inn á rétta braut. – 3. Mós. 5:1. *W16.02. 4:14*

Fimmtudagur 30. mars

„Þannig ber ykkur að lifa heilögu og guðrækilegu lífi.“ – 2. Pét. 3:11.

Hvað merkir það að „lifa guðrækilegu lífi“? Meðal annars er átt við það sem maður gerir í söfnuðinum, eins og að sækja samkomur og boða trúna. Það felur líka í sér ýmislegt annað sem aðrir sjá ekki, eins og bænir og sjálfsnám. Sá sem hefur vígt Jehóva líf sitt lítur ekki á þetta sem byrði. Hann hugsar eins og Davíð konungur en hann sagði: „Að gera vilja þinn, Guð minn, er mér yndi og

lögmál þitt er innra með mér.“ (Sálm. 40:9) Mundu að sem vígður og skírður kristinn maður berðu ábyrgð á sambandi þínu við Jehóva. Þjónusta þín við hann ætti ekki að vera háð því hvað aðrir gera, ekki einu sinni foreldrar þínir. Ef þú lifir heilögu og guðrækilegu lífi er það merki um að þú hafir tileinkað þér sannleikann og verðir fljótlega tilbúinn til að skírast. *W16.03. 2:10, 12, 15*

Föstudagur 31. mars

Áður en þessi leið var fær vorum við innilokuð í gæslu lögmálsins. Þannig hefur lögmálið orðið tyftari okkar þangað til Kristur kom.

– Gal. 3:23, 24.

Móselögin voru eins og varnarmúr gegn siðleysi og falstrúaríðkunum annarra þjóða. Þegar Ísraelsmenn hlýddu Guði nutu þeir blessunar hans. En þegar þeir hunsuðu hann þurftu þeir að taka skelfilegum afleiðingum þess. (5. Mós. 28:1, 2, 15) Það var einnig önnur ástæða fyrir því að þörf var á leiðbeiningum. Lögmálið bjó Ísraelsmenn undir mikilvægan atburð í fyrirætlun Jehóva, það er að segja komu Messíasar, Jesú Krists. Lögmálið sýndi Ísraelsmönnum skýrt og greinilega að þeir voru ófullkomnir. Það leiddi þeim jafnframt fyrir sjónir að þeir þyrftu á lausnargjaldi að halda, fullkominni fórn sem myndi hylja allar syndir. (Gal. 3:19; Hebr. 10:1-10) Auk þess var lögmálið þáttur í að varðveita ættlegg Messíasar og auðveldaði fólki að bera kennsl á hann þegar hann kæmi fram. Já, lögmálið var eins konar tímabundinn kennari eða „tyftari“ sem leiddi til Krists. *W16.03. 4:6, 7*

Laugardagur 1. apríl

„Vakið. Óvinur ykkar, djöfullinn, gengur um sem óskrandi ljón, leitandi að þeim sem hann getur tor-tímt.“ – 1. Pét. 5:8.

Einu sinni átti hann gott sam-band við Jehóva. En svo gerðist það einhvern tíma að þennan vold-uga anda fór að langa í til-beiðslu mannanna. Í stað þess að ýta þessari óviðeigandi löngun frá sér gældi hann við hana og leyfði henni að vaxa, og það varð til þess að hann syndgaði að lokum. (Jak. 1:14, 15) Við þekkjum þessa anda-veru sem Satan. Hann „var ekki staðfastur í sannleikanum“ heldur gerði uppreisn gegn Jehóva og varð „lyginnar faðir“. (Jóh. 8:44, *Bíblían 1859*) Síðan Satan gerði uppreisn hefur hann reynst verstí óvinur Jehóva og hann er sannar-lega enginn vinur mannanna heldur. Heitin, sem Satan eru gefin, bera með sér hve spilltur hann er. Satan merkir „andstæðingur“ og það gefur til kynna að þessi illa andavera styðji ekki drottinvald Guðs. Hann hatar það og berst hatrammlega gegn því. Satan þráir ekkert heitar en að sjá Jehóva missa drottinvald sitt. *W15 15.5. 1:1, 2*

Sunnudagur 2. apríl

„Sá sem elskar Guð er þekktur af honum.“ – 1. Kor. 8:3.

Bíblíunám dregur ekki bara fram á hvaða sviðum við getum bætt okkur. Við kynnumst líka betur hvernig Jehóva starfar og elskum hann enn heitar. Því meira sem við elskum Jehóva því meira elskar hann okkur. Og það styrkir samband okkar við hann. Ef við viljum verða nánari vin-

ir Jehóva er mikilvægt að lesa Bíblíuna af réttu tilefni. Í Jóhannesi 17:3 stendur: „Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“ Við ættum því ekki bara að lesa til að fræðast heldur til að „þekkja“ Jehóva og kynnast honum betur sem persónu. (2. Mós. 33:13; Sál. 25:4) Þegar við kynnumst Jehóva nánar látum við það ekki raska ró okkar að lesa frásögur þar sem við skiljum ekki alveg hvers vegna Jehóva gerði það sem hann gerði. *W15 15.4. 3:6-8*

Mánudagur 3. apríl

Tímóteus mun minna ykkur á hvernig ég þjóna Kristi og hvernig ég kenni alls staðar í hverjum söfnuði. – 1. Kor. 4:17.

Öldungar í nokkrum löndum, sem hefur tekist vel að hjálpa bræðrum að taka út andlegan þroska, voru spurðir nýverið hvaða aðferð þeir noti við að þjálfra aðra. Þó að aðstæður þessara bræðra séu æði ólíkar voru ráðleggingar þeirra ótrúlega líkar. Hvaða ályktun má draga af því? Að bíblíutengd þjálfun virki „alls staðar í hverjum söfnuði“, rétt eins og á dögum Páls postula. Kennari þarf að skapa réttar aðstæður til að veita þjálfun. Hann þarf að búa hjarta nemandans undir að læra eitt-hvað nýtt, ekki ósvipað og garðyrkjumaður þarf að losa um jarðvegin til að undirbúa hann fyrir sáningu. Hvernig fer kennari að því að skapa réttar aðstæður til að þjálfra aðra? Með því að nota svipaða aðferð og Samúel þegar hann bjó Sál undir að verða leiðtogi Ísraels. – 1. Sam. 9:15-27; 10:1. *W15 15.4. 1:11*

Þriðjudagur 4. apríl

„Allur heimurinn er á valdi hins vonða.“ – 1. Jóh. 5:19.

Margt af því sem heimurinn heldur á lofti stangast á við þær lífsreglur sem er að finna í Biblíunni. Auðvitað er ekki allt illt sem heimurinn hefur upp á að bjóða. En það er viðbúið að Satan noti heiminn til að spila á langanir okkar og reyni að tæla okkur til að syndga eða fara að elska heiminn og vanrækja tilbeiðsluna á Jehóva. (1. Jóh. 2:15, 16) Ljóst er að heimurinn hafði sín áhrif á suma kristna menn á fyrstu öld. Páll skrifaði til dæmis: „Demas hefur yfirgefið mig vegna þess að hann elskaði þennan heim.“ (2. Tím. 4:10) Biblían nefnir ekki beinlínis hvað það var í heiminum sem Demas elskaði með þeim afleiðingum að hann yfirgaf Pál. Vera má að hann hafi farið að elska efnislega hluti meira en þjónustuna við Jehóva. Ef það er rétt fór Demas á mis við mikið. Og hvað fékk hann í staðinn? Gat heimurinn boðið honum eitthvað verðmætara en blessunina sem Jehóva gat veitt honum með því að starfa með Páli? – Orðskv. 10:22. *W15 15.5. 2:10, 11*

Miðvikudagur 5. apríl

„Náðugur og miskunnsamur er Drottinn.“ – Sál. 103:8.

Jesús skynjaði sársauka annarra, jafnvel þó að hann hefði ekki upplifað sömu aðstæður og þeir. Fólk almennt óttaðist trúarleiðtogana sem blekktu það og íþyngdu því með ótal mannasetningum. (Matt. 23:4; Mark. 7:1-5; Jóh. 7:13) Jesús var aldrei hræddur og lét ekki blekkjast en hann gat samt skilið aðstæður sem hann hafði

aldrei kynnst af eigin raun. Þess vegna er sagt: „Er Jesús sá mannfjöldann kenndi hann í brjósti um hann því menn voru hrjáðir og umkomulausir eins og sauðir er engan hirði hafa.“ (Matt. 9:36) Jesús var ástrikur og umhyggjusamur eins og faðir sinn. Jesús gat ekki annað en liðsinnt fólki þegar hann horfði upp á það þjást. Þannig endurspeglaði hann fullkomlega kærleika föður síns. Jesús ætlaði eitt sinn með postulum sínum á öbyggðan stað til að hvílast eftir langa boðunarferð. En mannfjöldi beið hans þegar hann kom á staðinn og hann fann til með fólkinu. Þess vegna tók hann „að kenna þeim margt“. – Mark. 6:30, 31, 34. *W15 15.5. 4:3, 4*

Fimmtudagur 6. apríl

Ég hafði yndi af mannanna börnum. – Orðskv. 8:31, Biblían 1981.

Fyrsti sonur Jehóva er elsta og skýrasta dæmið um óendanlega visku hans. Jesús var persónugervingur viskunnar og vann að sköpuninni við hlið föður síns. Við getum rétt ímyndað okkur hve ánægður hann var þegar faðir hans „gjörði himininn“ og „festi undirstöður jarðar“. En þótt Jesús hafi verið hrifinn af öllu sem Guð skapaði hafði hann mest „yndi af mannanna börnum“. (Orðskv. 8:22-31, *Biblían 1981*) Já, Jesú er innilega annst um mennina og hefur verið frá því að þeir urðu til. Jesús sannaði kærleika sinn og hollustu við Jehóva og ást sína á „mannanna börnum“ þegar hann „svipti sig öllu“ og varð maður á jörð. Hann gerði það til að gefa „líf sitt til lausnargjalds fyrir alla“. (Fil. 2:5-8; Matt. 20:28) Þetta var mikið kærleiksverk. *W15 15.6. 2:1, 2*

Föstudagur 7. apríl

„Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að hann skyldi veita okkur nýtt líf.“ – 1. Jóh. 4:9.

Kanntu að meta það sem Jehóva hefur gert fyrir þig? Þá er rétt af þér að vígja honum líf þitt og skírast. Mundu að með því að vígjast Jehóva ertu að gefa honum hátiðlegt loforð um að gera vilja hans að eilífu, sama hvað gerist. Ættirðu að vera smeykur við að skuldbinda þig svona? Alls ekki! Hafðu í huga að Jehóva vill þér alltaf það besta og hann „umbunar þeim er leita hans“. (Hebr. 11:6) Að vígjast Jehóva og skírast hefur ekki neikvæð áhrif á líf þitt. Þvert á móti verður líf þitt betra þegar þú þjónar Jehóva. Jehóva er gerólikur Satan sem er eigingjarn og er algerlega sama um þig. Satan hefur ekkert gott að bjóða þeim sem standa hans megin. Hann getur ekki gefið það sem hann á ekki. *W16.03. 2:16, 18, 19*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 9. nisan)
Lúkas 19:29-44

Laugardagur 8. apríl

*„Faðir, ég þakka þér að þú hefur bænheyrt mig. Ég vissi að sönnu að þú heyrir mig ávallt.“
– Jóh. 11:41, 42.*

Ef við viljum að Jehóva sé okkur raunverulegur þurfum við að vera sannfærð um að hann heyri bænir okkar. Áður en Jesús kom til jarðar hafði hann fylgst með hvernig Jehóva svaraði bænum þjóna sinna á jörð. Meðan hann var sjálfur á jörð var bænin sú leið sem hann notaði til að tjá föður sínum á himnum tilfinningar sínar. Hefði hann gert það – og jafnvel beðið heila nótt – ef hann hefði

haldið að Jehóva væri eiginlega ekki að hlusta? (Lúk. 6:12; 22:40-46) Hefði hann kennt lærisveinum sínum að biðja ef hann hefði haldið að bænir væru bara einhvers konar hækja? Jesús vissi greinilega að hann var að tala við Jehóva í raun og veru þegar hann bað. Við getum haft þetta sama traust, að Jehóva „heyri bænir“. – Sálm. 65:3. *W15 15.4. 3:11, 13*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 10. nisan)
Lúkas 19:45-48; Matteus 21:18, 19;
21:12, 13

Sunnudagur 9. apríl

*„Abba, faðir! allt megnar þú. Tak þennan kaleik frá mér! Þó ekki sem ég vil heldur sem þú vilt.“
– Mark. 14:36.*

Þegar þú biður auðmjúklega í návist barna þinna læra þau að reiða sig á Jehóva. Ana, sem býr í Brasilíu, segir: „Þegar upp komu erfiðleikar, eins og þegar amma og afi urðu veik, báðu foreldrar mínir Jehóva um að gefa sér styrk til að takast á við aðstæðurnar og visku til að taka góðar ákvarðanir. Jafnvel þegar álagið var yfirþyrmandi létu þau vandamálin í hendur Jehóva. Þannig lærði ég að reiða mig á hann.“ Þegar þú biður með börnunum þínum skaltu ekki bara biðja fyrir þeim. Biddu Jehóva að *hjálpa þér líka* – ef til vill til að biðja yfirmann þinn um frí fyrir mót, til að gefa þér hugrekki til að segja nágranna frá trúnni eða til að hjálpa þér á aðra vegu. Reiddu þig á Guð í auðmýkt og þá læra börnin þín að gera það líka. *W15 15.11. 1:7, 8*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 11. nisan)
Lúkas 20:1-47

Mánudagur 10. apríl

„Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum.“ – Matt. 22:37.

Ein besta leiðin til að styrkja kærleikann til Jehóva er að hugleiða lausnargjaldið, mestu gjöf sem hann hefur gefið. (2. Kor. 5:14, 15; 1. Jóh. 4:9, 19) Ef þú hugleiðir lausnargjaldið og hvað það þýðir fyrir þig finnurðu þig knúinn til að sýna þakklæti. Það mætti lýsa viðbrögðum þínum við lausnargjaldinu með eftirfarandi dæmi: Ímyndaðu þér að einhver bjargi þér frá drukknun. Myndirðu bara fara heim, þurrka þér og gleyma síðan því sem hann gerði fyrir þig? Að sjálfsögðu ekki. Þér fyndist þú örugglega standa í þakkarskuld við bjargvætt þinn. Þegar allt kemur til alls áttu honum lífið að launa. Við stöndum í miklu meiri þakkarskuld við Jehóva Guð og Jesú Krist. Vegna þessa mikla kærleiksverks höfum við þá óviðjafnanlegu von að fá að lifa að eilífu í paradís á jörð. *W16.03. 2:16, 17*

Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:

(Atburðir dagsins: 12. nisan)

Lúkas 22:1-6; Markús 14:1, 2, 10, 11

MINNINGARHÁTÍÐ

eftir sólsetur

Þriðjudagur 11. apríl

„Kristur dó fyrir okkur.“ – Róm. 5:8.

Jehóva treysti einkasyni sínum fullkomlega en sonurinn hafði verið með honum á himnum frá örófi alda og verið honum trúr. Þegar Jesús var á jörð studdi hann drottinvald Jehóva og var ráðvandur í erfiðustu prófraun sem hugsast getur. Hann var trúr þjónn föður síns allt til dauða. Við ættum að vera innilega þakklát fyrir að Jesús skyldi með dauða sínum einnig greiða lausnargjaldið sem þurfti til að endurleysa mannkynið og gera mönnum kleift að hljóta eilíft líf í nýjum heimi Guðs. Jóhannes postuli skrifaði: „Í því birt-

ist kærleikur Guðs til okkar að Guð hefur sent einkason sinn í heiminn til þess að hann skyldi veita okkur nýtt líf. Þetta er kærleikurinn: Ekki að við elskuðum Guð heldur að hann elskaði okkur og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir okkar.“ – 1. Jóh. 4:9, 10. *W15 15.11. 3:13, 14*

Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:

(Atburðir dagsins: 13. nisan)

Lúkas 22:7-13; Markús 14:12-16

(Atburðir eftir sólsetur 14. nisan)

Lúkas 22:14-65

Miðvikudagur 12. apríl

„Dauðinn er runninn til allra manna því að allir syndguðu þeir.“

– Róm. 5:12.

Sem afkomendur Adams, fyrsta mannsins, höfum við öll erft synd og dauða. Ekkert okkar getur sagt að það þurfi ekki á lausnargjaldinu að halda. Meira að segja dyggustu þjónar Jehóva eru algerlega háðir óverðskuldaðri gæsku hans sem hann sýndi með því að gefa líf sonar síns. Hvert og eitt okkar þarf að viðurkenna að Jehóva hefur greitt upp gríðarstóra skuld fyrir okkur. Hvað ætti kærleikur og miskunn Jehóva að knýja okkur til að gera? Ef við erum gröm út í eitthvert trússystkina okkar ættum við að líkja eftir Jehóva sem fyrirgefur fúslega. (Neh. 9:17; Sál. 86:5) Ef við kunnum að meta það sem Jehóva hefur gefið okkur með því að fella niður gríðarlega skuld okkar ættum við að vera fús til að fyrirgefa öðrum af öllu hjarta. Við getum hreinlega ekki þegið kærleika Guðs né hlotið fyrirgefningu hans nema við sjálf sýnum öðrum kærleika og fyrirgefum þeim. (Matt. 6:14, 15) Við breytum ekki fortíðinni með því að fyrirgefa en við getum sannarlega breytt framtíð okkar til hins betra. *W16.01. 2:5, 15-17*

Bibliulestur vegna minningarhátíðarinnar:

(Atburðir dagsins: 14. nisan)

Lúkas 22:66-71

Fimmtudagur 13. apríl

Þið, sem fylgið mér, munuð sitja í tólf hásetum og dæma tólf ættkvíslir Ísraels. – Matt. 19:28.

Jesús sagði orðin í versi dagsins til að hjálpa Péttri og öðrum lærisveinum að hugsa til framtíðar. Þeir gátu nú hugsað um hlutverk sitt þegar þeir sætu í stjórninni sem myndi ríkja yfir jörðinni og veita hlýðnum mönnum mikla blessun. Það hefur alla tíð verið þjónum Jehóva á jörð til góðs að hugsa um loforð hans verða að veruleika. Abel vissi nógu mikið um fyrirætlun Guðs til að geta séð fyrir sér bjartari framtíð, trúað á Jehóva og átt trausta von. Abraham gat unnið einstök trúarverk vegna þess að hann „sá“ að hluta til hvernig Jehóva uppfyllti spádóminn um „niðjann“. (1. Mós. 3:15) Móse „horfði fram til launanna“, sýndi trúna í verki og styrkti kærleikann til Jehóva. (Hebr. 11:26) Trú okkar á Guð og kærleikurinn til hans getur hjálpað okkur að sjá það sem hann hefur lofað fyrir okkur. *W15 15.5. 3:17, 18*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 15. nísan)
Matteus 27:62-66

Föstudagur 14. apríl

Kristur lét ykkur eftir fyrirmynd til þess að þið skylduð feta í fótspor hans. – 1. Pét. 2:21.

Þjónn Jehóva, sem vill þroskast í trúnni, lætur sér ekki nægja að hafa yfirborðslega bíblíuþekkingu heldur líkir eftir Jesú. Hann gefur sér tíma að staðaldri til að sökkva sér niður í Bíblíuna því að hann veit að „fasta fæðan er fyrir fullorðna“. (Hebr. 5:14) Þroskaður kristinn maður vill auðvitað kyn-

ast syni Guðs náíð. (Ef. 4:13) Ertu með frátekinna tíma daglega til að lesa í Bíblíunni? Tekurðu þér tíma að staðaldri til að stunda sjálfsnám og gerirðu allt sem þú getur til að eiga vikulega námsstund með fjölskyldunni? Þegar þú kafar ofan í orð Guðs skaltu hafa augun opin fyrir meginreglum sem hjálpa þér að glöggva þig á hvernig Jehóva hugsar og lítur á málin. Reyndu síðan að fara eftir meginreglum Bíblíunnar og fylgja þeim þegar þú tekur ákvarðanir. Þannig styrkirðu sambandið við Jehóva. *W15 15.9. 1:5, 9, 10*

Bíbliulestur vegna minningarhátíðarinnar:
(Atburðir dagsins: 16. nísan)
Lúkas 24:1-12

Laugardagur 15. apríl

*Kristur er kraftur Guðs.
– 1. Kor. 1:24.*

Jesús skilur vistkerfi jarðar til hlítar. Hann kann að nota, annast og skipta auðlindum jarðar á sanngjarnan hátt. Þegar Jesús var á jörð sýndi hann að hann væri „kraftur Guðs“ með því að stjórna náttúruöflunum. Sjáðu þetta fyrir þér: Jesús er úrvinda eftir erfiðan dag. Gusurnar ganga yfir bátinn í öldurótinu. Þrátt fyrir hávaðann í vindinum og öldurnar, sem kasta bátnum til og frá, sefur Jesús vært. Hann þarf sárlega á hvíld að halda. Lærisveinarnir eru dauðskelfdir, vekja Jesú og hrópa: „Við förumst.“ (Matt. 8:25) Jesús rís upp, hastar á vindinn og vatnið og segir: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“ og storminn lægir undir eins. (Mark. 4:39) Jesús fyrirskipar vindinum og vatninu að stilla sig og halda sér í skefjum. Og hvað gerist? Það „gerði stillilögn“. Hvílíkur máttur! *W15 15.6. 1:12-14*

Sunnudagur 16. apríl

„Gef oss í dag vort daglegt brauð.“

– Matt. 6:11.

Þegar Jesús talaði um daglegt brauð átti hann sennilega við þarfir líðandi stundar. Í framhaldinu bendir hann á að Guð klæði blóm vallarins og bætir svo við: „Skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér trúlítill!“ Hann endurtók að lokum þetta mikilvæga heilræði: „Hafið því ekki áhyggjur af morgundeginum.“ (Matt. 6:30-34) Af orðum Jesú má sjá að við ættum að forðast efnishyggju og gera okkur ánægð með að hafa daglegar nauðsynjar. Þessar nauðsynjar geta meðal annars verið þak yfir höfuðið, vinna til að sjá fyrir sér og sínum og viska til að hugsa vel um heilsuna. En það bæri ekki vott um gott jafnvægi ef við bæðum aðeins um slíkar nauðsynjar. Við höfum andlegar þarfir sem eru miklu mikilvægari en hin- ar líkamlegu. „Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði heldur á hverju því orði sem fram gengur af Guðs munni,“ sagði Jesús. (Matt. 4:4) Við ættum því að biðja þess að Jehóva haldi áfram að sjá okkur fyrir andlegri fæðu á réttum tíma. *ψ15 15.6. 5:4, 7, 8*

Mánudagur 17. apríl

„Eigi leið þú oss í freistni.“

– Matt. 6:13.

Biðjum við Jehóva oft að hjálpa okkur að vera ráðvönd þegar freistingar verða á vegi okkar? Áður en við kynntumst Jehóva má vera að við höfum haft ánægju af ýmsu sem hann hefur vanþóknun á, og við eigum kannski enn í baráttu við þessar röngu langanir. En Jehóva getur hjálpað okkur að gera nauðsynlegar breytingar þannig að við getum haldið áfram að þóknast hon-

um. Davíð konungur vissi það. Eftir að hafa drýgt hór með Batsebu það hann Jehóva: „Skapa í mér hreint hjarta ... og veit mér nýjan, stöðugan anda.“ (Sálm. 51:12, 14) Syndugt hátterni getur höfðað sterkt til holdsins en Jehóva getur vakið með okkur löngun til að þóknast sér. Jafnvel þó að rangar langanir séu djúpstæðar og eigi það til að yfirgnæfa hreinar hugsanir getur Jehóva stýrt skrefum okkar þannig að við getum haldið boðorð hans og farið eftir þeim. Hann getur séð til þess að ranglætið drottnei ekki yfir okkur. – Sálm. 119:133. *ψ15 15.6. 3:5, 6*

Þriðjudagur 18. apríl

„Þar sem ráðgjöf er næg fer allt vel.“ – Orðskv. 24:6.

Roskið fólk á meðal okkar man þá tíð að hver söfnuður hafði sinn safnaðarþjón í stað öldungaráðs, deildarskrifstofan var með einn deildarþjón í stað deildarnefndar og fyrirmæli bárust frá forseta Varðturnsfélagsins áður en hið stjórnan- di ráð Votta Jehóva hafði tekið á sig skýra mynd. Þó að þessir dyggu bræður hafi átt sér trúa að- stoðarmenn var það eiginlega aðeins einn sem tók ákvarðanir innan safnaðarins, á deildarskrifstofum og við aðalstöðvar okkar. Upp úr 1970 voru gerðar breytingar þannig að hópur öldunga í stað einstaklinga færi með umsjónina. Breytingarnar byggðust á aukinni þekkingu á þeirri fyrirmynd sem finna má í Biblíunni. Söfnuðurinn nýtur nú góðs af sameinuðum hæfileikum *allra* þeirra manna sem Jehóva hefur gefið honum til forystu í stað þess að aðeins einn einstaklingur ráði ferðinni að mestu leyti. – Ef. 4:8. *ψ15 15.7. 1:14, 15*

Miðvikudagur 19. apríl

„Þeir eru ekki af heiminum.“

– Jóh. 17:16.

Sannkristnir menn þurfa alltaf að sýna hollustu og vera hlutlausir, ekki aðeins á stríðstímum. Hvers vegna? Vegna þess að allir sem hafa vígt sig Jehóva hafa lofað honum að elska hann, hlýða honum og vera honum trúir. (1. Jóh. 5:3) Við viljum hlýða réttlátum meginreglum Guðs hvar sem við búum og hver sem uppruni okkar er, þjóðerni eða menningu. Hollusta okkar við Jehóva og ríki hans ætti að vera sterkari en tryggð okkar við nokkurn eða nokkuð annað. (Matt. 6:33) Til þess þurfa þjónar Guðs að halda sér frá öllum deilum og ágreiningsmálum þessa heims. (Jes. 2:4; Jóh. 17:11, 15, 16) Margir sem eru ekki sömu trúar og við finna til sérstakrar hollustu gagnvart þjóð sinni, ættbálki eða menningu, eða jafnvel landsliðinu. Þegar eitthvað ógnar þessari hollustu veldur það stundum samkeppni og metingi, og í versta falli blóðsúthellingum og þjóðarmorðum. Það er ósköp auðvelt að dragast inn í deilur manna og fara að taka afstöðu til þeirra. *W15 15.7. 3:1, 2*

Fimmtudagur 20. apríl

„Allt fari sómasamlega fram og með reglu.“ – 1. Kor. 14:40.

Jehóva hefur góða reglu á hlutunum. Eftir að ríkissalur hefur verið byggður þarf að halda honum hreinum og snyrtilegum til að hann endurspegli eiginleika Guðs. (1. Kor. 14:33) Biblían setur hreinlæti í samband við heilagleika og andlegan hreinleika. (Opinb. 19:8) Þeir sem vilja þóknast Jehóva þurfa því að temja sér hreinlæti. Okkur ætti aldrei að finnast óþægi-

legt að bjóða áhugasömum á samkomur. Við ættum að geta treyst að meginreglurnar um hreinlæti séu hafðar í heiðri og að salurinn endurspegli fagnaðarerindið sem við flytjum. Þannig getur fólk séð að við tilbiðjum heilagan Guð sem mun innan skamms breyta jörðinni í óspillta paradís. (Jes. 6:1-3; Opinb. 11:18) Ríkissalurinn ber nafn Jehóva og er hús hreinnar tilbeiðslu. Hann ætti því að vera til fyrirmyndar hvað hreinlæti varðar, óháð umhverfi. – 5. Mós. 23:14. *W15 15.7. 4:13-15*

Föstudagur 21. apríl

„Vakið.“ – Mark. 13:35.

Þegar fylgjendur Krists áttuðu sig á að nærvera hans hefði hafist árið 1914 bjuggu þeir sig réttilega undir að endirinn gæti komið þá og þegar. Þeir gerðu það með því að efla boðunina um ríki Guðs. Jesús gaf þó í skyn að það gæti verið að hann kæmi ekki fyrr en „í öttu eða dögum“. Ef svo færi, hvernig áttu fylgjendur hans þá að bregðast við? Hann sagði þeim: „Vakið!“ Þannig að þótt biðtíminn yrði langur myndi það ekki afsaka að maður frestaði endinum í huga sér eða hætti að vænta eftir honum. Í nýja heiminum getum við litið um öxl og hugsað til þess hvernig allir spádómarnir, sem tengdust síðustu dögum, rættust í þaula. Með því að hugleiða hvernig allt fór að lokum styrkirðu traust þitt á Jehóva enn meir og á loforð hans sem eiga enn eftir að rætast. (Jós. 23:14) Við verðum þakklát Guði, „sem hefur sjálfur ákveðið tíma og tíðir,“ fyrir að hafa hvatt okkur til að vera meðvituð um að „endir allra hluta væri í nánd“. – Post. 1:7; 1. Pét. 4:7. *W15 15.8. 2:10, 11, 14*

Laugardagur 22. apríl

Allir verða ofsóttir sem lifa vilja guðrækilega í Kristi Jesú.

– 2. Tím. 3:12.

Margir sækja í skemmtun sem er ofbeldisfull, er klúr, tengist dul-speki eða gengur í berhögg við meginreglur Biblíunnar á annan hátt. Netíð, sjónvarpssættir, kvikmyndir, skáldsögur og tímaritsgreinar sýna ofbeldi og siðleysi oft í jákvæðu ljósi. Hegðun, sem eitt sinn var talin óviðunandi, hefur jafnvel verið lög-leidd í sumum löndum. En það breytir því ekki að Guð hefur eftir sem áður vanþóknun á slíku athæfi. (Róm. 1:28-32) Fylgjendur Jesú á fyrstu öld forðuðust spillta afþreyingu. Þar sem þeir hlýddu lögum Guðs á þessu sviði sem og öðrum voru þeir spottaðir og ofsóttir. Pétur postuli skrifaði: „Nú furðar þá að þið [kristnir menn] hlaupið ekki með þeim út í sama spillingardíki og þeir hallmæla ykkur.“ – 1. Pét. 4:4. *W15 15.8. 4:2, 3*

Sunnudagur 23. apríl

Hann lætur sérhverja taug inna sína þjónustu af hendi. Þannig vex líkaminn og byggist upp í kærleika.

– Ef. 4:16.

Þroskaður þjónn Jehóva stuðlar að einingu í söfnuðinum. (Ef. 4:1-6, 15) Það er markmið þjóna Guðs að vera samlyndir og sameinaðir og að allir inni sína þjónustu af hendi í góðri samvinnu. Að sögn Biblíunnar þurfum við að vera auðmjúk til að ná fram þessari einingu. Þroskaður bróðir eða systir er nógu auðmjúk til að vinna að einingu, jafnvel þegar ófullkomleiki annarra virðist gera það erfitt. Hvernig bregstu við þegar ófullkomleiki einhvers í söfnuðinum veldur árekstri

milli ykkar? Eða segjum að einhver í söfnuðinum beiti þig órétti. Hefurðu þá tilhneigingu til eða ert jafnvel vanur að reisa múr milli þín og þess sem gerði á hlut þinn? Eða reynirðu að byggja brú yfir gjána sem myndaðist milli ykkar? Þroskaður kristinn maður vill ekki reisa múra heldur leggur sig allan fram við að byggja brýr. Hefurðu það að markmiði að stuðla að einingu í söfnuðinum? *W15 15.9. 1:12, 13*

Mánudagur 24. apríl

„Þitt orð er sannleikur.“

– Jóh. 17:17.

Jesús var sannfærður um að Biblían væri orð Guðs og besti leiðarvísirinn í lífinu. Til að feta í fótspor Jesú verðum við að lesa daglega í Biblíunni, grandskoða efni hennar og hugleiða það sem við lærum. Auk þess verðum við að leita svara við spurningum sem hafa vaknað hjá okkur. Til að styrkja trú þína á að endir þessa illa heims sé nálægur gætirðu til dæmis rannsakað spádóma Biblíunnar sem sanna að við lifum á síðustu dögum. Til að styrkja trú þína á að loforð Biblíunnar um framtíðina séu áreiðanleg skaltu rannsaka þá fjölmörgu biblíuspádóma sem hafa þegar ræst. Styrktu trú þína á að Biblían sé áreiðanlegur leiðarvísir með því að íhuga frásögur af fólki sem breytti lífi sínu með hjálp hennar. (1. Þess. 2:13) Þú getur líkt eftir Jesú með því að hugleiða öll þau dásamlegu loforð sem Jehóva hefur gefið þér. (Hebr. 12:2) Og líttu á þessi loforð Guðs sem loforð til þín, ekki aðeins til mannkynsins í heild. *W15 15.9. 3:16, 17*

Priðjudagur 25. apríl

*„Tignaðu Drottin með eigum þín-
um.“ – Orðskv. 3:9.*

Á hvaða vegu getum við sýnt Guði kærleika? Við getum auðvitað notað efnislegar eigur okkar til að styðja við starf safnaðarins heima fyrir og á heimsvísu. Þetta er mjög góð leið til að tjá Jehóva kærleika okkar hvort sem við höfum mikið eða lít-
ið handa á milli. (2. Kor. 8:12) En við getum líka sýnt Jehóva að við elsk-
um hann með öðrum hætti. Minn-
um okkur á orð Jesú til fylgjenda sinna um að hafa ekki áhyggjur af fæði og klæði heldur að leita fyrst ríkis Guðs. Hann sagði að himnesk-
ur faðir okkar vissi hvers við þörfumst. (Matt. 6:31-33) Hversu vel við treystum þessum orðum gefur til kynna hve heitt við elskum Jehóva vegna þess að traust er nátengt kærleika. Við getum ekki elskað ein-
hvern í raun og veru ef við treyst-
um honum ekki. (Sálm. 143:8) Við gætum því spurt okkur: Sýna mark-
mið mín og lífsstíll að ég elski Je-
hóva? Sýni ég með daglegu lífi mínu að ég treysti á mátt hans til að sjá fyrir þörfum mínum? *W15 15.9. 5:7, 8*

Miðvikudagur 26. apríl

„Ógerlegt er að þóknast Guði án trúar.“ – Hebr. 11:6.

Hefurðu einhvern tíma hugsað: Er ég þess konar manneskja sem Je-
hóva myndi vilja bjarga í þrenging-
unni miklu og hjálpa að komast inn í nýja heiminn? Ein mjög mikilvæg krafa er að efla trúna. Pétur post-
uli beindi athyglinni að trúnni þegar hann talaði um „trúfesti“ sem „gæti orðið til lofs og dýrðar og heiðurs við opinberun Jesú Krists“. (1. Pét. 1:7) Við vitum að þrengingin mikla nálgast óðum. Er þá ekki mikilvægt

fyrir okkur að hafa þess konar trú að dýrlegur konungur okkar launar okkur þegar hann opinberast? Við viljum örugglega vera meðal þeirra sem „trúa og frelsast“. (Hebr. 10:39) Með þetta markmið í huga biðjum við ef til vill eins og maðurinn sem sagði: „Hjálpaðu mér þar sem mig skortir trú.“ (Mark. 9:24, NW) Eða kannski segjum við eins og postu-
lar Jesú: „Auk oss trú!“ – Lúk. 17:5. *W15 15.10. 2:1, 2*

Fimmtudagur 27. apríl

*Léttum af okkur allri byrði.
– Hebr. 12:1.*

Páll einbeitti sér að því „sem máli skipti“ og lagði sig allan fram í þjónustunni við Guð. Hann ferð-
aðist fram og til baka um Sýr-
land, Litlu-Asíu, Makedóníu og Júdeu. „Ég gleymi því sem að baki er en seilist eftir því sem fram undan er og keppti þannig að markinu, til verðlaunanna,“ skrif-
aði Páll. (Fil. 1:10; 3:8, 13, 14) Hann nýtti sér það til fulls að vera einhleypur og lét ekkert trufla sig heldur „þjónaði Drottinni af alúð og einlægni“. (1. Kor. 7:32-35) Sumir þjónar Guðs kjósa að vera einhleypir líkt og Páll til að vera ekki með mikla fjölskylduábyrgð og geta helgað sig þjónustunni við ríki Guðs. (Matt. 19:11, 12) Fjölskyldu-
ábyrgðin er yfirleitt meiri hjá gift-
um þjónum Guðs en einhleypum. En hvort sem við erum einhleyp eða gift getum við öll „létt af okk-
ur allri byrði“ og látið eins fátt og hægt er trufla þjónustu okkar við Guð. Til þess þurfum við kannski að draga úr einu og öðru sem sóar tíma okkar og setja okkur mark-
mið sem gefa okkur meiri tíma í þjónustunni við Guð. *W15 15.10. 3:15, 16*

Föstudagur 28. apríl

„Vondir menn og svikarar munu magnast í vonskunni.“

– 2. Tím. 3:13.

Sagan hefur óneitanlega sýnt fram á að Biblían fer með rétt mál þegar hún segir að „örlog mannsins [séu] ekki á hans valdi, né það heldur á valdi gangandi manns að stýra skrefum sínum“. (Jer. 10:23, *Biblían* 1981) Jehóva skapaði mennina ekki þannig að þeir gætu verið óháðir honum og ráðið málum sínum sjálfir og þeir hafa heldur engan rétt til þess. Með því að leyfa illskuna um tíma hefur Jehóva sýnt fram á hve misheppnuð stjórn mannanna er. En það hefur einnig þjónað öðru langtímamarkmiði. Saga mannkyns vitnar um að eina farsæla leiðin sé sú að Guð stjórni. Segjum að einhvern tíma í framtíðinni, eftir að Jehóva hefur útrýmt illskunni og þeim sem valda henni, væfengi einhver að stjórn hans sé kærleiksrik. Þá þarf Jehóva ekki að gefa uppreisnarseggjunum tíma og tækifæri til að sanna mál sitt. Það sem gerst hefur í sögu mannkyns réttlætir að hann taki uppreisnarseggina án tafar úr umferð og leyfi þeim ekki að útbreiða illskuna á nýjan leik. *W15* 15.11. 3:5, 6

Laugardagur 29. apríl

Guð friðarins styrki yður í öllu góðu í hlýðni við vilja sinn.

– Hebr. 13:20, 21.

Jesús hafði unun af því að tala um ríki Guðs. Samkvæmt Biblíunni talaði hann meira um þetta ríki en nokkurt annað mál og nefndi það rúmlega 100 sinnum á þjónustutíð sinni. Ríki Guðs var Jesú greinilega hjartans mál. (Matt. 12:34) Stuttu eftir að Jesús reis upp frá dauðum hitti hann rúmlega 500 til-

vonandi boðbera Guðsríkis. (1. Kor. 15:6) Ef til vill var það þá sem hann gaf fyrirmælin um að boða „öllum þjóðum“ boðskapinn um ríkið, en þetta verkefni virtist vægast sagt yfirþyrmandi. Jesús sagði fyrir að þetta mikla verk yrði unnið allt til „enda veraldar“ og þannig hefur það líka verið. Þú átt líklega þátt í þessu verkefni og í uppfyllingu spádómsins. (Matt. 28:19, 20) Guð hefur hjálpað okkur að framfylgja fyrirmælunum með því að veita okkur allt sem við þurfum til þess. *W15* 15.11. 5:1-3

Sunnudagur 30. apríl

„Þetta er nafn mitt um aldur og ævi.“ – 2. Mós. 3:15.

Þeir sem rannsaka forn hebresku biblíuhandrit, eins og Dauðahafshandritin, eru undrandi yfir því hve oft fjórstafanafnið kemur fyrir, það er að segja hebresku stafirnir fjórir í nafni Guðs. En nafn Guðs er ekki bara að finna í þessum fornu hebresku handritum. Það birtist einnig í sumum eintökum af grísku *Sjö-tiumannabýðingunni* frá annarri öld f.Kr. til fyrstu aldar e.Kr. Í mörgum biblíubýðingum er heilögu nafni Guðs sleppt þrátt fyrir skýrar sannanir fyrir því að það eigi að standa í Biblíunni. Árið 1952 kom út biblíubýðingin *Revised Standard Version*. Í þeirri býðingu var nafni Guðs sleppt og þar með var snúið frá þeirri stefnu sem ritstjórar *American Standard Version* höfðu fylgt, en sú býðing kom út árið 1901. Hvers vegna var því sleppt? Í formálanum stendur að það sé „algerlega óviðeigandi í sameiginlegri trú kristinnar kirkju“ að nefna hinn eina og sanna Guð ákveðnu eigin nafni. Margir biblíubýðendur, sem þýddu á ensku og önnur mál, fylgdu síðan þessari sömu stefnu. *W15* 15.12. 2:3-5

Mánudagur 1. maí

*Allir undruðust þau hugnæmu orð
sem fram gengu af munni hans.
– Lúk. 4:22.*

Við getum líkt eftir Jesú í tali með því að vera vingjarnleg, kurt-eis og taka tillit til tilfinninga annarra. Þegar Jesús sá fjölda fólks leggja mikið á sig til að heyra hann tala kenndi hann í brjósti um það og fór að „kenna því margt“. (Mark. 6:34) Jesús var ekki einu sinni harðorður þegar fólk gerði lítið úr honum. (1. Pét. 2:23) Það getur verið erfitt að tala blíðlega og vera nærgætinn við þá sem við þekkjum mjög vel. Okkur gæti til dæmis fundist í lagi að tala alveg umbúðalaust við einhvern í fjölskyldunni eða náninn vin í söfnuðinum. Fannst Jesú í lagi að vera harðorður við lærisveina sína bara af því að þeir voru nánir vinir hans? Alls ekki. Nánustu fylgjendur Jesú þráttuðu endurtekið um það hver þeirra væri mestur en hann leiðrétti þá vingjarnlega og bar fram líkingu um lítið barn. (Mark. 9:33-37) Öldungar geta líkt eftir fordæmi Jesú með því að leiðbeina fólki í söfnuðinum „með högværð“. – Gal. 6:1. *15.12. 3:15, 16*

Þriðjudagur 2. maí

*„Bróðurkærleikurinn haldist.“
– Hebr. 13:1.*

Hvers vegna er nauðsynlegt að við látum bróðurkærleikann haldast? Einfalda svarið er að Jehóva ætlast til þess að við sýnum hvert öðru bróðurkærleik. Við getum ekki sagst elska Guð ef við elskum ekki bræður okkar og systur. (1. Jóh. 4:7, 20, 21) Þar fyrir utan þurfum við á hvert öðru að halda,

sérstaklega á erfiðum tímum. Páll vissi að sumir kristnu Hebreanna, sem hann skrifaði bréfið, yrðu bráðlega að yfirgefa heimili sín og eigur. Jesús hafði lýst hve erfiðir þessir tímar yrðu. (Mark. 13:14-18; Lúk. 21:21-23) Þessir kristnu menn þurftu því meira en nokkru sinni fyrir að styrkja kærleiksþöndin sín á milli. (Róm. 12:9) Bráðlega verður vindum eyðingarinnar sleppt og mesta þrenging í sögu mannkyns hefst. (Mark. 13:19; Opib. 7:1-3) Það er ekki nóg að við hittumst reglulega. Páll minnti kristnu Hebreana á að þeir ættu að nota slík tækifæri til að hvetja hver annan „til *kærleika* og góðra verka“. – Hebr. 10:24, 25. *16.01. 1:6-8*

Miðvikudagur 3. maí

*„Allir fylltust heilögum anda.“
– Post. 2:4.*

Það var hvítasunnudagur árið 33. Þýðingarmikill atburður gerðist meðal 120 lærisveina Jesú sem voru að biðja saman í loftstofu í Jerúsalem. (Post. 1:13-15) Jóel spámaður hafði spáð þessum atburði. (Jóel 3:1-5; Post. 2:16-21) Guð úthellti heilögum anda sínum yfir þennan hóp kristinna manna sem var saman kominn í loftstofunni. (Post. 1:8) Þeir byrjuðu að spá og segja frá öllu sem þeir höfðu séð og heyrt. Fjöldi fólks safnaðist saman og Pétur postuli útskýrði þá hvaða merkingu atburðurinn hafði. Síðan sagði hann: „Takið sinnaskiptum og látið skírast í nafni Jesú Krists svo að þið öðlist fyrirgefningu syndanna og *gjöf heilags anda*.“ Alls létu um 3.000 manns skírast þennan dag og fengu heilagan anda. – Post. 2:37, 38, 41. *16.01. 3:1-3*

Fimmtudagur 4. maí

„Hver sem etur brauðið eða drekkur bikar Drottins á óverðugan hátt verður þess vegna sekur við líkama og blóð Drottins.“ – 1. Kor. 11:27.

Hvað er Páll postuli að benda á í þessu versi? Andasmurður kristinn maður myndi borða og drekka „á óverðugan hátt“ ef hann varðveitti ekki gott samband við Jehóva. (Hebr. 6:4-6; 10:26-29) Þessi viðvörðun minnir hina andasmurðu á að þeir hafa enn ekki fengið launin. Þeir verða að keppa áfram, að markinu, til verðlaunanna á himnum sem Guð hefur í Kristi kallað þá til. (Fil. 3:13-16) Páll hvatti andasmurða kristna menn til að „hegða sér svo sem samboðið væri þeirri köllun sem þeir hefðu hlotið“. Hvernig gátu þeir gert það? Páll heldur áfram og segir: „Verið í hvívetna lítillát og högvær. Verið þolinmóð, langlynd, umberið og elskið hvert annað. Kappkostið að varðveita einingu andans í bandi friðarins.“ (Ef. 4:1-3) Andi Jehóva stuðlar að auðmýkt, ekki stolti. – Kól. 3:12. *16.01. 4:5, 6*

Föstudagur 5. maí

Guð reyndi Abraham.

– 1. Mós. 22:1.

Sjáðu fyrir þér aldraðan mann ganga þungum skrefum upp fjallshlíð. Þetta er líklega erfiðasta ferðin sem hann hefur farið á ævinni. En það er ekki aldurinn sem gerir að verkum að hún reynir svona á hann. Abraham er enn þóttmikill þótt hann sé líklega um 125 ára. Á eftir honum gengur ungur maður, kannski um 25 ára gamall. Þetta er Ísak, sonur hans, og hann ber eldivið á bakinu. Abraham heldur á hnifi og glóðarkeri. Jehóva hefur beðið hann um að

fórna syni sínum! (1. Mós. 22:1-8) Þetta var sennilega mesta trúar-raunin sem Abraham varð fyrir á lífsleiðinni. Abraham hlýddi ekki Guði í blindni. Hann hlýddi vegna þess að hann hafði sanna trú. Hann sá með augum trúarinnar að Jehóva, faðirinn á himnum, biður trú þjóna sína aldrei um neitt sem er þeim til varanlegs tjóns. Abraham vissi að Jehóva myndi blessa hann og hjartfólginn son hans ef hann hlýddi. Á hverju byggði hann trú sína? Hann byggði hana á þekkingu og reynslu. *16.02. 1:3, 4*

Laugardagur 6. maí

„Sjá, ég er ambátt Drottins. Verði mér eftir orðum þínum.“

– Lúk. 1:38.

María átti að verða þunguð, fæða einkason Guðs í heiminn og ala hann upp. Það er auðvelt að horfa bara á þann heiður sem þetta var fyrir Maríu en hugsa ekki út í hve yfirþyrmandi þetta kann að hafa verið fyrir hana. Gabríel engill sagði henni að hún yrði þunguð vegna kraftaverks – án þess að hafa mök við karlmann. Hann bauðst ekki til að fara til ættingja eða nágretta Maríu og skýra fyrir þeim hvernig hún hefði orðið þunguð. Hvað myndu þau hugsa? Hvað um Jósef, unnusta hennar? Hvernig átti hún að sannfæra hann um að hún hefði ekki verið honum ótrú þótt hún væri barnshafandi? Og ekki var það lítil ábyrgð að annast og ala upp einkason hins hæsta og kenna honum. Við vitum ekki um allt sem flaug gegnum huga Maríu þegar Gabríel talaði við hana. Hitt vitum við að hún svaraði með orðunum í versi dagsins. – Lúk. 1:26-38. *16.02. 2:13, 14*

Sunnudagur 7. maí

Arkítinn Húsaí kom óvænt á móti honum í rifnum klæðum og hafði ausið mold á höfuð sér.

– 2. Sam. 15:32.

Maður að nafni Húsaí þurfti á hugrekki að halda til að vera Guði trúur. Húsaí var tryggur vinur Davíðs konungs. En það reyndi á hollustu hans þegar Absalon, sonur Davíðs, vann hjórtu margra og ætlaði sér að taka Jerúsalem og hrífsa til sín konungsvaldið. (2. Sam. 15:13; 16:15) Davíð flýði borgina, en hvað myndi Húsaí gera? Ætlaði hann nú að veita Absalon hollustu sína eða myndi hann fylgja konunginum sem var kominn á efri ár og þurfti að flýja til að bjarga lífi sínu? Húsaí var staðráðinn í að sýna Davíð, útvöldum konungi Guðs, hollustu og hitti hann á Oliufjallinu. (2. Sam. 15:30) Davíð bað Húsaí um að fara aftur til Jerúsalem til að þykjast vera vinur Absalons og kollvarpa ráði Akítófels. Húsaí reyndist vera Jehóva trúur. Hann hætti lífi sínu til að gera það sem Davíð bað hann um. Ráð Húsaí gerði ráð Akítófels að engu, rétt eins og Davíð hafði beðið Jehóva um í bæn. – 2. Sam. 15:31; 17:14. *16.02. 4:15, 16*

Mánudagur 8. maí

Allar þessar blessanir koma fram við þig og rætast á þér ef þú hlýðir boði Drottins, Guðs þíns.

– 5. Mós. 28:2.

Við sem erum kristin getum haft gagn af leiðbeiningunum sem Ísraelsmenn fengu í lög málinu. Hvernig þá? Við getum staldrað við og skoðað meginreglurnar sem búa að baki lög málinu. Þó að við séum ekki undir þessum lögum getum við litð á mörg þeirra sem traustan leiðarvísi í daglegu lífi og tilbeiðsl-

unni á Jehóva, heilögum Guði okkar. Hann lét skrá þessi lög í Biblíuna til að við gætum lært af þeim og látið meginreglurnar leiðbeina okkur, og til að við kynnum að meta hve miklu fremri leiðbeiningar Jesú eru. Við ættum líka að hlusta á orð Jesú: „Þér hafið heyrt að sagt var: Þú skalt ekki drýgja hór. En ég segi yður: Hver sem horfir á konu í girndarhug hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.“ Við þurfum ekki aðeins að forðast kynferðislegt siðleysi heldur líka löngunina í það. – Matt. 5:27, 28. *16.03. 4:6, 8*

Þriðjudagur 9. maí

Þú skalt setja okkur konung.

– 1. Sam. 8:5.

Samúel var svo tregur til að gera eins og þjóðin krafðist að Jehóva þurfti að segja honum þrisvar að verða við kröfum hennar. (1. Sam. 8:7, 9, 22) En Samúel leyfði sér ekki að verða bitur eða gramur í garð mannsins sem átti að taka við af honum. Spámaðurinn hlýddi þegar Jehóva sagði honum að smyrja Sál. Hann gerði það ekki með tregðu og af skyldukvöð einni saman heldur fúslega og af kærleika. Reyndir öldungar eru jákvæðir gagnvart þeim sem þeir þjálfar, ekki ósvipað og Samúel. (1. Pét. 5:2) Þeir eru ekki tregir til að þjálfar aðra af ótta við að missa ákveðin verkefni í söfnuðinum í hendur nemenda sinna. Hjartahlýir kennarar líta ekki á fúsa nemendur sem keppinauta heldur sem „samverkamenn“ – og þeir vita að þeir eru söfnuðinum verðmætir. (2. Kor. 1:24; Hebr. 13:16) Og óeigingjarnir kennarar uppskera ómælda ánægju þegar þeir sjá nemendurna nota krafta sína og hæfileika í þágu safnaðarins. – Post. 20:35. *15.15. 1:16, 17*

Miðvikudagur 10. maí

„Ég mun refsja þér við hæfi.“

– Jer. 30:11.

Asaríá konungur „gerði það sem rétt var í augum Drottins“. Þrátt fyrir það segir að Jehóva hafi „lostið konunginn svo að hann var holdsveikur allt til dauðadags“. (2. Kon. 15:1-5) Hvers vegna? Því er ekki svarað í frásögunni. Ættum við að hafa áhyggjur af þessu og velta fyrir okkur hvort Jehóva hafi refsað Asaríá að tilefnislausu? Ekki ef við þekkjum Jehóva vel. Asaríá konungur var einnig þekktur undir nafninu Ússía. (2. Kon. 15:7, 32) Í hliðstæðri frásögu í 2. Kroníkubók 26:3-5, 16-21 kemur fram að hann hafi verið Jehóva trúr framan af. En síðar „varð hann svo hrokafullur að hann vann óhæfuverk“. Hann ætlaði sér að vinna verk sem hann hafði ekki umboð til heldur var í verkahring presta. Hópur presta, alls 81, tók sér þá stöðu gegn honum og reyndi að telja honum hughvarf. Hvernig brást Ússía við? Hann sýndi greinilega hve hrokafullur hann var orðinn og reiddist prestunum. Það er engin furða að Jehóva skyldi refsja honum með holdsveiki. *W15 15.4. 3:8, 9*

Fimmtudagur 11. maí

„Drekanum mikla var varpað niður, hinum gamla höggormi sem heitir djöfull og Satan og afvegaleiðir alla heimsbyggðina.“ – Opinb. 12:9.

Eins og fram kemur í versí dagsins er Satan kallaður djöfull en það merkir „rógberi“. Það minnir á hvernig hann hefur rægt Jehóva með því að kalla hann lygara. Heitið „hinn gamli höggormur“ kallar fram í hugann sörgardaginn í Eden þegar Satan notaði höggorm til að blekkja Evu. Heitið „drekinn mikli“ vekur hjá okkur hugmynd um ógurlegt skrímsli. Það lýsir vel

dýrslegri löngun Satans til að hindra að vilji Jehóva nái fram að ganga og til að tortíma þjónum hans. Það er greinilegt að okkur sem viljum vera ráðvönd Guði stafar mikil hætta af Satan. Það er því ærin ástæða fyrir því að Biblían hvetur okkur: „Verið algáð, vakið. Óvinur ykkar, djöfullinn, gengur um sem óskrandi ljón, leitandi að þeim sem hann getur tortímt.“ (1. Pét. 5:8) Satan gleðst örugglega þegar einhver af þjónum Guðs syndgar alvarlega. Það er ekki ósennilegt að hann noti einmitt sigra af því tagi til að smána Jehóva. – Orðskv. 27:11. *W15 15.5. 1:3, 4, 10*

Föstudagur 12. maí

„Féirndin er rót alls ills.“

– 1. Tím. 6:10.

Jehóva vill að við lifum þægilegu lífi og séum áhyggjulaus. Það er ljóst þegar við hugsum til þess fagra umhverfis sem hann skapaði handa Adam og Evu. (1. Mós. 2:9) En Satan getur notað „tál auðfanna“ til að spila á langanir okkar. (Matt. 13:22) Margir halda að peningar séu lykillinn að hamingjunni eða að efnislegar eigur séu merki um farsæld og velgengni. Þetta er hrein blekking og getur orðið til þess að við glötum því verðmætasta sem við eigum – vináttu okkar við Jehóva. Jesús varaði fylgjendur sína við þessu og sagði: „Enginn getur þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammón.“ (Matt. 6:24) Ef við þrælum okkur út fyrir mammón erum við hætt að þjóna Jehóva og það er einmitt það sem Satan vill. Við skulum aldrei láta peninga eða efnislega hluti skyggja á vináttu okkar við Jehóva. Við verðum að sjá efnislega hluti í réttu ljósi til að berjast gegn Satan. – 1. Tím. 6:6-10. *W15 15.5. 2:12*

Laugardagur 13. maí

Ef einn limur þjáist, þá þjáist allir limirnir með honum. – 1. Kor. 12:26.

Það er ekki alltaf auðvelt að skilja sársauka annarra. Margir glíma við erfiðleika sem við höfum aldrei kynnst. Sumir þjást líkamlega vegna slysa, veikinda eða öldrunar. Sumir eiga í baráttu við þunglyndi, kvíðaköst eða eftirköst eftir misnotkun. Og ekki má gleyma einstæðum foreldrum og börnum þeirra eða þeim sem búa á trúarlega skiptu heimili. Allir eiga við einhver vandamál að stríða og oft þekkjum við þau ekki af eigin raun. Hvernig getum við þá líkt eftir kærleika Guðs? Með því að hlusta vel þangað til við skiljum hvernig hinni menneskjunnari líður, að minnsta kosti að einhverju leyti. Þá fáum við löngun til að líkja eftir kærleika Jehóva og bregðast við þörfinni. Þörfin er misjöfn frá manni til manns en hugsanlega getum við uppörvað eða veitt aðra hjálp. – Róm. 12:15; 1. Pét. 3:8. *W15* 15.5. 4:6, 7

Sunnudagur 14. maí

*Kristur er kraftur Guðs.
– 1. Kor. 1:24.*

Jesús fær kraft sinn frá Jehóva, alvöldum Guði, og við getum því treyst að Jehóva sé fullfær um að stjórna náttúruöflunum. Skoðum fáein dæmi. Jehóva sagði rétt fyrir flóðið: „Að sjö dögum liðnum mun ég láta rigna á jörðina í fjörutíu daga og fjörutíu nætur.“ (1. Mós. 7:4) Í 2. Mósebók 14:21 stendur: „Drottinn bægi hafinu burt með hvössum austanvindi.“ Og í Jónasi 1:4 lesum við: „Þá lét Drottinn mikinn storm koma yfir sjóinn svo að fárviðri skall á

hafinu og við lá að skipið færast.“ Það er traustvekjandi að vita að Jehóva getur stjórnað náttúruöflunum. Framtíð jarðar er greinilega í góðum höndum. Það er frábært að hugsa til þess tíma þegar „tjaldbúð Guðs er meðal manna“ og náttúruöflin verða engum að meini. (Opinb. 21:3, 4) Við getum treyst að Jehóva gefi Jesú mátt til að stjórna náttúruöflunum í þúsundarárikinu. *W15* 15.6. 1:15, 16

Mánudagur 15. maí

Leggðu leið þína langt frá siðlausri konu og komdu hvergi nærri dyrum hennar. – Orðskv. 5:8.

Í 7. kafla Orðskviðanna er lýst hve hættulegt það sé að hunsar þessar leiðbeiningar. Þar lesum við um ungan mann sem röltir nálægt húsi siðlausrar konu. Þau gera sig sek um kynferðislegt siðleysi. Hann hefði betur haldið sig fjarri konunni. (Orðskv. 7:6-27) Getur verið að við sýnum stundum slæma dómgreind eins og ungi maðurinn og villumst inn á „hættusvæði“ sem gæti vakið með okkur rangar langanir? Sumar sjónvarpsstöðvar sýna efni af djarfara tagi þegar liður á kvöld. Hvað getur gerst ef við flökkum stundum á milli stöðva? Eða segjum sem svo að við smellum stefnulaust á hinar og þessar krækjur á Netinu eða förum inn á spjallrásir og vefsíður með siðlausum auglýsingum eða krækjum á klámsíður. Það sem við sjáum við þessar aðstæður gæti hugsanlega vakið óviðeigandi langanir og veikt okkur í þeirri baráttu að halda okkur hreinum. *W15* 15.6. 3:8, 9

Þriðjudagur 16. maí

„Fyrirgef oss vorar skuldir.“

– Matt. 6:12.

Hvers vegna skyldi Jesús tala um „skuldir“ en við annað tækifæri um „syndir“? (Matt. 6:12; Lúk. 11:4) Fyrir meira en 60 árum birtist eftirfarandi skýring í *Varðturninum*: „Við lendum í skuld við Guð þegar við syndgum með því að brjóta lög hans ... Guð gæti látið okkur gjalda fyrir syndina með lífi okkar ... Hann gæti tekið frið sinn frá okkur og slitið öllum friðsamlegum samskiptum við okkur ... Við skuldum honum kærleika sem birtist í því að hlýða honum, og þegar við syndgum greiðum við ekki kærleiksskuldina því að við sýnum Guði ekki kærleika þegar við syndgum.“ (1. Jóh. 5:3) Við þurfum daglega á fyrirgefningu að halda og það minnir á lausnarfórn Jesú – eina lagalega grundvöllinn sem Guð hefur til að „fella niður“ syndir okkar. Þó að lausnargjaldið hafi verið greitt fyrir næstum 2.000 árum ættum við að vera innilega þakklát fyrir þessa gjöf, rétt eins og við hefðum fengið hana í dag. „Lausnargjaldið“ fyrir líf okkar er svo hátt að það er ekki minnsti möguleiki á að nokkur ófullkominn maður geti greitt það. – Sálm. 49:7-9; 1. Pét. 1:18, 19. *w15* 15.6. 5:9, 10

Miðvikudagur 17. maí

„Ég mun skreyta fótiskör mína.“

– Jes. 60:13, NW.

Við höfum mikla ánægju af því að bjóða aðlaðandi rit sem veita góð ráð. Og þegar við notum nýjustu tækni til að boða trúna, eins og til dæmis vefsíðuna jw.org, endurspeglum við löngun Jehóva til að veita fólki alls staðar leið-

sögnina sem alla bráðvantar en fæstir fá. Ekki má heldur gleyma þeirri skynsamlegu breytingu sem gaf okkur svigrúm fyrir tilbeiðslukvöld fjölskyldunnar eða meiri tíma fyrir sjálfsnám. Við kunnum líka að meta breytingarnar á dagskrá mótanna. Við segjum oft að þau verði betri með hverju árinu sem líður. Við gleðjumst sömuleiðis yfir allri þeirri menntun sem er í boði í skólum safnaðarins. Hönd Jehóva er greinilega að verki í öllum þessum breytingum. Jafnt og þétt fegrar hann söfnuð sinn og andlegu paradísina sem við búum í. *w15* 15.7. 1:16, 17

Fimmtudagur 18. maí

Elska skalt þú náunga þinn eins og sjálfan þig. – Lúk. 10:27.

Ef þú ert ekki viss um hvað þú átt að gera við ákveðnar aðstæður er viturllegt að íhuga hvað Jesús hefði gert. Þjóðin, sem Jesús tilheyrði, skiptist eftir svæðum – Júdeu, Galíleu, Samaría og ýmsum öðrum. Frásögur Biblíunnar bera með sér að spennan ríkti milli fólks á þessum ólíku svæðum. (Jóh. 4:9) Einnig var ákveðinn ríður milli farísea og saddúkea (Post. 23:6-9), milli fólks almennt og tollheimtumanna (Matt. 9:11) og milli almúgans og þeirra sem höfðu hlotið menntun rabbína. (Jóh. 7:49) Á fyrstu öld var Ísrael undir yfirráðum Rómverja en Ísraelsmenn höfðu megnustu óbeiti á þeim. Þó að Jesús boðaði sannleikann og segði að hjálpræðið kæmi frá Gyðingum hvatti hann lærisveina sína til að forðast meeting af öllu tagi. (Jóh. 4:22) Hann brýndi fyrir þeim að elska alla menn og líta á þá sem náunga sinn. *w15* 15.7. 3:5

Föstudagur 19. maí

„Drottinn er með mér, ég óttast eigi, hvað geta menn gert mér? Drottinn er með mér, hann hjálpar mér.“ – Sálms. 118:6, 7.

Mennirnir voru skapaðir með þörf til að elska og vera elskaðir. Það er auðvelt að missa móðinn sökum óvæntra atburða í lífi okkar, vonbrigða, heilsumissis eða fjárhagserfiðleika, eða ef illa gengur í boðuninni. Okkur gæti fundist að Jehóva elski okkur ekki lengur. Ef okkur líður þannig þurfum við að muna að við erum verðmæt í hans augum, að hann er með okkur, heldur í hægri hönd okkar og hjálpar okkur. Hann gleymir okkur aldrei ef við erum honum trúföst. (Jes. 41:13; 49:15) Brigitte ól upp tvö börn á eigin spýtur eftir að hafa misst manninn sinn. Hún segir: „Það er gífurleg áskorun að ala upp börn í heimi Satans, sérstaklega fyrir einstæða foreldra. En ég er sannfærð um að Jehóva elski mig því að hann hefur hjálpað mér í gegnum tár og trega. Hann leyfði aldrei að ég gengi í gegnum meira en ég gat þolað.“ – 1. Kor. 10:13. w15 15.8. 1:1-3

Laugardagur 20. maí

Þú skalt biðja. – Hab. 2:3.

Habakkuk spámanni var falið að segja fyrir um eyðingu Jerúsalem. Aðrir spámenn höfðu þegar boðað eyðingu borgarinnar um árabil. Á tímum Habakkuks var ástandið orðið það slæmt að „illmennið sat um hinn réttláta, og því var rétturinn afskræmdur“. Það kemur því ekki á óvart að Habakkuk skyldi hrópa á hjálp og spyrja: „Hve lengi á ég að hrópa, Drottinn?“ Jehóva fullvissar dyggan spá-

mann sinn um að eyðingin, sem spáð hafði verið, myndi ekki tefjast. (Hab. 1:1-4) Ímyndum okkur að Habakkuk hefði misst móðinn og hugsað með sér: „Ég hef heyrt um eyðingu Jerúsalem í mörg ár. Hvað ef það er enn langt í hana? Það er nú varla skynsamlegt að halda áfram að spá eyðingu hennar, eins og hún komi bara allt í einu. Ég læt aðra um það.“ Ef Habakkuk hefði leyft sér að gæla við slíkar hugsanir hefði hann misst velþökun Jehóva – og jafnvel lífið þegar Babýloníumenn eyddu Jerúsalem. w15 15.8. 2:12, 13

Sunnudagur 21. maí

„Vondur félagsskapur spillir góðum siðum.“ – 1. Kor. 15:33.

Til að góðir siðir okkar spillist ekki verðum við að varast náinn vinskapið við þá sem hegða sér ósæmilega. Það á ekki aðeins við um fólk utan safnaðarins heldur einnig um þá sem segjast tilbiðja Jehóva en brjóta lög hans af ásettu ráði. Ef þeir sem þykjast vera þjónar Jehóva drýgja alvarlega synd og iðrast ekki hættum við að umgangast þá. (Rómv. 16:17, 18) Ef við ættum félagsskap við þá sem hlýða ekki lögum Guðs gætum við átt það til að vilja líkja eftir þeim til að hljóta viðurkenningu þeirra. Ef við ættum til dæmis náinn félagsskap við fólk sem stundar kynferðislegt siðleysi gætum við freistast til að gera slíkt hið sama. Það hefur gerst hjá sumum vígðum þjónum Guðs og af þeim hafa sumir ekki iðrast og því verið vikið úr söfnuðinum. (1. Kor. 5:11-13) Ef þeir iðrast ekki getur farið fyrir þeim eins og Pétur talaði um. – 2. Pét. 2:20-22. w15 15.8. 4:4-6

Mánudagur 22. maí

„Þér eruð vinir mínir ef þér gerið það sem ég býð yður.“ – Jóh. 15:14.

Jesús vandaði valið þegar hann valdi sér nána vini. Jesús valdi sér vini úr hópi fólks sem fylgdi honum dyggilega og þjónaði Jehóva af heilum hug. Velur þú þér líka nána vini úr hópi þeirra sem þjóna Jehóva af heilum hug og hjarta? Hvers vegna er það mikilvægt? Hlýðan meðal bræðra og systra getur hjálpað þér að sækja fram til þroska. Ertu ungur eða ung að árum og ertu að reyna að ákveða hvaða braut þú eigir að velja í lífinu? Þá er viturlegt af þér að vera með trússystkinum sem hafa töluverða reynslu af því að þjóna Jehóva og vinna að einingu innan safnaðarins. Það má vel vera að það hafi gengið á ýmsu í lífi þeirra, og að þau hafi þurft að takast á við ýmsar áskoranir í þjónustunni við Guð. Þau geta hjálpað þér að velja bestu stefnuna í lífinu. Uppbyggilegur félagskapur við þessi hlýlegu trússystkini getur hjálpað þér að taka skynsamlegar ákvarðanir og stefna fram til þroska. – Hebr. 5:14. w15 15.9. 1:14, 15

Þriðjudagur 23. maí

Standið gegn djöflinum stöðug í trúnni. – 1. Pét. 5:9.

Jesús styrkti trú lærisveina sinna bæði með orðum sínum og verkum. (Mark. 11:20-24) Þegar við förum að dæmi hans og hjálpum öðrum að styrkja trú sína styrkjum við líka okkar eigin trú. (Orðskv. 11:25) Þegar þú ert í boðunarstarfinu skaltu benda fólki á sannanir fyrir því að Guð sé til, að hann beri umhyggju fyrir okkur og að Biblían sé innblásið orð hans. Hjálpaðu auk þess trússystkinum þínum að hafa sterka trú. Ef einhver sýnir merki um að hann

sé farinn að veikjast í trúnni, til dæmis með því að finna að umsjónarmönnum safnaðarins, skaltu ekki vera fljótur á þér að forðast hann. Sýndu honum heldur nærgætni og hjálpaðu honum að endurheimta trú sína. (Júd. 22, 23) Ef þú ert enn þá í skóla og það er rætt um þróunar-kenninguna skaltu vera hugrakkur og verja trú þína á sköpun. Það gæti komið þér á óvart hvaða áhrif orð þín hafa á aðra. Jehóva hjálpar hverju og einu okkar að standa stöðug í trúnni. (1. Pét. 5:10) Það sem við leggjum á okkur til að styrkja trúna er erfiðisins virði. Launin, sem við fáum, eru óviðjafnanleg. w15 15.9. 3:20, 21

Miðvikudagur 24. maí

„Himnarnir segja frá Guðs dýrð, festingin kunngjörir verkin hans handa.“ – Sál. 19:2.

Nú á dögum höfum við fengið mikla þekkingu á sköpunarverki Jehóva og á því hvernig fyrirætlun hans nær fram að ganga. Heimurinn hvetur til æðri menntunar. Reynslan sýnir þó að margir sem fara út í slíkt nám missa trúna á Guð og kærleikann til hans. En í Biblíunni erum við ekki hvött til að sækjast aðeins eftir þekkingu heldur líka til að afla okkur visku og skilnings. Það felur í sér að við lærum að notfæra okkur þekkinguna, sem við höfum fengið frá Guði, okkur og öðrum til góðs. (Orðskv. 4:5-7) Vilji Guðs er „að allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum“. (1. Tím. 2:4) Við sýnum að við elskum Jehóva þegar við leggjum okkur fram um að segja öllum frá fagnaðarerindinu um ríki Guðs og hjálpum þeim að skilja hvaða stórfenglegu fyrirætlun Guð hefur með mannkynið. – Sál. 66:16, 17. w15 15.9. 5:10, 11

Fimmtudagur 25. maí

„Allt það sem áður er ritað er ritað okkur til fræðslu.“ – Róm. 15:4.

Sjáðu fyrir þér eftirfarandi atburði í lífi Elía sem sýna fram á öbifandi trú hans á Jehóva. Þegar Elía sagði Akab konungi frá áformum Jehóva um að leiða mikla þurrka yfir landið sagði hann öruggur: „Svo sannarlega sem Drottinn ... lifir, þá skal hvorki falla dög né regn ... nema ég skipi svo fyrir.“ (1. Kon. 17:1) Elía treysti að Jehóva myndi veita honum og öðrum það sem þeir þyrftu meðan á þurrkunum stæði. (1. Kon. 17:4, 5, 13, 14) Elía sýndi að hann var sannfærður um að Jehóva gæti reist barn upp frá dauðum. (1. Kon. 17:21) Hann efaðist ekki um að Jehóva myndi láta eld gleypa fórnina sem hann færði á Karmelfjalli. (1. Kon. 18:24, 37) Þegar Jehóva ákvað að binda enda á þurrkana, jafnvel áður en nokkur ummerki voru um rigningu, sagði Elía við Akab: „Farðu upp eftir, et og drekk, því að ég heyri dyn af regni.“ (1. Kon. 18:41) Hvetja frásögur eins og þessi okkur ekki til að prófa okkur sjálf, hvort trú okkar sé svona sterk? *W15 15.10. 2:4, 5*

Föstudagur 26. maí

„Stunda þetta, ver allur í þessu.“ – 1. Tím. 4:15.

Málhæfni mannsins er stórfengleg gjöf sem Guð hannaði. (Sálm. 139:14; Opinb. 4:11) Heilinn, sem Guð gaf okkur, er líka einstakur á annan hátt. Mennirnir voru skapaðir „eftir Guðs mynd“ ólíkt dýrunum. Þeir hafa frjálstan vilja og geta valið að nota málhæfni sína til að vegsama Guð. (1. Mós. 1:27) Höfundur tungumálanna hefur gefið öllum sem þrá að heiðra hann dásamlega gjöf, Biblíuna. Hún er til í

heild eða að hluta á yfir 2.800 tungumálum. Þegar þú hugleiðir og til-einkar þér það sem þú lest í Biblíunni fyllirðu hugann af hugsunum Guðs. (Sálm. 40:6; 92:6; 139:17) Og hugsanir hans „geta veitt þér speki til sáluhjálpar“. (2. Tím. 3:14-17) Að hugleiða merkir að einbeita sér að einhverju, íhuga það og velta því fyrir sér, hvort heldur það er gott eða slæmt. (Sálm. 77:13; Orðskv. 24:1, 2) Það mikilvægasta, sem við getum hugleitt, er það sem við lærum um Jehóva Guð og son hans, Jesú Krist. – Jóh. 17:3. *W15 15.10. 4:2-4*

Laugardagur 27. maí

„Hvernig má sá sem ekki hefur vit á að veita heimili sínu forstöðu veita söfnuði Guðs umsjón?“ – 1. Tím. 3:5.

Jesús kenndi lærisveinunum í orði og verki að þjóna öðrum í auðmýkt. (Lúk. 22:27) Hann kenndi postulunum að sýna fórnfýsi í þjónustu Jehóva og í samskiptum við trússystkini. Ef þú sýnir auðmýkt og fórnfýsi geturðu kennt börnunum þínum með fordæmi þínu að gera slíkt hið sama. „Ég var aldrei afbrýðisöm þótt maðurinn minn notaði mikinn tíma með öðrum þar sem hann var öldungur,“ segir Debbie, tveggja barna móðir. „Ég vissi að hvenær sem fjölskyldan þyrfti á honum að halda væri hann til staðar fyrir okkur.“ Pranas, eiginmaður hennar, bætir við: „Með tímanum vildu börnin ólm hjálpa til á mótum og við verkefni á vegum safnaðarins. Þau blómstruðu, eignuðust vini og fannst þau falla inn í hópinn.“ Öll fjölskyldan þjónar nú Jehóva í fullu starfi. Þegar þú sýnir auðmýkt og fórnfýsi er líklegt að börnin þín læri hvernig þau geti þjónað öðrum. *W15 15.11. 1:9*

Sunnudagur 28. maí

Ósýnilega veru Guðs, eilífan mátt og guðdómstign má skynja og sjá af verkum hans allt frá sköpun heimsins. – Rómu. 1:20.

Jehóva hefur sýnt á marga vegu hve kærleiksríkur hann er. Lítum á mikilfenglegan alheiminn sem dæmi. Þar eru vetrarbrautir í milljarðatali og í hverri þeirra eru milljarðar stjarna og reikistjarna. Sólin er ein þessara stjarna í vetrarbrautinni okkar. Ef sólarinnar nyti ekki við væri hið fjölbreytta lífríki jarðar ekki til. Öll þessi sköpunarverk vitna um guðdómstign Jehóva og eiginleika hans, svo sem mátt, visku og kærleika. Jehóva bjó í haginn fyrir þær lífverur sem hann skapaði til að lifa hér á jörð. Hann gerði fagran paradísargarð handa mönnunum og gaf þeim fullkominn huga og líkama sem var til þess gerður að lifa að eilífu. (Opinb. 4:11) Auk þess nærir hann allt sem lifir því að „miskunn hans varir að eilífu“. – Sálm. 136:25. *W15* 15.11. 3:7, 8

Mánudagur 29. maí

„Ég er með yður.“ – Matt. 28:20.

Gegnum árin hefur konungur okkar veitt okkur verkfæri til að búa hjörtu milljóna manna undir að taka við boðskapnum um ríki Guðs. Sum þessara hjálpargagna komu að góðum notum í áratug eða þar um bil en önnur notum við enn þann dag í dag. Öll hafa þau þó hjálpað okkur að verða færari boðberar á einn eða annan hátt. Boðunarspjöldin voru hjálpargagn sem kom mörgum af stað í boðuninni, en boðberar byrjuðu að nota þau árið 1933. Á spjöldunum var stutt

kynning á biblíutengdu efni. Boðunarspjöldin voru gagnleg á ýmsa vegu. Sumir boðberar voru feimnir og vissu ekki hvað þeir áttu að segja þótt þeir hafi haft sterka löngun til að boða trúna. Aðrir sögðu húsráðendum allt sem þeir vissu á fáeinum mínútum en þeir voru ekki alltaf svo nærgætnir. Boðunarspjaldið „talaði“ hins vegar fyrir boðberann með nokkrum vel völdum og hnitmiðuðum orðum. *W15* 15.11. 5:3-6

Þriðjudagur 30. maí

*Þau lofi nafn Jehóva.
– Sálm. 148:13.*

Ótal vers í Biblíunni sýna hve mikilvægt það er að nota nafn Guðs og helga það. (2. Mó. 3:15; Sálm. 83:19; Jes. 42:8; 43:10; Jóh. 17:6, 26; Post. 15:14) Jehóva Guð, höfundur Biblíunnar, innblés riturum hennar að nota nafnið óhikað. (Esek. 38:23) Að sleppa nafni Guðs, sem kemur mörg þúsund sinnum fyrir í fornum handritum, er vanvirðing við höfund Biblíunnar. Rökunum fyrir því að hafa nafn Guðs í Biblíunni hefur farið fjölgandi frekar en hitt. Nafnið kemur 7.216 sinnum fyrir í *Nýheimsþýðingunni* frá 2013 en það er sex skiptum oftar en í útgáfunni frá 1984. Fimm af þeim versum, þar sem nafninu var bætt við, eru 1. Samúelsbók 2:25; 6:3; 10:26; 23:14, 16. Ástæðan var aðallega sú að í Dauðahafshandritunum, sem eru meira en 1.000 árum eldri en masoretatextinn, kemur nafnið fyrir í þessum versum. Nafninu var einnig bætt við í Dómarabókinni 19:18 eftir frekari rannsóknir á fornum handritum. *W15* 15.12. 2:5, 6

Miðvikudagur 31. maí

*„Bróðurkærleikurinn haldist.“
– Hebr. 13:1.*

Við þurfum að þroska með okkur bróðurkærleik núna því að hann á eftir að hjálpa okkur í öllum erfiðleikum og þröfraunum sem kunna að verða á vegi okkar í framtíðinni. En það er líka nauðsynlegt að kærleiksböndin við trúsystkini okkar séu sterk núna, áður en þrengingin mikla hefst. Mörg trúsystkina okkar hafa orðið illa úti í jarðskjálftum, fellibyljum, flóðum, flóðbylgjum eða öðrum náttúruhamförum.

Sumir bræður og systur þjást vegna andstöðu og ofsókna. (Matt. 24:6-9) Ofan á allt þetta finnum við daglega fyrir efnahagserfiðleikum sem eru afleiðing þess hve heimurinn er spilltur. (Opinb. 6:5, 6) Eftir því sem slík vanda-
mál aukast fáum við fleiri tækifæri til að sýna hve sterkur bróðurkærleikur okkar er. Þó að „kærleikur flestra kólni“ þurfum við að sýna að bróðurkærleikurinn haldist hjá okkur. – Matt. 24:12. *w16.01.1:8, 9*

Fimmtudagur 1. júní

*„Mjúk tunga mylur bein.“
– Orðskv. 25:15.*

Jafnvel þegar einhver móðgar okkur getur það haft góð áhrif að svara vingjarnlega. (Orðskv. 15:1) Lítum á dæmi. Einstæð móðir átti unglingsson sem lifði tvöföldu lífi. Systir, sem vildi vel, sagði við hana: „Það er leitt að þér skyldi mistakast í uppeldinu.“ Móðirin hugsaði sig um og svaraði svo: „Það er satt að það gengur ekki svo vel eins og er en við erum að vinna í þessu. Tölum saman eftir Harmagedón, þá vitum við hvernig gekk.“ Þetta vingjarnlega svar varð til þess að systurnar varðveittu friðinn. Það hafði líka hvetjandi áhrif á soninn sem heyrði samtalið. Hann áttaði sig á að móðir hans hefði ekki gefist upp á honum og það fékk hann til segja skilið við slæman félagsskap. Með tímanum lét hann skírast og nokkru síðar hóf hann starf á Betel. Hvort sem við erum með trúsystkinum okkar, fjölskyldu eða ókunnugum ættum við alltaf að láta, mál okkar vera ljúflegt en salti kryddað. – Kól. 4:6. *w15 15.12. 3:15, 17*

Föstudagur 2. júní

*Tungur, eins og af eldi væru,
settust á hvert og eitt þeirra.
– Post. 2:3.*

Lærisveinarnir í loftstofunni áttu aldrei eftir að gleyma þessum degi. Ef þú hefur verið einn þeirra hefðirðu ekki verið í neinum vafa um að þú værir smurður heilögum anda, ekki síst ef þú hefur líka farið að tala á erlendu tungumáli. (Post. 2:6-12) En fá allir andasmurningu sína með eins tilkomumiklum hætti og þessi fyrsti hópur? Nei. Hinir sem fengu andasmurningu sama dag í Jerúsalem fengu hana þegar þeir skírðust. (Post. 2:38) Það birtust engar eldtungur yfir höfði þeirra. Og það fá ekki allir andasmurningu þegar þeir skírast. Samverjar voru smurðir heilögum anda einhvern tíma eftir að þeir skírðust. (Post. 8:14-17) Biblían segir líka frá því óvenjulega dæmi þegar Kornelíus og heimilisfólk hans fengu andasmurningu áður en þau skírðust. – Post. 10:44-48. *w16.01.3:3, 5*

Laugardagur 3. júní

Varðveitið einingu andans í bandi friðarins. – Ef. 4:3.

Hinir andasmurðu eru hógværir og viðurkenna að þeir hafi ekki endilega fengið meira af heilögum anda en hinir sem hafa jarðneska von. Þeir halda því ekki fram að þeir hafi fengið sérstaka þekkingu eða opinberanir, né reyna þeir að sanna að þeir séu á einhvern hátt betri en aðrir. Og þeir myndu aldrei stinga því að einhverjum að hann sé líka andasmurður og ætti að byrja að neyta brauðsins og vínsins. Þeir viðurkenna auðmjúklega að það er Jehóva sem kallar hina andasmurðu. Andasmurðir kristnir menn ætlast ekki til að þeim sé sýnd sérstök virðing. (Ef. 1:18, 19; Fil. 2:2, 3) Andi Jehóva vitnaði fyrir þeim einum. Umheiminum var ekki tilkynnt um köllun þeirra. Þeir eru því ekkert hissa þótt sumir trúu ekki þegar í stað að þeir hafi í raun og veru fengið himneska köllun. Biblían varar við því að trúa þeim í fljótferni sem fullyrða að þeir hafi fengið sérstakt hlutverk frá Guði. – Opinb. 2:2. *16.01. 4:6, 7*

Sunnudagur 4. júní

„Hvílíkt djúp ríkdóms, speki og þekkingar Guðs!“ – Rómv. 11:33.

Oftar en einu sinni skarst Jehóva í leikinn og vann meira að segja kraftaverk til að vernda þau Abraham og Söru. (1. Mós. 12:10-20; 20:2-7, 10-12, 17, 18) Það sem Abraham upplifði styrkti trú hans. Getum við orðið nánir vinir Jehóva? Já. Þekkingin og reynslan, sem til þarf, er auðfengin. Abraham hafði ekki nema brot af þeim þekkingarsjóði sem við höfum núna aðgang að í Biblíunni. (Dan. 12:4) Biblían hefur að geyma ótalmargt sem getur

auðgað þekkingu okkar á „skapara himins og jarðar“ svo að við getum virt hann og elskað. (1. Mós. 14:22) Þessar tilfinningar hvetja okkur til að hlýða Guði. Þá öflum við okkur reynslu vegna þess að við sjáum hvaða áhrif það hefur að hlýða honum. Við komumst að raun um að ráð hans vernda okkur og að hann blessar okkur og styrkir. Við uppgötuum að við hljótum frið, gleði og lífsfyllingu með því að þjóna honum af heilum hug. (Sálm. 34:9; Orðskv. 10:22) Með vaxandi þekkingu og reynslu eflum við trúna og vináttuna við Jehóva. *16.02. 1:7, 8*

Mánudagur 5. júní

Hann hefur tekið að sér Ísrael eins og hann hét feðrum vorum. – Lúk. 1:54, 55.

Þessi lofgerð Maríu ber með sér að hún þekkti hin innblásnu rit vel. Orð hennar virðast enduróma sumt af því sem Hanna, móðir Samúels spámanns, sagði í bæn. (1. Sam. 2:1-10) Í lofgerð Maríu er að finna um 20 vísanir í Biblíuna, að því er sumir telja. Það er greinilegt að hún var ófeimin að tjá sig um andleg mál. Hún sótti ríkulega í fjársjóðinn sem hún geymdi í hjarta sér, sannleikann sem hún hafði lært af besta vini sínum, Jehóva Guði. Vera má að við fáum stundum verkefni frá Jehóva sem vaxa okkur í augum. Við skulum þá líkjust Maríu, taka auðmjúk við verkefniinu og treysta að Jehóva annist okkur og vilji okkur allt það besta. Við getum líkt eftir trú Maríu með því að hlusta vel á það sem við lærum um Jehóva og vilja hans og hugleiða það. Höfum líka yndi af því að segja öðrum frá því sem við höfum lært. – Sálm. 77:12, 13; Lúk. 8:18; Rómv. 10:15. *16.02. 2:17, 18*

Þriðjudagur 6. júní

„Hver yðar sest ekki fyrst við ef hann ætlar að reisa turn og reiknar kostnaðinn, hvort hann eigi nóg til að ljúka verkinu?“ – Lúk. 14:28.

Ungt fólk skirist í þúsundatali um allan heim á hverju ári. (Préd. 12:1) Kristnir foreldrar og öldungar í söfnuðinum vilja ganga úr skugga um að unga fólkið ákveði það sjálft og á réttum forsendum. Með vígslu og skírn hefst nýr kaflí í lífi kristins manns. Hann mun bæði hljóta mikla blessun frá Jehóva en líka þurfa að þola andstöðu Satans. (Orðskv. 10:22; 1. Pét. 5:8) Kristnir foreldrar taka sér því tíma til að kenna börnunum hvað felst í því að vera lærisveinn Krists. Sumir unglingar eiga ekki foreldra í trúnni. Umhyggjusamir öldungar hjálpa þeim þá að skilja hvað það þýðir að fylgja Kristi. (Lúk. 14:27-30) Fólk þarf að undirbúa sig vel til að geta þjónað Jehóva trúfastlega „allt til enda“, rétt eins og sá sem ætlar að byggja hús þarf að skipuleggja verkið vel til að ljúka því. – Matt. 24:13. *W16.03. 1:1, 2*

Miðvikudagur 7. júní

„Guð fer ekki í manngreinarálit. Hann tekur opnum örmum hverjum þeim sem óttast hann og ástundar réttlæti, hvernar þjóðar sem er.“ – Post. 10:34, 35.

Móselögin voru gefin einni þjóð, Ísraelsþjóðinni. Hin andlega Ísraelsþjóð myndi hins vegar samanstanda af fólki af mörgum þjóðum og ólíkum uppruna. Í fyrirheitna landinu þurftu Ísraelsmenn að fylgja Móselögunum sem voru meitluð í stein. Andlega Ísraelsþjóðin átti hins vegar að fylgja „lög máli Krists“ sem byggðist að mestu leyti á meginreglum rituðum á hjörtu fólks. Kristnir menn áttu að fylgja „lög máli Krists“ og njóta góðs af því hvar sem þeir

bjuggu. (Gal. 6:2) Andlega Ísraelsþjóðin naut sannarlega góðs af leiðbeiningum Guðs fyrir milligöngu sonar hans. Rétt áður en stofnað var til nýja sáttmálans gaf Jesús tvenn mikilvæg fyrirmæli. Önnur þeirra sneru að boðuninni. Hin sneru að hegðun fylgjenda hans og framkomu þeirra við trúsystkini sín. Þessum fyrirmælum var beint til allra kristinna manna og eiga því erindi til allra tilbiðjenda Guðs nú á dögum, hvort sem þeir hafa himneska von eða jarðneska. *W16.03. 4:10, 11*

Fimmtudagur 8. júní

„Keppist um að sýna hvert öðru virðingu.“ – Róm. 12:10.

Öldungur ætti að byrja að þjálfra bróður með því að gefa sér tíma til að skapa þægilegt andrúmsloft og mynda vináttutengsl við hann. Hvernig öldungur fer að því er eitthvað breytilegt frá einu landi til annars og ræðst af aðstæðum og siðvenjum á hverjum stað. En eitt er víst hvar sem þú býrð: Ef þú ert önnur kafinn öldungur og gefur þér tíma til að vera með nemandanum ertu í rauninni að segja honum að hann sé mikilvægur í þínum augum. Fúsir nemendur hvar sem er í heiminum meðtaka þessi skilaboð skýrt og greinilega þó að þau séu ekki sögð með orðum. Og það er þeim mikils virði. Farsæll kennari er ekki bara maður sem hefur yndi af því að kenna heldur finnst honum líka vænt um *nemandann*. (Samanber Jóhannes 5:20.) Þetta er grundvallaratriði og nemandinn skynjar það fljótt. Það hefur síðan mikil áhrif á viðbrögð hans við þjálfuninni sem hann fær. Því skuluð þið, kærar öldungar, ekki bara vera kennarar þegar þið þjálfuð aðra. Verið líka vinir þeirra. – Orðskv. 17:17; Jóh. 15:15. *W15 15.4. 1:19, 20*

Föstudagur 9. júní

Drottinn laust konunginn svo að hann var holdsveigur allt til dauðadags. – 2. Kon. 15:5.

Hugsum okkur að engar nánari upplýsingar hafi verið gefnar í Biblíunni um Asaría konung (Ússía konung) eins og raunin er í mörgum stuttum frásögum hennar. (2. Kon. 15:7, 32; 2. Kron. 26:3-5, 16-21) Hefðirðu tilhneigingu til að véfengja að Jehóva hafi gert rétt? Eða myndirðu hugsa sem svo að við fáum nægar upplýsingar í Biblíunni til að vera viss um að Jehóva geri alltaf rétt og sé í rauninni mælikvarðinn á rétt og rangt? (5. Mós. 32:4) Með tímanum kynnumst við Jehóva svo vel að við þurfum ekki að fá skýringar á öllum smáatriðum. Við elskum hann og vitum að allt sem hann gerir er gott. Þú mátt vera viss um að þegar þú leggur þig fram við að lesa og hugleiða það sem Jehóva segir í orði sínu áttu eftir að elska hann enn meir. (Sálm. 77:13, 14) Það styrkir síðan sambandið við Jehóva og hann verður þér enn raunverulegri. *W15 15.4. 3:8, 10*

Laugardagur 10. júní

„Lofið Drottin, þér englar hans, þér voldugu hetjur er framkvæmið boð hans, er þér heyrið hljóminn af orði hans.“ – Sálm. 103:20.

Englar eru sagðir vera „voldugar hetjur“. Þeir eru æðri en mennirnir og eru því bæði gáfaðri og sterkari en þeir. Englar, sem eru trúir Guði, nota auðvitað mátt sinn til góðs. Einu sinni felldi engill Jehóva 185.000 assýrska hermenn sem ógnuðu þjóð hans. Það hefði verið ógerlegt fyrir einn mann og

erfitt fyrir heilan her. (2. Kon. 19:35) Öðru sinni beitti engill ofurmannlegum mætti sínum og hugviti til að leysa postula Jesú úr fangelsi. Þessari andaveru tókst að fara í kringum allar öryggisráðstafanir, opna læstar dyr, hleypa postulunum út og læsa síðan á eftir þeim – án þess að nærstaddir verðir yrðu þess varir. (Post. 5:18-23) Andaverur, sem eru trúar Guði, nota mátt sinn til góðs en Satan notar mátt sinn til illis, og hann er bæði öflugur og áhrifamikill. Í Biblíunni er hann kallaður „höfðingi þessa heims“. – Jóh. 12:31. *W15 15.5. 1:5, 6*

Sunnudagur 11. júní

„Enginn forherðist af táli syndarinnar.“ – Hebr. 3:13.

Við verðum að leggja okkur fram af alefli við að forðast kynferðislegt siðleysi, hvort sem við erum gift eða einhleyp. Er það auðvelt? Alls ekki. Unga fólkið má búast við að heyra skólafélagana stæra sig af skyndikynnum eða tala um kynferðisleg smáskilaboð, en þau eru sums staðar talin jaðra við að dreifa barnaklámi. Í Biblíunni segir: „Saurlífismaðurinn syndgar á móti eigin líkama.“ (1. Kor. 6:18) Kynsjúkdómar hafa valdið bæði þjáningum og dauða. Og samkvæmt könnun segjast flest einhleyp ungmenni, sem höfðu sofíð hjá, sjá eftir því að hafa glatað hreinleika sínum. Siðlaust kynlíf er allt annað í veruleikanum en skemmtanaíðnaðurinn vill vera láta, en þar á bæ er reynt að telja fólki trú um að það hafi engar afleiðingar að brjóta lög Guðs. Þeir sem hugsa þannig hafa látið gleppast af „táli syndarinnar“. *W15 15.5. 2:14*

Mánudagur 12. júní

Hinn hæsti er góður við vanþakkláta og vonða. – Lúk. 6:35.

Jesús likti eftir gæsku Guðs. Hvað hjálpaði Jesú til þess? Hann velti fyrir sér hvaða áhrif orð hans og verk gætu haft á þann sem hann talaði við. Eitt sinn kom til hans kona sem var þekkt fyrir syndugt lífarni. Hún grét og vætti fætur hans með tárnum sínum. Jesús sá að hún iðraðist og hann vissi að hún yrði niðurbrotin ef hann vísaði henni kuldalega burt. Í stað þess hrósaði hann henni og fyrirgaf syndir hennar. Farísea, sem fylgdist með, mislíkaði þetta mjög, en Jesús talaði vingjarnlega við hann líka. (Lúk. 7:36-48) Hvað getur hjálpað okkur að líkja eftir Jehóva og vera góð við aðra? Páll postuli skrifaði: „Þjónn Drottins á ekki að eiga í ófriði heldur á hann að vera ljúfur við alla.“ (2. Tím. 2:24) Ef við setjum okkur í spor annarra og reynum að sjá fyrir hvaða áhrif orð okkar hafa á þá getum við líkt eftir gæsku Jehóva í orðum og verkum. – Orðskv. 15:28. *15:15.5. 4:8, 9*

Þriðjudagur 13. júní

„Synjaðu ekki góðs þeim sem þarfnað ef það er á þínu valdi að veita það.“ – Orðskv. 3:27.

Þegar trússystkini okkar þjást getum við hughreyst þau og sinnt líkamlegum og tilfinningalegum þörfum þeirra. (Orðskv. 17:17) Við getum til dæmis hjálpað þeim eftir náttúruhamfarir. Ekkja nokkur varð fyrir því að hús hennar skemmdist talsvert í fellibyl. Hún segir: „Ég er svo þakklát fyrir að tilheyra söfnuði Jehóva. Ég hef ekki bara fengið hjálp af efnislegu tagi heldur líka andlegu.“ Önnur einhleyp systir

var ráðþrota þegar heimili hennar varð fyrir miklum skemmdum í fárviðri. Eftir að trússystkini hjálpuðu henni að gera við húsið sagði hún: „Þetta er ótrúlegt! Mig skortir orð til að lýsa tilfinningum mínum ... Takk, Jehóva!“ Við erum þakklát fyrir að tilheyra samfélagi bræðra og systra sem láta sér einlæglega annað hvert um annað. Og við höfum enn ríkari ástæðu til að fagna yfir því að Jehóva og Jesús Kristur skuli bera umhyggju fyrir okkur. *15:15.6. 1:17*

Miðvikudagur 14. júní

Komdu fram við aldraðar konur sem mæður, ungar konur sem systur með allri siðsemi. – 1. Tím. 5:2.

Biblían leiðbeinir okkur um samskipti við hitt kynið. Þannig hjálpar hún okkur að koma í veg fyrir að óviðeigandi langanir kvikni í hjarta okkar. Þjónar Guðs mega ekki vera ástleitnir við annan en maka sinn eða tilvonandi maka. Þeir daðra ekki. Sumir halda að ástleitið augnaráð, látbragð og líkamstjáníning sé skaðlaus því að ekki sé um líkamlega snertingu að ræða. En þegar fólk daðrar hvort við annað getur það vakið óhreinar hugsanir sem hætta er á að endi með kynferðislegu siðleysi. Það hefur gerst áður og getur gerst aftur. Jósef hegðaði sér skynsamlega. Eiginkona Pótífars, húsbónda hans, reyndi að draga hann á talar en hann stóðst ágengni hennar. Hún gafst þó ekki upp heldur reyndi dag eftir dag að fá hann til að vera með sér. (1. Mós. 39:7, 8, 10) En Jósef var ákveðinn í að ýta ekki undir daður hennar eða daðra á móti. Þannig kom hann í veg fyrir að það kviknuðu rangar langanir í hjarta hans. *15:15.6. 3:10, 11*

Fimmtudagur 15. júní

„Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vör og fyrirgefum vorum skuldunautum.“ – Matt. 6:12.

Jehóva vill að við látum okkur ekki aðeins annt um andlega velferð sjálfra okkar heldur einnig annarra, þar á meðal þeirra sem hafa hugsanlega syndgað gegn okkur. Þessar syndir eru yfirleitt smávægilegar og gefa okkur tækifæri til að sýna að við elskum bræður okkar og systur í alvöru og erum fús til að fyrirgefa, alveg eins og Guð hefur sýnt þá miskunn að fyrirgefa okkur. (Kól. 3:13) Við erum því miður ófullkomin og getum átt það til að bera kala til annarra. (3. Mós. 19:18) Ef við viðruðum það við aðra er hugsanlegt að þeir tækju afstöðu með okkur og það gæti skaðað einingu safnaðarins. Ef við viljum ekki fyrirgefa öðrum bæri það vott um að við kynnum ekki að meta miskunn Guðs og lausnargjaldid. Faðirinn á himnum hættir að láta lausnarfórn sonar síns breiða yfir syndir okkar ef við viljum ekki fyrirgefa. (Matt. 18:35) Jesús ræddi þetta nánar strax eftir að hann gaf þessa bæn sem fyrirmynd. (Matt. 6:14, 15) Ef við viljum njóta fyrirgefningar Guðs megum við ekki leggja í vana okkar að syndga alvarlega. – 1. Jóh. 3:4, 6. *W15* 15.6. 5:9-11

Föstudagur 16. júní

„Hæfur þjónn hlýtur hylli konungsins.“ – Orðskv. 14:35.

Jehóva leyfir okkur að eiga þátt í að fegra andlegu paradísina og það er okkur mikill heiður. Við gerum það með því að boða fagnaðarerindið um ríkið af kappi og gera fólk að lærisveinum. Þegar við hjálpum fólki að kynnast Jehóva og vígjast honum höfum við átt þátt í að stækka andlegu paradísina. (Jes. 26:15; 54:2) Við getum líka fegrað

andlegu paradísina með því að bæta okkur jafnt og þétt sem kristnir einstaklingar. Þeir sem sjá til okkar laðast þá enn frekar að andlegu paradísinni. Það er ekki endilega biblíuþekkingin sem laðar fólk í fyrstu að söfnuðinum og þar með að Jehóva og Jesú. Oft er það frekar hreint líferni okkar og friðsemd. Það hlýtur að gleðja Jehóva og Jesú að fylgjast með því sem gerist núna í andlegu paradísinni. Ánægjan, sem við höfum af því að fegra hana, er aðeins forsmekkur þess sem við fáum að upplifa í framtíðinni þegar við tökum að breyta jörðinni í bókstaflega paradís. *W15* 15.7. 1:18-20

Laugardagur 17. júní

„Þið verðið eins og Guð og skynjið gott og illt.“ – 1. Mós. 3:5.

Á okkar tímum þurfa allir að taka afstöðu til þess hvort þeir telji stjórnarhætti Jehóva betri en Satans eða öfugt. Í fullri hreinskilni, tekurðu afstöðu með Jehóva með því að fylgja lögum hans og meginreglum frekar en að gera hlutina eftir eigin höfði? Líturðu svo á að ríki hans sé eina lausnin á hörmungum mannkyns? Eða heldurðu að mennirnir séu færir um að stjórna sér sjálfir? Svör þín við þessum spurningum ráða því hvernig þú svarar þegar fólk spyr um álit þitt á umdeildum málum. Stjórnámálamennt, aðgerðasinnar og umbótasinnar hafa lengi reynt að finna lausnir á málum sem valda sundrung meðal manna. Þeir eru eflaust einlægir og vilja vel. Kristnir menn vita hins vegar að það er bara ríki Guðs sem getur leyst vandamál mannkyns og tryggt réttlæti í raun. Við verðum að láta málin í hendur Jehóva. Yrðu ekki söfnuðirnir fljótlega sundraðir ef allir þjónar Jehóva beittu sér fyrir þeirri lausn sem þeim þætti best? *W15* 15.7. 3:7, 8

Sunnudagur 18. júní

„Ég vil hugleiða öll þín verk.“

– Sálm. 77:13.

Getum við séð óbrigðulan kærleika Jehóva til okkar í því sem hann hefur skapað? Já, við getum það. Það eitt að Guð hófst handa við að skapa er merki um kærleika hans. (Rómv. 1:20) Hann hannaði jörðina með vistkerfi sem gerir okkur kleift að lifa og hræstast í öruggu umhverfi. En hann vill ekki bara að við séum til. Við þurfum að borða til að viðhalda lífinu. Jehóva sá til þess að jörðin gæfi af sér ógrynni af fjölbreyttri fæðu. Hann gerði okkur meira að segja þannig úr garði að við njótum þess að borða. (Préd. 9:7) Jehóva áskapaði okkur hæfileikann til að vinna innihaldsrík störf sem auka ánægju okkar í lífinu. (Préd. 2:24) Hann gaf mönnum það verkefni að fylla jörðina, gera sér hana undirgefna og ríkja yfir fiskunum, fuglunum og öllum öðrum dýrum. (1. Mós. 1:26-28) Jehóva sýndi okkur líka þann mikla kærleika að skapa okkur með eiginleika sem gera okkur kleift að líkja eftir honum. – Ef. 5:1. *W15 15.8. 1:4, 5*

Mánudagur 19. júní

Hafið gát á sjálfum yður svo að sá dagur komi ekki skyndilega yfir yður eins og snara. – Lúk. 21:34, 35.

Heimsatburðir, sem við sjáum núna, sýna skýrt að spádómar Biblíunnar eru að rætast og að endir þessa illa heimskerfis er mjög nærri. Við ættum því ekki að gera ráð fyrir að langur tími þurfi að líða þar til „hornin tíu“ og „dýrið“ í Opinberunarbókinni 17:16 snúist gegn Babýlon hinni miklu,

heimsveldi falskra trúarbragða. Höfum í huga að Guð „leggur þeim í brjóst“ að ráðast á falstrúarbrögðin – og það getur gerst skyndilega og hvenær sem er. (Opinb. 17:17) Það er stutt í að heimur Satans líði endanlega undir lok. Við höfum fulla ástæðu til að hlýða fyrir mælum Jesú í versni dagsins. (Opinb. 16:15) Einsetjum okkur að vera vakandi og þjóna Jehóva af kappi, örugg um að hann „kemur þeim til hjálpar sem á hann vona“. – Jes. 64:3. *W15 15.8. 2:17*

Þriðjudagur 20. júní

„Hver sem gerir vilja Guðs, sá er bróðir minn, systir og móðir.“

– Mark. 3:35.

Þótt við viljum koma vel fram við alla ættum við að forðast náinn félagsskap við þá sem fylgja ekki lögum Guðs. Það væri því rangt af einhleypum votti Jehóva að fara á stefnumót með einhverjum sem er ekki vígður og trúr Guði og virðir ekki háleitar siðferðisreglur hans. Það er mun mikilvægara að vera ráðvandur Jehóva en að afla sér vinsælda þeirra sem lifa ekki eftir lögum hans. Við ættum aðeins að velja okkur nána vini meðal þeirra sem gera vilja Guðs. Slæmur félagsskapur hefur hörmulegar afleiðingar í för með sér. Tökum Ísraelsmenn sem dæmi. (2. Mós. 23:24, 25; Sálm. 106:35-39) Þar sem þeir héldu ekki tryggð sinni við Guð sagði Jesús síðar við þá: „Guð mun yfirgefa musteri yðar og það verður lagt í rúst.“ (Matt. 23:38) Jehóva hafnaði Ísraelsþjóðinni og lagði nú blessun sína yfir hinn nýstofnaða kristna söfnuð. – Post. 2:1-4. *W15 15.8. 4:7, 8*

Miðvikudagur 21. júní

Markmið fræðslunnar er að vekja kærleika af hreinu hjarta og góðri samvisku. – 1. Tím. 1:5.

Jehóva Guð skapaði manninn með frjálstan vilja, það er að segja frelsi til að velja og hafna. Hann gaf Adam og Evu og framtíðarafkomendum þeirra verðmætan leiðarvísi – samviskuna, en hún gerir okkur kleift að bera skyn á rétt og rangt. Ef við notum hana rétt getur hún hjálpað okkur gera það sem er gott og forðast illt. Samviskan er sönnun fyrir því að Guð elskar okkur og vill að mannkynið vinni sameinað að því að gera það sem er gott. Enn þann dag í dag eru mennirnir gæddir samvisku. (Rómv. 2:14, 15) Margir hegða sér alls ekki í samræmi við leiðbeiningar Biblíunnar en sumir gera það sem er gott og hafa andstyggð á hinu illa. Samviskan heldur aftur af mörgum svo að þeir fremji ekki alvarlega glæpi. Hugsaðu þér hve miklu verra heimsástandið væri ef enginn hefði samvisku. Við getum því verið mjög þakklát fyrir að Jehóva skapaði mennina með samvisku. *15. 15.9. 2:1, 2*

Fimmtudagur 22. júní

„Sjáið hvílíkan kærleika faðirinn hefur auðsýnt okkur.“ – 1. Jóh. 3:1.

Það er okkur mikils virði að hugleiða vandlega þessi orð Jóhannesar postula. Þegar hann segir: „sjáið hvílíkan kærleika faðirinn hefur auðsýnt okkur,“ hvetur hann kristna menn til að hugsa um hvernig Jehóva sýnir þeim kærleika og í hvaða mæli. Ef við skiljum hvernig Jehóva elskar okkur vex kærleikur okkar til hans og sambandið við hann styrkist. Sumum finnst þó framandi að hugsa að Guð elski

mennina. Í þeirra huga á maður bara að óttast Guð og hlýða honum. Vegna rótgróinna falskenninga finnst þeim kannski Guð vera kærleikslaus og jafnvel að ekki sé hægt að elska hann. Svo eru aðrir sem trúa því að Guð elski alla skilyrðislaust, sama hvað þeir geri og hvað þeir geri ekki. Í biblíunámi þínu hefurðu lært að kærleikur sé aðaleiginleiki Jehóva og að það hafi verið vegna kærleika sem hann gaf son sinn sem lausnargjald í okkar þágu. – Jóh. 3:16; 1. Jóh. 4:8. *15. 15.9. 4:1, 2*

Föstudagur 23. júní

Agi virðist ekki vera gleðiefni heldur hryggðar. – Hebr. 12:11.

Með þessu var Páll ekki að draga úr mikilvægi þess að hljóta aga því að í framhaldinu segir hann: „En eftir á veitir hann þeim er alist hafa upp við hann friðsamt og réttlátt líf.“ Ef við elskum Jehóva þurfum við að gæta okkar að verða ekki stolt og gröm þegar hann leiðbeinir okkur. Nú á tímum þegar margir eru sjálfhverfir og ég-kynslóðin ryður sér til rúms er ekki auðvelt að ræða um leiðsögn og aga, hvað þá að taka við slíku. Jafnvel þótt sumir virðist þiggja leiðsögn og aga gera margir þeirra það með ólund. En þjónum Guðs er bent á að „fylgja ekki háttsemi þessa heims“ heldur tileinka sér „fullkominn vilja Guðs“. (Rómv. 12:2) Fyrir milligöngu safnaðar síns veitir Jehóva okkur tímabær ráð á mörgum sviðum lífsins, til dæmis um umgengni við hitt kynið, félagskap og afþreyingu. Ef við þiggjum og nýtum okkur fúslega slík ráð sýnum við að við erum þakklát og elskum Jehóva af öllu hjarta. – Jóh. 14:31; Rómv. 6:17. *15. 15.9. 5:13, 15*

Laugardagur 24. júní

„Hjálp þú vantrú minni.“

– Mark. 9:24.

Við getum ekki byggt upp trú í eigin krafti því að trú er hluti af ávexti heilags anda. (Gal. 5:22) Það er því skynsamlegt að fylgja ráði Jesú um að biðja um að fá þennan anda í auknum mæli. Jesús fullvissar okkur um að faðir hans „gefi þeim heilagan anda sem biðja hann“. (Lúk. 11:13) Eftir að við höfum öðlast trú þurfum við að halda áfram að næra hana. Það má bera trúna saman við bál. Þegar kveikt er í bálinu blossar það upp og logar af miklum krafti. En ef ekkert meira er gert deyr eldurinn smám saman út þar til glóðin ein er eftir. Að lokum verður glóðin að kaldri ösku. Ef maður hins vegar bætir eldivið á bálið jafnt og þétt getur það logað endalaust. Á svipadán hátt getum við haldið trú okkar lifandi ef við nærumst reglulega á orði Guðs. Með því að stunda markvisst biblíunám vex kærleikur okkar til Biblíunnar og höfundar hennar. Þá höfum við góðan grunn til að styrkja trúna enn frekar. *W15 15.10. 2:6, 7*

Sunnudagur 25. júní

„Ég vil hugleiða öll þín verk.“

– Sálm. 77:13.

Rannsóknir á námsaðferðum sýna fram á að það sé auðveldara að muna orð ef maður segir þau *upphátt*. Skapari heilans veit þetta. Þess vegna sagði hann Jósúa að „hugleiða“ efni lögbókarinnar en hebreska orðið getur einnig merkt „að lesa í hálfum hljóðum“. (Jós. 1:8) Þú kemst eflaust að raun um að þegar þú lest Biblíuna lágum rómi festist efnið betur í huga þér. Það getur líka hjálpað þér að einbeita þér. Það er hægt að lesa án

mikillar fyrirhafnar en til að hugleiða þurfum við að einbeita okkur. Ófullkominn heili okkar á það því til að snúa sér að auðveldari verkefnum sem krefjast minni fyrirhafnar. Það er því best að hugleiða þegar maður er nægilega hvíldur og í rólegu umhverfi þar sem fátt truflar. Sálmaritaranum fannst gott að hugleiða á nóttunni þegar hann lá vakandi í rúminu. (Sálm. 63:7) Jesús, sem hafði fullkominn huga, sá kosti þess að vera í rólegu umhverfi þegar hann hugleiddi og baðst fyrir. – Lúk. 6:12. *W15 15.10. 4:4, 6, 7*

Mánudagur 26. júní

Hann vissi hvað í manni býr.

– Jóh. 2:25.

Sumir af áheyrendum Jesú í Galíleu virtust við eitt tækifæri hafa brennandi áhuga á að fylgja honum. (Jóh. 6:22-24) En Jesús gat lesið hjörtu fólks og skildi að það hafði meiri áhuga á bókstaflegum mat en kennslu hans. Hann áttaði sig á hvað var rangt við hugarfar þess, leiðrétti það þolinmóður og útskýrði hvernig það gæti bætt sig. (Jóh. 6:25-27) Þú getur að vísu ekki lesið hjörtu en þú getur sýnt næman skilning eins og Jesús og áttað þig á hvað barninu þínu finnst um boðunarstarfið. Margir foreldrar gera stutt hlé þegar þeir eru í boðuninni til að börnin geti hvílt sig og fengið sér smá snarl. Þú gætir horft lengra en til þess sem er augljóst og spurt þig: „Hefur barnið ánægju af *boðuninni* eða bara *hléunum*?“ Ef þú kemst að því að barnið mætti hafa meiri áhuga á boðuninni og ánægju af henni geturðu hjálpað því að setja sér markmið. Notaðu ímyndunaraflið til að hjálpa börnunum að vera sjálf þátttakendur þegar þau boða trúna með þér. *W15 15.11. 1:10, 11*

Þriðjudagur 27. júní

„Hið fyrra er farið.“ – Opinb. 21:4.

Guð kærleikans gerir alltaf það sem er best fyrir trúa þjóna sína. Í Biblíunni segir: „Hann mun þerra hvert tár af augum þeirra. Og dauðinn mun ekki framar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er framar til.“ Allir sem virða yfirráð Jehóva og kunna að meta kærleika hans eiga unaðslega framtíð í vændum. Í orði hans segir: „Gef gætur að hinum ráðvanda og horfðu til hins grandvara því að friðsamir menn eiga framtíðina fyrir sér en allir syndarar farast.“ (Sálm. 37:37, 38) „Hinn ráðvandi“ kynnist Jehóva og syni hans. Hann er hlýðinn og gerir vilja Guðs. (Jóh. 17:3) Hann tekur alvarlega það sem stendur í 1. Jóhannesarbréfi 2:17: „Heimurinn fyrirferst og fýsn hans en sá sem gerir Guðs vilja varir að eilífu.“ Endalok þessa heims nálgast, svo að það er áriðandi að „vona á Drottin og gefa gætur að vegi hans“. – Sálm. 37:34. *W15 15.11. 3:11, 12*

Miðvikudagur 28. júní

„Uppskeran er mikil en verkamenn fáir.“ – Matt. 9:37.

Undir stjórn ríkis Guðs hafa þegnir þess notað mismunandi aðferðir til að koma fagnaðarerindinu til eins margra og hægt er. Þetta var sérstaklega mikilvægt á þeim tíma sem „verkamenn voru fáir“. Snemma á 20. öldinni voru dagblöð notuð til að ná til mikils fjölda fólks á svæðum þar sem þjónar Jehóva voru fáir. Í hverri viku sendi Charles Taze Russell ræðu með símskeyti til fréttastofu. Fréttastofan sendi svo ræðuna áfram til dagblaða í Bandaríkjunum, Kanada og Evrópu. Áætla-

að er að árið 1913 hafi ræður bróður Russells verið birtar í 2.000 dagblöðum og náð til 15 milljóna lesenda. Eftir dauða bróður Russells var byrjað að nota aðra áhrifaríka aðferð til að koma fagnaðarerindinu á framfæri. Hinn 16. apríl 1922 flutti Joseph F. Rutherford eina af sínum fyrstu útvarpsræðum. Líklega hafa um 50.000 manns heyrð þessa ræðu. Fyrsta útvarpsstöð safnaðarins, WBBR, hóf síðan útsendingu hinn 24. febrúar 1924. *W15 15.11. 5:10, 11*

Fimmtudagur 29. júní

„Ég verð sá sem ég kys að verða.“ – 2. Mós. 3:14, NW.

Jehóva lætur sköpunarverk sitt verða hvaðeina sem hann kys. Í samræmi við það sem nafn hans merkir lét hann Nóa verða arkarsmið, Besalel verða mikinn handverksmann, Gideon verða sigursælan hermann og Pál verða postula heiðingja. Nafn Guðs er sannarlega merkingarrikt fyrir þjóna hans. Þýðingarnefnd Nýheimsþýðingarinnar myndi aldrei gera lítið úr merkingu nafnsins með því að fjarlægja það úr Biblíunni. Í *Nýheimsþýðingunni*, sem hefur komið út á rúmlega 130 tungumálum, er nafn Guðs látið standa þar sem það stóð upphaflega í hinum helga texta og þannig er því gefinn sá heiður sem því ber. (Mal. 3:16) Almenn stefna biblíupýðenda nú á dögum er hins vegar að skipta nafni Guðs út fyrir titla eins og „Drottinn“ eða nafn einhvers guðs sem tilbeðinn er í landinu. Þetta er ein aðalástæðan fyrir því að stjórnandi ráð Votta Jehóva leggur mikla áherslu á að sem flestir fái aðgang að biblíu sem heiðrar nafn Guðs. *W15 15.12. 2:7-9*

Föstudagur 30. júní

*„Enginn borgarbúi mun segja:
‘Ég er veikur.’“ – Jes. 33:24.*

Það er enginn vafi á að Guð getur haft áhrif á heilsu fólks. Biblían staðfestir það. Stundum refsaði hann fólk með veikindum. Dæmi um það eru faraó á dögum Abrahams, og Mirjam, systir Móse. (1. Mós. 12:17; 4. Mós. 12:9, 10; 2. Sam. 24:15) Guð varaði Ísraelsmenn við því að ef þeir yrðu honum ótrúir myndi hann láta allar „sóttir og plágur“ koma yfir þá. (5. Mós. 28:58-61) Hins vegar getur Jehóva líka læknað sjúkdóma

og komið í veg fyrir þá. (2. Mós. 23:25; 5. Mós. 7:15) Job varð svo veikur að hann þráði að deyja en að lokum læknaði Guð hann. (Job. 2:7; 3:11-13; 42:10, 16) Já, við getum verið viss um að Jehóva hefur mátt til að lækna þá sem eru veikir. Og hið sama má segja um son hans. Við lesum um að Jesús læknaði holdsveika, flogaveika, blinda og lamada fyrir kraftaverk. (Matt. 4:23, 24; Jóh. 9:1-7) Það er hughreystandi til þess að hugsa að kraftaverkin, sem Jesús vann til að lækna, voru aðeins forsmekkur þess sem hann gerir í miklu meiri mæli í nýja heiminum. *wl15 15.12. 4:3, 4*

Laugardagur 1. júlí

*„Gleymið ekki gestrisninni.“
– Hebr. 13:2.*

Frummálsorðið, sem þýtt er „gestrisni“, merkir „kærleikur til ókunnugra“. Þetta orðalag minnir okkur ef til vill á fordæmi Abrahams og Lots. Báðir sýndu þeir ókunnugum gestum kærleik en í ljós kom að þessir gestir voru englar. (1. Mós. 18:2-5; 19:1-3) Sýnum við einnig öðrum gestrisni með því að bjóða þeim heim í mat eða til að eiga uppörvandi stund með þeim? Við þurfum ekki að kosta miklu til eða hafa mikið fyrir hlutunum til að vera gestrisin. Og við ættum ekki bara að bjóða þeim sem geta endurgoldið okkur með einhverjum hætti. (Lúk. 10:42; 14:12-14) Markmið okkar ætti að vera að uppörva gesti okkar, ekki að ganga í augun á þeim. Við þekkjum kannski ekki farandhirðinn og konu hans vel en leggjum við okkur samt fram um að sýna þeim gestrisni? (3. Jóh. 5-8) Þrátt fyrir annríki og álag daglegs lífs er mjög mikilvægt að við „gleyfum ekki gestrisninni“. *wl16.01. 1:11, 12*

Sunnudagur 2. júlí

*Þið hafið verið merkt innsigli heilags anda sem yður var fyrirheitið.
Hann er pantur arfleifðar vorrar.
– Ef. 1:13, 14.*

Þessi sérstaka verkun heilags anda er eins og innborgun eða trygging fyrir því sem er í vændum. Andasmurður kristinn maður er því algerlega sannfærður innra með sér um himneska köllun sína af því að hann hefur fengið þennan pant. (2. Kor. 1:21, 22; 5:5) Hann veit fyrir vist að hann hefur fengið boð um að fara til himna. En hvort hann fer til himna eða ekki ræðst af því hvort hann er trúr köllun sinni. Þétur útskýrði það þannig: „Kostið þess vegna fremur kapps um, systkin, að gera köllun ykkar og útvalning vissa. Ef þið gerið það munuð þið aldrei hrasa. Þá mun ykkur ríkulega veitast inngangur í hið eilífa ríki Drottins vors og frelsara Jesú Krists.“ (2. Pét. 1:10, 11) Andasmurður kristinn maður þarf því að kosta kapps um að vera trúr. Ef hann er það ekki hlýtur hann ekki launin á himnum. – Hebr. 3:1; Opínb. 2:10. *wl16.01. 3:6, 7*

Mánudagur 3. júlí

„Hver sem upp hefur sjálfan sig mun auðmýktur verða en sá sem lítillækkar sjálfan sig mun upp hafinn verða.“ – Matt. 23:12.

Það er rangt að upphefja einstaklinga, jafnvel andasmurða bræður Krists. Biblían hvetur okkur til að líkja eftir trú safnaðaröldunga en hún nefnir hvergi að við eigum að upphefja nokkurn mann sem leiðtoga okkar. (Hebr. 13:7) Vissulega talar Biblían um að sumir skuli hafðir „í tvöföldum metum“. En þeir verðskulda þann heiður vegna þess að þeir „veita góða forstöðu“ og „leggja hart að sér við boðun og fræðslu“ en ekki vegna þess að þeir eru andasmurðir. (1. Tím. 5:17) Það væri því vandræðalegt fyrir hina andasmurðu ef þeir fengju óhóflegt hrós eða athygli. Það sem verra er, andasmurðum gæti fundist erfitt að vera auðmjúkir ef þeim væri hampað sérstaklega. (Rómv. 12:3) Ekki viljum við verða einhverjum bræðra Krists að falli. – Lúk. 17:2. *w16.01. 4:9*

Þriðjudagur 4. júlí

„Vinur lætur aldrei af vináttu sinni.“ – Orðskv. 17:17.

Vináttu getur verið ákaflega verðmæt. Vináttu er hins vegar ekki eins og dauður hlutur sem við kaupum og safnar svo ryki uppi í hillu. Vináttu líkist frekar fallegu blómi sem þarf að vökva og annast til að það vaxi og dafni. Abraham hlúði að vináttunni við Jehóva af því að hún var honum kær. Hvernig gerði hann það? Abraham hugsaði aldrei sem svo að hann gæti lifað á fornri frægð ef svo má að orði komast, heldur lagði sig

fram um að vera hlýðinn og guðhræddur alla ævi. Hann leitaði leiðsagnar Jehóva í smáu sem stóru þegar hann fór til Kanaanslands ásamt fjölmennri fjölskyldu og vinnufólki. Þegar hann var 99 ára sagði Jehóva honum að umskera alla karlmenn á heimilinu. Þetta var ári áður en Ísak fæddist. Maldaði Abraham í móinn eða reyndi að komast hjá því að fylgja fyrirmælum Jehóva? Nei, hann treysti honum og hlýddi „á þeim sama degi“. – 1. Mós. 17:10-14, 23. *w16.02. 1:9, 10*

Miðvikudagur 5. júlí

„Jafnvel má þekkja af verkum barnsins hvort athafnir þess eru hreinar og einlægar.“ – Orðskv. 20:11.

Börn geta vel gert sér grein fyrir hvað er rétt og hvað það þýðir að helga skaparanum líf sitt. Skírningin er mikilvægt og viðeigandi skref fyrir unga manneskju sem hefur sýnt góðan þroska og hefur vígt Jehóva líf sitt. (Orðskv. 20:7) Hvað er þroski? Þroski er annað og meira en líkamlegur vöxtur. Biblían segir að þeir sem sýna þroska hafi „agað hugann til að greina gott frá illu“. (Hebr. 5:14) Þeir vita því hvað er rétt í augum Jehóva og eru staðráðnir í að hvíka ekki frá því. Það er ekki auðvelt að fá þá til að gera það sem er rangt og það þarf ekki alltaf að ýta við þeim til að gera rétt. Það er ekki nema eðlilegt að ætla að ung manneskja, sem skírist, fylgi meginreglum Guðs jafnvel þegar foreldrarnir eða aðrir fullorðnir eru ekki nærri. – Fil. 2:12. *w16.03. 1:4, 5*

Fimmtudagur 6. júlí

Vertu óhræddur. Þú verður konungur yfir Ísrael og ég mun ganga næst þér. – 1. Sam. 23:17.

Jónatan hlýtur að hafa verið undrandi yfir því hvernig Davíð tókst á við risann Goliát. Nú stóð Davíð frammi fyrir Sál Ísraelskonungi, föður Jónatans, „með höfuð Filisteans í hendi“. (1. Sam. 17:57) Jónatan hefur eflaust dáðst að Davíð fyrir hugrekki hans. Það var greinilegt að Guð var með Davíð og þeir Jónatan urðu mjög nánir vinir. Jónatan gerði jafnvel „sáttmála við Davíð af því að hann elskaði hann eins og sjálfan sig“. (1. Sam. 18:1-3) Hann var Davíð trúur það sem eftir var ævinnar. Vinátta Jónatans og Davíðs hélst jafnvel þótt Guð hefði valið Davíð til að verða næsti konungur Ísraels. Jónatan hafði áhyggjur af Davíð þegar Sál leitaðist við að drepa hann. Jónatan ferðaðist til Júdaeyðimerkur til að hughreysta Davíð, vin sinn, sem var í Hóres. „Jónatan taldi í hann kjark í nafni Guðs“ með orðunum í versid dagsins. – 1. Sam. 23:16. *w16.02. 3:1, 2*

Föstudagur 7. júlí

„Þá var ég með í ráðum við hlið honum, var yndi hans dag hvern.“ – Orðskv. 8:30.

Allt frá upphafi sköpunar getum við séð hvernig unnið hefur verið í einingu að ákveðnum markmiðum. Faðirinn og sonurinn unnu saman að því að skapa allt það fjölbreytta líf sem til er núna. Samvinna einkenndi einnig verk Guðs eftir það. Við tökum eftir því við byggingu arkarinnar á dögum Nóa. Síðar unnu þjónar Guðs saman við að reisa tjaldbúðina, taka hana í sundur og flytja á ferð sinni um

eyðimörkina. Við musterið spiluðu þeir saman fallega tónlist og sungu í samhljóma kór Jehóva til lofs. Öll þessi verkefni voru háð því að fólk ynni saman. (1. Mós. 6:14-16, 22; 4. Mós. 4:4-32; 1. Kron. 25:1-8) Samvinna einkenndi einnig kristna söfnuðinn á fyrstu öld undir forystu Jesú Krists. Páll postuli útskýrði að þó að hinir andasmurðu byggju yfir mismunandi „náðargjöfum“, sinntu mismunandi „þjónustustörfum“ og „framkvæmdir“ væru af ýmsum toga voru þeir allir hluti af einum og sama „líkama“. – 1. Kor. 12:4-6, 12. *w16.03. 3:1, 2*

Laugardagur 8. júlí

„Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum.“ – Matt. 28:19.

Lítum á boðun fagnaðarerindisins sem Jesús var í þann mund að fela fylgjendum sínum. Nýjar aðferðir yrðu notaðar við boðunina og umfang hennar myndi margfaldast. Fyrr á öldum hafði fólki af öðrum þjóðum verið tekið opnum örmum þegar það kom til Ísraels til að þjóna Jehóva. (1. Kon. 8:41-43) Það var áður en Jesús gaf fyrirælin í versid dagsins. Lærissveinum Jesú var sagt að „fara“ til allra þjóða. Strax á hvítasunnu árið 33 lét Jehóva þessa breyttu stefnu sína í ljós – hann vildi að fagnaðarerindið yrði boðað um alla jörð. Um 120 meðlimir þessa nýja safnaðar fylltust heilögum anda og fóru að tala á mismunandi tungumálum við Gyðinga og trúskiptinga. (Post. 2:4-11) Fljótlega náði boðunin einnig til Samverja. Árið 36 náði hún svo líka til óumskorinna heiðingja. Umfang boðunarinnar jókst sem sagt úr því að ná aðeins til Gyðinga í að ná til alls mannkyns. *w16.03. 4:12*

Sunnudagur 9. júlí

Það sem þú heyrðir mig tala skalt þú fá í hendur trúum mönnum.

– 2. Tím. 2:2.

Þjónar Guðs hafa lengi vitað að þjálfun er lykillinn að góðum árangri. Ættfaðirinn Abram fór með hóp „*valinna* manna“ til að bjarga Lot. Þetta voru vel þjálfaðir menn og þeim tókst ætlunarverk sitt. (1. Mós. 14:14-16) Söngvurum við tjaldbúðina á dögum Davíðs konungs „hafði verið *kennt* að syngja Drottinn söngva“ og þeir voru Jehóva til lofs. (1. Kron. 25:7) Núna eigum við í andlegu stríði við Satan og fylgjendur hans. (Ef. 6:11-13) Við leggjum okkur líka alla fram um að lofa Jehóva. (Hebr. 13:15, 16) Til að okkur vegni vel þurfum við einnig að fá *þjálfun*, rétt eins og þjónar Guðs til forna. Jehóva hefur trúað öldungunum fyrir því að þjálfaðu í söfnuðinum. Áður en öldungur veitir óreyndari bróður þjálfun gæti hann þurft að næra nemandann með vel völdum biblíuversum til að gera hjarta hans móttækilegra fyrir kennslunni sem hann fær. – 1. Tím. 4:6. *W15* 15.4. 2:1, 2

Mánudagur 10. júlí

Jesús mun að engu gera þann sem hefur mátt dauðans, það er að segja djöfulinn. – Hebr. 2:14.

Það merkir ekki að djöfullinn drepí alla með beinum hætti. Heimurinn er hins vegar gegnsýrður sömu grimmdinni og hann. Og því má bæta við að synd og dauði hafa náð til allra manna vegna þess að Eva trúði lygum Satans og Adam óhlýðnaðist Guði. (Róm. 5:12) Í þeim skilningi hefur Satan haft „mátt dauðans“. Hann er „manndrápari“ eins og Jesús kallaði hann. (Jóh. 8:44) Satan er svo sannarlega öflugur óvinur. Með því að standa gegn Satan tókum við bæði afstöðu gegn

honum og öllum sem standa hans megin í deilunni um æðsta vald yfir alheiminum. Þeirra á meðal er nokkuð stór hópur illra anda, það er að segja andavera sem gerðu líka uppreisn gegn Guði. (Opinb. 12:3, 4) Illu andarnir hafa æ ofan í æ sýnt að þeir búa yfir ofurmannlegum mætti og hafa oft valdið fólki miklum þjáningum. (Matt. 8:28-32; Mark. 5:1-5) Við skulum aldrei vanmeta áhrif þessara illu engla eða höfðingja þeirra. (Matt. 9:34) Án hjálpar Jehóva gætum við aldrei haldið velli í baráttunni gegn Satan. *W15* 15.5. 1:6, 7

Þriðjudagur 11. júlí

„Enginn sem er saurlífur, dýrkar falsguði eða lifir í hördómi, enginn karlmaður sem lætur nota sig eða notar aðra til ólifnaðar, enginn þjófur eða fégráðugur, vínsvallari, rógberi eða fjársvikari fær að erfna Guðs ríki.“ – 1. Kor. 6:9, 10.

Hvað geturðu gert ef siðlaust kynlíf freistar þín? Viðurkenndu þá veikleika þinn. (Róm. 7:22, 23) Biddu Guð að gefa þér styrk. (Fil. 4:6, 7, 13) Forðastu aðstæður sem gætu leitt til siðleysis. (Orðskv. 22:3) Og þegar freisting verður á vegi þínum skaltu flýja hana tafarlaust. (1. Mós. 39:12) Jesús er okkur góð fyrirmynd um það hvernig hægt sé að standast freistingar. Hann lét ekki blekkjast af gylliboðum Satans og eyddi ekki tíma í að vega og meta kostina og gallana. Hann svaraði umsvifalaust: „Ritað er.“ (Matt. 4:4-10) Jesús þekkti orð Guðs og þess vegna gat hann brugðist skjótt við og vitnað í viðeigandi vers þegar hans var freistað. Ef við viljum berjast gegn Satan og sigra megum við ekki láta freistast og leiðast út í kynferðislegt siðleysi. *W15* 15.5. 2:15, 16

Miðvikudagur 12. júlí

Verðið eftirbreytendur Guðs.

– Ef. 5:1.

Hæfileiki okkar til að setja okkur í aðstæður, sem við höfum ekki kynnst af eigin raun, getur hjálpað okkur að líkja eftir visku Jehóva og sjá fyrir líklegar afleiðingar verka okkar. Jehóva getur séð fyrir í smáatriðum afleiðingar ákveðinna verka ef hann kysir að gera það. Við getum ekki séð fram í tímann eins og hann, en við ættum þó að hugleiða hvaða afleiðingar það sem við ætlum að gera getur haft. Til að líkja eftir visku Guðs ættum við að ihuga og jafnvel sjá fyrir okkur líklegar afleiðingar gerða okkar. Tökum dæmi. Ef við erum að kynnast einhverjum með hjónaband í huga þurfum við að gera okkur grein fyrir hve sterkt aðdráttaraflíð milli kynjanna getur verið. Við ættum aldrei að gera nokkuð eða ætla okkur að gera nokkuð sem gæti stefnt sambandi okkar við Jehóva í hættu. Fylgjum öllu heldur þessu ráði Biblíunnar: „Vítur maður sér ógæfuna og felur sig en einfeldningarnir halda áfram og gjalda þess.“ – Orðskv. 22:3. *W15 15.5. 4:10, 11*

Fimmtudagur 13. júlí

„Hver sem horfir á konu í girndarhug hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.“ – Matt. 5:28.

Það gerðist hjá Davíð konungi. „Ofan af þakinu sá hann konu vera að baða sig.“ (2. Sam. 11:2) Hann hefði átt að líta undan og beina hugsunum sínum á aðrar brautir. En hann gerði það ekki. Það varð til þess að hann fór að girnast konu annars manns og drýgði síðan hór með henni. Til að berjast gegn siðlausum draumórum þurfum við að „gera sáttmála við augu

okkar“ eins og Job gerði. (Job. 31:1, 7, 9) Við þurfum að vera ákveðin í að hafa stjórn á augunum og leyfa okkur ekki að horfa girndaraugum á aðra manneskju. Og ef við sjáum kynsandi mynd á tölvuskjá, auglýsingaskilti, forsiðu tímarits eða annars staðar lítum við undan þegar í stað. Þarftu að standa þig betur í baráttunni gegn siðlausum löngunum? Gerðu þá eitthvað í málinu þegar í stað. Farðu fúslega eftir leiðbeiningum Biblíunnar. Þá geturðu forðast kynferðislegt siðleysi og lifað hreinu lífi. – Jak. 1:21-25. *W15 15.6. 3:12-14*

Föstudagur 14. júlí

„Eigi leið þú oss í freistni.“

– Matt. 6:13.

Rifjum upp það sem gerðist hjá Jesú stuttu eftir að hann lét skirast. Þá skiljum við betur hvers vegna við þurfum að biðja: „Eigi leið þú oss í freistni.“ Andi Guðs leiddi Jesú út í eyðimörkina „til þess að djöfullinn gæti freistað hans“. (Matt. 4:1) Ætti það að vekja undrun okkar? Ekki ef við skiljum hvers vegna Guð sendi son sinn til jarðar. Hann gerði það fyrst og fremst til að útkljá deiluna sem kom upp þegar Adam og Eva höfnuðu drottinvaldi hans. Það tók sinn tíma að svara ásökunum Satans. Var maðurinn ekki rétt skapaður? Gat fullkominn maður stutt drottinvald Guðs þrátt fyrir þrýsting frá „hinum vonða“? Og væri mannkynið betur sett ef það væri óháð stjórn Guðs eins og Satan gaf í skyn? (1. Mós. 3:4, 5) Það tók sinn tíma að fá svör við þessum spurningum en allar skynsemigæddar sköpunarverur Jehóva myndu þá sjá að hann beitir drottinvaldi sínu til góðs. *W15 15.6. 5:12*

Laugardagur 15. júlí

Þá verður mikil þrenging.

– Matt. 24:21.

Hvernig hefst þrengingin mikla? Samkvæmt Opinberunarbókinni gerist það með því að „Babýlon hinna miklu“ verður eytt. (Opinb. 17:5-7) Það er viðeigandi að öllum fólkskum trúarbrögðum skuli vera líkt við skækju. Prestastéttin hefur selt sig leiðtogum þessa illa heims. Í stað þess að styðja Jesú og ríki hans heils hugar hefur hún stutt stjórnir manna og vikið frá meginreglum Guðs í skiptum fyrir pólitísk áhrif. Hún er gerólik andasmurðum þjónum Guðs sem er líkt við hreina mey. (2. Kor. 11:2; Jak. 1:27; Opinb. 14:4) En hver eyðir falstrúarbrögðunum? Jehóva Guð leggur „vilja sinn“ í brjóst „tíu hornum“ á „skarlatsrauðu dýri“. Hornin tákna öll núverandi stjórn málaöfl sem styðja Sameinuðu þjóðirnar en þær eru táknaðar með „skarlatsrauða dýrinu“. – Opinb. 17:3, 16-18. *W15* 15:7. 2:3, 4

Sunnudagur 16. júlí

„Sum ykkar segja: ‘Ég fylgi Páli,’ og aðrir: ‘Ég fylgi Apollós,’ eða: ‘Ég fylgi Kefasi,’ eða: ‘Ég fylgi Kristi.’“ – 1. Kor. 1:12.

Hvað þurfti að gera til að koma í veg fyrir þessa sundrung? Páll sagði við söfnuðinn: „Ég hvet ykkur, systkin, í nafni Drottins vors Jesú Krists, að vera öll samhuga og ekki séu flokkadrættir á meðal ykkar. Verið heldur samlynd og einhuga.“ (1. Kor. 1:10, 11, 13) Það ætti ekki heldur að vera sundrung af nokkru tagi í kristna söfnuðinum núna. (Rómv. 16:17, 18) Páll

hvatti andasmurða þjóna Guðs til að einbeita sér að himnesku ríkisfangi sínu frekar en jarðneskum hlutum. (Fil. 3:17-20) Þeir áttu að vera erindrekar Krists. Erindrekar blanda sér ekki í mál þeirra landa sem þeir eru sendir til. Hollusta þeirra tilheyrir annarri þjóð. (2. Kor. 5:20) Kristnir menn með jarðneska von eru líka þegnar Guðsríkis og þess vegna er ekki við hæfi að þeir taki afstöðu í deilum þessa heims. *W15* 15:7. 3:9, 10

Mánudagur 17. júlí

„Hann er miskunnsamur, fyrirgefur misgjörðir og eyðir þeim ekki. Oft stillir hann reiði sína, heldur aftur af bræði sinni.“ – Sál. 78:38.

Með því að hugleiða þetta vers geturðu fundið að Jehóva elskar þig og er innilega annt um þig. Þú mátt treysta því að Jehóva beri umhyggju fyrir þér. (1. Pét. 5:6, 7) Við ættum að meta Biblíuna að verðleikum vegna þess að það er aðallega með henni sem Guð á samskipti við okkur. Innileg og innihaldsrík samskipti milli foreldra og barna eru grundvöllurinn að gagnkvæmu trausti og styrkja kærleiksböndin. Hvers megum við þá vænta af Jehóva? Við höfum aldrei séð hann né heyrt rödd hans en hann „talar“ samt til okkar í innblásnu orði sínu, og við þurfum að hlusta. (Jes. 30:20, 21) Jehóva þráir að leiðbeina okkur, vígðum þjónum sínum, og vernda okkur gegn því sem gæti skaðað okkur. Hann vill líka að við þekkjum sig og treystum á sig. – Sál. 19:7-11; Orðskv. 1:33. *W15* 15:8. 1:6, 7

Priðjudagur 18. júlí

„Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgastr ykkur.“ – Jak. 4:8.

Þó að við hlökkum mikið til paraðisarinnar fram undan verður mesta blessunin í nýja heiminum andlegs eðlis. Það verður okkur mikil ánægja að vita að nafn Jehóva hafi verið helgað og drottinvald hans réttlætt. (Matt. 6:9, 10) Það verður stórkostlegt að sjá upphaflegan vilja Jehóva með mannkynið og jörðina verða að veruleika. Og hugsaðu þér hve miklu auðveldara það verður að nálægja sig Jehóva þegar við nálgumst fullkomleikann eða þegar við erum að lokum orðin fullkomin. (Sálm. 73:28) Við getum fengið að upplifa þetta því að Jesús fullvissar okkur um að „Guði sé ekkert um megn“. (Matt. 19:25, 26) En ef við væntum þess að lifa í nýja heiminum – og halda áfram að lifa eftir þúsund ára ríki Krists – þurfum við að vinna að því núna að „höndla“ eilífa lífið. (1. Tím. 6:19) Við verðum að vænta eftir að þessi illi heimur líði undir lok og sýna það í verki. Við þurfum að gera allt sem við getum til að búa okkur undir lífið í nýja heiminum. *W15 15.8. 3:2, 3*

Miðvikudagur 19. júlí

„En það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og þann sem þú sendir, Jesú Krist.“ – Jóh. 17:3.

Margt af því afþreyingar- og lestrarefni, sem heimurinn býður upp á, getur skaðað samband okkar við Jehóva. Það er ekki gert til að styrkja trú okkar á hann og loforð hans. Þess í stað endurspeglar það illan heim Satans og markmið

hans. Við þurfum því að gæta okkar vel svo að við veljum ekki efni sem vekur hjá okkur „veraldlegar girndir“. (Tít. 2:12) Ólíkt heimi Satans veitir söfnuður Jehóva okkur efni sem hvetur okkur til að lifa þannig að við getum hlotið eilíft líf. Það er mikil blessun að fá tímarit, bæklinga, bækur, myndbönd og efni á Netinu sem eflir sanna tilbeiðslu. Söfnuður Jehóva skipuleggur einnig reglulegar samkomur í yfir 110.000 söfnuðum um heim allan. Á samkomum okkar og mótum förum við yfir biblíutengt efni sem styrkir trú okkar á Guð og loforð hans. – Hebr. 10:24, 25. *W15 15.8. 4:9, 11*

Fimmtudagur 20. júlí

„Samviska þeirra ber þessu vitni.“ – Róm. 2:15.

Þjónar Jehóva vilja þjálfast samviskuna. Þeir vilja að samviska þeirra samræmist meginreglum Biblíunnar um rétt og rangt og gott og illt. Þeir sem hafa vel þjálfaða samvisku geta haft mjög góð áhrif á söfnuðinn. En að þjálfast og nota samviskuna snýst ekki bara um eitthvað sem gerist í huganum. Biblían bendir á að góð samviska tengist trú og kærleika. Páll skrifaði: „Markmið fræðslunnar er að vekja kærleika af hreinu hjarta, góðri samvisku og hræsnislausri trú.“ (1. Tím. 1:5) Þegar við þjálfum samviskuna og hlustum á hana styrkjum við kærleika okkar til Jehóva og eflum trúna. Hvernig við notum samviskuna gefur til kynna hve sterk við erum í trúnni, hver við erum innst inni og hve heitt við þráum að þóknast Jehóva. Þessi innri rödd sýnir hvaða mann við höfum að geyma. *W15 15.9. 2:2, 3*

Föstudagur 21. júlí

„Sjáið hvílíkan kærleika faðirinn hefur auðsýnt okkur.“ – 1. Jóh. 3:1.

Jehóva er skapari mannkynsins. (Sálm. 100:3-5) Þess vegna kallar Biblían Adam ‚son Guðs‘ og Jesús kenndi fylgjendum sínum að ávarpa Guð sem ‚föður þeirra á himnum‘. (Lúk. 3:38; Matt. 6:9) Þar sem Jehóva gaf okkur lífið er hann faðir okkar og samband okkar við hann er eins og milli föður og barns. Með öðrum orðum elskar Jehóva okkur eins og ástrikur faðir elskar börnin sín. Mennskir feður eru auðvitað ófullkomnir. Þó að þeir reyni geta þeir aldrei endurspeglað föðurlegan kærleika Jehóva til fulls. Sumir hafa jafnvel vondar minningar frá uppeldi sínu sem hafa skilið eftir sig djúp tilfinningaleg sár og vanlíðan. Það er ömurlegt að fólk þurfi að upplifa slíkt. Við getum verið viss um að Jehóva er ekki þess konar faðir. (Sálm. 27:10) Án efa dregur það okkur nær honum að skilja hvernig hann elskar okkur og annast. – Jak. 4:8. *W15* 15.9. 4:3, 4

Laugardagur 22. júlí

„Það er Guð sem verkar í ykkur bæði að vilja og að framkvæma sér til velþóknunar.“ – Fil. 2:13.

Ef við tækjum ákvarðanir án þess að hugleiða hver vilji Guðs er væri það merki um að okkur skorti bæði traust og kærleika til hans. Á dögum Samúels biðu Ísraelsmenn eitt sinn mikinn ósigur fyrir Filisteum. Þeir þurftu nauðsynlega á hjálp Guðs og vernd að halda. Hvað gerðu þeir? „Við skulum sækja sáttmálsörk Drottins til

Síló svo að hann verði mitt á meðal okkar og bjargi okkur úr greipum fjandmanna okkar,“ sögðu þeir. Hvernig fór? „Mannfallið var mjög mikið og féllu þrjátíu þúsund fótgönguliðar úr liði Ísraelsmanna. Örk Guðs var tekin herfangi.“ (1. Sam. 4:2-4, 10, 11) Það leit kannski út fyrir að Ísraelsmenn leituðu hjálpar Jehóva með því að taka örkina með sér. En í rauninni höfðu þeir ekki leitað leiðsagnar hans. Þeir gerðu það sem þeim sjálfum datt í hug og útkoman var skelfileg. – Orðskv. 14:12. *W15* 15.9. 5:16, 17

Sunnudagur 23. júlí

„Auk oss trú!“ – Lúk. 17:5.

Hvað er hægt að gera til að byggja upp trúna og viðhalda henni? Láttu þér ekki nægja þá þekkingu sem þú aflaðir þér fyrir skírnina. (Hebr. 6:1, 2) Skoðaðu vandlega spádóma Biblíunnar sem hafa þegar uppfyllst. Þannig færðu sterk rök fyrir trú þinni. Þú getur líka notað Biblíuna sem mælikvarða til að kanna hvort trú þín samræmist lýsingu hennar á sterkri trú. (Jak. 1:25; 2:24, 26) Páll postuli sagði trúsystkinum sínum að þau gætu „uppörvast saman í sömu trú“. (Róm. 1:12) Þegar við umgöngumst trúsystkini getum við byggt upp trú hvert annars, sérstaklega þegar við erum með þeim sem hafa sýnt trúfesti í prófraunum. (Jak. 1:3) Slæmur félagsskapur brýtur niður trúna en góður félagsskapur byggir hana upp. (1. Kor. 15:33) Það er ein ástæðan fyrir því að okkur er sagt að ‚vanrækja ekki safnaðarsamkomur okkar‘. – Hebr. 10:24, 25. *W15* 15.10. 2:2, 8, 9

Mánudagur 24. júlí

„Stunda þetta, ver allur í þessu.“

– 1. Tím. 4:15.

Við þurfum að taka okkur tíma til að hugleiða þegar við búum okkur undir að halda biblíunámskeið. Með biblíunemandann í huga gætum við reynt að finna viðhorfsspurningu eða líkingu til að hjálpa honum að taka framförum. Það getur verið mjög hvetjandi fyrir okkur að nota tímann á þennan hátt. Við styrkjum okkar eigin trú og verðum hnitmiðaðri og ákafari í kennslu okkar. Það sama á við þegar við búum okkur undir boðunarstarfið. (Esra. 7:10) Til að „glæða hjá okkur“ áhugann á boðuninni er gott að lesa kafla í Postulasögunni. Við gætum líka hugleitt biblíuvers sem við viljum nota þann dag og efni ritanna sem við ætlum að bjóða. (2. Tím. 1:6) Hugsaðu um fólkið á starfssvæðinu og hvað gæti vakið áhuga þess. Allur slíkur undirbúningur hjálpar okkur að boða trúna á áhrifaríkan hátt með „krafti Guðs anda“ sem kemur frá orði hans. – 1. Kor. 2:4. *15 15.10. 4:9*

Þriðjudagur 25. júlí

„Ef hægra auga þitt tælir þig til falls þá rif það úr.“ – Matt. 5:29.

Spyrðu þig: Hvernig gæti barnið mitt freistast til að horfa á klám? Þekkir það hætturarnar sem fylgja því? Er auðvelt fyrir barnið að leita til mín ef því fyndist freistandi að horfa á klám? Jafnvel þótt börnin þín séu frekar ung gætirðu sagt við þau: „Ef þú rekest einhvern tíma á siðlaust efni á Netinu og finnst freistandi að skoða það komdu þá og talaðu við mig. Þú þarft ekki að skammast þín. Ég skal hjálpa þér.“ Næmur skilningur hjálpar þér líka

að sýna skynsemi þegar þú velur skemmtiefni fyrir sjálfan þig. „Við foreldrar leggjum línurnar fyrir alla í fjölskyldunni með vali okkar á tónlist, kvikmyndum og bókum,“ segir faðir sem heitir Pranas. „Maður getur talað endalaust við börnin en þau taka eftir því sem maður gerir og herma eftir því.“ Ef börnin sjá þig vanda valið á skemmtiefni er líklegt að þau geri það líka. – Róm. 2:21-24. *15 15.11. 1:12-14*

Miðvikudagur 26. júlí

„Ég vil fræða þig, vísa þér veginn sem þú átt að ganga.“

– Sálm. 32:8.

Núna er lögð aukin áhersla á boðun meðal almennings – á strætóbíðstöðvum, lestarstöðvum, bílastæðum, torgum og mörkuðum. Verðurðu taugaóstyrkur við tilhugsunina um að taka þátt í boðuninni á þessum stöðum? Biddu þá Jehóva um að hjálpa þér og hugsaðu um það sem gamalreyndur farandhirðir, Angelo Manera yngri, sagði: „Við litum á hverja nýjung í boðuninni sem nýja leið til að þjóna Jehóva, nýja leið til að sýna honum hollustu og sem eins konar próf á trúfesti okkar. Við viljum áköf sýna hve fús við vorum að þjóna honum á hvern þann veg sem hann bað okkur um.“ Þegar við prófum nýjar leiðir í boðuninni og förum jafnvel út fyrir þægindarammann styrkir það trú okkar og traust á Jehóva og við eignumst nánara samband við hann. (2. Kor. 12:9, 10) Margir boðberar hafa ánægju af að kynna vefsetur okkar, jw.org, fyrir fólki. Við notum það til að koma fagnaðararindinu til fólks, jafnvel á afskrektum svæðum. *15 15.11. 5:12, 13, 15*

Fimmtudagur 27. júlí

„Járn brýnir járn og maður brýnir mann.“ – Orðskv. 27:17.

Í enskri útgáfu *Nýheimsþýðing-arinnar* var áður fylgt fordæmi annarra enskra biblíuútgáfa sem nota hebreska orðið *séol'* í versum eins og Prédikaranum 9:10. Í *Nýheimsþýðingunni* stóð þar: „Það er hvorki starfsemi, né hugsun, né þekking, né víska í séol, þangað sem þú ferð.“ Þetta skapaði ákveðið vandamál við þýðingar á mörg mál. Fæstir lesendur kannast við orðið *séol'* og það er ekki að finna í orðabókum. Þar að auki hljómar það eins og landfræðilegt heiti. Í endurskoðuðu útgáfunni frá 2013 var því ákveðið að skýra orðið *séol'* og samsvarandi grískt orð, *hades*, með því að skipta þeim út fyrir orðið „gröf“ sem er nákvæm þýðing á þessum orðum. Úreltum enskum orðum og orðalagi var skipt út fyrir nútímalegra mál og mikið átak var gert til að textinn yrði skýr og auðskiljanlegur án þess þó að vera ónákvæmur. Með því að nota svipaðar aðferðir og við þýðingar á önnur mál varð enski textinn mun skýrari. *w15 15.12. 2:10, 12*

Föstudagur 28. júlí

„Sæll er sá sem sinnir bágstöddum, á mæðudeginum bjargar Drottinn honum. Drottinn varðveitir hann og lætur hann njóta lífs.“ – Sál. 41:2, 3.

Þeir sem eru veikir geta leitað til Guðs til að fá hughreystingu, vísu og stuðning, rétt eins og sannir tilbiðjendur Guðs fyrr á tímum. Við vitum þó að samtíðarmenn Davíðs, sem sinntu bágstöddum, lifðu ekki eilíflega. Þegar Davíð skrifaði orðin í versi dagsins gat hann því ekki

hafa átt við að Guð hafi gefið þessum umhyggjusömu einstaklingum líf fyrir kraftaverk svo að þeir lifðu að eilífu. Við getum þó skilið þessi innblásnu orð þannig að Guð hjálpi þessu trúfasta og umhyggjusama fólki. En hvernig? Davíð útskýrir það í framhaldinu: „Drottinn styður hann á sóttarsæng, þú læknað hann þegar hann liggur sjúkur.“ (Sál. 41:4) Einstaklingur, sem sinnti bágstöddum, gat verið þess fullviss að Guð tæki eftir honum og trúfesti hans. Og lækningamáttur líkamans, sem Guð gaf mönnunum, getur hafa hjálpað honum að batna og ná sér eftir veikindin. *w15 15.12. 4:7*

Laugardagur 29. júlí

„Minnist bandingjanna.“ – Hebr. 13:3.

Páll var hér að tala um fanga, en ekki hvaða fanga sem er. Hann átti við þá sem voru í fangelsi vegna trúarinnar. Páll hafði sjálfur verið fangi í um fjögur ár þegar hann skrifaði kristnum Hebreum þessi orð. (Fil. 1:12-14) Hann hrósaði trúsystkinum sínum fyrir að hafa „þjáðst með bandingjunum“ og sýnt þeim samkennd. (Hebr. 10:34) Þessir kristnu Hebrear bjuggu ekki nálægt Páli. Hvernig gátu þeir þá hjálpað honum? Þeir gátu gert það með því að biðja ákaft fyrir honum. (Hebr. 13:18, 19) Við búum kannski ekki heldur nálægt trúsystkinum okkar sem eru í fangelsi og getum ekki veitt þeim þá aðstoð sem vottar á staðnum geta veitt. En við getum sýnt samkennd og bróðurkærleik með því að minnast þessara trúföstu bræðra og systra og nefna þau oft í bænum okkar og biðja ákaft fyrir þeim. *w16.01. 1:13, 14*

Sunnudagur 30. júlí

„Sjálfur andinn vitnar með anda okkar að við erum Guðs börn.“

– Rómv. 8:16.

Guð skapaði mennina til að lifa að eilífu hér á jörð. (1. Mós. 1:28; Sál. 37:29) Jehóva hefur valið suma til að ríkja sem konungar og prestar á himnum en það er undantekning frá reglunni. Þegar hann smyr þá með anda sínum hefur það djúpstæð áhrif á hugsunarhátt þeirra og von þannig að þeir hlakka til að fara til himna. (Ef. 1:18) Hvernig veit fólk að það hefur fengið himneska köllun, að það hafi í rauninni fengið þennan sérstaka „pant“? Svarið kemur skýrt fram í bréfi Páls til andasmurðra trúsystkina sinna í Róm sem voru heilög samkvæmt köllun. Hann skrifaði: „Þið hafið ekki fengið anda sem hneppir í þrældóm og leiðir aftur til hræðslu. Þið hafið fengið þann anda sem gerir mann að barni Guðs. Í þeim anda ákölum við: „Abba, faðir.““ (Rómv. 1:7; 8:15) Með öðrum orðum gefur Guð einstaklingum skýr skilaboð með anda sínum um að hann hafi boðið þeim að ríkja með Jesú á himnum. – 1. Þess. 2:12. *W16.01. 3:8, 9*

Þriðjudagur 1. ágúst

„Mun dómari allrar jarðarinnar ekki gera rétt?“ – 1. Mós. 18:25.

Abraham vandi sig á að hlýða Jehóva, jafnvel í því smáa. Þess vegna var vinátta þeirra alltaf sterk. Hann var ófeiminn að opna hjarta sitt fyrir Jehóva og bað hann um að hjálpa sér þegar erfiðar spurningar sóttu á hann. Þegar hann komst að raun um að Jehóva ætlaði að eyða borgunum Sódómu og Gómorru hafði hann til dæmis áhyggjur af því að réttlátir myndu farast með ranglátum. Kannski var hann hræddur um

Mánudagur 31. júlí

Stundið hvert ykkar starf.

– 1. Þess. 4:11.

Hvernig getum við sýnt þeim tilhlýðilega virðingu sem Jehóva hefur smurt með anda sínum? Við spyrjum þá ekki persónulegra spurninga varðandi andasmurningu þeirra. Þannig forðumst við að blanda okkur í persónuleg mál annarra. (2. Þess. 3:11) Við ættum ekki að gefa okkur að foreldrar, maki eða aðrir ættingjar hins andasmurða séu það einnig. Erfðir eða hjónaband hafa ekkert með þetta að gera. (1. Þess. 2:12) Við ættum líka að standast freistinguna að forvitnast um hvernig maka hins andasmurða finnist sú tilhugsun að lifa án hans í paradís á jörð. Spyrjum ekki spurninga sem geta valdið sársauka. Við getum treyst fullkomlega að Jehóva ljúki upp hendi sinni í nýja heiminum og „seði allt sem lifir með blessun“. (Sál. 145:16) Ef við sjáum hina andasmurðu í réttu ljósi vörumst við annað sem gæti verið lúmsk hætta – „falsbræður“ sem segjast vera andasmurðir. – Gal. 2:4, 5; 1. Jóh. 2:19. *W16.01. 4:10, 11*

Lot, bróðurson sinn, og fjölskyldu hans en þau bjuggu þá í Sódómu. Hann treysti þó Jehóva, „dómara allrar jarðarinnar“, og tjáði honum áhyggjur sínar af mikilli auðmýkt. Jehóva sýndi Abraham fram á að hann væri miskunnsamur. Hann benti honum þolinmóður á að hann sæi hvað byggi í hjörtum manna og verndaði réttláta þegar hann fullnægði dómi. (1. Mós. 18:22-33) Ljóst er að öll þekking og reynsla Abrahams gerði honum kleift að viðhalda nánú vináttusambandi við Jehóva. *W16.02. 1:11, 12*

Miðvikudagur 2. ágúst

„Drottinn er ævarandi vitni okkar og afkomenda okkar.“

– 1. Sam. 20:42.

Hollusta er yfirleitt mikils metin alls staðar í heiminum. En hvað Jónatan varðar færur við á mis við mikilvægan lærdóm ef við einblíndum á hollustu hans við Davíð án þess að hugsa um hollustu hans við Guð. Hvers vegna leit Jónatan á Davíð sem vin sinn en ekki keppinaut? Hollusta við Guð skipaði fyrsta sæti hjá Jónatan. Hollusta hans við Davíð byggðist reyndar á hollustu hans við Jehóva. Bæði Jónatan og Davíð voru trúir og stóðu við svarinn eið sinn. Við sem erum kristin däumst ekki bara að hollustu annarra, við sýnum sjálf fjölskyldu okkar, vinum og trúsystkinum hollustu. (1. Þess. 2:10, 11) En hollusta við hvern ætti að skipta okkur mestu máli? Það er auðvitað hollustan við hann sem gaf okkur lífið. (Opinb. 4:11) Það veitir okkur sanna gleði og ánægju að sýna Guði hollustu. En til að geta gert það verðum við líka að vera honum trú þegar á reynir. *w16.02.3:3, 4*

Fimmtudagur 3. ágúst

Daníel einsetti sér að saurga sig ekki. – Dan. 1:8.

Þroskuð ung manneskja hvíkar ekki frá sannfæringu sinni. Hún hegðar sér ekki eins og vinur Guðs í ríkissalnum en vinur heimsins í skólanum. Hún er óhagganleg, jafnvel þegar reynir á trúna. (Ef. 4:14, 15) Auðvitað er enginn fullkominn. Bæði ungt fólk og fullorðnir gera stundum mistök. (Préd. 7:20) En þar sem þú ert að íhuga að láta skírast er viturlegt af þér að skoða hversu ákveðinn þú ert í hjarta þínu

að halda lög Jehóva. Spyrðu þig: Hvernig hef ég staðið mig í að hlýða lögum Guðs? Veltu fyrir þér hvernig þú hefur brugðist við upp á síðkastið þegar reynt hefur á trú þína. Hefurðu sýnt þá dómgreind sem þarf til að greina rétt frá röngu? Hvernig bregstu við ef einhver hvetur þig til að nýta þér hæfileika þína í heimi Satans, eins og gerðist hjá Daníel? Ertu fær um að skilja hver sé vilji Jehóva, jafnvel þótt þér finnist freistandi að gera eitthvað sem stangast á við vilja hans? – Ef. 5:17. *w16.03.1:7-9*

Föstudagur 4. ágúst

„Á þeim dögum verður sú þrenging sem engin hefur þvilík verið frá upphafi sköpunar allt til þessa.“
– Mark. 13:19.

Við lifum á þeim tíma sem Biblían kallar „síðustu daga“ og rétt fram undan er meiri þrenging en mennirnir hafa nokkurn tíma upplifað. (2. Tím. 3:1) Að auki hefur Satan og illum öndum hans verið úthýst af himnum og umsvif þeirra verið takmörkuð við nágrenni jarðar. Þetta hefur valdið jarðarbúum miklum hörmungum. (Opinb. 12:9, 12) Okkur hefur verið falið að taka þátt í sögulegu boðunarátaki sem nær til fólks út um allan heim á fleiri tungumálum en nokkru sinni fyrr. Til að halda áfram að hljóta blessun Guðs þurfum við að vera vakandi fyrir öllum þeim leiðbeiningum sem við fáum fyrir milligöngu kristna safnaðarins. Ef við hlýðum þeim fúslega núna eigum við auðveldara með að fylgja leiðbeiningum í „þrengingunni miklu“ þegar illu heimskerfi Satans verður eytt í heild sinni. (Matt. 24:21) Í kjölfarið þurfum við nýjar leiðbeiningar fyrir lífið í réttlátum nýjum heimi. *w16.03.4:16, 18*

Laugardagur 5. ágúst

„Út úr reyknum komu engisprettur.“
– Opínb. 9:3.

Undir lok fyrstu aldar sá Jóhannes postuli sjö engla í sýn og hver þeirra blés í básúnu. Þegar fimmti engillinn básúnaði sá Jóhannes „stjörnu“ falla af himni til jarðar. „Stjarnan“ hafði lykil í hendi sér og með honum opnaði hún brunn undirdjúpsins. Þykkan reykjarmökk lagði af brunnum og úr honum kom mikill engisprettusveimur. Þessar táknrænu engisprettur ráðast ekki á gróður heldur gegn „þeim mönnum sem ekki hafa innsigli Guðs á enni sér“. (Opínb. 9:1-4) Jóhannes vissi vel hve miklum skaða engisprettusveimur gat valdið. Voru ekki engisprettur einmitt ein af plágunum í Egyptalandi á dögum Móse? (2. Mós. 10:12-15) Táknrænu engispretturarnar í sýn Jóhannesar lýsa vel andasmurðum kristnum mönnum sem boða kröftugan dómsboðskap Jehóva. Milljónir manna með jarðneska von hafa nú sameinast þeim. Það er ekki að undra að sameinað boðunarátak okkar skuli grafa undan valdi Satans sem hann beitir fyrir milligöngu falstrúarbragðanna. *W16.03. 3:3*

Sunnudagur 6. ágúst

„Ljúk upp augum mínum svo að ég sjái dásemdírnar í lögmáli þínu.“
– Sálm. 119:18.

Það er mikilvægt fyrir öldung að skilja hvaða áhrif sannleikurinn hefur á verk og viðhorf óreyndari bróður. Öldungurinn gæti spurt hann hvaða áhrif það hafi á ákvarðanir hans í lífinu að hann skuli vera vígður Jehóva. Spurningin getur orðið kveikjan að innihaldsríkum samræðum um það hvernig hægt sé að þjóna Jehóva af allri sálu. (Mark. 12:29, 30) Í lok samtalsins gæti hann

ef til vill farið með bæn og beðið Jehóva að gefa bróðurnum heilagan anda í þeim mæli sem hann þarf til að geta tekið að sér verkefni í söfnuðinum. Það er áreiðanlega uppbyggilegt fyrir bróðurinn að heyra öldunginn biðja innilega fyrir sér. Það er ágætt að byrja þjálfunina á að ræða nokkrar frásögur Biblíunnar sem geta opnað augu nemandans fyrir því að það sé mikilvægt að vera fús, áreiðanlegur og auðmjúkur. (1. Kon. 19:19-21; Neh. 7:2; 13:13; Post. 18:24-26) Þessir eiginleikar eru jafn mikilvægir fyrir nemandann og áburður fyrir jarðvegin. Þeir hraða framförum hans og „ljúka upp augum hans svo að hann sjái dásemdírnar“ í Biblíunni. *W15 15.4. 2:3, 4*

Mánudagur 7. ágúst

„Nálægið ykkur Guði.“ – Jak. 4:8.

Til að mynda nán tengsl við Jehóva er mikilvægt að eiga regluleg samskipti við hann. Hvernig geturðu gert það? Þú talar við Jehóva þegar þú biður til hans. (Sálm. 142:2) Og þú lætur Jehóva tala við þig þegar þú lest í orði hans, Biblíunni, og hugleiðir efnid. (Jes. 30:20, 21) Ef þú ert markviss þegar þú biður bænir tekurðu betur eftir þegar Jehóva svarar þeim, jafnvel þó að bænheyrslan sé ekki svo augljós. Þá verður Jehóva líka raunverulegri fyrir þér. Og því oftast sem þú tjáir Jehóva innstu tilfinningar þínar því meira nálgaast hann þig. Við þurfum að vinna að því alla ævi að styrkja sambandið við Jehóva. Við verðum að leggja okkar af mörkum ef við viljum að hann nálgist okkur á móti. Við skulum því fyrir alla muni halda reglulegu sambandi við Guð með biblíunámi og bænnum. Þegar sambandið við Jehóva styrkist jafnt og þétt hjálpar það okkur að takast á við hverjar þær raunir sem verða á vegi okkar. *W15 15.4. 3:3, 14, 16*

Þriðjudagur 8. ágúst

„Óvinur ykkar, djöfullinn, gengur um sem óskrandi ljón, leitandi að þeim sem hann getur tortímt.“

– 1. Pét. 5:8.

Þetta vers lýsir vel hve grimmur Satan er. Allur heimurinn er nú þegar á hans valdi en hann hungur samt í fleiri fórnarlömb. Satan er staðráðinn í að rífa þjóna Jehóva í sig. Ofsóknirnar, sem fylgjendur Jesú hafa mátt þola allt frá fyrstu öld, vitna um grimmd hans. Hungrað ljón hefur enga samúð með fórnarlömbum sínum. Það finnur ekki fyrir neinni meðaumkun áður en það drepur og hefur ekkert samviskubit á eftir. Satan hefur enga meðaumkun með þeim sem hann reynir að rífa í sig. Hugsaðu til þess hve oft Satan djöfullinn hlýtur að hafa legið í leyni þegar Ísraelsmenn féllu í freistni og gerðust sekir um kynferðislegt siðleysi eða græðgi. „Sérðu“ óskrandi ljónið gæða sér á bráð sinni þegar þú lest um siðleysi Simrí eða græðgi Gehasí og sorgleg örlög þeirra beggja? – 4. Mós. 25:6-8, 14, 15; 2. Kon. 5:20-27. *W15* 15.5. 1:8, 9

Miðvikudagur 9. ágúst

„Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur.“ – Jak. 4:7.

Hvernig getum við barist gegn Satan og sigrað? Jesús sagði lærisveinum sínum: „Verið þrautseigir, með því munuð þér ávinna lífið.“ (Lúk. 21:19) Enginn maður getur valdið okkur varanlegum skaða. Enginn getur tekið frá okkur hina dýrmætu vináttu sem við eigum við Guð nema við leyfum það. (Rómv. 8:38, 39) Satan sigrar ekki einu sinni þó að við deyjum, vegna þess að Jehóva sér til þess að við risum upp frá dauðum. (Jóh. 5:28, 29) Satan

á hins vegar ekki bjarta framtíð fyrir sér. Eftir að óguðlegu heimskerfi hans er útrýmt verður hann fjöttraður í undirdjúpi í þúsund ár. (Opinb. 20:1-3) Þegar Jesús hefur ríkt í þúsund ár verður Satan „leystur úr fangelsi sínu“ um stuttan tíma og fær að gera siðustu tilraun til að leiða fullkomið mannkyn afvega. Síðan verður honum útrýmt. (Opinb. 20:7-10) Satans biður ekkert annað en glötun en það gegnir öðru máli um þig. Taktu einarða afstöðu gegn Satan, staðfastur í trúnni. (1. Pét. 5:9) Þú getur barist gegn Satan og sigrað. *W15* 15.5. 2:1, 18

Fimmtudagur 10. ágúst

„Vitur maður sér ógæfuna og felur sig en einfelðningarnir halda áfram og gjalda þess.“

– Orðskv. 22:3.

Vitur maður áttar sig á að hugsanir geta verið eins og eldur. Ef rétt er farið með eld getur hann verið nytsamlegur, til dæmis við eldamennsku. En stjórnllaus eldur er banvænn þegar hús brennur til kaldra kola og íbúarnir farast. Með svipuðum hætti geta hugsanir okkar verið til góðs þegar þær hjálpa okkur að líkja eftir Jehóva en skaðlegar þegar þær næra siðlausar langanir. Ef við venjum okkur á að láta hugann dvelja við siðlausar athafnir gæti það leitt til þess að við gerum það sem við höfum verið að hugsa um. Siðlausir draumórar geta eyðilagt samband okkar við Jehóva. (Jak. 1:14, 15) Jesús varaði við að láta hugann dvelja við siðlausa kynferðislega draumóra. Hann sagði: „Hver sem horfir á konu í girndarhug hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.“ – Matt. 5:28. *W15* 15.5. 4:11, 12, 14

Föstudagur 11. ágúst

Ég hafði yndi af mannanna börnum. – Orðskv. 8:31, Biblían 1981.

Umhyggja Jesú fyrir mönnunum kemur skýrt í ljós í öllum frásögnum af boðunarferðum hans. Einn sinni blasti við honum dapurleg sjón. (Mark. 1:39, 40) Maður með hræðilegan sjúkdóm, holdsveiki, stóð beint fyrir framan hann. Læknirinn Lúkas lýsir hve langt genginn sjúkdómurinn var og segir að maðurinn hafi verið „altekinn líkþrá“. (Lúk. 5:12) Hann „sá Jesú, féll fram fyrir honum og bað hann: „Drottinn, ef þú vilt getur þú hreinsað mig.““ Hann efaðist ekki um að Jesús hefði mátt til að lækna hann en hann þurfti að fá að vita hvort Jesús *vildi* gera það. Hvernig myndi Jesús svara innilegri bön hans? Jesús rétti út höndina og snerti holdsveika manninn. Hann sagði með styrkri en blíðri röddu: „Ég vil, verð þú hreinn!“ Jafnskjótt hvarf af honum líkþráin.“ (Lúk. 5:13) Já, Jesús sýndi hve annt honum var um fólk. – Lúk. 5:17. *W15* 15.6. 2:3-5

Laugardagur 12. ágúst

Sérlyndur maður hafnar hverju hollráði. – Orðskv. 18:1.

Ef við sýnum þann kjark að biðja þroskað trússystkini um aðstoð getur það komið í veg fyrir að við förum að réttlæta rangar langanir fyrir sjálfum okkur. (Hebr. 3:12, 13) Með því að segja þroskuðu trússystkini frá veikleikum þínum áttarðu þig ef til vill á einhverju sem þú þarft að breyta í fari þínu. Það getur auðveldað þér að gera nauðsynlegar breytingar til að tryggja að kærleikur Jehóva haldi áfram að varðveita þig. Öldungar safnaðarins eru vel í stakk búnir til að

hjálpa okkur. (Jak. 5:13-15) Það er ákaflega mikilvægt að leita hjálpar ef þú hefur vanið þig á að horfa á klám. Því lengur sem þú dregur að leita aðstoðar því meiri hætta er á að rangar langanir verði til þess að þú gerir þig sekan um kynferðislegt siðleysi. Þá myndirðu særa aðra og kasta rýrð á nafn Jehóva. Löngunin til að þóknast Jehóva og fá að tilheyra kristna söfnuðinum áfram hefur verið mörgum þjónum hans hvatning til að þiggja kærleiksríka aðstoð öldunganna. – Jak. 1:15; Sál. 141:5; Hebr. 12:5, 6. *W15* 15.6. 3:15-17

Sunnudagur 13. ágúst

„Á þeim degi mun sérhver spámaður blygðast sín fyrir sýnir þær sem hann spáði um og ekki mun hann heldur bera loðfeld til að blekkja aðra.“ – Sak. 13:4.

Farast allir áhangendur falskra trúarbragða þegar Babýlon hinni miklu verður eytt? Svo er ekki að sjá. Sumir úr prestastéttinni munu snúa baki við trú sinni og neita að þeir hafi nokkurn tíma tilheyrt þessum fölsku trúarbrögðum. (Sak. 13:5, 6) Hvernig farnast þjónum Guðs á þessu tímabili? Jesús segir: „Ef dagar þessir hefðu ekki verið styttrir kæmist enginn maður af. En vegna hinna útvöldu verða þeir dagar styttrir.“ (Matt. 24:22) Þrengingartíminn árið 66 var „styttrur“. Þetta gaf „hinum útvöldu“, andasmurðum kristnum mönnum, færi á að flýja borgina og nágrenni hennar. Á svipaðan hátt verður fyrsti hluti þrengingarinnar miklu „styttrur vegna hinna útvöldu“. Stjórn málaöflunum, sem „hornin tíu“ tákna, verður ekki leyft að útrýma þjónum Guðs heldur verður stutt hlé á þrengingunni miklu. – Opinb. 17:16. *W15* 15.7. 2:5, 6

Mánudagur 14. ágúst

„Þá kom djöfullinn.“ – Matt. 4:3.

Það er undir hverjum og einum komið að standast freistingar. (Matt. 6:13; Jak. 1:13-15) Jesús hafnaði öllum freistingum Satans umsvifalaust og vitnaði í viðeigandi vers í orði Guðs. Þannig studdi hann réttmætt drottinvald Guðs. Satan gafst þó ekki upp. Hann vék frá Jesú en aðeins „að sinni“. (Lúk. 4:13) En hvað sem Satan reyndi stóðst Jesús og var ráðvandur Guði. En Satan reynir að freista fylgjenda Jesú, þar á meðal þín. Enn er deilt um drottinvald Guðs. Þess vegna leyfir hann Satan að nota heiminn til að reyna að freista okkar. Jehóva leiðir okkur ekki í freistni. Hann treystir okkur og vill hjálpa okkur. Hann virðir hins vegar frjálsan vilja okkar og leyfir okkur að ákveða sjálf hvort við erum honum trú með því að standast freistingar. Við þurfum að gera tvennt: halda andlegri vöku okkar og biðja oft og reglulega um styrk hans og stuðning. *w15 15.6. 5:13, 14*

Þriðjudagur 15. ágúst

„Í engu vil ég gefa neinum tilefni til ásteytingar, ég vil ekki að þjónusta mín sæti lasti.“ – 2. Kor. 6:3.

Kristnir menn þurfa að þjálf hugann og samviskuna til að bregðast rétt við þegar upp koma mál sem varða hlutleysi. (Rómv. 14:19) Lítum á hvað Mirjeta gerði en hún býr í landi í fyrrverandi Júgóslavíu. Hún var alin upp við það að hata Serba. Þegar hún skildi að Jehóva fer ekki í manngreinaralit og að Satan ber sökina á kynþáttafordómum reyndi hún að vinna bug á þjóðerniskenndinni. En þegar

þjóðernisátök brutust út þar sem Mirjeta bjó tók óvildin sig upp að nýju og hún átti erfitt með að boða Serbum trúna. Hún gerði sér þó grein fyrir að hún gæti ekki bara beðið og vonað að þessar tilfinningar hyrfu einhvern daginn. Hún bað Jehóva um hjálp til að sigrast á óvildinni. „Ég fann að besta hjálpin var að einbeita mér að boðuninni,“ segir hún. „Þegar ég boða trúna reyni ég að líkja eftir kærleika Jehóva og þessar neikvæðu tilfinningar gufa upp.“ *w15 15.7. 3:11-13*

Miðvikudagur 16. ágúst

„Augu Drottins skima um alla jörðina til þess að geta komið þeim til hjálpar sem eru heils hugar við hann.“ – 2. Kron. 16:9.

Skoðum dæmið um Jósafat Júdakonung. Jósafat fór eitt sinn óviturlaga að ráði sínu og samþykkti að fylgja Akab Ísraelskonungi í herför. Þó að 400 falsspámenn fullvissuðu hinn illa Akab um sigur spáði Míka, sannur spámaður Jehóva, að hann myndi bíða ósigur. Akab beið bana í bardaganum og Jósafat komst naumlega lífs af. Þegar Jósafat kom aftur til Jerúsalem var hann ávittur fyrir að leggja Akab lið. Þrátt fyrir það sagði sjáandinn Jehú Hananíson við Jósafat: „Ýmislegt gott hefur fundist í fari þínu.“ (2. Kron. 18:4, 5, 18-22, 33, 34; 19:1-3) Jósafat hafði vissulega farið illa að ráði sínu en Jehóva lokaði ekki augunum fyrir því góða sem hann hafði gert áður. (2. Kron. 17:3-10) Þessi frásaga Biblíunnar minnir okkur á að þrátt fyrir ófullkomleika okkar sýnir Jehóva okkur óbrigðulan kærleika ef við leitumst heils hugar við að þóknast honum. *w15 15.8. 1:8, 9*

Fimmtudagur 17. ágúst

Bjóð þeim að gera gott, með því munu þeir geta höndlað hið sanna líf. – 1. Tím. 6:18, 19.

Hvernig getum við búið okkur undir lífið í nýja heiminum? Hugsum okkur að við ætluðum að flytjast til annars lands. Hvernig gætum við búið okkur undir breytingarnar sem því fylgja? Við gætum byrjað að læra tungumálið sem þar er talað og það væri gagnlegt að fræðast um siðvenjur í landinu. Við gætum líka smakkað mat sem þar er borðaður. Í vissum skilningi lifðum við eins og við byggjum þegar í landinu. Það er hvort eð er þannig sem við búumst við að lifa þegar við erum flutt. Með svipuðum hætti getum við búið okkur undir lífið í nýja heiminum með því að laga okkur núna eins vel og hægt er að þeim lifnaðarháttum sem við væntum að verði þar. Margir einkennast af sjálfstæðisanda og gera óraunhæfar kröfur um að ná sínu fram. Til hvers hefur það leitt? Þjáningar, eynd og hörmungar eru afleiðingar þess að menn hafa hafnað leiðsögn Guðs. (Jer. 10:23) Jehóva er kærleiksríkur stjórnandi. Við hlökkum sannarlega til þess þegar allt mannkynið viðurkennir drottinvald hans. *W15 15.8. 3:4, 5*

Föstudagur 18. ágúst

„Dragið ekki ok með vantrúuðum.“ – 2. Kor. 6:14.

Einhleyp fólk í söfnuðinum, sem langar til að gifta sig, þarf sérstaklega að gæta að hverja það umgengst. Biblían segir þjónum Guðs, sem eru að leita sér að maka, að giftast „aðeins í Drottni“. Það merkir að þeir eigi aðeins að giftast vígðum, skírðum þjóni Jehóva sem lifir í samræmi við meginreglur Biblíunnar. (1. Kor. 7:39, *Biblían 1981*) Með því

að giftast trússystkini eignast þjónn Guðs félaga sem elskar Jehóva og hjálpar honum að halda tryggð sinni við hann. Jehóva veit hvað er okkur fyrir bestu og fyrirmæli hans um að giftast „aðeins í Drottni“ eru ekki ný af nálinni. Tökum eftir skýrum fyrirmæli hans til Ísraelsmanna fyrir milligöngu Móse. Jehóva varaði þá við nágrannaþjóðunum – fólki sem þjónaði honum ekki – og sagði: „Ekki mægjast við þær ... Það mundi snúa sonum þínum frá fylgd við mig svo að þeir færu að þjóna öðrum guðum.“ – 5. Mós. 7:3, 4. *W15 15.8. 4:12, 13*

Laugardagur 19. ágúst

„Metið þá hluti rétt sem máli skipta og verðið hrein og ámælistlaus.“ – Fil. 1:10.

Hvernig getum við þjáfað samviskuna? Fyrst og fremst með reglulegu biblíunámi og bænnum, og með því að hugleiða það sem við lesum og fara eftir því. Það felur augljóslega í sér meira en að sankað sér upplýsingum og læra reglur. Biblíunám okkar ætti smám saman að hjálpa okkur að kynnast Jehóva betur, kynnast persónuleika hans og eiginleikum og átta okkur á hvað honum líkar og mislíkar. Þannig stillum við samvisku okkar í samræmi við viðhorf Jehóva. Það ætti að hreyfa við hjarta okkar og hvetja okkur til að líkjast honum æ meir. Við skiljum kannski ekki alltaf hvers vegna trússystkini okkar hafa eða hafa ekki samvisku til einhvers. Við ættum þó ekki að vera fljót að dæma þau eða reyna að telja þau á að breyta um skoðun. Kannski er samviska þeirra enn þá „óstyrk“ og þau hafa þörf fyrir að þjálfana hana betur, eða kannski er hún of viðkvæm á ákveðnum sviðum. – 1. Kor. 8:11, 12. *W15 15.9. 2:4, 8, 10*

Sunnudagur 20. ágúst

„Jörðina gaf hann mannanna börnum.“ – Sál. 115:16.

Jörðin virðist vera einstæð meðal allra sköpunarverka Guðs. Jehóva skapaði hana meðal óteljandi reikistjarna innan og utan vetrarbrautarinnar. Hugsaðu þér! Hún er ekki bara lífvænleg heldur þægilegt, fallegt og öruggt heimili fyrir mennina. (Jes. 45:18) Það sýnir hve heitt Jehóva elskar okkur. (Job. 38:4, 7; Sál. 8:3-5) Þó að Jehóva hafi búið okkur undursamlegt heimili veit hann að við þurfum meira en að uppfylla efnislegar þarfir til að vera hamingjusöm og ánægð. Barni finnst það vera fullkomlega öruggt þegar það finnur fyrir ást og athygli foreldra sinna. Jehóva skapaði mennina í sinni mynd og því geta þeir fundið fyrir kærleika hans og umhyggju og elskað hann á móti. (1. Mós. 1:27) Jesús benti líka á að við höfum andlegar þarfir og sagði: „Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði heldur á hverju því orði sem fram gengur af Guðs munni.“ (Matt. 4:4) Jehóva er ástríkur faðir og því „lætur [hann] okkur allt ríkulega í té sem við þörfumst,“ bæði efnislega og andlega. – 1. Tím. 6:17; Sál. 145:16. *W15 15.9. 4:6, 7*

Mánudagur 21. ágúst

„Margur vegurinn virðist greiðfær en endar þó í helju.“ – Orðskv. 14:12.

Sálmaritarinn sýndi rétt hugarfarar þegar hann skrifaði: „Vona á Guð því að enn mun ég fá að lofa hann, hjálpraði auglitis míns og Guð minn. Sál mín er beygð í mér, því vil ég minnast þín.“ (Sál. 42:6, 7) Þetta lýsir innilegum tilfinningum og sterkri ást á Jehóva. Hefur þú byggt upp slíkan kærleika og traust til föður þíns á himn-

um? Jafnvel þótt þú svarir því jáandi gætirðu ef til vill farið enn betur eftir þessum ráðum Biblíunnar: „Treystu Drottinni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Minnstu hans á öllum vegum þínum, þá mun hann gera leiðir þínar greiðar.“ (Orðskv. 3:5, 6) Með því að elska okkur að fyrri bragði hefur Jehóva sýnt okkur hvernig við getum elskað hann. (1. Jóh. 4:19) Höfum alltaf í huga framúrskarandi fordæmi hans. Og leitumst við að sýna honum alltaf betur og betur að við elskum hann „af öllu hjarta, allri sálu, öllum huga og öllum mætti“. – Mark. 12:30. *W15 15.9. 5:17-19*

Þriðjudagur 22. ágúst

„Ég og mínir ættmenn munum þjóna Drottinni.“ – Jós. 24:15.

Þegar við tókum þátt í boðuninni byggjum við ekki aðeins upp trú annarra heldur styrkjum við líka okkar eigin trú. Við lærum að treysta algerlega á Jehóva og tala af hugrekki við allar aðstæður eins og kristnir menn á fyrstu öld. (Post. 4:17-20; 13:46) Trú okkar styrkist þegar við finnum fyrir hjálp Jehóva og hvernig hann svarar bæn-um okkar. Kaleb og Jósúa komust að raun um það. Þeir sýndu trú á Jehóva þegar þeir njósnuðu um fyrirheitna landið. En með tímanum varð trú þeirra enn sterkari því að þeir sáu hvernig Jehóva hjálpaði þeim í öllu sem þeir gerðu. Það er ekki að undra að Jósúa gat talað af sannfæringu þegar hann sagði við Ísraelsmenn: „Ekkert fyrirheitanna sem voru ykkur í hag og Drottinn, Guð ykkar, gaf ykkur er óefnt.“ Síðar bætti hann við: „Óttist því Drottin og þjónið honum af fullkominni trúmennsku.“ (Jós. 23:14; 24:14) Við getum líka byggt upp slíka sannfæringu þegar við finnum hve góður Jehóva er. – Sál. 34:9. *W15 15.10. 2:10, 11*

Miðvikudagur 23. ágúst

Esra hafði einbeitt sér.

– *Esra. 7:10.*

Skrifarðu stundum minnispunkta á samkomum og mótum? Með því að fara yfir þessa minnispunkta færðu gott tækifæri til að hugleiða það sem þú hefur lært af orði Guðs og söfnuði hans. Í hverju ein taki af *Varðturninum* og *Vaknið!* og í öllu sem kemur út á mótunum fáum við nýtt efni til að lesa og meðtaka. Þegar þú lest árbókina gæti þér fundist gagnlegt að stoppa og ihuga það sem þú lest og láta frásögunnar ná til hjartans. Þú gætir strikað undir aðalatriði eða skrifað athugasemdir á spássiurnar sem geta komið að gagni þegar þú býrð þig undir að fara í endurheimsókn, hirðisheimsókn eða halda ræðu. Það sem mestu máli skiptir er að staldra við öðru hverju og hugleiða þegar þú lest biblíutengd rit. Þannig færðu tækifæri til að taka til þín efnið og þakka Jehóva í bæn fyrir allt það góða sem þú hefur lært. w15 15.10. 4:9, 10

Fimmtudagur 24. ágúst

„Jesús þroskaðist að visku og vexti og náð hjá Guði og mönnum.“

– *Lúk. 2:52.*

Fátt gleður kristna foreldra meira en að sjá börnin sín skírast. „Þetta var mjög tilfinningarík stund. Við vorum auðvitað þakklát fyrir að börnin okkar skyldu ákveða að þjóna Jehóva,“ segir Berenice, móðir fjögurra barna sem skírdust öll fyrir fjórtán ára aldur. Hún bætir við: „En við vissum líka að börnin okkar ættu eftir að mæta mörgum erfiðleikum á unglingsárunum.“ Sérfræðingur nokkur segir: „Að vera unglingur þýðir ekki endilega

að maður sé ‚brjálaður‘ og ‚óþroskaður‘. Unglingsárin eru mikilvægur tími sem einkennist af miklum tilfinningum, sköpunargleði og þörf fyrir félagsskap.“ Á þessum tíma geta börnin þín myndað sterkt vináttusamband við Jehóva, sett sér markmið, orðið færari í boðuninni og ákveðið að eigin frumkvæði að vígja sig Jehóva og lifa samkvæmt því. Unglingsárin geta verið mjög ánægjulegur tími þar sem börnin vaxa andlega líkt og Jesús gerði þegar hann var ungur. w15 15.11. 2:1, 2

Föstudagur 25. ágúst

„Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.“

– *Matt. 6:10.*

Kærleikur Guðs til mannanna birtist einnig í ríki Messíasar sem hann hefur komið á fót. Jehóva hefur nú þegar falið syni sínum að halda um stjórnartaumana. Jesús elskar mennina og er hæfastur allra til að fara með völdin. (Orðskv. 8:31) Himneskir meðstjórnendur Jesú, sem eru 144.000 talsins, hafa lifað sem menn á jörð og búa að þeirri reynslu þegar þeir rísa upp. (Opinb. 14:1) Þetta ríki var kjarninn í kennslu Jesú og hann kenndi lærisveinum sínum að biðja um að það komi og um blessunina sem því fylgir. Af spádómum Biblíunnar má sjá að ríki Guðs var stofnsett á himnum árið 1914 þegar nærvera Krists hófst. Þaðan í frá hefur verið unnið að því að kalla þá sem upp á vantaði til að ríkjast með Jesú á himnum. Sömuleiðis hefur verið safnað ‚miklum múgi‘ fólks sem lifir af endalok þessa heims og fær að ganga inn í nýja heiminn. – Opinb. 7:9, 13, 14. w15 15.11. 3:16, 18

Laugardagur 26. ágúst

„Hlustaðu, nú ætla ég að tala.“

– Job. 42:4.

Jóhannes postuli kallaði fyrsta félaga Guðs „Orðið“ og „upphaf sköpunar Guðs“. (Jóh. 1:1; Opinb. 3:14) Jehóva sagði þessum frumgetna syni frá hugsunum sínum og tilfinningum. (Jóh. 1:14, 17; Kól. 1:15) Páll postuli talar um að englar tali líka saman og eigi sér tungumál en það er mun æðra tungumálum manna. (1. Kor. 13:1) Jehóva þekkir milljarða vitiborinna sköpunarvera sinna náíð, hvort heldur þær eru á himni eða jörð. Óteljandi einstaklingar geta beðið til hans samtímis á mismunandi tungumálum. Auk þess að hlusta á þessar bænir veitir hann andaverum sínum leiðbeiningar og talar við þær. Fyrst Jehóva getur gert allt þetta samtímis hljóta hugsanir hans og tungumála- og samskiptahæfileikar að skara langt fram úr hæfileikum manna. (Jes. 55:8, 9) Það er augljóst að þegar Jehóva tjáir mönnum hugsanir sínar þarf hann að gera það með einföldum hætti til að þeir geti skilið þær. *W15 15.12. 1:1, 2*

Sunnudagur 27. ágúst

„Allt landið verður fullt af þekkingu á Drottni eins og vatn hylur sjávardjúpið.“ – Jes. 11:9.

Í mörgum löndum eru biblíur dýrar og ekki mjög aðgengilegar þannig að það eitt að eignast biblíu er mikil blessun. Í bréfi frá Rúanda segir: „Lengi vel tóku margir biblíunemendur litlum framförum vegna þess að þeir áttu ekki biblíu og höfðu ekki efni á að kaupa útgáfu kirkjunnar. Þeir áttu líka erfitt með að skilja almennilega sum vers og

það stóð í vegi fyrir að þeir tækju framförum.“ En þetta gerbreyttist þegar *Nýheimsþýðingin* kom út á þeirra tungumáli. Fjölskylda í Rúanda með fjóra unglunga segir: „Við þökkum Jehóva og trúna og hyggnu þjóninum innilega fyrir að hafa gefið okkur þessa biblíu. Við erum mjög fátæk og hefðum aldrei getað keypt biblíu handa öllum í fjölskyldunni. En núna eigum við öll okkar eigin biblíu. Við lesum saman í henni sem fjölskylda á hverjum degi til að sýna Jehóva hve þakklát við erum.“ *W15 15.12. 2:15, 16*

Mánudagur 28. ágúst

„Drottinn, miskunna mér, lækna mig því að ég hef syndgað gegn þér.“ – Sál. 41:5.

Ef til vill hafði Davíð í huga tímán þegar Absalon reyndi að hrifsa af honum völdin á meðan hann sjálfur var veikur og gat ekki stöðvað hann. Þó að Guð hefði fyrirgefið Davíð gleymdi Davíð ekki syndinni sem hann hafði drýgt með Batsebu og að fjölskylduerfiðleikar hans voru afleiðing hennar. (2. Sam. 12:7-14) Hann var samt fullviss um að Guð myndi styðja hann í veikindunum. Davíð bað ekki um að fá lækningu fyrir kraftaverk. Samhengið gefur til kynna að hann hafi beðið Guð um að hjálpa sér eins og hann hjálpaði þeim sem sinntu bágstöddum. Í því fólst meðal annars að Guð „stydði hann á sóttarsæng“. (Sál. 41:3) Þar sem Guð hafði fyrirgefið synd Davíðs gat hann beðið Guð um hughreystingu og stuðning og um að líkami hans næði að vinna bug á veikindunum. (Sál. 103:3) Við getum beðið Jehóva um slíkt hið sama. *W15 15.12. 4:8, 9*

Þriðjudagur 29. ágúst

„Þið hafið fengið þann anda sem gerir mann að barni Guðs. Í þeim anda ákölum við: „Abba, faðir.““
– Róm. 8:15.

Þeir sem hafa fengið þetta sérstaka boð frá Guði þurfa ekki að fá staðfestingu á því frá neinum öðrum. Jehóva sér til þess að það sé enginn vafi í huga þeirra og hjarta. Jóhannes postuli segir hinum andasmurðu: „Þið þekkið öll sannleikann því að Hinn heilagi hefur smurt ykkur anda sínum.“ Hann segir enn fremur: „Andinn, sem Kristur smurði ykkur með, býr í ykkur og þið þurfið þess ekki að neinn kenni ykkur því andi hans fræðir ykkur um allt, hann er sannleiki en engin lygi. Verið stöðug í honum eins og hann kenndi ykkur.“ (1. Jóh. 2:20, 27) Andasmurðir kristnir menn þurfa fræðslu frá Jehóva eins og allir aðrir. En þeir þurfa ekki að fá staðfestingu hjá neinum um að þeir séu andasmurðir. Sterkasta aflið í alheiminum hefur gefið þeim þá sannfæringu. *W16.01. 3:9, 10*

Miðvikudagur 30. ágúst

„Látið ykkur nægja það sem þið hafið.“ – Hebr. 13:5.

Nægjusemi byggist á trausti okkar til Jehóva. Hún gerir okkur kleift að hafa skynsamlegt viðhorf til efnislegra hluta. (1. Tím. 6:6-8) Ef við erum nægjusöm skiljum við að samband okkar við Jehóva og trússystkini okkar er miklu verðmætara en nokkuð sem fæst fyrir peninga. Nægjusöm manneskja kvartar ekki, nöldrar né finnur að. Hún lætur ekki ófund og græðgi ná tökum á sér en það

getur dregið úr bróðurkærleikanum. Nægjusemi stuðlar öllu heldur að örlæti. (1. Tím. 6:17-19) Traust okkar á Jehóva veitir okkur líka öryggi og hugrekki í hvaða erfiðleikum sem kunna að mæta okkur. (Hebr. 13:6) Hugrekki hjálpar okkur síðan að vera jákvæð og gerir okkur kleift að styrkja og hughreysta trússystkini okkar. (1. Þess. 5:14, 15) Jafnvel í þrengingunni miklu eigum við eftir að geta „rétt úr okkur og borið höfuðið hátt“ þar sem við vitum að lausn okkar er í nánd. – Lúk. 21:25-28. *W16.01. 1:16, 17*

Fimmtudagur 31. ágúst

„Drottinn þekkir sína.“
– 2. Tím. 2:19.

Áratugum saman fækkaði þeim sem neyttu brauðsins og vinsins á minningarhátíðinni um dauða Krists. Á síðustu árum hefur þeim hins vegar fjölgað. Er ástæða til að hafa áhyggjur af því? Nei. Skoðum nokkur atriði sem er gott að hafa í huga. Þeir sem sjá um að telja á minningarhátíðinni geta ekki dæmt um það hverjir hafa í raun og veru himneska köllun. Sumir halda ranglega að þeir séu andasmurðir og neyta brauðsins og vinsins. Til dæmis hafa sumir byrjað á því en hætt því síðar. Aðrir eiga kannski við geðræn eða tilfinningaleg vandamál að stríða sem veldur því að þeir halda að þeir eigi að ríkja með Kristi á himnum. Þess vegna er fjöldi þeirra sem neyta brauðsins og vinsins ekki nákvæmur mælikvarði á það hve margir eru eftir á jörðinni af hinum andasmurðu. Biblían lætur ósagt hve margir verða eftir þegar þrengingin mikla hefst. *W16.01. 4:12-14*

Föstudagur 1. september

*Abraham hélt til þess staðar
sem Guð hafði sagt honum.*

– 1. Mós. 22:3.

Abraham sagði við sveinana sem voru með honum og Ísak í för: „Bið-ið hérna hjá asnanum en *við dreng-urinn* munum ganga þangað upp eftir til að biðjast fyrir og *komum svo til ykkar aftur.*“ (1. Mós. 22:5) Hvað átti Abraham við? Var hann að ljúga því að þjónum sínum að Ísak kæmi með honum aftur þó að hann vissi að hann myndi fórna honum? Nei. Við fáum innsýn í það í Biblíunni hvað Abraham var að hugsa. (Hebr. 11:19) Hann „hugði að Guð væri þess jafnvel megnug-ur að vekja [Ísak] upp frá dauðum“. Hann trúði á upprisú. Hann vissi að Jehóva hafði gert honum og Söru kleift að eignast son á efri æviár-um. (Hebr. 11:11, 12, 18) Hann gerði sér ljóst að Jehóva væri ekkert um megn. Hann treysti því að hvað sem gerðist þennan örlagaríka dag myndi hann endurheimta ástkæran son sinn þannig að öll fyrirheit Jehóva rættust. Það er engin furða að Abraham skuli vera kallaður „faðir allra þeirra sem trúa“. – Róm. 4:11. *w16.02. 1:3, 13*

Laugardagur 2. september

*„Vegna síns mikla nafns mun
hann ekki hafna lýð sínum.“*

– 1. Sam. 12:22.

Guð hafði smurt Sál til konungs yfir Ísrael. En síðar á lífsleiðinni varð Sál óhlýðinn og Jehóva hafnaði honum. (1. Sam. 15:17-23) Samt leyfði Guð Sál að ríkja áfram í mörg ár. Slæm hegðun Sáls setti því þegna hans og alla sem stóðu honum nærri í mjög óþægi-

lega stöðu. Það var þeim erfitt að sýna Guði hollustu á meðan kon-ungur þeirra, sem sat í „hásæti Drottins“, gerði það sem illt var. (1. Kron. 29:23) Jónatan, sonur Sáls, sannaði hins vegar hollustu sína við Jehóva. Rétt eins og Jóna-tan getum við sýnt Jehóva hollustu með því að hlýða yfirvöldum eftir bestu getu eins og Jehóva ætl-ast til af okkur, jafnvel þótt sum þeirra virðist ekki verðskulda virð-ingu. Til dæmis gætu embættis-menn verið spilltir en við virðum samt stöðu þeirra þar sem við eig-um að hlýða, þeim yfirvöldum sem eru yfir okkur sett' ef mögulegt er. (Róm. 13:1, 2) Við getum öll sýnt Jehóva hollustu með því að virða þá sem hann hefur falið vald. – 1. Kor. 11:3; Hebr. 13:17. *w16.02. 3:5, 6, 8*

Sunnudagur 3. september

„Þjóf þín kemur fúslega.“

– Sálm. 110:3.

Biblían segir að fólk Jehóva, þar á meðal unga fólkið, bjóði sig fús-lega fram til að þjóna honum. Sá sem er að hugleiða að skírast þarf að vera viss um að hann vilji það *sjálfur*. Það gæti kallað á sjálfsrann-sókn, ekki síst ef þú ert alinn upp í sannleikanum. Á liðnum árum hef-urðu líklega séð marga skírast, þar á meðal jafnaldra þína og kannski systkini. Hvað þarftu að varast ef svo er? Gættu þess að hugsa ekki sem svo að þú þurfir að skír-ast þegar þú nærð ákveðnum aldri eða bara af því að annað ungt fólk skírist. Hvað geturðu gert til að sjá skírnina sömu augum og Jehóva? Gefðu þér oft tíma til að hugleiða *af hverju* skírnin er mikilvæg. *w16.03. 1:11, 12*

Mánudagur 4. september

„Sá sem heyrir segi: ‚Kom þú!‘ Og sá sem þyrstur er, hann komi. Hver sem vill fær ókeypis lífsins vatn.“
– Opinb. 22:17.

Hvernig getum við sem tilheyr- um kristna söfnuðinum látið þetta boð ganga út til fólks með góð- um árangri? Aðeins með því að vera sameinuð og vinna vel sam- an. (Ef. 4:16) Boðunin þarf að fara fram með skipulegum hætti til að við getum komið fagnaðararindinu um ríki Guðs til eins margra og hægt er. Þess vegna er okkur leið- beint. Leiðbeiningarnar, sem eru veittar í söfnuðum okkar um all- an heim, gera okkur kleift að vinna saman að þessu verkefni. Við hitt- umst í samansöfnunum áður en við förum út til að flytja fólki boðskap- inn um ríkið. Við komum honum á framfæri með því sem við segjum og með milljónum eintaka biblíu- tengdra rita. Leggurðu þig fram um að taka ötulan þátt í boðun- inni þegar við erum hvött til að gera boðunarátak? Þannig samein- astu milljónum annarra í að boða boðskap „engilsins sem flýgur um háhvolf himins“ og sagt er frá í Opinberunarbókinni 14:6. *W16.03. 3:4, 5*

Þriðjudagur 5. september

„Bókunum var lokið upp.“
– Opinb. 20:12.

Í Biblíunni segir að bókum verði lokið upp sem veita okkur leiðbein- ingar fyrir lífið í nýja heiminum. Af námi sínu í þessum bókum eiga all- ir, þar á meðal hinir upprisnu, eftir að geta skilið hver vilji Guðs er með þá. Þessar bækur eiga eflaust eft- ir að hjálpa okkur að kynnast huga Jehóva betur. Aukinn skilningur á

innblásnu orði Guðs ásamt því sem verður opinberað í nýju bókunum verður til þess að þeir sem byggja paradís framtíðar komi fram við náungann af kærleika og virð- ingu. (Jes. 26:9) Hugsaðu þér hví- lík kennsla á eftir að fara fram und- ir leiðsögn konungs okkar, Jesú Krists! Eilíft líf bíður þeirra sem fara eftir því sem „ritað er í bókun- um“. Ef við verðum Jehóva trúföst í lokaprófauninni skrifar hann nafn okkar í „lífsins bók“ og það stendur þar til frambúðar. Við getum hlotið eilíft líf! *W16.03. 4:19, 20*

Miðvikudagur 6. september

„Þú ert von mín, Drottinn, þú, Drottinn, ert athvarf mitt frá æsku.“ – Sál. 71:5.

Reyndir öldungar leggja áherslu á að það sé mikilvægt að byrja að kenna bræðrum snemma, þeg- ar þeir komast á unglingsárin, og fela þeim verkefni í söfnuðinum í samræmi við aldur þeirra. Með því að byrja snemma hjálpar það ungu bræðrunum að hafa þessi mark- mið ofarlega í huga þegar þeir fara að nálgast tvítugt og það er fleira sem glepur. (Sál. 71:17) Öldungur ætti að skýra bæði fyrir nemandan- um hvað hann eigi að gera og *hvers vegna*. Þannig getur hann glætt löngun nemandans til að þjóna trú- systkinum sínum. Með því að til- greina ástæðurnar líkja öldung- ar eftir Jesú, kennaranum mikla. Áður en hann fól postulunum það verkefni að gera fólk að lærisvein- um sagði hann þeim *hvers vegna* þeir ættu að hlýða fyrirmælum hans. Hann sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu.“ Síðan bætti hann við: „Farið því og gerið all- ar þjóðir að lærisveinum.“ – Matt. 28:18, 19. *W15 15.4. 2:5, 6*

Fimmtudagur 7. september

Drottinn stóð með mér og veitti mér kraft. Og ég varð frelsaður úr gini ljónsins. – 2. Tím. 4:17.

Það voru hættulegir tímar fyrir kristna menn í Róm. Þeir voru sakaðir um að hafa kveikt í borginni árið 64. Fylgjendur Krists urðu fyrir hatrömmum ofsóknum. Það var líklega á þessum róstatímum sem Páll postuli var hnepptur í fangelsi í Róm í annað sinn. Myndu trússystkini hans koma honum til hjálpar? Til að byrja með virðist Páll hafa haft vissar áhyggjur, því að hann skrifaði Tímóteusi: „Í fyrstu málsvörn minni kom enginn mér til aðstoðar heldur yfirgáfu mig allir.“ (2. Tím. 4:16) Þrátt fyrir það segir Páll að hann hafi ekki verið algerlega yfirgefinn. Hann treysti að Jehóva myndi veita honum kraft til að standast alla erfiðleika, bæði yfirstandandi og ókomna. Hann sagði í beinu framhaldi: „Drottinn mun frelsa mig frá öllu illu.“ (2. Tím. 4:18) Páll hafði greinilega lært að Jehóva og sonur hans veita raunverulega hjálp jafnvel þó að takmarkaða aðstoð sé að fá frá mönnum. *W15 15.4. 4:1-3*

Föstudagur 8. september

*„Hann skal merja höfuð þitt.“
– 1. Mós. 3:15.*

Þegar Jesús fæddist vissi Satan að þetta kornabarn var hinn tilvonandi Messías. Ætli Satan hafi hugsað sem svo að það væri nú einum of langt gengið að drepa smábarn? Nei, Satan á sér engar siðareglur. Og hann beið ekki boðanna að ráðast á barnið. Hvernig? Heródesi konungi brá illilega í brún þegar stjörnuspekingar spurðu um „hinn nýfædda konung Gyðinga“ og

hann einsetti sér að myrða hann. (Matt. 2:1-3, 13) Til að barnið kæmist örugglega ekki undan fyrirskipaði hann að allir drengir tveggja ára og yngri í Betlehem og nágrenni skyldu myrtir. (Matt. 2:13-18) Jesús komst undan í þessu ægilega blóðbaði en hvað segir þetta okkur um óvininn Satan? Það er deginum ljósara að hann metur mannlífið einskis. Og hann ber ekki minnstu tilfinningar til barna. Satan er sannarlega „óskrandi ljón“. (1. Pét. 5:8) Þú skalt aldrei vanmeta hve grimmur og illskeyttur hann er. *W15 15.5. 1:10, 12, 13*

Laugardagur 9. september

Þeir öðluðust ekki fyrirheitin. Þeir sáu þau álengdar. – Hebr. 11:13.

Guð hefur gefið okkur þann hæfileika að geta séð fyrir okkur hluti sem eru ekki enn orðnir að veruleika. Það gerir okkur kleift að hlakka til framtíðar og gera viturlegar áætlanir. Jehóva getur séð framtíðina fyrir og í Biblíunni segir hann oft fyrir fram hvað eigi eftir að gerast. Þannig getum við gert okkur það í hugarlund. Hæfileikinn að sjá fyrir sér óorðna hluti hjálpar okkur að trúa. (2. Kor. 4:18) Þegar Hanna ímyndaði sér hvernig það yrði að fara með Samúel, son sinn, til að þjóna við tjaldbúðina hafði hún góðan grundvöll fyrir því sem hún sá fyrir sér. Það byggðist á því sem hún hafði ákveðið að gera og þetta hjálpaði henni að hafa markmiðið skýrt í huga. (1. Sam. 1:22) Ef við sjáum fyrir okkur það sem Guð hefur lofað erum við með hugann við hluti sem eiga eftir að gerast fyrir víst. (2. Pét. 1:19-21) Við getum verið viss um að margir þjónar Guðs til forna gerðu sér huglægar myndir af því sem Guð hafði lofað. *W15 15.5. 3:1-3*

Sunnudagur 10. september

Auður ríks manns er honum ókleifur múrveggur að hans hyggju.
- Orðskv. 18:11.

Það er hættulegt að láta sig dreyma um að verða stórauðugur en gefa lítinn gaum að sambandinu við Guð. Jesús sagði dæmisögu til að lýsa dapurlegri stöðu þess manns sem „safnar sér fé en er ekki ríkur í augum Guðs“. (Lúk. 12:16-21) Jehóva gleðst þegar við gerum það sem honum er þóknarlegt. (Orðskv. 27:11) Og við getum sannarlega glaðst yfir að hafa velþóknun hans þegar við söfnum okkur „fjárjóðum á himni“. (Matt. 6:20) Gott samband við Jehóva er tvímælalaust mesti fjársjóður sem við getum átt. Hugsaðu þér hve áhyggjufull við værum ef við létum hug okkar allan dvelja við að safna „fjárjóðum á jörðu“. (Matt. 6:19) Jesús sagði dæmisögu til að sýna fram á að „áhyggjur heimsins og tál auðæfanna“ gætu kæft orð Guðs-ríkis. - Matt. 13:18, 19, 22. *W15* 15.5. 4:15, 16

Mánudagur 11. september

„Fólkið undraðist, þegar það sá mállassa mæla, fatlaða heila, halta ganga og blinda sjá.“
- Matt. 15:31.

Með krafti Guðs gat Jesús Kristur unnið alls konar ótrúleg kraftaverk. Hann læknaði ekki bara holdsveika heldur einnig fólki með ýmsa aðra sjúkdóma og fatlanir. Jesús þurfti ekki líffæragsjafir til að vinna slík miskunnarverk. Hann endurnýjaði hreinlega líffæri og líkamshluta fólks eftir þörfum. Og hann læknaði fólki á augabragði, jafnvel úr fjarlægð. (Jóh. 4:46-54)

Hvað sýna þessi ótrúlegu kraftaverk? Að Jesús, sem nú er orðinn konungur á himnum, hefur ekki bara mátt til að lækna fólki fyrir fullt og allt. Hann þráir líka að gera það. Þegar við sjáum hvernig Jesús kom fram við fólki styrkir það trú okkar á að „hann miskunni sig yfir bágstadda og snauða“ í nýja heiminum eins og lofað er í Biblíunni. (Sálm. 72:13) Jesús gerir þá það sem hjarta hans þráir og hjálpar öllum sem eiga um sárt að binda. *W15* 15.6. 2:6

Þriðjudagur 12. september

„Helgist þitt nafn.“ - Matt. 6:9.

Margir kunna faðirvorið utan að. Við vitnum oft í þessa bæn þegar við boðum trúna hús úr húsi til að rökstyðja að ríki Guðs sé raunveruleg stjórn og eigi eftir að gera stórkostlegar breytingar hér á jörð. Og stundum vitnum við í það fyrsta sem nefnt er í bæninni til að sýna fram á að Guð eigi sér nafn og það eigi að helgast, það er að segja að það eigi að vera heilagt í augum fólks. (Matt. 6:9) Ætlaðist Jesús til að við færum orðrétt með þessa bæn í hvert sinn sem við biðjum, eins og algengt er í kristna heiminum? Nei. Rétt áður en Jesús gaf lærisveinum sínum þessa bæn sem fyrirmynd sagði hann: „Þegar þér biðjist fyrir skuluð þér ekki fara með fánýta mælgí.“ Þeir áttu sem sagt ekki að fara með bænina eins og þulu. (Matt. 6:7) Við annað tækifæri fór hann aftur með þessa bæn en með ólíku orðalagi. (Lúk. 11:1-4) Með þessum hætti bendir Jesús á hvað sé rétt að biðja um og hvað sé mikilvægast. Það er því viðeigandi að líta á bænina sem fyrirmynd. *W15* 15.6. 4:1, 2

Miðvikudagur 13. september

Sá er hyggst standa gæti vel að sér að hann falli ekki. – 1. Kor. 10:12.

Jehóva gefur okkur öflugan heilagan anda sinn sem getur styrkt okkur og hjálpað til að standast freistingar. Hann varar okkur líka við hættum með hjálp Biblíunnar og safnaðarins. Við erum til dæmis vörud við að eyða óhöflegum tíma, peningum og kröftum í óþarfa efnislega hluti. Espen og Janne eru fyrrverandi brautryðjendur sem eiga nú tvö börn. Espen segir: „Þar sem við getum ekki notað eins mikinn tíma og áður í þjónustunni við Jehóva biðjum við hann oft að hjálpa okkur að falla ekki í freistni. Við biðjum hann um hjálp til að varðveita okkar andlega mann og hafa brennandi áhuga á boðuninni.“ Að horfa á klám er önnur freisting sem er orðin áberandi upp á síðkastið. Sumir hafa fallið fyrir þessari freistingu með því að leyfa sér að gæla við rangar hugsanir. En við getum staðist freistinguna ekki síður en þúsundir trúsystkina okkar. – 1. Kor. 10:13. *w15 15.6. 5:15, 16*

Fimmtudagur 14. september

„Konungar jarðarinnar, höfðingjar og herforingjar, auðmenn og mektarmenn, hver þræll og þegn fólu sig í hellum og í hömrum fjalla.“ – Opinb. 6:15.

Hvað gerist eftir að falstrúarbrögðunum er eytt? Þá gefst okkur tækifæri til að sýna hvað býr í hjörtum okkar. Meirihluti fólks leitar skjóls hjá samtökum og stofnunum manna sem líkt er við „fjöll og hamra“. En þjónar Guðs munu á táknrænan hátt flýja í

skjólíð sem hann lætur í té. Gyðingar snerust ekki til kristni í stórum stíl á fyrstu öld þegar hlé varð á þrengingunni. Núna var áriðandi fyrir þá sem voru þegar kristnir að hlýða og fara eftir fyrirmælum Krists. Við getum ekki heldur búist við því að nýir streymi inn í söfnuðinn þegar hlé verður á þrengingunni miklu. Öllum sonnum þjónum Guðs gefst hins vegar tækifæri til að sanna að þeir elski Jehóva og til að styðja bræður Krists. – Matt. 25:34-40. *w15 15.7. 2:7*

Föstudagur 15. september

„Ef einhver verður fyrir ónotum og líður saklaus vegna meðvitundar um Guð þá er það þakkarvert.“ – 1. Pét. 2:19.

Ólstu upp við að sýna landi þínu eða landshluta sterka hollustu? Eimir eftir af slíkum tilfinningum í hjarta þér? Þjónar Guðs ættu ekki að leyfa þjóðerniskennd að lita viðhorf sín til annarra. En hvað er til ráða ef þú uppgötvar að þú hugsar neikvætt um fólk af öðru þjóðerni, menningu, málhópi eða kynþætti? Þá væri mjög gagnlegt að hugsa um hvernig Jehóva lítur á þjóðernishyggju og fordóma. Það gæti verið gott að leita uppi efni af því tagi. Biddu síðan Jehóva að hjálpa þér að tileinka þér viðhorf hans til þessara mála. (Róm. 12:2) Við ættum að gera það af því að fyrr eða síðar lenda allir þjónar Jehóva í aðstæðum þar sem samviskan segir þeim að þeir verði að skera sig úr hópnum, hvort heldur um er að ræða vinnufélaga, skólafélaga, nágranna, ættingja eða aðra. En við verðum að skera okkur úr! *w15 15.7. 3:14, 15*

Laugardagur 16. september

Úr kviði fisksins það Jónas til Drottins, Guðs síns. – Jónas 2:2.

Jehóva hlustar á einlægar beiðnir okkar og skilur okkur, jafnvel þegar enginn annar gerir það. Svör Jehóva við bænnum okkar er falleg birtingarmynd kærleika hans sem aldrei bregst. Við getum lært margt af bænnum sem eru skráðar í orði Guðs. Það gæti því verið mjög gagnlegt öðru hverju að taka fyrir einhverjar af þessum bænnum í tilbeiðslustund fjölskyldunnar. Við getum ef til vill auðgað okkar eigin bænir með því að hugleiða hvernig þjónar Jehóva fyrr á tímum tjáðu Guði sínar innstu hugsanir. Þú gætir til dæmis skoðað iðrunarfulla bæn Jónasar í kviði stórfisksins. (Jónas 2:1-11) Rifjaðu upp einlæga bæn Salómons til Jehóva við vígslu musterisins. (1. Kon. 8:22-53) Hugleiddu faðirvorið sem Jesús kenndi okkur. (Matt. 6:9-13) Umfram allt skaltu venja þig á að „gera í öllum hlutum óskir þínar kunnar Guði“. Þá mun „friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, varðveita hjarta þitt og hugsanir þínar“. – Fil. 4:6, 7. *W15* 15.8. 1:11, 12

Sunnudagur 17. september

„Verið þeim eftirlát.“ – Hebr. 13:17.

Það verður ánægjulegt að fylgja leiðsögn Jehóva í nýja heiminum þegar við vinnum að því að fegra jörðina, kenna þeim sem rísa upp og koma vilja Jehóva með mannkynið til leiðar. En hvað ef við yrðum beðin um að sinna ákveðnu verkefni sem okkur fyndist frekar óspennandi? Myndum við hlýða og gera okkar ýtrasta til að vinna verkið vel og jafnvel reyna að hafa gaman af því? Við svörum því flest játandi. En erum við sjálfum okk-

ur samkvæm og bregðumst eins við leiðbeiningum safnaðarins núna? Með því að gera það búum við okkur undir eilífa lífið undir stjórn Jehóva. Til að búa okkur undir lífið í nýja heiminum þurfum við þó að gera meira en að hlýða leiðsögn safnaðarins. Við þurfum líka að læra að vera ánægð og samstarfsfús. Það á til dæmis við þegar við fáum ný verkefni. Ef við lærum að lúta leiðsögn þeirra sem fara með forystuna núna höfum við líklega ánægju af því í nýja heiminum líka. *W15* 15.8. 3:6, 7

Mánudagur 18. september

Heiðnar konur hans sneru hjarta hans til annarra guða. Salómon gerði það sem illt var í augum Drottins. – 1. Kon. 11:4, 6.

Slæmur félagsskapur spillti visku Salómons og varð til þess að hann hætti að tilbiðja Jehóva. (1. Kon. 11:1-6) Þetta er sterk viðvörðun fyrir kristna einstaklinga sem eru kannski að íhuga að giftast einhverjum sem elskar ekki Jehóva. Hvað ef giftur einstaklingur gerist tilbiðjandi Jehóva en maki hans ekki? Biblían segir: „Eins skuluð þið, eiginkonur, vera eftirlátar eiginmönnum ykkar til þess að jafnvel þeir sem vilja ekki hlýða orðinu geti unnist orðalaust við hegðun kvenna sinna.“ (1. Pét. 3:1) Að sjálf sögðu eiga þessi orð líka við um eiginmann sem gerist tilbiðjandi Jehóva en konan hans ekki. Leiðbeiningar Biblíunnar eru skýrar: Vertu góður maki og farðu eftir meginreglum Guðs um hjónabandið. Margir hafa tekið við sannleikanum þegar þeir hafa séð breytingarnar í fari maka síns eftir að hann fór að fylgja leiðbeiningum Guðs. *W15* 15.8. 4:15, 16

Þriðjudagur 19. september

„Einfaldur maður trúir öllu en hygginn maður kann fótum sínum forráð.“ – Orðskv. 14:15.

Við sumum sjúkdómum er ekki til nein þekkt lækning. Það er því viturlagt að vera á varðbergi gagnvart fullyrðingum um undralækningar sem eru aðallega staðfestar með sögusögnum. Páli var innblásið að skrifa: „Ljúflyndi [„sanngirni“, NW] ykkar verði kunnugt öllum mönnum.“ (Fil. 4:5) Ef við erum sanngjörn og skynsöm aftrar það okkur frá því að nota svo mikinn tíma í að hugsa um heilsuna að andlegu málin sitji á hakanum. Ef við leyfum heilsunni að verða aðalatriðið í lífi okkar væri hætt á að við yrðum sjálfhverf. (Fil. 2:4) Þjónustan við Jehóva skiptir mestu máli og við ættum því að hafa skynsamlegt viðhorf til heilsunnar og ekki gera okkur óhöflegar væntingar. (Fil. 1:10) Hvað varðar heilsuna og önnur slík mál ættum við hvert og eitt okkar að ákveða sjálf hvað við veljum og höfnum og taka ábyrgðinni sem því fylgir. *W15 15.9. 2:8, 10*

Miðvikudagur 20. september

„Send ljós þitt og trúfesti þína, þau skulu leiða mig.“ – Sál. 43:3.

Jehóva er Guð sannleikans. (Jes. 45:23) Hann elskar börnin sín og hefur ánægju af því að láta ljós sannleikans skína til að leiðbeina þeim á öllum sviðum lífsins, sérstaklega þeim sem tengjast tilbeiðslunni. Hvaða sannleika hefur Jehóva opinberað og hvernig sýnir það að hann elskar okkur? Í fyrsta lagi hefur Jehóva opinberað sannleikann um sjálfan sig. Hann segir

okkur nafn sitt en það kemur oft af fyrir í Biblíunni en nokkurt annað nafn. Þannig nálgast hann okkur og leyfir okkur að kynnast sér. (Jak. 4:8) Hann segir okkur líka frá eiginleikum sínum sem sýna hvers konar Guð hann er. Hinn sýnilegi alheimur vitnar um mátt Guðs og visku en í Biblíunni sýnir hann okkur líka að hann sé réttlátur og að fremsti eiginleiki hans sé takamarkalaus kærleikur. (Róm. 1:20) Hann er eins og faðir sem er bæði sterkur og vitur en líka ástríkur og sanngjarn og það auðveldar börnum hans að eignast náð samband við hann. *W15 15.9. 4:8, 9*

Fimmtudagur 21. september

„Hönd Drottins birtist þjónum hans.“ – Jes. 66:14.

Margir sjá lítil tengsl milli þess sem þeir gera og þess sem Guð gerir. Sumir hugsa jafnvel að Guð hafi lítinn áhuga á því sem gerist hjá mönnum. Eftir að ofurfellibylurinn Haiyan reið yfir miðhluta Filippseyja í nóvember 2013 og olli mikilli eyðileggingu sagði borgarstjóri stórrar borgar: „Guð hlýtur að hafa verið annars staðar.“ Aðrir láta eins og Guð sjái ekki það sem þeir gera. (Jes. 26:10, 11; 3. Jóh. 11) Þeir líkjast þeim sem Páll postuli lýsti þegar hann sagði: „Þeir hirtu ekkert um að þekkja Guð.“ Þeir voru „fullir alls kyns rangsleitni, vonsku, ágirndar og illsku“. (Róm. 1:28, 29) Hvað um okkur? Ólíkt þeim sem rætt var um hér að ofan áttum við okkur á að Jehóva fylgist með öllu sem við gerum. En tókum við líka eftir hvernig hann sýnir okkur áhuga og styður okkur? *W15 15.10. 1:1-3*

Föstudagur 22. september

„Ég skal sýna þér trúna af verkum mínum.“ – Jak. 2:18.

Að boða fagnaðarerindið er góð leið til að sýna trú okkar í verki. Hvers vegna? Boðunin útheimtir að við trúum að Guð bindi enda á þetta heimskerfi á tilsettum tíma og að það „rætist ... án tafar“. (Hab. 2:3) Til að komast að því hve sterk trú okkar er getum við velt fyrir okkur hve fús við erum til að leggja okkur fram í boðuninni. Gerum við okkar ýtrasta og leitum jafnvel leiða til að eiga enn meiri þátt í henni? (2. Kor. 13:5) „Með muninum [er] játað til hjálpræðis“ og það er kraftmikil leið til að sýna að trú okkar sé einlæg. (Róm. 10:10) Við getum einnig sýnt trú í verki þegar við glíum við erfiðleika daglegs lífs. Hvort sem við þurfum að kljást við veikindi, depurð, þunglyndi, fátækt eða aðra erfiðleika treystum við að Jehóva og sonur hans hjálpi okkur „þegar við erum hjálparþurfi“. (Hebr. 4:16) Við sýnum slíkt traust með því að biðja Jehóva um hjálp, og ekki bara í andlegum málum. *W15 15.10. 2:12-14*

Laugardagur 23. september

Andinn heilagi mun minna yður á allt það sem ég hef sagt yður. – Jóh. 14:26.

Þú gætir lent í aðstæðum þar sem þú hefur ekki aðgang að biblíu. En þú getur alltaf hugleitt það sem þú hefur geymt í minni þínu, eins og uppáhaldsbiblíuversin þín og texta úr söngbókinni okkar. (Post. 16:25) Þar að auki getur andi Guðs hjálpað þér að kalla fram í hugann það góða sem þú hefur lært. Við getum tekið frá tíma suma daga vikunnar til að lesa og hugleiða biblíulestur-

inn fyrir Boðunarskólann. Aðra daga gætum við gefið okkur tíma til að hugleiða það sem Jesús sagði og gerði. Þú ert eflaust sammála um að meðal þekktari bóka Biblíunnar eru guðspjöllin sem segja frá ævi og starfi Jesú. (Róm. 10:17; Hebr. 12:2; 1. Pét. 2:21) Þjónar Guðs hafa jafnvel fengið rit þar sem atburðir í lífi Jesú á jörð eru teknir fyrir í tímaröð. Það er frábært hjálpargagn, sérstaklega ef við lesum og hugleiðum vandlega versin í guðspjöllunum sem vísað er til í hverjum kafla. – Jóh. 14:6. *W15 15.10. 4:11, 12*

Sunnudagur 24. september

„Ég kalla yður vini því ég hef kunngjört yður allt sem ég heyrði af föður mínum.“ – Jóh. 15:15.

Jesús var traustur og kærleiksríkur vinur. Húsbændur á biblíutímanum voru ekki vanir að segja þjónum sínum frá hugsunum sínum og tilfinningum. Jesús reyndist hins vegar bæði vera húsbóndi og vinur trúfastra postula sinna. Hann varði tíma með þeim, sagði þeim frá því sem honum bjó í brjósti og hlustaði vandlega þegar þeir úthelltu hjarta sínu fyrir honum. (Mark. 6:30-32) Þessi hlýju tjáskipti mynduðu sterk bönd milli Jesú og postula hans og bjuggu þá undir verkefnum sem biðu þeirra í þjónustu Guðs. Jesús vildi að lærisveinar sínir og vinir fengju að upplifa gleðina sem hlýst af því að vera upptekinn í þjónustu Jehóva. Hann hvatti þá því til að leggja hart að sér. Jesús vildi að þeir yrðu ötulir við boðunina og fullvissaði þá hlýlega um að hann myndi hjálpa þeim í þessu starfi. – Matt. 28:19, 20. *W15 15.11. 2:3, 5*

Mánudagur 25. september

„Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ – Matt. 22:39.

Kærleikurinn er sá eiginleiki Jehóva Guðs sem ber hæst. (1. Jóh. 4:16) Jesús var fyrsta sköpunarverk hans. Hann var óralengi með föður sínum á himnum og kynntist kærleika hans. (Kól. 1:15) Jesús hefur alltaf sýnt að hann skilur fullkomlega hve kærleiksríkur Jehóva er, einnig meðan hann var á jörðinni, og hann líkir eftir kærleika hans. Við getum því treyst að Jehóva og Jesús beiti yfirráðum sínum alltaf á kærleiksríkan hátt. Aðspurður hvert væri æðsta boðorð lögmálsins svaraði Jesús: „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er hliðstætt þessu: Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ (Matt. 22:37-39) Við tökum eftir að Jesús segir fyrst að við eigum að elska Jehóva og bætir síðan við að við eigum að elska náungann. Það vitnar um hve mikilvægt er að sýna kærleika í öllum okkar samskiptum. *W15 15.11. 4:1-3*

Priðjudagur 26. september

„Allt það sem áður er ritað er ritað okkur til fræðslu.“ – Róm. 15:4.

Jehóva tjáði sig ekki bara á hebræsku við mennina. Eftir útleððina í Babel varð arameíska aðaltungumál sumra þjóna Guðs. Jehóva gaf ef til vill til kynna hvað koma skyldi þegar hann innblés spámönnunum Daníel og Jeremía og Esra presti að skrifa hluta af bókum sínum á arameísku. Alexander mikli lagði síðar undir sig stóran hluta hins forna heims og almenn gríska, svokölluð koine-gríska, varð alþjóð-

legt mál manna. Margir Gyðingar tóku að tala grísku sem varð til þess að Hebræsku ritningarnar voru þýddar á þetta mál. Talið er að 72 þýðendur hafi unnið að þessu verki sem síðar var kallað *Sjötíumannapýðingin*. Þetta var fyrsta þýðing Biblíunnar og ein sú mikilvægasta. Þar sem svo margir þýðendur komu að henni varð stillinn fjölbreyttur, sums staðar orðtryggur en annars staðar frekar frjálslegur. Engu að síður litu grískumælandi Gyðingar og síðar kristnir menn á *Sjötíumannapýðinguna* sem orð Guðs. *W15 15.12. 1:4-6*

Miðvikudagur 27. september

„Sjáið hversu lítill neisti getur kveikt í miklum skógi.“ – Jak. 3:5.

Í sjötta versinu kemur í ljós hvað Jakob á við með þessu dæmi. Þar segir: „Tungan er líka eldur.“ Tungan táknar hæfileika okkar til að tala. Mál okkar getur valdið miklum skaða líkt og eldur. Biblían segir jafnvel að „dauði og líf séu á valdi tungunnar“. (Orðskv. 18:21) Auðvitað hættum við ekki að tala af ótta við að segja eitthvað særandi, ekkert frekar en við forðumst að nota eld af ótta við skaðann sem hann gæti valdið. Þetta snýst um að hafa stjórnina. Ef við höfum stjórn á eldi getum við notað hann til að elda, hlýja okkur og lýsa upp náttmyrkrið. Ef við höfum taumhald á tungunni getum við notað hana til að heiðra Guð og uppörva aðra. (Sálm. 19:15) Hæfileikinn til að tjá hugsanir okkar og tilfinningar er stórfengleg gjöf frá Guði, hvort sem við tjáum okkur með munnum eða höndunum. Við ættum að nota þessa gjöf til að byggja aðra upp en ekki draga þá niður. – Jak. 3:9, 10. *W15 15.12. 3:1-3*

Fimmtudagur 28. september

*„Þá biður hann Lúkas að heilsa ykkur, læknirinn elskaði.“
– Kól. 4:14.*

Það er rökrétt að álykta að Lúkas hafi gefið Páli ýmis ráð varðandi heilsuna og hjálpað honum og öðrum þegar þeir veiktust á trúboðsferðunum. Hvers vegna var þörf á því? Vegna þess að jafnvel Páll veiktist á þessum ferðalögum. (Gal. 4:13) Jesús hafði áður sagt: „Ekki þurfa heilbrigðir læknis við heldur þeir sem sjúkir eru,“ og Lúkas gat veitt Páli og félögum hans slíka lækniðstöð. (Lúk. 5:31) Biblían gefur ekki til kynna hvar eða hvenær Lúkas lærði til læknis. Páll nefnir í bréfi sínu til Kólossumanna að Lúkas hafi verið læknir, og sumir telja að það sé vegna þess að þeir þekktu hann. Athygli vekur að hægt var að stunda lækniðsám í Laódíkeu, nærliggjandi borg. Hvar svo sem Lúkas lærði var hann enginn skottulæknir fullur af hugmyndum um hvernig fólk ætti að sinna heilsunni. Hann var læknir. Það er greinilegt af orðunum sem hann notar um lækniðsfræðileg mál í guðspjalli sínu og Postulasögunni. Það sést líka af því hve mikinn áhuga hann hafði á kraftaverkunum sem Jesús vann þegar hann læknaði fólk. *W15 15.12. 4:11, 12*

Föstudagur 29. september

„Þökk sé Guði fyrir sína óumræðilegu gjöf!“ – 2. Kor. 9:15.

Jehóva gaf okkur mestu kærleiksgjöf sem hugsast getur þegar hann sendi einkason sinn til jarðar. (Jóh. 3:16; 1. Jóh. 4:9, 10) Páll postuli kallar hana „óumræðilega gjöf“ Guðs. Páll vissi að fullkomin fórn Krists væri trygging fyrir því að öll hin stórkostlegu loforð Guðs yrðu að

veruleika. (2. Kor. 1:20) Þessi „óumræðilega gjöf“ felur sem sagt í sér alla þá góðvild og þann trygga kærleik sem Jehóva sýnir okkur fyrir milligöngu Jesú. Þessi gjöf er svo undursamleg að henni verður ekki lýst til fulls með orðum. Hvaða áhrif ætti það að hafa á okkur að fá svo stórfenglega gjöf? Og hvað ætti hún að hvetja okkur til að gera? Fær hún þig til að hugsa þinn gang og jafnvel gera breytingar á lífi þínu? Hvetur hún þig til að vera örlátari og kærleiksrikari í garð annarra og fyrirgefa jafnvel þeim sem hafa gert eitt hvað á þinn hlut? Mundu að það sem Jehóva hefur gefið okkur fyrir milligöngu Krists er verðmætasta gjöf sem nokkurn tíma hefur verið gefin. – 1. Pét. 3:18. *W16.01. 2:1, 2, 4, 5*

Laugardagur 30. september

„Vindurinn blæs þar sem hann vill og þú heyrir þyt hans. Samt veistu ekki hvaðan hann kemur né hvert hann fer. Svo er um þann sem af andanum er fæddur.“ – Jóh. 3:8.

Þeir sem Guð hefur útvalið spyrja sig ef til vill: Hvers vegna hef ég verið valinn? Af hverju ég en ekki einhver annar? Þeir efast jafnvel um að þeir séu verðugir. Þeir efast hins vegar ekki um að Jehóva hafi útvalið þá. Þeir eru innilega þakklátir og glaðir. Þeim er eins innanbrjóst og Pétri en honum var innblásið að segja: „Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists sem eftir mikilli miskunn sinni hefur endurfætt oss til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum og veitt oss óförgengilega, flekklausu og ófölnandi arfleifð sem yður er geymd á himnum.“ (1. Pét. 1:3, 4) Þegar hinir andasmurðu lesa þessi orð eru þeir ekki í minnsta vafa um að faðir þeirra á himnum sé að tala beint til þeirra. *W16.01. 3:11, 12*

Sunnudagur 1. október

„Þau sem hann fyrirhugaði hefur hann og kallað.“ – Róm. 8:30.

Jehóva byrjaði að velja hina andasmurðu eftir dauða Jesú og upprisu. Svo virðist sem allir kristnir menn á fyrstu öld hafi verið andasmurðir. Upp úr aldamótunum 200 og fram að síðustu dögum voru það mestmegnis falskristnir menn sem sögðust fylgja Kristi. Jesús likti þeim við „illgresi“. En Jehóva hélt samt áfram að smyrja allnokkra trúfasta menn á þeim tíma. Þeir voru eins og „hveitið“ sem Jesús talaði um. (Matt. 13:24-30) Á síðustu dögum hefur Jehóva haldið áfram að velja fólk í hóp hinna 144.000. Ef hann ákveður að biða með að velja suma af hinum andasmurðu þangað til langt er liðið á síðustu daga ættum við tæplega að véfengja visku hans. (Jes. 45:9; Dan. 4:32; Róm. 9:11, 16) Við megum ekki vera eins og verkamennirnir sem voru óánægðir og kvörtuðu yfir því hvernig húsbóndi þeirra réð málum verkamannanna sem byrjuðu að vinna á elleftu stundu. – Matt. 20:8-15. *w16.01. 4:15*

Mánudagur 2. október

„Tak þú son þinn, einkason þinn sem þú elskar, hann Ísak, og far þú til Móríalands og fórna honum sem brennifórn á því fjalli sem ég mun vísa þér á.“ – 1. Mós. 22:2.

Jehóva fer ekki fram á að við fórn um börnum okkar. Hins vegar biður hann okkur um að hlýða sér jafnvel þó að okkur finnist það erfitt eða við skiljum ekki ástæðurnar fyrir því. Dettur þér eitthvað í hug sem Guð biður þig um að gera en þú átt ekki auðvelt með? Sumum finnst erfitt að boða trúna. Þeir eru kannski feimnir og treysta sér

varla til að tala við ókunnuga til að flytja þeim fagnaðarerindið. Öðrum finnst það heilmikil þrekraun að skera sig úr fjöldanum, ef til vill í skólanum eða á vinnustað. (2. Mós. 23:2; 1. Þess. 2:2) Líður þér stundum eins og Abraham, eins og þú sért að ganga með erfiðismunum upp fjallshlíðina og fram undan sé óviðráðanlegt verkefni? Hugsaðu þá um trú og hugrekki Abrahams. Ef við hugleiðum fordæmi trúfastra þjóna Guðs getur það vakið með okkur löngun til að líkja eftir þeim og styrkja sambandið við Jehóva, vin okkar. – Hebr. 12:1, 2. *w16.02. 1:3, 14*

Þriðjudagur 3. október

„Sál talaði við Jónatan, son sinn, og alla þjóna sína um að drepa Davíð.“ – 1. Sam. 19:1.

Pegar Sál hugðist drepa Davíð þurfti Jónatan að taka erfiða ákvörðun: Hverjum ætlaði hann að sýna hollustu? Þótt Jónatan hefði gert sáttmála við Davíð var hann líka undirgefinn föður sínum. En Jónatan vissi að Guð var með Davíð en ekki með Sál. Jónatan tók því hollustu við Davíð fram yfir hollustu við Sál. Hann varaði Davíð við, sagði honum að fela sig og talaði síðan jákvætt um hann við Sál. (1. Sam. 19:1-6) Ef við gætum okkar ekki gæti hollusta við land, skóla eða íþróttalið smám saman kæft hollustu okkar við Guð. Tökum Henry sem dæmi. Honum finnst gaman að tefla. Skólinn hans var þekktur fyrir að vinna skákmeistaratitilinn og Henry vildi leggja sig allan fram. Hann viðurkennir þó: „Smátt og smátt fór hollusta við skólann að verða mikilvægari en hollustan við Guð. Skákmót um helgar urðu til þess að ég hafði lítinn tíma fyrir þjónustuna við Jehóva. Ég ákvað því að hætta í skákliðinu.“ – Matt. 6:33. *w16.02. 3:10, 12*

Miðvikudagur 4. október

„Þjóð þín kemur fúslega.“

– Sálm. 110:3.

Ungt fólk getur komist að raun um hvort ákvörðun þess að skírast kemur frá hjartanu. Bænir þínar bera vott um hvort þig langar einlæglega til að þjóna Jehóva. Ef þú biður oft og ert markviss í bænnum þínum bendir það til þess að þú eigir náð samband við Jehóva. (Sálm. 25:4) Oft svarar hann bænnum okkar með hjálp Biblíunnar. Ef við erum dugleg við biblíunám gefur það til kynna að við viljum virkilega styrkja tengslin við Jehóva og þjóna honum af öllu hjarta. (Jós. 1:8) Spyrðu þig því: Hversu markviss er ég í bænnum mínum? Er ég með góða reglu á sjálfsnámi mínu í Biblíunni? Og ef fjölskylda þín er með vikulega tilbeiðslustund skaltu spyrja þig: Tek ég fúslega þátt í henni? Svörin við þessum spurningum geta dregið fram hvort það er þín hjartans löngun að skírast. *w16.03. 1:11, 13*

Fimmtudagur 5. október

„Hann tengir líkamann saman og heldur honum saman með því að láta sérhverja taug inna sína þjónustu af hendi.“ – Ef. 4:16.

Er ekki gaman að lesa í árbókinni um árangur boðunarinnar í heild? Hugsaðu líka um hve sameinuð við erum á umdæmis- og alþjóðamótum þegar við hlustum á hvetjandi biblíutengdar ræður og horfum á leikrit og sýnidæmi. Í þeim er oft lögð áhersla á hvernig Jehóva hvetur okkur innilega til að þjóna sér af öllu hjarta. Minningarhátíðin um dauða Jesú sameinar okkur einnig. Við sýnum þakklæti okkar fyrir óverðskuldaða góðvild Guðs og hlýðum boði Jesú með því að safn-

ast saman á þessum árlega viðburði eftir sólsetur hinn 14. nísan. (1. Kor. 11:23-26) Og vikurnar fyrir minningarhátíðina förum við til eins margra og við getum á svæði safnaðarins til að bjóða þeim á þennan mikilvæga atburð. Það sem við gerum sjálf gæti virst ómerkilegt eitt og sér. En þegar við vinnum saman tekst okkur að beina athygli milljóna manna að Jehóva, honum sem á skilið að fá lof og heiður okkar allra. *w16.03. 3:4, 6, 7*

Föstudagur 6. október

„Þessi er minn elskaði sonur sem ég hef velþóknun á.“ – Matt. 3:17.

Það er mikilvægt að kenna bræðrum sem eru þjálfaðir til starfa í söfnuðinum að taka mið af meginreglum Biblíunnar. Segjum til dæmis að öldungur biðji bróður að halda anddyri ríkissalarins og stéttinni fyrir utan hreinni og tryggja að aðgengi sé öruggt. Hann gæti lesið með honum Títusarbréfið 2:10 og útskýrt hvernig bróðurinn geti „prýtt kenningu Guðs frelsara okkar“ með því að sjá vel um ríkissalinn. Hann gæti líka beðið nemandann að hugsa um hina öldruðu í söfnuðinum og velta fyrir sér hvernig hann geti verið þeim til aðstoðar ef hann sinnir verkefni sínu vel. Með því að ræða þessi mál við hann hjálpar öldungurinn nemandanum að hugsa frekar um fólk en reglur. Það gleður hann að sjá bræður og systur í söfnuðinum njóta góðs af þeirri þjónustu sem hann lætur í té. Og öldungurinn ætti að hrósa nemandanum fyrir að fara eftir leiðbeiningunum. Hve miklu máli skiptir það? Einlægt hrós hefur sömu áhrif á nemandann og það hefur á plöntu að vökva hana – hann vex og dafnar. *w15 15.4. 2:7, 8*

Laugardagur 7. október

„Drottinn mun frelsa mig frá öllu illu.“ – 2. Tím. 4:18.

Hefur þér stundum fundist þú standa aleinn í baráttunni við erfiðleika? Kannski hefurðu verið atvinnulaus, skólafélagar hafa þrýst á þig eða þú hefur átt við heilsuvandamál að stríða eða aðrar erfiðar aðstæður. Ef til vill baðstu einhverja um aðstoð en varðst fyrir vonbrigðum þegar þú uppgötvaðir að þar var litla hjálp að fá. Og sannleikurinn er reyndar sá að menn geta ekki leyst öll vandamál. Eru þá ráð Biblíunnar að treysta Jehóva bara orðin tólm við slíkar aðstæður? (Orðskv. 3:5, 6) Eru þau gagnslaus? Alls ekki. Hjálpin frá Jehóva er raunveruleg eins og sjá má af mörgum frásögum Biblíunnar. Það er hægur vandi að verða bitur þegar fólk bregst vonum okkar. En það er miklu betra að líta á málið eins og Páll postuli gerði – sem tækifæri til að treysta Jehóva að öllu leyti og finna fyrir ást hans og umhyggju. Það styrkir traust þitt til hans og þú eignast enn raunverulegra samband við hann. *W15 15.4. 4:3-5*

Sunnudagur 8. október

„Guð þessarar aldar hefur blindað huga vantrúaðra.“ – 2. Kor. 4:4.

Satan þarf að beita blekkingum til að snúa fólki gegn Jehóva, Guði kærleikans. (1. Jóh. 4:8) Með blekkingum kemur hann í veg fyrir að fólk „skynji andlega þörf sína“. (Matt. 5:3, NW) Þannig hefur hann „blindað huga vantrúaðra til þess að þeir sjái ekki ljósið frá fagnaðarerindinu um dýrð Krists, hans sem er mynd Guðs“. Einhver áhrifamesta blekking Satans er falstrúarbrögðin. Jehóva „krefst óskiptrar hollustu“ og Satan hlýtur því

að njóta þess að sjá fólk tilbiðja forfeður sína, náttúruna eða dýrin – hvern sem er eða hvað sem er annað en Jehóva. (2. Mós. 20:5, NW) Margir sem halda sig tilbiðja Guð á réttan hátt eru samt í fjötrum falstrúar og gagnslausra helgisíða. Þeir eru í átakanlegri aðstöðu, ekki ósvipaðri og fólkið sem Jehóva ávarpaði í bænartón: „Hvers vegna reiðið þér fram laun erfiðis yðar fyrir það sem ekki seður? Hlýðið á mig, og endurnærst af feitmeti.“ – Jes. 55:2. *W15 15.5. 1:14, 15*

Mánudagur 9. október

„Hann skal merja höfuð þitt og þú skalt höggva hann í hælinn.“ – 1. Mós. 3:15.

Abel hugsaði örugglega mikið um þetta loforð og gerði sér grein fyrir að einhver yrði „höggvinn í hælinn“ svo að mennirnir gætu orðið fullkomnir, eins og Adam og Eva voru áður en þau syndguðu. Abel hafði trú sem byggðist á loforðum Guðs og Guð viðurkenndi því fórn hans. (1. Mós. 4:3-5; Hebr. 11:4) Núi lifði flóðið af þar sem hann trúði Guði. (Hebr. 11:7) Eftir flóðið færði hann einnig dýrafórnir vegna trúar sinnar. (1. Mós. 8:20) Vafalaust trúði hann, líkt og Abel, að mennirnir yrðu að lokum leystir úr fjötrum syndar og dauða. Núi varðveitti trúna og vonina jafnvel á þeim myrka tíma eftir flóðið þegar Nimrod tók völd, en hann var mikill andstæðingur Jehóva. (1. Mós. 10:8-12) Líklega fannst Nóa mjög hughreystandi að hugsa til þess þegar mennirnir losna undan kúgun, erfðarsynd og dauða. Við getum líka „séð“ þessa yndislegu tíma – og þeirra er skammt að biða. – Rómv. 6:23. *W15 15.5. 3:4, 6*

Þriðjudagur 10. október

„Hugsýki íþyngir hjartanu, eitt vingjarnlegt orð gleður það.“

- Orðsku. 12:25.

Áhyggjur geta bæði skaðað heilsu okkar og trú. Við ættum öllu heldur að treysta Jehóva og minna okkur á orðin í versí dagsins. Vingjarnleg og uppörvandi orð frá einhverjum sem skilur okkur geta glatt hjarta okkar. Ef við tölum við foreldra okkar, maka eða náinn vin, sem sér hlutina frá sjónarhóli Guðs, og treystum þeim fyrir áhyggjum okkar geta þeir hjálpað okkur að draga úr þeim. Enginn skilur áhyggjur okkar betur en Jehóva. Páll skrifaði: „Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð. Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.“ (Fil. 4:6, 7) Þegar þú ert áhyggjufullur geturðu hugsað um þá hjálp sem Jehóva veitir okkur til að viðhalda góðu sambandi við sig, eins og aðstoð frá trússystkinum, öldungum, trúa þjóninum, englum og Jesú. *W15 15.5. 4:16, 17*

Miðvikudagur 11. október

„Þarna var maður nokkur sem hafði verið sjúkur í þrjátíu og átta ár.“ - Jóh. 5:5.

Rétt norðan við musterið í Jerúsalem var laug sem kölluð var Betesda. Veikir og fatlaðir flyktust þangað í þeirri trú að þeir læknuðust fyrir kraftaverk. Fullur samúðar gekk Jesús til manns sem hafði verið lamaður lengur en Jesús hafði lifað á jörð. (Jóh. 5:6-9) Jesús spurði hann hvort hann vildi læknaast. Svarið lét ekki á sér standa. Hann vildi læknaast en sá ekki fram á að það gæti gerst þar sem hann hafði engan til

að hjálpa sér ofan í laugina. Jesús sagði manninum þá að gera hið ómögulega – að taka rekkju sína og ganga. Maðurinn tók Jesú á orðinu, tók rekkju sína og fór að ganga. Hvílíkur forsmekkur af því sem Jesús ætlað að gera í nýja heiminum! Við sjáum líka af þessu kraftaverki hve umhugað Jesús var um fólk. Hann leitaði þá uppi sem voru hjálparþurfi. Fordæmi hans ætti að hvetja okkur til að halda áfram að leita að fólki á starfssvæði okkar sem er miður sín yfir öllum þeim hryllingi sem á sér stað í heiminum. *W15 15.6. 2:8-10*

Fimmtudagur 12. október

*„Þannig skuluð þér biðja.“
- Matt. 6:9.*

Ávarpið „faðir vor“, ekki „faðir minn“, minnir á að við tilheyrum „samfélagi þeirra sem trúa“ og elska hver annan innilega. (1. Pét. 2:17) Það er óviðjafnanlegur heiður. Guð hefur getið andasmurða kristna menn sem syni sína og þeir eiga í vændum að fara til himna. Þeir geta með réttu og í fyllstu merkingu kallað Jehóva föður sinn. (Rómv. 8:15-17) Kristnir menn, sem eiga von um eilíft líf á jörð, geta líka kallað Jehóva föður sinn. Hann er lífgjafi þeirra og sér í kærleika sínum fyrir þörfum allra sem tilbiðja hann í sannleika. Þeir sem eiga þessa jarðnesku von verða börn Guðs í fyllsta skilningi eftir að þeir eru orðnir fullkomnir og hafa sannað hollustu sína í lokaprófauninni. (Rómv. 8:21; Opinb. 20:7, 8) Foreldrar gefa börnum sínum góða gjöf með því að kenna þeim að biðja og líta á Jehóva sem umhyggjusaman föður á himnum. Foreldrar geta ekki gefið börnum sínum betri gjöf en að hjálpa þeim að eignast innilegt og náð samband við Jehóva. *W15 15.6. 4:4-6*

Föstudagur 13. október

„Frelsa oss frá hinum vonða.“

– Matt. 6:13, neðanmáls.

Við megum ekki tilheyra heimi Satans á nokkurn hátt ef við viljum lifa í samræmi við beiðnina: „Frelsa oss frá hinum vonða.“ Við megum ekki elska „heiminn né það sem í heiminum er“. (Jóh. 15:19; 1. Jóh. 2:15-17) Þetta er stanslaus barátta. Það verður ólýsanlegur léttir þegar Jehóva svarar þessari bæn með því að taka Satan úr umferð og eyða illum heimi hans. En við skulum hafa hugfast að Satan vissi að hann hafði nauman tíma þegar honum var úthýst af himnum. Hann er ævareidur og gerir allt sem hann getur til að fá okkur til að syndga. Við þurfum því að halda áfram að biðja Jehóva að frelsa okkur frá honum. (Opinb. 12:12, 17) Þráirðu að sjá þann dag þegar Satan og illur heimur hans verða liðin tíð? Þá skaltu halda áfram að biðja þess að ríki Guðs komi, helgi nafn hans og láti vilja hans verða á jörð. Treystu að Jehóva fullnægi andlegum og líkamlegum þörfum þínum. Já, vertu staðráðinn í að lifa í samræmi við bænina sem Jesús kenndi. – Matt. 6:9-13. *W15* 15.6. 5:12, 17, 18

Laugardagur 14. október

Þá verður mikil þrenging.

– Matt. 24:21.

Við skiljum ekki fullkomlega allt sem á eftir að gerast þegar þessi reynslutími rennur upp en það er viðbúið að við þurfum að færa einhverjar fórnir. Kristnir menn á fyrstu öld þurftu að skilja eftir eigur sínar og þola ýmsa erfiðleika til að komast lífs af. (Mark. 13:15-18) Verðum við reiðubúin að forna efnislegum hlutum til að geta verið trúföst?

Verðum við tilbúin til að gera hvað sem er til að sanna hollustu okkar við Jehóva? Hugsaðu þér! Við verðum þau einu sem fylgja fordæmi Daniels spámanns til forna með því að halda áfram að tilbiðja Guð hvað sem það kostar. (Dan. 6:11, 12) Þegar þessi tími rennur upp á *ekki* að boða „fagnaðarerindið um ríkið“. Sá tími verður liðinn. Það er komið að „endinum“. (Matt. 24:14) Þjónar Guðs munu án vafa flytja harðan dómsboðskap. Vel má vera að í honum felist yfirlýsing um að illur heimur Satans líði brátt undir lok. *W15* 15.7. 2:3, 8, 9

Sunnudagur 15. október

„Þeir eru ekki af heiminum, eins og ég er ekki af heiminum.“ – Jóh. 17:16.

Það ætti ekki að koma okkur á óvart ef heimurinn hatar okkur vegna hlutlausrar afstöðu okkar. Jesús varaði við því. Flestir andstæðingar okkar gera sér ekki grein fyrir hve mikilvægt það er fyrir sannkristna menn að vera hlutlausir. En fyrir okkur skiptir það öllu máli. Til að sýna Jehóva tryggð þurfum við að vera staðföst þegar okkur er ógnað. (Dan. 3:16-18) Ótti við menn getur gripið fólk á öllum aldri en það getur verið sérstaklega erfitt fyrir unga fólk að berjast á móti straumnum. Hikaðu ekki við að hjálpa börnunum þínum ef ætlast er til að þau hylli fánann eða taki þátt í þjóðernisathöfnum. Notaðu tilbeiðslustund fjölskyldunnar til að sýna þeim fram á um hvað málið snýst svo að þau geti verið hugrökk þegar á reynir. Hjálpaðu þeim að lýsa sannfæringu sinni skýrt en jafnframt með virðingu. (Rómv. 1:16) Talaðu við kennara þeirra ef þörf krefur. *W15* 15.7. 3:15, 16

Mánudagur 16. október

„Því svo elskaði Guð heiminn að hann gæfe einkason sinn.“ – Jóh. 3:16.

Lausnarfórn Jesú var óverðskuld- uð gjöf frá Jehóva sem veitir okkur möguleika á eilífu lífi. (1. Jóh. 4:9) Páll postuli skrifaði um þetta óviðjafnanlega kærleiksverk Guðs: „Kristur [dó] á settum tíma fyrir óguðlega. Varla gengur nokkur í dauðann fyrir réttlátan mann. Fyrir góðan mann kynni einhver ef til vill að vilja deyja. En Guð auðsýnir kærleika sinn til okkar í því að Kristur dó fyrir okkur þegar við vorum enn syndarar.“ (Rómv. 5:6-8) Lausnarfórnin er mesta kærleiksverk Jehóva. Hún gerir mönnum kleift að eiga náð samband við hann. Lausnargjaldið er því merki um kærleika Jehóva til allra manna. Ef við vonumst til að lifa að eilífu á jörð og höldum áfram að þjóna Jehóva trúfastlega getum við treyst því að hann veiti okkur hamingjuríkt líf í nýja heiminum. Það á því vel við að við lítum á lausnargjaldið sem skýrasta merki þess að Guð beri óbrigðulan kærleika til okkar. *W15 15.8. 1:13, 15*

Þriðjudagur 17. október

Verið ekki hryggir. – Neh. 8:10.

Það er vel þess virði að leggja á sig hvað sem er fyrir þann heiður að fá að lifa undir stjórn Guðsríkis. Við erum því samstarfsfús og sinnum ánægð verkefnum sem við fáum í söfnuði Jehóva. Aðstæður okkar geta auðvitað breyst. Til dæmis hafa sumir sem tilheyrðu Betelfjölskyldunni í Bandaríkjunum verið beðnir um að sinna öðrum verkefnum í fullu starfi og njóta núna mikillar blessunar úti á akrinum. Sumir sem voru í farandstarfi hafa vegna aldurs eða annarra

ástæðna verið útnefndir sérbrautryðjendur. Ef við einsetjum okkur að vera ánægð, biðjum um hjálp Guðs og gerum allt sem við getum til að þjóna honum verðum við glöð og hljótum ríkulega blessun, jafnvel á þessum erfiðu tímum. (Orðskv. 10:22) En hvað um framtíðina? Við erum ef til vill með hugmyndir um hvar við vildum búa í nýja heiminum en við gætum verið beðin um að flytjast á annan stað. Hvar sem við búum þá og hvað sem við gerum í þjónustu Jehóva getum við verið viss um að við verðum þakklát og ánægð og að við munum ljóma af gleði. *W15 15.8. 3:8*

Miðvikudagur 18. október

„Nói var réttlátur og vandaður maður á sinni tíð.“ – 1. Mós. 6:9.

Nói bjó í illum heimi en hafði enga löngun til að eiga fólkið, sem tilheyrði þessum heimi, að vinum. Hann sótti ekki í félagsskap óguðlegra manna. Ásamt hinum sjö í fjölskyldunni einbeitti hann sér að þeim verkefnum sem Guð hafði falið honum. Hann vann að smíði arkarinnar en auk þess var hann „boðberi réttlætisins“. (2. Pét. 2:5) Boðunin, arkarsmíðin og félagsskapurinn við fjölskylduna hélt honum uppteknum af góðum verkum sem Guð hafði velþóknun á. Fyrir vikið lifði Núi flóðið af ásamt nánustu fjölskyldu. Við ættum að vera þeim þakklát þar sem við erum öll afkomendur þessara þjóna Jehóva – hins trúfasta Nóa og eiginkonu hans, sona hans og eiginkvenna þeirra. Trúfastir og hlýðnir kristnir menn á fyrstu öld héldu sér sömuleiðis frá félagsskap óguðlegra manna og lifðu af eyðingu Jerúsalem og þjóðskipulags Gyðinga árið 70. – Lúk. 21:20-22. *W15 15.8. 4:17, 18*

Fimmtudagur 19. október

Að hlæja hefur sinn tíma og að dansa hefur sinn tíma. – Préd. 3:4.

Afbreyting er ekki alltaf til góðs, afslappandi eða endurnærandi. Og það er ekki heldur gott að verja of miklum tíma í afbreytingu eða vera of upptekinn af henni. Hvernig getur samviskan hjálpað okkur að velja uppbyggjandi afbreytingu sem við höfum gott af? Biblían varar við ákveðinni hegðun sem hún kallar „holdsins verk“. Í þeim felst „frillulífi, óhreinleiki, saurlífi, skurðgoða-dýrkun, fjölkynngi, fjandskapur, deilur, metingur, reiði, eigingirni, tvídrægni, flokkadráttur, öfund, ofdrykkja, svall og annað þessu líkt“. Páll segir að „þeir sem slíkt gera munu ekki erfa Guðs ríki“. (Gal. 5:19-21) Við gætum því spurt okkur hvort samviskan fái okkur til að forðast íþróttir sem ýta undir reiði, keppnisanda, þjóðerniskennd eða ofbeldi. Varar hún mig við þegar mér finnst freistandi að horfa á mynd sem inniheldur klámfengið efni eða ýtir undir það viðhorf að eðlilegt sé að stunda kynferðislegt siðleysi, ofdrykkju eða dulspeki? *W15 15.9. 2:11, 12*

Föstudagur 20. október

*„Ég veit, Drottinn, að enginn maður ræður för sinni, enginn yfirir skrefum sínum á göngunni.“
– Jer. 10:23.*

Við lærum af Biblíunni að mennirnir séu ekki skapaðir með réttinn til að stjórna sér sjálfir og vera óháðir Guði, og ef við hunsum þessi grundvallarsannindi hefur það dapurlegar afleiðingar. Að vita þetta er forsenda þess að okkur farnist vel. Við getum aðeins verið sátt og átt innri frið ef við viðurkennum yfirráð Guðs. Er það ekki kærleiksríkt

að Jehóva skuli kjósa að segja okkur frá þessum mikilvæga sannleika? Ástríkur föður er mjög umhugað að um framtíð barna sinna og hann vill að þau lifi innihaldsríku lífi sem hefur tilgang. Því miður fálma flestir í myrkri hvað framtíðina varðar eða stefna að markmiðum sem veita enga varanlega hamingju. (Sálm. 90:10) Við finnum sterklega fyrir því hvernig Jehóva elskar okkur eins og börn sín þar sem hann hefur lofað okkur yndislegri framtíð. Og það veitir okkur sannan tilgang í lífinu. *W15 15.9. 4:10, 11*

Laugardagur 21. október

*Það skal hvorki falla dögg né regn þessi ár nema ég skipi svo fyrir.
– 1. Kon. 17:1.*

Snemma í sögu Ísraels fékk fólk tækifæri til að sjá og heyra um hvernig Jehóva hjálpaði þjóðinni. Hann frelsaði hana úr Egyptalandi fyrir kraftaverk og síðan féllu margar konungar fyrir hendi hennar. (Jós. 9:3, 9, 10) Andstæðingarnir neituðu að viðurkenna að Guð berðist með Ísraelsmönnum en það varð þeim að falli. Öldum síðar fékk hinn illi konungur Akab ýmis tækifæri til að sjá hönd Guðs að verki. Akab sá eld koma af himni eftir að Elía hafði beðið Jehóva um að taka við förn sinni. Elía gaf síðan í skyn að Jehóva myndi binda enda á þurrkana sem voru í landinu og sagði við Akab: „Aktu niður eftir áður en regnið lokar veginum fyrir þér.“ (1. Kon. 18:22-45) Akab sá allt þetta gerast en eftir sem áður neitaði hann að viðurkenna að þarna væri Jehóva að sýna mátt sinn með stórfenglegum hætti. Af þessu og öðrum dæmum getum við dregið mikilvægan lærdóm – við þurfum að vera vakandi fyrir hendi Guðs og taka eftir þegar hún er að verki. *W15 15.10. 1:4, 5*

Sunnudagur 22. október

„Hinn réttláti mun lifa fyrir trú.“

– Gal. 3:11.

Við megum aldrei efast um að það sé okkur til góðs að fylgja leiðsögn Guðs. Það er nauðsynlegt að við trúum á þann sem getur veitt raunverulega hjálp. Páll minnir okkur á að Guð sé sá „sem í oss verkar með krafti sínum og megnar að gera langt fram yfir allt það sem vér biðjum eða skynjum“. (Ef. 3:20) Þjónar Jehóva gera allt sem þeir geta til að gera vilja hans en þeir þekkja takmörk sín og treysta því að Jehóva blessi verk þeirra. Erum við ekki ánægð að Guð skuli vera með okkur? Getum við búist við að bænum okkar um sterkari trú verði svarað? Biblían fullvissar okkur um að svo sé „ef við biðjum um eitthvað eftir [Guðs] vilja“. (1. Jóh. 5:14) Jehóva er greinilega ánægður með þá sem setja allt sitt traust á hann. Hann svarar bæn um okkar um aukna trú þannig að hún styrkist og leiðir til þess að hann „meti okkur makleg Guðs ríkis“. – 2. Þess. 1:3, 5. *w15* 15.10. 2:16-18

Mánudagur 23. október

„Berumst eigi afleiðis.“

– Hebr. 2:1.

Að hugleiða andleg mál stuðlar að þroska í trúnni. (Hebr. 5:14; 6:1) Sá sem notar lítinn tíma til að hugsa um Jehóva og Jesús getur ekki viðhaldið sterkri trú. Slíkir einstaklingar eiga á hættu að berast afleiðis eða jafnvel hafna sannleikanum. (Hebr. 3:12) Jesús varaði við því að ef við hlustuðum ekki á orð Guðs og tækjum við því með „göfugu, góðu hjarta“ myndum við ekki varðveita það. Þess í stað

gætum við hæglega „kafnað undir áhyggjum, auðæfum og nautnum lífsins“ og myndum þá „ekki bera þroskaðan ávöxt“. (Lúk. 8:14, 15) Við skulum því halda áfram að ihuga orð Guðs. Það hvetur okkur til að endurspeglja dýrð hans, persónuleika og eiginleika sem eru opinberaðir í Biblíunni. (2. Kor. 3:18) Við getum haldið áfram um alla eilífu að læra um föður okkar á himnum og líkja eftir honum. Það er óviðjafnanlegur heiður! – Préd. 3:11. *w15* 15.10. 4:13, 14

Þriðjudagur 24. október

„Vit að þetta er sál þinni speki. Finnir þú hana áttu þér framtíð.“

– Orðskv. 24:14.

Sem foreldri viltu að unglingurinn þinn eigi náið samband við Jehóva. Og Jehóva vill að þú alir börnin þín upp „með aga og fræðslu um Drottin“. (Ef. 6:4) Þú þarft því að sjá til þess að börnin fái þessa fræðslu reglulega. Tökum dæmi: Þú vilt tryggja að börnin þín fái menntun af því að það er mikilvægt og þú vonast til að glæða með þeim löngun til að læra. Á svipaðan hátt vilja kærleiksríkir foreldrar tryggja að börnin þeirra fái „fræðslu um Drottin“ á samkomum, mótum og tilbeiðslustund fjölskyldunnar. Menntunin, sem þau fá frá Jehóva, er lífsnauðsynleg. Þess vegna reynirðu að vekja hjá þeim andlegan þorsta og hjálpa þeim að kunna að meta sanna vísu. Þú getur hjálpað unglingnum í boðuninni rétt eins og Jesús hjálpaði lærisveinum sínum. Þú gerir það með því að vekja hjá honum löngun til að segja öðrum frá orði Guðs og hjálpa honum að halda góðri dagskrá í boðuninni. *w15* 15.11. 2:6

Miðvikudagur 25. október

Kristur er höfuð sérhvers karlmanns, karlmaðurinn er höfuð konunnar og Guð höfuð Krists.
- 1. Kor. 11:3.

Kærleikurinn er sérstaklega mikilvægur vegna meginreglunnar sem Jehóva setti um forystu. Jehóva ætlast til að eiginmaðurinn sé kærleiksrikur. Hann má ekki vera ráðrikur og kröfuharður. Þó að eiginmaður sé höfuð konunnar á hann eftir sem áður að virða hana, eins og fram kemur í Biblíunni. (1. Pét. 3:7) Hann getur meðal annars virt eiginkonu sína með því að taka til lit til þarfa hennar og leyfa henni að velja í ýmsum málum. Í Biblíunni segir: „Karlmennt, elskið konur ykkar eins og Kristur elskaði kirkjuna og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir hana.“ (Ef. 5:25) Jesús fórnaði lífi sínu fyrir fylgjendur sína. Þegar eiginmaður líkir eftir kærleiksrikri forystu Jesú er miklu auðveldara fyrir konuna hans að elska hann og virða og styðja ákvarðanir hans. – Tít. 2:3-5.
w15 15.11. 4:6, 7

Fimmtudagur 26. október

Grískumælandi menn fóru að kvarta yfir hebreskum mönnum.
- Post. 6:1.

Þegar kristnin fór að breiðast út fóru samskipti kristinna manna að miklu leyti fram á grísku. Guðspjöll Matteusar, Markúsar, Lúkasar og Jóhannesar, sem eru innblásnar frásögur af kenndu og starfi Jesú, voru á grísku og þeim var dreift víða um lönd. Margir lærisveinanna töluðu sem sagt grísku en ekki hebresku. Bréf Páls postula og hinar innblásnu bækurnar voru

einnig á grísku. Það er athyglisvert að þegar ritarar Grísku ritninganna vitnuðu í Hebresku ritningarnar vitnuðu þeir yfirleitt í *Sjöttumannaþýðinguna*. Þessar tilvitnanir eru stundum orðaðar aðeins öðruvísi en hebreski frumtextinn en samt urðu þær hluti af hinni innblásnu Biblíu. Verk ófullkominna þýðenda varð þar af leiðandi hluti af innblásnu orði Guðs, en Guð tekur ekki eitt tungumál eða eina menningu fram yfir aðra. – Post. 10:34.
w15 15.12. 1:8, 9

Föstudagur 27. október

„Drottinn, opna varir mínar að munnur minn kunngjöri lof þitt.“
- Sálm. 51:17.

Að tala er hluti af daglegu lífi okkar en við þurfum ekki að tala öllum stundum. Biblían segir: „Að þegja hefur sinn tíma.“ (Préd. 3:7) Við sýnum öðrum virðingu með því að þegja þegar þeir tala. (Job. 6:24) Að ljóstra ekki upp um trúnaðarmál ber vott um nærgætni og góða dómgreind. (Orðskv. 20:19) Við sýnum líka visku með því að hafa taumhald á tungunni þegar okkur er ögrað. (1. Pét. 3:10, 11) En Biblían segir líka: „Að tala hefur sinn tíma.“ (Préd. 3:7) Ef vinur þinn gefur þér fallega gjöf læturðu hana líklega ekki á stað þar sem enginn getur séð hana. Þú sýnir ábyggilega að þú sért þakklátur fyrir gjöfina með því að nota hana vel. Við sýnum Jehóva að við kunnum að meta þá gjöf sem málið er með því að nota hana viturlega. Það gerum við til dæmis með því að tjá tilfinningar okkar og þarfir, uppörva aðra og lofa Guð.
w15 15.12. 3:4, 5

Laugardagur 28. október

„Ver þú ekki lengur að drekka vatn heldur skalt þú neyta litils eins af víni vegna magans og veikinda þinna sem eru svo tíð.“

– 1. Tím. 5:23.

Nú á tímum er enginn í kristna söfnuðinum sem getur læknað okkur fyrir kraftaverk með „lækningagáfu“. (1. Kor. 12:9) Sumir sem vilja vel eiga það samt til að koma óbeðnir með ráðleggingar um heilsuna. Stundum eru þetta bara almennt og skynsamleg ráð. Páll gaf slík ráð þegar Tímóteus var slæmur í maganum, ef til vill vegna þess að vatnið á staðnum var mengað. Það er þó mikill munur á því og að reyna að telja trúsystkini á að nota jurtir, óhefðbundnar lækningar eða mataræði sem hefur kannski ekki tilætluð áhrif eða getur jafnvel verið skaðlegt. Sumir hafa gert það og reynt að sannfæra aðra með rökum eins og þessum: „Frændi minn var með svipaðan sjúkdóm og hann tók inn ... og honum batnaði.“ Hversu einlægt sem fólk er með tillögur sínar ættum við að hafa í huga að áhættur geta fylgt jafnvel algengum meðferðum og lyfjum. – Orðskv. 27:12. *W15* 15.12. 4:13

Sunnudagur 29. október

„Kristur dó fyrir syndir í eitt skipti fyrir öll, réttlátur fyrir rangláta.“

– 1. Pét. 3:18.

Við eigum öll dauðadóm yfir höfði vegna erfðasyndarinnar. (Róm. 5:12) Í kærleika sínum sendi Jehóva Jesú til jarðar til að „allir skyldu hljóta blessun af dauða hans“. (Hebr. 2:9) Jehóva bjargaði ekki bara lífi okkar heldur lagði líka grunn að því að þurrka út

dauðann fyrir fullt og allt. (Jes. 25:7, 8; 1. Kor. 15:22, 26) Allir sem iðka trú á Jesú hljóta friðsælt og hamingjuríkt líf að eilífu, annaðhvort sem jarðneskir þegnar Guðsríkis eða sem andasmurðir með stjórnnendur Krists á himnum. (Róm. 6:23; Opinb. 5:9, 10) Hvað annað hefur þessi gjöf Jehóva í för með sér? Gjöf Jehóva felur í sér að hann læknað fólk af öllum veikindum, breytir jörðinni í paradís og reisir hina dáu aftur til lífs. (Jes. 33:24; 35:5, 6; Jóh. 5:28, 29) Við elskum Jehóva og ástkæran son hans fyrir að hafa gefið okkur þessa ómetanlegu gjöf. – 2. Kor. 9:15. *W16.01* 2:5, 6

Mánudagur 30. október

„Ykkur ber að fæðast að nýju.“

– Jóh. 3:7.

Áður en þessir þjónar Guðs fengu köllun um að fara til himna höfðu þeir von um að lifa áfram hér á jörð. Þeir þráðu að vera á jörðinni þegar Jehóva hreinsar hana. Þeir sáu jafnvel fyrir sér hvernig þeir tækju á móti uppreisnum ástvinum. Þeir hlökkudu til að byggja hús og búa í þeim, gróðursetja tré og borða ávöxt þeirra. (Jes. 65:21-23) Hvers vegna fóru þeir að hugsa öðruvísi? Þeir urðu ekki óánægðir með vonina um eilíft líf á jörð. Þeir skiptu ekki um skoðun út af álagi og tilfinningaróti lífsins. Þeir hugsuðu ekki sem svo að það yrði leiðinlegt eða þreytandi að búa að eilífu á jörðinni eða langaði einfaldlega til að kanna nýjar víddir á himnum. Þeir fóru öllu heldur að hugsa öðruvísi vegna þess að andi Guðs bæði kallaði þá og breytti hugsun þeirra og von. *W16.01* 3:11, 13

Priðjudagur 31. október

„Sem samverkamaður Krists hvet ég ykkur einnig að þið látið ekki náð Guðs, sem þið hafið þegið, verða til einskis.“ – 2. Kor. 6:1.

Jehóva er hinn æðsti í alheiminum. Hann skapaði alla hluti og býr yfir ótakmarkaðri visku og mætti. Job komst að raun um það. Eftir að Jehóva hafði spurt Job út í sköpunarverkið svaraði hann: „Nú skil ég að þú getur allt, ekkert, sem þú vilt, er þér um megn.“ (Job. 42:2) Jehóva getur gert hvaðeina sem

hann ætlar sér án aðstoðar annarra. En allt frá upphafi hefur hann sýnt þann kærleika að bjóða öðrum að vinna með sér til að fyrirætlan sín næði fram að ganga. Fyrsta sköpunarverk Jehóva var einkasonur hans. Hann leyfði syni sínum að taka þátt í að skapa allt annað, bæði andlegt og efnislegt. (Jóh. 1:1-3, 18) Jehóva heiðraði son sinn bæði með því að leyfa honum að taka þátt í að skapa og með því að segja öðrum frá mikilvægu hlutverki hans. – Kól. 1:15-17. *16.01. 5:1, 2*

Miðvikudagur 1. nóvember

Abraham gaf upp andann. Hann dó í hárrí elli, gamall og saddur lífdaga. – 1. Mós. 25:8.

Þegar sagt er að Abraham hafi verið „gamall og saddur lífdaga“ skulum við ekki halda að hann hafi verið orðinn leiður á lífinu og ekki langað til að lifa í framtíðinni. Í Biblíunni segir um Abraham: „Hann vænti þeirrar borgar sem hefur traustan grunn, þeirrar sem Guð hannaði og reisti.“ (Hebr. 11:10) Geturðu ímyndað þér hvernig það verður fyrir Abraham að búa í paradís á jörð og halda áfram að rækta vináttuna við Jehóva? Hugsaðu þér hve snortinn hann verður þegar hann uppgötvar að hann hjálpaði ótal þjónum Jehóva í aldanna rás með trú sinni. Í paradís kemst hann meira að segja að raun um að fórnin á Móríafjalli var tákun um aðra og meiri fórn. (Hebr. 11:19) Hann uppgötvar líka að sársaukinn, sem nísti hjarta hans þegar hann bjó sig undir að fórna Ísak, auðveldaði milljónum trúfastra manna að skynja sársauka Jehóva þegar hann færði son sinn, Jesú Krist, að lausnarfórn. – Jóh. 3:16. *16.02. 1:15, 16*

Fimmtudagur 2. nóvember

„Þú, sonur þrjóskrar og þvermóðskufullrar kvensniftar, heldurðu að ég viti ekki að þú stendur með syni Ísai, sjálfum þér til skammar og móður þinni sem ól þig?“ – 1. Sam. 20:30.

Það getur reynt á hollustu okkar við Jehóva ef einhver í ábyrgðarstöðu dæmir okkur ranglega. Jónatan lenti líklega í slíkum aðstæðum. Sál, sem Guð hafði smurt til konungs, vissi af vináttu sonar síns við Davíð en hann skildi ekki hvers vegna þeir voru vinir. Í reiðikasti gerði Sál lítið úr Jónatan. En Jónatan svaraði ekki í sömu mynt. Hann sýndi óskeikula hollustu við Guð og við Davíð sem síðar átti eftir að verða konungur Ísraels. (1. Sam. 20:30-41) Það er ólíklegt að umsjónarmenn í söfnuðinum séu ósanngjarnir við okkur. En þeir sem fara með forystuna í söfnuðunum eru ófullkomnir og gætu mistúlkað það sem við gerum. (1. Sam. 1:13-17) Við skulum alltaf vera Jehóva trú, jafnvel þótt einhver misskilji okkur eða dæmi okkur ranglega. *16.02. 3:14, 15*

Föstudagur 3. nóvember

Hver sem vill fylgja mér afneiti sjálfum sér og taki kross sinn.

– Matt. 16:24.

Ungt fólk áttar sig ekki alltaf á muninum á vígslu og skírn. Sumir segja til dæmis að þeir hafi vígt líf sitt Jehóva en séu ekki tilbúnir til að skírast. Er það rökrétt? Að vígjast Jehóva merkir að segja honum að maður ætli að þjóna honum að eilífu. Með skírninni sýnum við öðrum að við séum vígd Jehóva. Skírnin er því opinber yfirlýsing um að við séum búin að gefa Jehóva vígsluheit í bæn. Áður en þú skírist þarftu að skilja hvað það þýðir að vígjast Guði. Þegar þú vígir Jehóva líf þitt áttu þig ekki lengur sjálfur. Þú lofar honum að þú ætlir að taka vilja hans fram yfir allt annað í lífinu. Öll loforð ætti að taka alvarlega en það er enn þá mikilvægara þegar Jehóva Guð á í hlut. – Matt. 5:33. *W16.03. 1:14, 15*

Laugardagur 4. nóvember

Við eigum að ástunda sannleikann í kærleika og vaxa í öllu upp.
– Ef. 4:15.

Páll líkir söfnuðinum við mannslíkamann og beinir athyglinni að því hvernig hann er sameinaður undir höfðinu, Jesú Kristi. Hann talar um hvernig líkaminn er tengdur saman þegar „sérhver taug innir sína þjónustu af hendi“. (Ef. 4:16) Hvernig getum við, hvort sem við erum ung eða gömul, sterk eða veikburða, stuðlað að einingu og að því að trúin eflist í söfnuðinum? Eitt sem er mjög mikilvægt er að virða og vera undirgefin öldungunum, en Jesús hefur falið þeim að veita leiðbeiningar í söfnuðinum. (Hebr. 13:7, 17) Okkur finnst það kannski ekki alltaf

auðvelt en við getum beðið Jehóva um hjálp. Heilagur andi hans getur hjálpað okkur að styðja fyrirkomulag safnaðarins af heilum hug. Ef okkur finnst stundum erfitt að fylgja leiðbeiningum sem við fáum ættum við að hugleiða hvernig við stuðlum að einingu safnaðarins með því að vera auðmjúk og samstarfsfús. Það verður líka til þess að kærleikurinn innan safnaðarins dafnar. *W16.03. 3:8, 9*

Sunnudagur 5. nóvember

„Orð Guðs er lifandi og kröftugt.“
– Hebr. 4:12.

Sumir foreldrar hafa ekki hvatt syni sína til að setja sér markmið í þjónustu Jehóva meðan þeir voru að alast upp. Þjónustan við Jehóva var aldrei í fyrsta sæti hjá þeim. (Matt. 10:24) Þess vegna ætti öldungur að gefa sér tíma til að vingast við bróður sem hann ætlar að þjálfar til að taka að sér verkefni í söfnuðinum og sýna honum fram á að hann sé söfnuðinum mikilvægur. Öldungurinn ætti síðan af og til að nota góða stund til að ræða við bróðurinn um ákveðin biblíuvers og hjálpa honum að hugsa um vígsluheitið sem hann gaf Jehóva. (Préd. 5:3; Jes. 6:8; Matt. 6:24, 33; Lúk. 9:57-62; 1. Kor. 15:58; 2. Kor. 5:15; 13:5) Öldungurinn gæti spurt hann hverju hann hafi lofað Jehóva þegar hann vígðist honum. Hann gæti reynt að ná til hjarta hans með því að spyrja: Hvernig heldurðu að Jehóva hafi verið innanbrjósts þegar þú lést skírast? (Orðskv. 27:11) Hvað heldurðu að Satan hafi fundist um það? (1. Pét. 5:8) Öldungar skulu aldrei vanmeta hve sterk áhrif það getur haft á bróður að lesa vel valin vers í Biblíunni. *W15 15.4. 2:9, 11*

Mánudagur 6. nóvember

„Varpið allri áhyggju ykkar á hann því að hann ber umhyggju fyrir ykkur.“ – 1. Pét. 5:7.

Hvers vegna svarar Jehóva ekki öllum bænum okkar samstundis? Höfum í huga að hann líkir sambandi okkar við sig við samband barns og föður. (Sálm. 103:13) Barn getur ekki ætlast til að foreldrarnir geri alltaf það sem það biður um né að þeir geri það strax. Börn geta ekki fengið allt sem þeim dettur í hug. Og sumt þarf líka að bíða þangað til það er tímabært. Annað er ekki einu sinni gott fyrir barnið eða aðra sem hlut eiga að máli. Ef foreldrar gæfu barninu strax allt sem það bæði um myndi sambandið verða eins og milli húsbónda og þræls. Og barnið yrði húsbóndinn. Jehóva biður líka stundum um tíma með að svara bænum okkar af því að það er okkur fyrir bestu. Það er réttur hans þar sem hann er alvitur skapari okkar, kærleiksríkur húsbóndi og himneskur faðir. Ef hann uppfyllti allar óskir okkar þegar í stað yrði sambandið milli okkar og hans óheilbrigitt. – Jes. 29:16; 45:9. *w15 15.4. 4:6, 7*

Þriðjudagur 7. nóvember

„Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur.“ – Jak. 4:7.

Þessi heimur er í þann mund að líða undir lok. Satan vill að við slökum á verðinum, hlífum okkur, komum okkur vel fyrir í þessum heimi og missum sjónar á því hvað tímanum líður. Láttu það ekki henda þig. Haltu vöku þinni. (Matt. 16:22, 23; 24:42) Trúðu ekki þeim blekkingaráróðri Satans að endirinn sé víðs fjarri – eða komi aldrei. Satan reynir að telja okkur trú um að Guð geti

ekki elskað okkur og að syndir okkar séu ófyrirgefanlegar. Þetta er enn ein af blekkingum Satans. Hver er það eiginlega sem Jehóva getur *alls ekki* elskað? Það er Satan. Hverjum getur hann *alls ekki* fyrirgefið? Það er líka Satan. Í Biblíunni segir hins vegar: „Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið auðsýnduð honum.“ (Hebr. 6:10) Jehóva kann að meta viðleitni okkar til að þóknast sér og þjónusta okkar er *ekki* til einskis. (1. Kor. 15:58) Látum aldrei blekkjast af villandi áróðri Satans. *w15 15.5. 1:16-19*

Miðvikudagur 8. nóvember

Þeir sáu fyrirheitin álangdar og fögnuðu þeim. – Hebr. 11:13.

Abraham hafði sterk rök fyrir því að það sem hann vonaðist eftir væri raunverulegt. Það var eins og hann gæti séð hluti sem ekki var hægt að sjá. Abraham trúði á loforð Guðs og það styrkti hann í þeim ásetningi að gera vilja hans. Vegna trúar sinnar fór hann burt frá borginni Úr og vildi ekki setjast að í neinni af borgum Kanaanslands. Þessar borgir stóðu á veikum grunni af því að stjórnendur þeirra voru guðlausir, rétt eins og stjórnendur borgarinnar Úr. (Jós. 24:2) Abraham lifði langa ævi og vænti alla tíð „þeirrar borgar sem hefur traustan grunn, þeirrar sem Guð hannaði og reisti“. (Hebr. 11:10) Abraham „sá“ sjálfan sig eiga fasta búsetu á stað þar sem Jehóva færi með völdin. Abel, Enok, Nói, Abraham og fleiri trúðu á upprisuvonina og hlökkðu til þess að lifa á jörðinni í ríki Guðs, í „borginni sem hefur traustan grunn“. Það efldi trú þeirra á Jehóva að hugleiða þessi loforð. – Hebr. 11:15, 16. *w15 15.5. 3:8, 9*

Fimmtudagur 9. nóvember

Kristur er kraftur Guðs.

– 1. Kor. 1:24.

Jehóva sýndi mátt sinn með ein-stökum hætti fyrir milligöngu Jesú Krists. Í guðspjöllunum fjórum er sagt frá kraftaverkum sem Kristur vann og þau styrkja trú okkar á ýmsa vegu. Líklega vann hann mörg önnur kraftaverk. (Matt. 9:35; Lúk. 9:11) Kraftur Guðs kom vel í ljós í því sem Jesús gerði. Páll postuli hafði því fullt tilefni til að segja að „Kristur væri kraftur Guðs“. En hvaða þýðingu hafa kraftaverk Jesú fyrir okkur? Pétur postuli sagði að Jesús hefði unnið kraftaverk og nefnir þau líka „undur“. (Post. 2:22) Kraftaverkin, sem Jesús vann þegar hann var á jörðinni, voru forsmekkur enn meiri verka sem hann vinnur sem himneskur konungur. Þau fyrirmýnda kraftaverkin sem Jesús vinnur um alla jörðina í nýjum heimi Guðs. Kraftaverkin segja okkur líka mjög margt um eiginleika Jesú og föður hans. *W15 15.6. 1:1, 2*

Föstudagur 10. nóvember

„Hún hugsaði: „Ef ég fæ aðeins snert klæði hans mun ég heil verða.““ – Mark. 5:28.

Jesús áttaði sig á að Jehóva, faðir hans, hafði læknað konuna og sagði við hana með hlýju: „Dóttir, trú þín hefur bjargað þér. Far þú í friði og ver heil meina þinna.“ (Mark. 5:34) Jesús er sannarlega góður. Honum var greinilega mjög umhugað um sjúka og þjáða. Satan vill telja okkur trú um að við séum einskis virði og að enginn elski okkur. En Jesús sýndi með kraftaverkum sínum að honum er mjög ann

um okkur og stendur ekki á sama um erfiðleika okkar. Við eigum okkur konung og æðstaprest sem skilur okkur. (Hebr. 4:15) Við eigum kannski erfitt með að setja okkur í spor þeirra sem eiga við langvinnan sjúkdóm að glíma, sérstaklega ef við höfum aldrei kynnst því af eigin raun. En minnum okkur á að Jesús fann til með veikum þótt hann hefði aldrei verið veikur sjálfur. Við ættum að reyna að líkja eftir honum eftir bestu getu. – 1. Pét. 3:8. *W15 15.6. 2:11, 12*

Laugardagur 11. nóvember

„Nafn Guðs er ykkar vegna lastað meðal heiðingja.“ – Róm. 2:24.

Það er mikill heiður að fá að þekkja nafn Guðs og tilheyra þeim hópi sem fær að bera það. (Post. 15:14; Jes. 43:10) Við biðjum föður okkar á himnum: „Helgist þitt nafn.“ (Matt. 6:9) Að bera fram þessa bæn getur verið þér hvatning til að biðja Jehóva að hjálpa þér að gera hvorki né segja nokkuð sem myndi kasta rýrð á heilagt nafn hans. Við viljum ekki líkjast einstaklingum á fyrstu öld sem lifðu ekki eftir því sem þeir boðuðu, eins og fram kemur í versí dagsins. Hvað þarf Jehóva að gera til að helga nafn sitt og hreinsa það að fullu? Hann þarf að ryðja úr vegi öllum sem hafna drottinvaldi hans með þrjósku og þverúð. (Esek. 38:22, 23) Mennirnir verða smám saman fullkomnir. Við þráum að sá tími renni upp þegar allar vitibornar sköpunarverur Guðs sýna að nafn hans er heilagt í augum þeirra. Þá verður kærleiksrikur faðir okkar á himnum loksins „allt í öllu“. – 1. Kor. 15:28. *W15 15.6. 4:7, 10*

Sunnudagur 12. nóvember

*„Himinninn er hásæti mitt
og jörðin fótiskör mín.“*

– Jes. 66:1.

Orðið „fótiskör“ táknar stundum jörðina en er auk þess notað í Hebræsku ritningunum um musteri Ísraelsmanna til forna. (1. Kron. 28:2; Sál. 132:7) Musterið var miðstöð sannrar tilbeiðslu á jörð. Af þeirri ástæðu var það mjög fallett í augum Jehóva og tilvist þess fegraði fótiskör hans. (Jes. 60:13) Jehóva notar ekki lengur bókstaflegt musteri á jörð sem miðstöð sannrar tilbeiðslu. Hann notar hins vegar andlegt musteri sem er honum til miklu meiri vegsemdar en nokkur bygging. Þetta musteri er fyrirkomulag sem gerir okkur kleift að eiga gott samband við Guð vegna fórnar og prestdóms Jesú Krists. Það varð til árið 29 þegar Jesús var skírður og smurður æðstiprestur í hinu mikla andlega musteri Jehóva. – Hebr. 9:11, 12. *W15* 15.7. 1:1-3

Mánudagur 13. nóvember

*Menn munu sjá Mannssoninn koma
í skýi með mætti og mikilli dýrð.*

– Lúk. 21:27.

Trúföstum þjónum Guðs verður þá launað en hinum refsað. (Matt. 24:46, 47, 50, 51; 25:19, 28-30) Í Matteusarguðspjalli lýkur Jesús lýsingu sinni á hinu margþætta tákni með dæmisögunni um sauðina og hafrana. Hann segir: „Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og allir englar með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu. Allar þjóðir munu safnast frammi fyrir honum og hann mun

skilja þær að eins og hirðir skilur sauði frá höfrum. Sauðunum skipar hann sér til hægri handar en höfrunum til vinstri.“ (Matt. 25:31-33) Hvaða dóm fá sauðirnir og hafrarnir? Jesús lýkur dæmisögunni með þessum orðum: „Þeir [hafrarnir] munu fara til eilífrar refsingar en hinir réttlátu til eilífs lífs.“ – Matt. 25:46. *W15* 15.7. 2:11, 12

Þriðjudagur 14. nóvember

*„Sjá, hversu fagurt og yndislegt
það er þegar bræður búa saman.“*

– Sál. 133:1.

Það er skiljanlegt að okkur þyki vænt um landið, menninguna, tungumálið og matinn þar sem við ólumst upp. Við megum samt ekki hugsa sem svo að „allt sé best hjá okkur“. Jehóva hefur skapað mikla fjölbreytni á öllum sviðum, okkur til ánægju. (Sál. 104:24; Opinb. 4:11) Hvers vegna ættum við þá að halda því fram að ein leið sé miklu betri en önnur? Guð vill að alls konar fólk fái þekkingu á sannleikanum og hljóti eilíft líf. (Jóh. 3:16; 1. Tím. 2:3, 4) Ef við erum opin fyrir fjölbreyttum hugmyndum innan þeirra marka sem Guð setur auðgar það okkur og verndar eininguna. Ef við viljum sýna Jehóva hollustu verðum við að halda okkur frá deilumálum heimsins. Við getum ekki veitt neinum flokki stuðning okkar. Við erum Jehóva innilega þakklát fyrir að losa okkur undan þeirri sundrung, stolti og samkeppni sem ríkir í heimi Satans. *W15* 15.7. 3:17, 18

Miðvikudagur 15. nóvember

Guð ber umhyggju fyrir ykkur.

– 1. Pét. 5:7.

Við getum sýnt á marga vegu að við elskum Jehóva. Við sýnum til dæmis kærleika til Guðs og til náungans með því að taka dyggan þátt í að boða ríki Guðs. (Matt. 24:14; 28:19, 20) Við sýnum að við elskum Jehóva heitt með því að standast prófraunir og reynast honum trúföst. (Sálm. 84:11; Jak. 1:2-5) Ef við eigum við miklar raunir að etja getum við verið viss um að Guð taki eftir þjáningum okkar. Hann vill hjálpa okkur því að við erum honum mikils virði. (Sálm. 56:9) Kærleikur okkar til Jehóva fær okkur til að hugleiða sköpunarverkið og önnur undursamleg verk hans. Við sýnum að við elskum hann og metum orð hans að verðleikum með því að vera iðnir biblíunemendur. Við biðjum oft til Jehóva vegna þess að við elskum hann og viljum styrkja samband okkar við hann. Og þegar við hugleiðum lausnarfórnina, sem hann færði fyrir syndir okkar, vex kærleikur okkar til hans. (1. Jóh. 2:1, 2) Þetta eru aðeins nokkrar af þeim mörgu ástæðum sem við höfum til að sýna Jehóva þakklæti fyrir kærleika hans sem aldrei bregst. *15. 15.8. 1:6, 17, 18*

Fimmtudagur 16. nóvember

„Betri er þolinmóður maður.“

– Préd. 7:8.

Það koma kannski tímar í nýja heiminum þegar við þurfum að sýna þolinmæði. Við gætum til dæmis heyrt um einstaklinga sem hafa fengið upprisu, vinum þeirra og ættingjum til mikillar gleði. En við þurfum kannski sjálf að bíða eftir upprisu ástvina okkar. Sam-

gleðjumst við hinum og sýnum þolinmæði ef sú verður raunin? (Róm. 12:15) Ef við lærum að bíða þolinmóð *núna* eftir að loforð Jehóva rætist hjálpar það okkur að vera þolinmóð *þá*. Við getum líka búið okkur undir lífið í nýja heiminum með því að vera þolinmóð þegar við fáum nýjar útskýringar á sannindum Biblíunnar. Erum við námfús og þolinmóð ef við skiljum þær ekki til hlítar? Ef svo er verður örugglega auðvelt fyrir okkur að vera þolinmóð í nýja heiminum þegar Jehóva opinberar mönnunum til hvers hann ætlast af þeim. – Orðskv. 4:18; Jóh. 16:12. *15. 15.8. 3:9, 10*

Föstudagur 17. nóvember

„Verðum fullþroska og náum vaxartakmarki Krists fyllingar.“

– Ef. 4:13.

Páll postuli benti kristnum mönnum í Efesus á að þeir þyrftu að taka út andlegan þroska. Hann hvatti þá til að „verða einhuga í trúnni og þekkingunni á syni Guðs, verða fullþroska og ná vaxartakmarki Krists fyllingar“. (Ef. 4:13) Söfnuðurinn í Efesus var nokkurra ára gamall þegar Páll skrifaði bréfið. Margir af lærisveinunum þar höfðu þá þegar náð góðum þroska í trúnni. En sumir áttu enn langt í land með að ná slíkum þroska. Staðan er svipuð meðal votta Jehóva nú á tímum. Margir bræður og systur hafa þjónað Guði árum saman og tekið út góðan trúarþroska. En það hafa auðvitað ekki allir náð því marki. Til dæmis skírast hundruð þúsunda nýrra lærisveina á hverju ári þannig að margir í söfnuðinum þurfa að vinna að því að þroskast í trúnni. Hvað um þig? – Kól. 2:6, 7. *15. 15.9. 1:2, 3*

Laugardagur 18. nóvember

„Líkamleg æfing er nytsamleg í sumu.“ – 1. Tím. 4:8.

Margir eru sammála um að það sé hressandi og heilsusamlegt að hreyfa sig reglulega í einhverjum mæli. En ef við viljum stunda íþróttir eða annars konar hreyfingu með öðrum, ættum við þá að gera það með hverjum sem er? Í Orðskviðunum 13:20 segir: „Eigðu samneyti við vitra menn, þá verður þú vitur, en illa fer þeim sem leggur lag sitt við heimskingja.“ Gefur þetta ekki til kynna að við ættum að vanda valið á afþreyingu og láta biblíufrædda samvisku okkar ráða ferðinni? Við þurfum líka að hugsa um hvernær við stundum afþreyingu. Læturðu andlegu dagskrána, eins og samkomur, boðunina og sjálfsnám, hafa forgang og stundar afþreyingu utan hennar? Eða reynirðu að koma þjónustunni við Jehóva fyrir í þéttri dagskrá sem snýst mikið um afþreyingu? Hvernig forgangsraðar þú? Jesús sagði: „Leitið fyrst ríkis hans og réttlætis, þá mun allt þetta veitast yður að auki.“ (Matt. 6:33) Fær samviskan þig til að forgangsraða í samræmi við ráð Jesú? *W15 15.9. 2:13, 15*

Sunnudagur 19. nóvember

Hví reiðist þú og ert þungur á brún? Er ekki svo að þú getur verið upplifsdjarfur ef þú gerir rétt? Þú getur sigrast á syndinni.
– 1. Mós. 4:6, 7.

Þetta voru tímabær ráð og góðar leiðbeiningar. Þegar ljóst var að Kain væri kominn út á hættulega braut varaði Jehóva hann við. Því miður hlustaði Kain ekki á viðvörðunina og hann þurfti að gjalda fyrir. (1. Mós. 4:11-13) Þegar Barúk, ritari

Jeremía, var eitt sinn orðinn þreyttur og kjarklaus gaf Jehóva honum ráð til að hjálpa honum að sjá hvert vandamálið var í raun. Barúk tók við leiðbeiningum Jehóva ólíkt Kain og það varð honum til lífs. (Jer. 45:2-5) „Drottinn agar þann sem hann elskar og hirtir harðlega hvert það barn er hann tekur að sér,“ skrifaði Páll. (Hebr. 12:6) Agi felur þó meira í sér en refsingu. Hann getur birst í ýmsum myndum. Í Biblíunni eru mörg dæmi um trúfasta þjóna Guðs sem þöldu miklar raunir en þær fólu ef til vill í sér aga og styrktu þá. *W15 15.9. 4:12, 13*

Mánudagur 20. nóvember

Við, þjónar þínir, komum vegna nafns Drottins, Guðs þíns, því að við höfum heyrt orðstír hans og um allt sem hann vann. – Jós. 9:9.

Gibeonítar sýndu visku og viðurkenndu að hinn sanni Guð styddi Ísraelsmenn. Rahab tók líka eftir hendi Guðs í atburðum sem gerðust á hennar dögum. Hún hafði heyrt hvernig Jehóva hafði bjargað fólki sínu og sagði því við tvo ísraelska njósnara: „Ég veit að Drottinn hefur gefið ykkur landið.“ Rahab lýsti yfir trú sinni á að Jehóva gæti bjargað henni og fjölskyldu hennar þó að það stofnaði henni í mikla hættu að taka slíka afstöðu. (Jós. 2:9-13; 4:23, 24) Þessi dæmi og mörg önnur sem er að finna í Biblíunni hjálpa okkur að skilja hvað það þýðir að sjá Guð eða hönd hans við ýmsar aðstæður. Þegar við kynnumst honum getum við líka séð hönd hans þar sem við skynjum eiginleika hans og verk með „sjón hjartans“. (Ef. 1:18) Við viljum örugglega líkja eftir trúu fólki, bæði í nútíð og fortíð, sem sá skýrt hvernig Jehóva styður við þjóna sína. *W15 15.10. 1:6, 7, 9*

Þriðjudagur 21. nóvember

„Jesús elskaði þau Mörtu og systur hennar og Lasarus.“

– Jóh. 11:5.

Í Biblíunni kemur fram að Marta hafi verið góð vinkona Jesú og að hann hafi elskað hana. Jesús bar auðvitað líka ósvikinn kærleika til margra annarra trúfastra kvenna. Meðal þeirra voru María, ástkær móðir hans, og María, systir Mörtu. (Jóh. 19:25-27) En hvers vegna þótti Jesú svona vænt um Mörtu? Jesús elskaði Mörtu ekki aðeins af því að hún var gestrisin og vinnusöm heldur fyrst og fremst vegna þess hve trúrækin hún var. Hún trúði öllu sem Jesús kenndi og ef aðist ekki um að hann væri hinn fyrirheitni Messías. (Jóh. 11:21-27) En hún var ekki fullkomin frekar en við hin. Eitt sinn þegar Jesús var gestur á heimili hennar varð henni það á að segja honum hvað hann ætti að gera til að taka á máli sem henni fannst vera óréttlátt. „Drottinn,“ sagði hún, „hirðir þú eigi um það að systir mín lætur mig eina um að þjóna gestum? Seg þú henni að hjálpa mér.“ – Lúk. 10:38-42. *W15* 15.10. 3:1, 2

Miðvikudagur 22. nóvember

„Nálægið ykkur Guði og þá mun hann nálgastr ykkur.“ – Jak. 4:8.

Að íhuga reglulega andleg mál hjálpar okkur að hafa brennandi áhuga á sannleikanum. Eldmóður okkar hefur síðan hvetjandi áhrif á trússystkini okkar og áhugasama sem við hittum í boðuninni. Að hugleiða vandlega lausnarfórn Jesú, mestu gjöf Jehóva, hjálpar okkur að meta að verðleikum náð sam-

band okkar við Jehóva, föðurinn á himnum. (Rómv. 3:24) Mark, suðurafrískur bróðir sem sat þrjú ár í fangelsi vegna hlutleysis síns, sagði: „Hægt er að líkja hugleiðingu við spennandi ævintýri. Því meira sem við hugleiðum andleg mál þeim mun meira lærum við um Jehóva, Guð okkar. Stundum, þegar ég verð niðurdreginn eða hef áhyggjur af framtíðinni, opna ég Biblíuna og hugleiði nokkur vers. Það hefur mjög róandi áhrif á mig.“ *W15* 15.10. 4:15

Fimmtudagur 23. nóvember

„Veit mér skilning til að halda lögmál þitt og varðveita það af öllu hjarta.“ – Sálm. 119:34.

Gefðu börnum þínum ástæðu fyrir reglum eða ákvörðunum sem þú tekur ef það á við. Ef unglingurinn skilur hvernig þú hugsar er líklegur að hann sé fús til að hlýða. „Unglingar eiga auðveldara með að treysta foreldrum sínum ef þeir gefa ástæður fyrir ákvörðunum sínum. Þannig sjá unglingarnir að ákvarðanirnar eru ekki tilviljunarkenndar eða geðþóttalegar heldur sanngjarnar,“ segir Barry sem ól upp fjögur börn. Á unglingsárunum þroska börnin líka með sér hæfileikann til að rökhusa. Barry segir: „Unglingar þurfa að læra að taka skynsamlegar ákvarðanir byggðar á rökum frekar en tilfinningum.“ Þegar þú sýnir auðmýkt og rökstyður ákvarðanir þínar finnur unglingurinn að þú gerir þér grein fyrir að hann sé að þroskast. Hann lærir að rökhusa og taka skynsamlegar ákvarðanir. *W15* 15.11. 2:11

Föstudagur 24. nóvember

Við skulum gera öllum gott og einkum trússystkinum okkar.
– Gal. 6:10.

Milljónir manna um allan heim tilbiðja Jehóva og vitna um nafn hans og fyrirætlun. Hvernig ættu þjónar Jehóva að líta á trússystkini sín? (Rómv. 12:10) Pétur postuli skrifði: „Með því að hlýða sannleikanum hafið þið hreinsað ykkur og getið því borið hræsnislausu elsku hvert til annars. Haldið því áfram að elska hvert annað af heilu hjarta.“ Pétur sagði trússystkinum sínum enn fremur: „Umfram allt hafið brennandi kærleika hvert til annars.“ (1. Pét. 1:22; 4:8) Alþjóðlegt bræðrafélag okkar er einstakt. Ástæðan er sú að við berum brennandi kærleika hvert til annars. Og þar sem við elskum Jehóva og hlýðum lögum hans styður hann okkur með heilögum anda sínum sem er sterkasta aflid í öllum alheiminum. Þess vegna erum við sameinuð og myndum bræðrafélag sem teygir anga sína út um allan heim. – 1. Jóh. 4:20, 21.
w15 15.11. 4:8, 9

Laugardagur 25. nóvember

Tíu menn af öllum þjóðtugum munu segja: „Við viljum fara með ykkur.“ – Sak. 8:23.

Jehóva krefst þess ekki að við lærum ákveðið tungumál til að kynnast honum eða vilja hans. (Opinb. 7:9, 10) Hafa mismunandi tungumál og smávægilegur munur á þýðingum hindrað samskipti Guðs við mennina? Nei. Svo dæmi sé tekið kunnum við líklega bara fáein orð á málinu sem Jesús talaði. (Matt. 27:46; Mark. 5:41; 7:34; 14:36) En Jehóva sá til þess

að boðskap Jesú væri miðlað á grísku og með tímanum á öðrum tungumálum. Gyðingar og kristnir menn afrituðu biblíuhandritin aftur og aftur og varðveittu þannig þessar heilögu ritningar. Þær voru svo þýddar á fjölda tungumála. Jóhannes Krýsostom, sem var uppi á fjórðu og fimmtu öld, sagði að á hans tíma hafi verið búið að þýða kenningar Jesú á mál Sýrlendinga, Egypta, Indverja, Persa, Epíópíumanna og ótal annarra þjóða.
w15 15.12. 1:10, 11

Sunnudagur 26. nóvember

*„Fagurt er orð í tíma talað.“
– Orðskv. 15:23.*

Það sem við höfum að segja er kannski einmitt það sem viðmælendinn þarf að heyra en ef við veljum ekki rétta tímann til að tala gætu orð okkar farið fyrir ofan garð og neðan. Lítum á dæmi. Í mars árið 2011 ollu jarðskjálfti og flóðbylgja gífurlegu tjóni í austurhluta Japans og þurrkuðu út heilu borgirnar. Meira en 15.000 manns týndu lífi. Þó að vottar Jehóva á svæðinu hafi upplifað sömu hörmungar og nágrannar sínir nýttu þeir hvert tækifæri til að nota Biblíuna til að hughreysta aðra sem syrgðu. Margir íbúanna eru þó búddhatrúar og hafa litla sem enga þekkingu á kenningum Biblíunnar. Bræður okkar og systur áttuðu sig á að það væri líklega ekki besti tíminn svona stuttu eftir hamfarirnar að segja syrgjandi fólkinu frá uppreisvoninni. Þess í stað einbeittu þau sér að því að veita tilfinningalegan stuðning og sýna fólki með hjálp Biblíunnar hvers vegna saklaust fólk lendir í slíkum hremmingum.
w15 15.12. 3:7

Mánudagur 27. nóvember

„Einfaldur maður trúir öllu en hygginn maður kann fótum sínum forráð.“ – Orðskv. 14:15.

Því miður er til fólk í þessum fégráðuga heimi sem notfærir sér veikindi annarra í gróðaskyni. Fyrirtæki og aðrir hvetja oft til notkunar á rándýrum vörum þannig að þau græði sem mest. Veikt fólk, sem þráir meira en nokkuð annað að ná bata eða að geta lengt líf sitt um ögn, getur auðveldlega laðast að slíkum „lækningum“. „Hygginn maður“ er sérstaklega varkár ef sá sem veitir ráðin hefur litla eða enga menntun á sviði lækninga. Ef við erum hyggin gætum við hugsað: Hann heldur því fram að þetta vítamín, þessi jurt, eða þetta mataræði hafi hjálpað sumum en geta einhverjir í rauninni staðfest það? Fólk er mismundandi. Er ástæða til að treysta því að þetta hjálpi mér? Ætti ég að kanna þetta betur eða jafnvel spyrja einhverja sem ég get treyst að þekki til eða hafi menntun á þessu sviði? – 5. Mós. 17:6. w15 15.12. 4:14, 15

Þriðjudagur 28. nóvember

„Kærleiki Krists knýr mig.“ – 2. Kor. 5:14.

Páll skildi að við getum ekki þegið óviðjafnanlegan kærleika Krists án þess að vera knúin til að lifa fyrir hann. Þegar við skiljum að fullu það sem Jehóva hefur gert fyrir okkur og kærleikur hans snertir hjarta okkar þráum við að lifa heils hugar fyrir Krist. Hvernig sýnum við að við viljum gera það? Þeir sem elska Jehóva finna sig knúna til að fylgja fordæmi Krists og feta náði í fótspor hans. (1. Pét. 2:21; 1. Jóh. 2:6) Við sönnum að við elskum Guð

og Jesú með því að vera hlýðin. Jesús sagði: „Sá sem hefur boðorð mín og heldur þau er sá sem elskar mig. En þann sem elskar mig mun faðir minn elska og ég mun elska hann.“ (Jóh. 14:21; 1. Jóh. 5:3) Spyrðu þig á hvaða sviðum þér takist vel að feta í fótspor Jesú. Á hvaða sviðum gætirðu bætt þig? Þess konar sjálfsrannsókn er nauðsynleg þar sem við verðum fyrir stöðugum þrýstingi til að líkja eftir fólk í heiminum. – Róm. 12:2. w16.01. 2:7-9

Miðvikudagur 29. nóvember

„Við verðum honum lík því að við munum sjá hann eins og hann er.“ – 1. Jóh. 3:2.

Finnst þér þú hafa sérstaklega mikinn áhuga á boðuninni? Ertu duglegur biblíunemandi og hefur mikið yndi af að kafa ofan í „djúp Guðs“? (1. Kor. 2:10, *Biblían* 1981) Finnst þér Jehóva hafa blessað þjónustu þína á sérstakan hátt? Hefurðu brennandi löngun til að gera vilja Jehóva? Finnurðu til mikillar ábyrgðar gagnvart öðrum og vilt hjálpa þeim að þjóna Jehóva? Hefurðu séð augljós merki þess að Jehóva hafi hjálpað þér í lífinu? Er svarið við öllum þessum spurningum eindregið já? Merkir það þá að þú hafir fengið himneska köllun? Nei, það gerir það ekki. Af hverju ekki? Af því að allir þjónar Guðs geta upplifað þetta, hvort sem þeir eru andasmurðir eða ekki. Andi Jehóva starfar af jafnmiklum krafti í lífi þeirra sem hafa von um að lifa að eilífu á jörð og hinna andasmurðu. Það eitt að þú skulir vera að velta fyrir þér hvort þú hafir fengið himneska köllun er merki um að þú hafir *ekki* fengið hana. w16.01. 3:14, 15

Fimmtudagur 30. nóvember

*Ég lék mér fyrir augliti hans
alla tíma. – Orðskv. 8:30.*

Jesús hafði mikla ánægju af að vinna við hlið föður síns. Hann gladdist bæði yfir því sem hann hafði áorkað og yfir að vita að Jehóva elskaði hann. En hvað um okkur? Jesús sagði að það veitti gleði bæði að gefa og að þiggja. (Post. 20:35) Það veitti okkur gleði að kynnst sannleikanum og það veitir okkur líka gleði að segja öðrum frá honum. Þegar við segjum frá sannleika Biblíunnar sjáum við andlega hungur-

að fólk fyllast gleði við það að öðlast skilning á þeim dýrmætu sannindum sem er að finna í Biblíunni og eignast samband við Guð. Það snertir hjarta okkar að sjá það breyta bæði hugarfari sínu og lífsstíl. Við gerum okkur grein fyrir að það er ákaflega mikilvægt að boða fagnaðareringið. Það gerir þeim sem sættast við Guð kleift að hljóta eilíft líf. (2. Kor. 5:20) Er hægt að hugsa sér ánægjulegra starf en það að hjálpa fólki að komast inn á veginn sem leiðir til eilífs lífs? *w16.01. 5:6, 7*

Föstudagur 1. desember

*„Drottinn sýnir þeim trúnað
sem óttast hann.“
– Sálm. 25:14.*

Abraham er nefndur vinur Guðs þrisvar í Biblíunni. (2. Kron. 20:7; Jes. 41:8; Jak. 2:23) Reyndar er hann sá eini sem Biblían nefnir sérstaklega að hafi verið vinur Jehóva. Ber að skilja það svo að hann sé eini maðurinn sem hefur verið vinur Jehóva? Nei, því að sjá má af Biblíunni að við getum öll eignast vináttusamband við hann. Í orði Guðs eru ótal frásögur af körlum og konum sem óttuðust Jehóva, trúðu á hann og urðu nánir vinir hans. Þau tilheyra hinum mikla „fjölda votta“ sem Páll postuli minnst á. (Hebr. 12:1) Þessir ólíku einstaklingar voru allir vinir Guðs. Höldum áfram að líkja eftir trú þeirra. (Hebr. 6:11, 12) Ef við gerum það getum við treyst að Jehóva umbuni okkur ríkulega – við fáum að vera nánir vinir hans að eilífu! *w16.02. 2:1, 2, 19*

Laugardagur 2. desember

*„Ég er stiginn niður af himni, ekki
til að gera vilja minn heldur vilja
þess er sendi mig.“ – Jóh. 6:38.*

Segjum að vinur þinn gefi þér bíl. Hann réttir þér afsalið og segir: „Ég held lyklunum. Og ég ætla að keyra bílinn, ekki þú.“ Hvað ætli þér myndist um það? Hugleiddu nú til hvers Jehóva ætlast eðlilega af þeim sem vígist honum og segir þar með: „Ég gef þér líf mitt. Ég tilheyri þér.“ En segjum sem svo að þessi manneskja fari að lifa tvöföldu lífi, kannski með því að eiga á laun kærasta eða kærustu í heiminum. Eða segjum að hún ráði sig í vinnu sem kemur í veg fyrir að hún sinni boðuninni af heilum hug eða geti sótt samkomur reglulega. Væri þetta ekki eins og að halda lyklunum að bílnum? Sá sem vígir Jehóva líf sitt segir í rauninni: „Líf mitt tilheyrir þér frekar en mér. Ef það sem mig langar til stangast einhvern tíma á við það sem þú vilt þá ræður þú – alltaf.“ Þetta endurspeglar hvernig Jesú var innanbrjóst eins og lýst er í versni dagsins. *w16.03. 1:16, 17*

Sunnudagur 3. desember

Ég yfirgef þig ekki.

– 2. Kon. 2:2.

Það eru næstum 3.000 ár síðan Elía spámaður bauð ungum manni, sem hét Elísa, að verða aðstoðarmaður sinn. Elísa þáði boðið þegar í stað og þjónaði spámanninum dyggilega með því að vinna ýmis hversdagsleg verk fyrir hann. (2. Kon. 3:11) Elía kenndi Elísa í ein sex ár. Þá var að því komið að Elía hætti störfum í Ísrael og hann hvatti aðstoðarmann sinn til að hætta að starfa með sér. En Elísa var ákveðinn í að vera eins lengi og hann gæti með læriföður sínum. Hvernig geturðu líkt eftir Elísa ef þú ert ungur bróðir? Með því að taka fúslega að þér verkefni, þar á meðal ýmis hversdagsleg verk. Líttu á kennarann sem vin og segðu honum hve mikils þú metur það sem hann gerir fyrir þig. Umfram allt skaltu sinna öllum verkefnum, sem þú færð, af trúmennsku. Hvers vegna? Þegar þú sýnir að þú sért trúur og áreiðanlegur geta öldungarnir treyst að Jehóva vilji að þér sé trúað fyrir fleiri ábyrgðarstörfum í söfnuðinum. – Sálm. 101:6; 2. Tím. 2:2. *W15* 15.4. 2:13, 14

Mánudagur 4. desember

Hann heldur eiða sína þótt það sé honum til tjóns. – Sálm. 15:4.

Sál reyndi að fá Jónatan til að hugsa um eigin hagsmuni. (1. Sam. 20:31) En hollustan við Guð fékk Jónatan til að vingast við Davíð í stað þess að sækjast sjálfur eftir konungstigninni. Jónatan 'hélt eið sinn' við Davíð og eins ættum við að halda eiða okkar. Ef okkur reynist til dæmis erfiðara að standa við viðskiptasamning en við gerðum ráð

fyrir ætti hollustan við Guð og virðing fyrir Biblíunni að knýja okkur til að standa við orð okkar. Og hvað ef hjónabandið reynist erfiðara en við bjuggumst við? Við sýnum maka okkar hollustu vegna þess að við elskum Guð. (Mal. 2:13-16) Líkjum eftir Jónatan og sýnum Jehóva hollustu með því að vera trú þjónur hans, jafnvel þeim sem valda okkur vonbrigðum. Þegar við sýnum Jehóva Guði hollustu þrátt fyrir erfiðar aðstæður gleðjum við hjarta hans. (Orðskv. 27:11) Ef við höldum áfram að sýna Jehóva hollustu sjáum við hvernig hann sér til þess að allt fari á besta veg hjá þeim sem elska hann. *W16.02.* 3:16, 17

Þriðjudagur 5. desember

„Sælir eru þeir sem á hann vona.“ – Jes. 30:18.

Jehóva veit vel af takmörkum okkar. (Sálm. 103:14) Hann ætlast því ekki til að við stöndumst prófraunir í eigin krafti heldur býður okkur hjálp eins og góður faðir. Auðvitað finnst okkur stundum að við getum ekki meir. En Jehóva fullvissar okkur um að hann leyfi aldrei að þjónar sínir þjáist meira en þeir ráða við. Hann sér okkur fyrir undankomuleið. (1. Kor. 10:13) Við getum því treyst að Jehóva viti nákvæmlega hve mikið við þolum. Þegar við biðjum Jehóva um hjálp en fáum ekki bænheyrslu strax skulum við bíða þolinmóð þar sem hann veit hvenær rétti tíminn er til að skerast í leikinn. Munum að Jehóva er mikið í mun að koma okkur til hjálpar svo að hann þarf sjálfur að vera þolinmóður. „Því biður Drottinn þess að sýna yður náð, þess vegna rís hann upp til að miskunna yður, því að Drottinn er Guð réttlætisins.“ *W15* 15.4. 4:8, 9

Miðvikudagur 6. desember

Þannig skreyttu sig forðum hinar helgu konur er settu von sína til Guðs. Þær voru eiginmönnum sínum eftirlátar. – 1. Pét. 3:5.

Í tilbeiðslustund fjölskyldunnar einbeittum við okkur að andlegum málum og það stuðlar að einingu í fjölskyldunni. Þegar fjölskyldan æfir sig fyrir boðunina hjálpar það henni að boða trúna með skilvirkari hætti. Það er augljóst að fjölskyldur verða nánari þegar þær ræða saman um orð Guðs og finna að allir elska sama Guð og langar til að gera vilja hans. Hvað geta hjón gert til að vinna saman Jehóva til lofs? Ef þau þjóna Jehóva trúfastlega saman eflir það eininguna þeirra á milli og veitir þeim mikla ánægju. Abraham og Sara, Ísak og Rebekka og Elkana og Hanna tjáðu öll ást sína til maka síns. Hjón nú á dögum ættu að leggja sig fram um það líka. (1. Mós. 26:8; 1. Sam. 1:5, 8) Það styrkir einingu hjónanna og dregur þau nær föður okkar á himnum. – Préd. 4:12. *w16.03. 3:12, 13*

Fimmtudagur 7. desember

Standið gegn Satan stöðug í trúnni. – 1. Pét. 5:9.

Satan hefur sagt þeim sem eru eftir af hinum andasmurðu og „öðrum sauðum“ stríð á hendur. (Jóh. 10:16) Það er markmið hans að tortíma eins mörgum þjónum Jehóva og hann getur á þeim stutta tíma sem hann á eftir. (Opinb. 12:9, 12) Getum við sigrað í stríðinu við Satan? Vissulega. Í Biblíunni segir: „Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja ykkur.“ (Jak. 4:7) Margir hæðast að þeirri hugmynd að Satan sé til. Þeir líta svo á að Satan og illir andar séu bara skáld-

aðar persónur í hryllingsmyndum, tölvuleikjum og skáldsögum. Þeir halda að enginn heilvita maður trúir á tilvist illra anda. En heldurðu að Satan hafi eitthvað á móti því að það sé búið að færa hann og ósýnilegar sveitir hans inn í heim þjóðsagna og ævintýra? Eflaust ekki. Það er leikur einn fyrir Satan að blinda huga þeirra sem efast um að hann sé til. (2. Kor. 4:4) Sú hugmynd að ekki séu til andaverur er ein af mörgum aðferðum Satans til að leiða fólk á villigötur. *w15 15.5. 2:1, 2*

Föstudagur 8. desember

Móse taldi háðung vegna Krists meiri að en fjársjóðu Egyptalands því að hann horfði fram til launanna. – Hebr. 11:26.

Kynforeldrar Móse höfðu greinilega frætt hann um Jehóva og fyrirætlun hans að frelsa Hebreana úr þrælkun og gefa þeim fyrirheitna landið. (1. Mós. 13:14, 15; 2. Mós. 2:5-10) Móse hugleiddi það sem Jehóva hafði lofað að gera fyrir Ísraelsmenn og það styrkti trú hans og kærleika. Líkt og aðrir guðhræddir menn gat hann líklega séð fyrir sér þá tíma þegar Jehóva myndi leysa mannkynið úr fjötrum dauðans. (Job. 14:14, 15; Hebr. 11:17-19) Það er engin furða að Móse skyldi elska Guð sem lét sér svona annat um Hebreana og um alla aðra. Trú og kærleikur var Móse drifkraftur alla ævi. (5. Mós. 6:4, 5) Jafnvel þegar farað ógnaði lífi Móse veitti trúin og kærleikurinn til Guðs honum styrk og hugrekki til að halda ótrauður áfram, og líklega hefur það einnig verið honum hvatning að sjá fyrir sér þá björtu framtíð sem var í vændum. – 2. Mós. 10:28, 29. *w15 15.5. 3:11-13*

Laugardagur 9. desember

„Þeir hafa ekki vín.“

– Jóh. 2:3.

Jesús vann fyrsta kraftaverk sitt í brúðkaupsveislu í Kana í Galíleu. Gestirnir voru ef til vill fleiri en búist var við. Hver sem ástæðan var kláraðist vínið. María, móðir Jesú, var meðal gesta. Árum saman hafði hún eflaust velt fyrir sér öllum spádómunum um son sinn en hún vissi að hann yrði kallaður „sonur Hins hæsta“. (Lúk. 1:30-32; 2:52) Trúði hún að hann byggi yfir krafti sem hefði enn ekki komið í ljós? Það er að minnsta kosti ljóst að María og Jesús fundu til með brúðhjónunum í Kana og vildu ekki að þau lentu í vandræðalegri stöðu. Jesús vissi að ungu hjónunum bar skylda til að vera gestrisin. Hann breytti því um 380 lítrum af vatni í „gott vín“. (Jóh. 2:6-11) Var Jesú skylt að vinna þetta kraftaverk? Nei. Honum var einfaldlega annst um fólk og líkti eftir örlæti föður síns á himnum. *W15* 15.6. 1:3

Sunnudagur 10. desember

„Drottinn, ætlar þú á þessum tíma að endurreisa ríkið handa Ísrael?“

– Post. 1:6.

Postular Jesú spurðu hann spurningarinnar í versí dagsins áður en hann steig upp til himna. Af svari Jesú má sjá að það var ekki tímaþætt að þeir fengju að vita hvenær ríki Guðs tæki völd. Hann sagði lærisveinum sínum að einbeita sér að því mikilvæga verki að vitna um hann. (Post. 1:7, 8) Hann sagði þeim engu að síður að þeir ættu að hlakka til þess að ríki Guðs kæmi. Kristnir menn hafa því beðið þess að ríki Guðs komi, allt frá dögum

postulanna. Jehóva upplýsti þjóna sína um tímasetningar þegar stýttist í að ríki hans í höndum Jesú tæki völd á himnum. Árið 1876 birtist grein eftir Charles Taze Russell í tímaritinu *Bible Examiner*. Greinin hét „Hvenær enda tímar heiðingjanna?“ og benti á að árið 1914 væri mjög þýðingarmikið. Í greininni voru „sjö tíðir“, sem nefndar eru í spádómsbók Daníels, settar í samband við „tíma heiðingjanna“ sem Jesús talaði um. – Dan. 4:13; Lúk. 21:24. *W15* 15.6. 4:11, 12

Mánudagur 11. desember

„Þá grét Jesús.“

– Jóh. 11:35.

Jesús fann sárlega til með þjáðum. „Hann komst við og varð djúpt hræður“ þegar hann sá hvernig vinir og ættingjar Lasarus syrgðu. Þannig brást hann við þó að hann vissi að hann væri rétt í þann mund að reisa Lasarus upp. (Jóh. 11:33-36) Jesús skammaðist sín ekki fyrir að sýna sterkar tilfinningar. Fólk gat séð hvað honum þótti vænt um Lasarus og fjölskyldu hans. Hann sýndi ósvikna umhyggju með því að nota kraftinn frá Guði til að vekja vin sinn aftur til lífs. (Jóh. 11:43, 44) Í Biblíunni er Jesú lýst þannig að hann sé lifandi eftirmynd Jehóva, föður síns. (Hebr. 1:3) Með kraftaverkum sínum sýndi hann fram á að hann og faðir hans þrá að útrýma sjúkdómum, sársauka og dauða. Þeir eiga því bráðlega eftir að reisa upp mikinn fjölda fólks. Jesús sagði: „Sú stund kemur þegar allir þeir sem í gröfunum eru munu ... ganga fram.“ – Jóh. 5:28, 29. *W15* 15.6. 2:13, 14

Priðjudagur 12. desember

Þær lofi máttugt nafn þitt.

- Sál. 99:3.

Margt trúað fólk heldur ranglega að það muni lofsyngja Guð þegar það kveðji jarðlífið og fari til himna. Allir vottar Jehóva vita hins vegar að þeir þurfa að lofa Guð *núna, hér á jörð*. Með því að gera það líkjum við eftir trúum þjónum Jehóva sem lýst er í Sálmi 99:1-3, 5. Eins og gefið er til kynna í þessum sálmi studdu Móse, Aron og Samúel sanna tilbeiðslu í einu og öllu, eins og hún fór fram á þeim tíma. (Sálm. 99:6, 7) Andsmurðir bræður Krists þjóna trúfastir í jarðneskum forgarði hins andlega musteris núna þangað til þeir fara til himna til að gegna prestsþjónustu með Jesú. Milljónir „annarra sauða“ styðja þá dyggilega. (Jóh. 10:16) Báðir hóparnir tilbiðja Jehóva í sameiningu hér við fótiskör hans þó að þeir hafi ólíka framtíðarvon. Hvert og eitt okkar ætti samt að spyrja sig: Styð ég sanna tilbeiðslu í einu og öllu? *w15 15.7. 1:4, 5*

Miðvikudagur 13. desember

Þú skalt bíða.

- Hab. 2:3.

Þjónar Jehóva hafa lengi vænst þess að innblásnir spádómar rætist. Jesaja spáði að Jehóva myndi láta byggja landið að nýju eftir eyðingu Júda og sagði: „Sælir eru þeir sem á hann vona.“ (Jes. 30:18) Míka, sem einnig spáði um fólk Guðs til forna, sagði ákveðinn: „Ég mæni í von til Drottins.“ (Míka 7:7) Þjónar Guðs væntu þess líka öldum saman að spádómar um

Messías, eða Krist, myndu uppfyllast. (Lúk. 3:15; 1. Pét. 1:10-12) Þeir sem þjóna Guði nú á tímum eru líka fullir eftirvæntingar þar sem spádómar um Messías eru enn að rætast. Fyrir milligöngu Messíasarríkisins ætlar Jehóva bráðlega að binda enda á þjáningar með því að eyða illum mönnum og frelsa fólk sitt frá þessum fallvalta heimi Satans. (1. Jóh. 5:19) Við skulum því vera vel vakandi, meðvituð um að þessi heimur á skammt eftir. *w15 15.8. 2:1, 2*

Fimmtudagur 14. desember

„Vandlæting vegna húss þíns mun tæra mig upp.“ - Jóh. 2:17.

Ísraelsmenn reistu tjaldbúðina samkvæmt fyrirmælum Jehóva. (2. Mós. 25:8) Seinna byggðu þeir musteri til að tilbiðja hann. (1. Kon. 8:27, 29) Gyðingar söfnuðust reglulega saman í samkundu-húsum eftir að þeir sneru heim úr útleððinni í Babýlon. (Mark. 6:2; Jóh. 18:20; Post. 15:21) Frumkristnir menn komu saman á heimilum safnaðarmanna. (Post. 12:12; 1. Kor. 16:19) Þjónar Guðs nú á dögum halda samkomur í tugþúsundum ríkissala um allan heim þar sem þeir fræðast og tilbiðja Guð. Jesú var ákaflega annst um musteri Jehóva í Jerúsalem. Guðspjallaritari heimfærði á hann orð spámannsins í versi dagsins. (Sálm. 69:10) Ekki er hægt að kalla ríkissalina hús Jehóva í sama skilningi og musterið í Jerúsalem. (2. Kron. 5:13; 33:4) Í Biblíunni eru hins vegar meginreglur sem sýna okkur hvernig við eigum að nota og virða tilbeiðsluhús okkar nú á tímum. *w15 15.7. 4:1, 2*

Föstudagur 15. desember

Íklæðist elskunni.

– Kól. 3:14.

Verðum við fær um að koma vel fram við alla í þúsundaráríkinu? Það verður auðveldara fyrir okkur að fyrirgefa fúslega og eiga góð samskipti við aðra í framtíðinni ef við æfum okkur í því núna. (Kól. 3:12, 13) Það verður kannski ekki þannig í nýja heiminum að við fáum alltaf allt sem við viljum samstundis. Við ættum að vera þakklát og ánægð við allar aðstæður sem við búum við undir kærleiksríkri stjórn Jehóva. Það þýðir að það verður nauðsynlegt að sýna þá eiginleika sem Jehóva kennir okkur að sýna núna. Ef við lærum að lifa núna eins og við væntum eftir að lifa í framtíðinni þroskum við með okkur eiginleika sem við þurfum á að halda um alla eilífð. Þannig styrkjum við líka trú okkar á „hinn komandi heim“ og sýnum hve heitt við þráum réttlætið sem þá mun ríkja á jörðinni. (Hebr. 2:5; 11:1) Við erum sannarlega að búa okkur undir eilífa lífið í nýjum heimi Guðs. *W15* 15.8. 3:11, 12

Laugardagur 16. desember

Lifið í Jesú.

– Kól. 2:6.

Þegar þú skoðar þroskaða ávexti úti í búð sérðu strax að þeir eru ekki allir eins. Þeir eiga samt nokkur sameiginleg einkenni sem sýna að þeir eru þroskaðir. Hið sama má segja um þroskaða kristna menn. Þeir geta verið af ólíku þjóðerni og uppruna, á ólíkum aldri, við misjafna heilsu og búið yfir mismikilli reynslu. Þeir hafa jafnvel ólík persónueinkenni eða menningu. En allir sem þroskast í trúnni tileinka

sér eiginleika sem sýna og sanna að þeir eru þroskaðir. Hvernig þá? Þroskaður þjónn Jehóva reynir að haga lífi sínu eftir Kristi sem „lét okkur eftir fyrirmynd til þess að við skyldum feta í fótspor hans“. (1. Pét. 2:21) Hvað sagði Jesús að væri mikilvægast af öllu? Að elska Jehóva af öllu hjarta, sálu og huga og elska náungann eins og sjálfan sig. (Matt. 22:37-39) Þroskaður þjónn Jehóva reynir að lifa í samræmi við þessar leiðbeiningar. Hann hefur valið sér farveg í lífinu sem sýnir að hann leggur mest upp úr sambandinu við Jehóva og sýnir öðrum fórnfúsan kærleika. *W15* 15.9. 1:3-5

Sunnudagur 17. desember

Ég birti sannleikann. Guð veit að ég skirskota til samvisku hvers manns um sjálfan mig.

– 2. Kor. 4:2.

Vel þjálfuð samviska varar okkur ekki bara við því sem er rangt. Hún hvetur okkur líka til góðra verka. Þessi góðu verk fela fyrst og fremst í sér að við tökum þátt í boðuninni húsi úr húsi og nýtum okkur tækifærin sem við fáum til að vitna óformlega. Samviska Páls „knúði hann“ til slíkra verka. Hann sagði um fagnaðarerindið: „Vei mér ef ég boða það ekki.“ (1. Kor. 9:16) Ef við líkjum eftir honum fullvissar samviskan okkur um að við séum að gera það sem er rétt. Og þegar við boðum fagnaðarerindið ýtum við einnig við samvisku þeirra sem við tölum við. Já, samviska okkar getur verið öflugt verkfæri. Við þjálfum samviskuna með því að kafa djúpt í orð Guðs, hugleiða það sem við lesum og gera okkar ýtrasta til að fara eftir því. Þá verður samviskan dýrmætur hluti af okkar andlega manni. *W15* 15.9. 2:16, 18

Mánudagur 18. desember

„Drottinn agar þann sem hann elskar.“ – Orðskv. 3:12.

Fáar frásögur af persónum Biblíunnar eru eins skýrar og ítarlegar og frásögunnar af Jósef, Móse og Davíð. Jehóva var með þeim í gegnum erfiðleika og notaði þá síðan til að vinna stór og mikil verk í sína þágu. Þegar við lesum þessar frásögur sjáum við æ betur hve annt Jehóva er um þjóna sína og hve heitt hann elskar þá. Agi af hendi Jehóva hjálpar okkur að sjá annan flöt á kærleika hans. Þegar þeir sem hafa gert eitthvað af sér hljóta aga frá Jehóva, taka við honum og iðrast, fyrirgefur hann þeim ríkulega. (Jes. 55:7) Hvað þýðir það? Davíð lýsti fyrirgefningu Jehóva með þessum hjartnæmu orðum: „Hann fyrirgefur allar misgjörðir þínar, læknað öll þín mein, leysir líf þitt frá gröfinni, krýnir þig náð og miskunn.“ (Sálm. 103:3, 4) Reynum alltaf að hlusta og bregðast fljótt við þegar Jehóva leiðbeinir okkur og beitir okkur aga, og munum að hann gerir þetta vegna síns takmarkalausa kærleika til okkar. – Sálm. 30:6. *W15 15.9. 4:13, 14*

Þriðjudagur 19. desember

*María hlýddi á orð Jesú.
– Lúk. 10:39.*

Marta er upptekin af að útbúa glæsilega máltíð fyrir Jesú og hún verður pirruð út í Maríu. Jesús tekur eftir að Marta reynir að gera of mikið í einu og segir vingjarnlega við hana: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og mæðist í mörgu.“ Síðan bendir hann á að einn réttur hefði nægt. Jesús beinir nú athygli sinni að Maríu og tekur fram að hún hafi ekki gert neitt rangt. „María valdi góða hlutskiptið. Það verður

ekki frá henni tekið,“ segir hann. (Lúk. 10:38-42) Það getur verið að María hafi fljótt gleymt hvað hún fékk að borða við þetta sérstaka tækifæri en hún gleymdi örugglega aldrei hrósinu og þeirri góðu andlegu færð sem hún fékk þegar hún gaf Jesú óskipta athygli sína. Rúmum 60 árum síðar skrifaði Jóhannes postuli: „Jesús elskaði ... Mórtu og systur hennar.“ (Jóh. 11:5) Þessi innblásnu orð gefa til kynna að Marta hafi tekið til sín kærleiksrika leiðsögn Jesú og lagt sig fram um að þjóna Jehóva af trúfesti allt sitt líf. *W15 15.10. 3:3, 4*

Miðvikudagur 20. desember

*„Krafturinn mikli kemur frá Guði.“
– 2. Kor. 4:7.*

Við höfum góðar ástæður til að trúa því að Jehóva hjálpi fólki enn þann dag í dag. Við heyrum oft frásögur af fólki sem hefur beðið til Guðs um að fá andlega leiðsögn og fengið hana. (Sálm. 53:3) Bróðir, sem heitir Allan, boðaði trúna hús úr húsi á lítilli eyju sem tilheyrir Filippseyjum og hitti þá konu sem brast í grát. Hann segir: „Hún hafði beðið til Jehóva þennan sama morgun um að vottarnir myndu hana. Það snart hana djúpt að Guð skyldi svara bæn hennar svona fljótt.“ Á innan við ári var hún búin að vígja líf sitt Jehóva. Margir þjónar Guðs hafa fundið fyrir hjálp hans þegar þeir losuðu sig undan slæmum ávana eins og að reykja, nota fíkniefni eða horfa á klám. Sumir sögðust hafa reynt nokkrum sinnum að hætta upp á eigin spýtur en þeim hafði ekki tekist það. En þegar þeir báðu Jehóva um hjálp gaf hann þeim „kraftinn mikla“ og þannig tókst þeim loksins að sigrast á veikleikum sínum. – Sálm. 37:23, 24. *W15 15.10. 1:10, 11*

Fimmtudagur 21. desember

„Notið hverja stund.“

– Ef. 5:16.

Sumir fara snemma á fætur til að lesa, hugleiða og biðja. Aðrir gera það í hádegishléinu. Kannski finnst þér best að gefa þér tíma til þess snemma á kvöldin eða áður en þú ferð í háttinn. Sumum finnst gott að lesa Biblíuna á morgnana og aftur í lok dags. Þannig lesa þeir hana „dag og nótt“, á reglulegum grundvelli. (Jós. 1:8) Aðalatriðið er að taka sér tíma á hverjum degi frá því sem minna máli skiptir til að hugleiða orð Guðs. Jehóva lofar hvað eftir annað í Biblíunni að blessa alla þá sem hugleiða hana og leitast við að tileinka sér það sem þeir læra. (Sálm. 1:1-3) „Sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita það,“ sagði Jesús. (Lúk. 11:28) En það sem mestu máli skiptir er að þegar við hugleiðum andleg mál daglega hjálpar það okkur að upphefja hinn mikla skapara okkar undraverða heila. Og hann launar okkur með hamingjuríku lífi núna og eilífu lífi í réttlátum nýjum heimi sínum. – Jak. 1:25; Opinb. 1:3. *w15* 15.10. 4:17, 18

Föstudagur 22. desember

Pétur tók Jesú á einmæli og fór að átélja hann: „Guð forði þér frá því, Drottinn, þetta má aldrei fyrir þig koma.“ – Matt. 16:22.

Pétur postula gekk gott eitt til þegar hann sagði Jesú að hlífa sjálfum sér til að komast hjá því að vera líflátinn. En Jesús skildi að orð Péturs vitnuðu um rangt hugarfar. Hvernig hjálpaði hann Pétur og hinum lærisveinunum? Fyrst leiðrétti hann Pétur. Síðan útskýrði hann hvernig færi fyrir þeim sem væru sérhlífir en sagði líka hvaða bless-

un þeir hlýtu sem sýndu fórnfýsi. (Matt. 16:21-27) Pétur lærði sína lexíu. (1. Pét. 2:20, 21) Biddu Jehóva að gefa þér skilning svo að þú getir komið auga á svið þar sem unglingurinn þinn þarfnast aðstoðar. (Sálm. 32:8) Hvað gæti til dæmis gefið til kynna að barnið þitt hafi ekki jafn sterka trú og áður? Kannski er það ekki eins ánægð og það var, er gagnrýnið á trússysteminu eða virðist leynd einhverju fyrir þér. Ekki vera fljótur að álykta að það sé merki um að það lifi tvöföldu lífi og sé að gera eitthvað alvarlegt af sér. Hins vegar ættirðu ekki heldur að hunsa slík merki eða hugsa að barnið sé bara að ganga í gegnum erfitt skeið. *w15* 15.11. 2:12, 13

Laugardagur 23. desember

Íklæðist hjartagróinni meðaumkun, góðvild, auðmýkt, högværð og langlyndi. Íklæðist elskunni sem bindur allt saman og fullkomnar allt. – Kól. 3:12, 14.

Kærleikurinn og einingin, sem ríkir á meðal votta Jehóva, sannar að þeir iðka hina sönnu trú. Jesús sagði einmitt: „Á því munu allir þekkja að þér eruð mínir lærisveinar ef þér berið elsku hver til annars.“ (Jóh. 13:34, 35) Og Jóhannes postuli skrifaði: „Af þessu má greina að börn Guðs og börn djöfulsins. Sá sem iðkar ekki réttlæti og elskar ekki bróður sinn heyrir ekki Guði til. Því að þetta er sá boðskapur sem þið hafið heyrt frá upphafi: Við eigum að elska hvert annað.“ (1. Jóh. 3:10, 11) Kærleikurinn og einingin bera með sér að vottar Jehóva eru sannir fylgjendur Krists. Það eru þeir sem Guð notar til að boða fagnaðarerindið um ríkið út um allan heim. – Matt. 24:14. *w15* 15.11. 4:10, 11

Sunnudagur 24. desember

„Gullepli í silfurskálum, svo eru vel valin orð.“ – Orðskv. 25:11.

Þar sem menning fólks og trúar- skoðanir eru mjög misjafnar þurfum við að sýna skynsemi þegar við ákveðum hvenær sé rétti tíminn til að tala. Ýmsar aðstæður kalla á að við gerum okkur grein fyrir því. Til dæmis gæti einhver móðgað okkur, jafnvel þótt það hafi ekki verið ætlunin. Þá væri skynsamlegt að staldra við og hugleiða hvort virkilega sé ástæða til að við svörum fyrir okkur. Ef okkur finnst við þurfa að segja eitthvað ættum við ekki að gera það þegar við erum í uppnámi og gætum sagt eitthvað í fljótfaerni. (Orðskv. 15:28) Við þurfum líka að sýna góða dómgreind þegar við tölum um sannleikann við ættingja sem eru ekki í trúnni. Við viljum auðvitað að þeir kynnist Jehóva en við þurfum að vera þolinmóð og nærgætin. Orð í tíma töluð gætu gert þau móttækileg fyrir sannleikanum. *W15* 15.12. 3:6, 8, 9

Mánudagur 25. desember

Hún kennir okkur að lifa hóglátlega í heimi þessum. – Tít. 2:12.

Að „lifa hóglátlega“, eða vera raunsæ og skynsöm er mjög mikilvægt ef greiningaraðferð eða meðferð virðist vera undarleg eða dularfull. Getur sá sem stendur fyrir henni skýrt með *fullnægjandi hætti* hvernig hún virkar? Samræmist hún þekktum staðreyndum og eru margir læknar sammála um að hún virki? (Orðskv. 22:29) Eða höfðar hún aðallega til tilfinninganna? Ef til vill er því haldið fram að hún hafi uppgötvast eða verið notuð á

afskekktum stað langt í burtu, rétt eins og nútímarannsóknir næðu ekki þangað. Sanna slíkar staðhæfingar eitthvað og eru þær yfirleitt raunhæfar? Sumar greiningaraðferðir eða meðferðir eru sagðar byggjast á „leynilegum efnum“ eða „dulðum kröftum“. Við þurfum að vera vel á verði þegar við skoðum slíkt því að Guð varar okkur við andamiðlum og því að stunda „galdur“. – 3. Mós. 19:26; 5. Mós. 18:10-12. *W15* 15.12. 4:16

Þriðjudagur 26. desember

„Enginn er sá af konu fæddur sem meiri sé en Jóhannes skírari. En hinn minnsti í himnaríki er honum meiri.“ – Matt. 11:11.

Í gegnum alla Biblíuna er að finna dæmi um trúfasta þjóna Guðs sem fengu anda hans í ríki um mæli en höfðu samt ekki himneska von. Jóhannes skírari var einn þeirra. Jesús talaði lofsamlega um hann en tók þó fram að hann færi ekki til himna. Davíð fékk líka stuðning heilags anda. (1. Sam. 16:13) Hann fékk djúpstæðan skilning á andlegum sannindum og var meira að segja innblásið að skrifa hluta Biblíunnar. (Mark. 12:36) Á hvítasunnu árið 33 sagði Pétur samt að „Davíð hefði ekki stigið upp til himna“. (Post. 2:34) Heilagur andi var að verki með áberandi hætti í lífi þessara manna en Guð notaði hann ekki til að kalla þá til himna. Þetta þýddi þó engan veginn að þeir væru á einhvern hátt óverðugir eða óhæfir til að ríkja á himnum. Það þýðir einfaldlega að Jehóva ætlar að reisa þá upp til að lifa í paradís á jörð. – Jóh. 5:28, 29; Post. 24:15. *W16.01* 3:16

Miðvikudagur 27. desember

„Ég og faðirinn erum eitt.“

– Jóh. 10:30.

Þegar við vinnum með þeim sem við elskum styrkjum við sambandið við þá og kynnumst eiginleikum þeirra betur. Við kynnumst markmiðum þeirra og hvernig þeir vinna að þeim. Jesús vann ef til vill um milljarða ára með Jehóva og á þeim tíma tengdust þeir órjúfanlegum kærleiksböndum. Þeir voru sameinaðir og unnu alltaf saman sem ein heild. Jesús bað Jehóva í bæn um að varðveita lærisveina sína. Hvers vegna? Hann bað: „Svo að þeir verði eitt eins og við.“ (Jóh. 17:11) Þegar við fylgjum meginreglum Guðs og tökum þátt í boðuninni kynnumst við aðlaðandi eiginleikum hans og það sameinar okkur. Við komumst að raun um hvers vegna það er skynsamlegt að treysta honum og fylgja leiðsögn hans. Þegar við nálægjum okkur Guði nálgast hann okkur. (Jak. 4:8) Við tengjumst líka trússystemum okkar nánari böndum þar sem við upplifum svipaða erfiðleika og gleði og þau, og eigum líka sameiginleg markmið. *W16.01. 5:9, 10*

Fimmtudagur 28. desember

Snúðu við með mágkonu þinni.

– Rut. 1:15.

Naomí er ákveðin í að halda áfram för sinni til Ísraels, heimalands síns. Hvað gerir Rut? Hún þarf að taka ákvörðun, kannski mikilvægustu ákvörðun ævinnar. Ætlar hún að snúa heim til fólks síns í Móab eða fylgja Naomí, tengdamóður sinni, til Betlehem? (Rut. 1:1-8, 14) Rut hefði auðveldlega getað hugsað sem svo að hún

ætti nú fjölskyldu í Móab – móður og aðra ættingja sem gætu skotið yfir hana skjólshúsi og hjálpað henni að sjá fyrir sér. Hún var fædd og uppalin í Móab. Þar var menningarheimur hennar, móðurmál hennar og þjóð hennar. Naomí gat ekki boðið henni neitt slíkt í Betlehem. Hún hvatti meira að segja Rut til að vera um kyrrt í Móab. Naomí sá ekki fram á að geta útvegað tengdadætrum sínum eiginmenn eða heimili. Hvað gerir Rut? Orpa ákvað að fara aftur heim „til fólks síns og guðs síns“. (Rut. 1:9-15) Langaði Rut líka til að snúa aftur til falsguða þjóðar sinnar? Nei. *W16.02. 2:4, 5*

Föstudagur 29. desember

„Þú ert trúföstum trúfastur.“

– Sálm. 18:25.

Í skjóli nætur læðast Davíð og Abísái fram hjá 3.000 sofandi hermönnum. Mennirnir tveir finna Sál konung steinsofandi í miðjum herbúðunum. Sál hefur ferðast til Júdaeyðimerkur til að finna Davíð og drepa hann. Abísái hvislar að Davíð: „Nú festi ég [Sál] við jörðina með einu spjótslagi, meira þarf ekki.“ Honum til mikillar undrunar svarar Davíð: „Dreptu hann ekki. Hver getur lagt hönd á Drottins smurð og komist hjá refsingu? ... Drottinn forði mér frá því að leggja hönd á Drottins smurð.“ (1. Sam. 26:8-12) Davíð skildi hvað felst í því að sýna Guði hollustu. Það var alls ekki ætlun hans að gera Sál mein. Af hverju ekki? Af því að Guð hafði smurt Sál til konungs yfir Ísrael. Trúfastir þjónar Jehóva virða þá sem hann útnefnir. Jehóva ætlast til þess að allir þjónar sínir séu trúfastir. *W16.02. 4:1, 2*

Laugardagur 30. desember

„Að gera vilja þinn, Guð minn,
er mér yndi.“ – Sálm. 40:9.

Ertu ung manneskja og ertu að hugsa um að skírast? Ef svo er áttu í vændum mesta heiður sem nokkur getur hlotið. En skírni er alvarlegt skref. Hún táknar að þú hafir vígt þig Jehóva – gefið honum hátiðlegt loforð um að þjóna honum að eilífu og taka vilja hans fram yfir allt annað í lífinu. Þú ættir því ekki að skírast fyrr en þú hefur þroska til að taka þessa ákvörðun, langar í einlægni til þess og skilur hvað það þýðir að vera vígður Jehóva. En segjum að þér finnist þú ekki tilbúinn að skírast. Eða segjum að þú viljir skírast en foreldrum þínum finnist að þú eigir að bíða og öðlast aðeins meiri reynslu í þjónustu Guðs. Misstu þá ekki móðinn. Líttu heldur á þetta sem tækifæri til að taka framförum og áður en langt um líður *geturðu látið skírast. w16.03.2:1, 2*

Sunnudagur 31. desember

„Dragið ekki ok með vantrúðum.“
– 2. Kor. 6:14.

Sumir þjóna Jehóva voru giftir þegar þeir kynntust sannleikanum og maki þeirra er ekki vottur. Þeir geta samt stuðlað að einingu í fjölskyldunni með því að fara eftir meginreglum Biblíunnar. Í því felst að vinna með makanum að eins miklu leyti og hægt er án þess þó að gefa eftir þegar trúin á í hlut. Það getur verið erfitt en hugsaðu um launin sem geta hlotist af því. Fjölskyldur nú á tímum verða fyrir árásum Satans og því er nauðsynlegt að öll hjón, sem þjóna Guði, vinni vel saman. Sama hversu lengi þú hefur verið í hjónabandi ættirðu að hugsa um hvað þú getur sagt eða gert til að styrkja það. Þið sem hafið verið gift lengi getið hjálpað yngri hjónum að þessu leyti. Þið gætuð af og til boðið yngri hjónum að vera með í tilbeiðslustund fjölskyldunnar. Þegar þau fylgjast með ykkur geta þau séð að ástúð og eining eru mikilvægir þættir í hjónabandinu sama hve lengi fólk hefur verið gift. – Tít. 2:3-7. *w16.03.3:14, 15*